**SUMARIÐ 2006**

*Vondar ferðir standa upp úr*

Sérblað um ferðir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR:**

*Eldgamall sögulegur skápur í stofunni*

Tíska Heilsa Heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júní 2006 — 165. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Rökfastir Íslendingar

Ingimundur Guðmundsson var valinn ræðumaður keppninnar þegar íslenskt lið varð Evrópumeistari í rökræðum á þingi JCI í Eistlandi.



**TÍMAMÓT 34**

### Röngu afmælisári fagnað



Fyrirtækið Já fagnaði 100 ára afmæli Símaskrárinnar í ár. Hið rétta er að hún er 101 árs. Ásgeir Svanbergsson á Símaskrá frá 1905.

**FÓLK 58**

### Ég vil elska mín lönd

Og þannig er Evrópa okkar daga: þangað streymir fólk alls staðar að. Evrópuþjóðunum er mikill vandi á höndum, af því að þær hafa mun skemmri reynslu af stríðu innstreymi útlendinga og minni viðbúnað en Bandaríkjamenn," segir Þorvaldur Gylfason.

**Í DAG 30**



### Valur og ÍR græða á Eiði

Uppeldisfélög Eiðs Smára Guðjohnsen, Valur og ÍR, fá hvort um sig rúmar átta milljónir króna í samstöðubætur eftir að hann var seldur frá Chelsea til Barcelona á rúman milljarð.

**ÍÞRÓTTIR 50**

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA HÁLF- EÐA LÉTTSKÝJAÐ**

- Í dag verður hæg breytileg átt. Þurrt og víða nokkuð bjart þegar kemur fram á daginn, síst þó við suðausturströndina þar sem búast má við skúrum. Hiti 6-14 stig, hlýjast suðvestan til.

**VEÐUR 4**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

# Handtekinn með kókaín í Leifsstöð

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður var stöðvaður á Keflavíkurflugvelli með 100 grömm af kókaíni sem hann ætlaði að smygla til landsins. Mál hans telst upplýst, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Það var á þriðjudag fyrir rúmri viku, sem ungur Íslendingur, fæddur 1980, var gripinn á Keflavíkurflugvelli við komuna til landsins. Hann var með rúmlega 100 grömm af kókaíni sem hann hafði keypt erlendis. Maðurinn gekkst greiðlega við broti sínu og var látinn laus í kjölfarið. Mál hans telst upplýst.

Þetta er í 22. sinn það sem af er þessu ári sem fíkniefnasmyglarar eru stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli. Komið hefur verið upp um nokkrar meiri háttar smygltilraunir með þessum hætti. Má þar nefna tilraun ungra pilta til að smygla tæplega 500 grömmum af kókaíni, tilraun Mikaels Más Pálssonar til að smygla inn rúmlega 3,7 kílóum af hreinu amfetamíni og tilraunir tveggja Litháa til að flytja inn fimm flöskur af fljótandi amfetamíni og tvær af brennisteinssýru. Dómur hefur þegar fallið í máli Mikaels Más, sem dæmdur var í fjögurra ára fangelsi. Hann átti einnig aðild að kókaínsmyglinu þar sem hann fékk piltana til verksins. Þá hefur annar Litháinn verið ákærður og hins bíður einnig ákæra. Að auki hefur litháískur maður sem búsettur er hér á landi setið lengi í gæsluvarðhaldi vegna flöskumálsins.

Mörg þessara 22 tilvika eru hins vegar minni háttar mál, þar sem fólk hefur reynt að smygla inn smáræði af efnum til eigin nota en verið stöðvað af eftirlit tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli. **-jss**



**FRÁ HÁTÍÐINNI** Enn er lítt vitað um upphaflegan tilgang Stonehenge. NORDICPHOTOS/AFP

Sólstöður við Stonehenge:

## Friðsamlegur fögnuður

**BRETLAND, AP** Lengsta degi ársins á norðurhveli jarðar var víða fagnað í gær. Um 19.000 nýaldarmenn, drúídar og aðrir sólstöðufagnendur komu saman við hið forna mannvirki í Englandi, sem eru einar frægustu fornminjar heims.

Sólin kom upp klukkan 4.58 um morguninn, eða klukkan 3.58 að íslenskum tíma. **- kóþ**



**STUND MILLI STRÍÐA Í STJÓRN STRAUMS-BURÐARÁSS FJÁRFESTINGARBANKA** Fjárfestarnir Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson ganga saman af stjórnarfundi Straums í gærkvöld. Magnús hafði fyrr um daginn krafist þess að boðað yrði til hluthafafundar þar sem ný stjórn yrði kosin. Hlé var gert á stjórnarfundinum rétt fyrir klukkan hálf níu í gærkvöldi en síðar um kvöldið hittist stjórnin aftur til að útkljá málin. Hefur Magnús Kristinsson verið ósáttur við stóra hluthafa Straums, sem Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður fer fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



**RÚÐUBROT** Þrír menn voru inni í húsinu í gærmorgun. Skotið var af haglabyssu á húsið af stuttu færi. Íbúar í hverfinu eru óttaslegnir vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Haglabyssuárás í Vallahverfi í Hafnarfirði:

## Skaut á íbúðarhús

**LÖGREGLUMÁL** Skotárás var gerð á raðhús í Vallahverfi í Hafnarfirði í gærmorgun. Þrír menn voru inni í húsinu þegar árásin var gerð, að sögn sjónarvotta, sem Fréttablaðið ræddi við. Engin meiðsl urðu á fólki.

Íbúar í nágrenni raðhússins sem skotið var á, og Fréttablaðið ræddi við í gær, sögðu að hleypt hefði verið tvisvar af haglabyssu. Skotin fóru í gegnum rúður.

Í hverfinu búa margar fjölskyldur með lítil börn. Þær voru felmtri slegnar í gær og sumir þorðu tæplega heim með börnin sín. **- jss /** **sjá síðu 6**

Dómsmálaráðherra hafði milligöngu í Baugsrannsókn:

## Bandarísk stjórnvöld beðin um aðstoð

**DÓMSMÁL** Bréf var sent til bandarískra dómsmálayfirvalda 17. mars á þessu ári þar sem óskað var eftir aðstoð við rannsókn Baugsmálsins. Í bréfinu, sem Fréttablaðið hefur afrit af, er óskað eftir því að Bandaríkjamennirnir Brian Newton og Tony Chernoff verði yfirheyrðir og þeir beðnir um að útskýra tengsl sín við Jón Ásgeir Jóhannesson og föður hans Jóhannes Jónsson. Einnig eru þeir beðnir um að gera grein fyrir því hvernig þeir hafi tengst skemmtibátnum Thee Viking.



Í bréfinu eru leiðbeiningar um hvaða spurningar skuli bornar undir Newton og Chernoff.

Þá eru bandarísk dómsmálayfirvöld beðin um að spyrja Newton og Chernoff að því hvort þeir séu tilbúnir að bera vitni fyrir dómi. Þeir samþykktu það og eru báðir á meðal 79 vitna í málinu.

Harkalega var tekist á um frávísunarkröfu verjanda sakborninga í málinu í dómsal í gær. **- mh /** **sjá síðu 4**



## SPURNING DAGSINS

*Jón, verður ekki bara boðið upp á salat í framtíðinni?*

„Salatið slær alltaf í gegn."

Fyrirsjáanlegur er skortur hérlendis á kjúklingabringum og ostum vegna hárra tolla á þessum vörum. Jón Garðar Ögmundsson er einn rekstraraðila McDonalds á Íslandi.

Raforkunotkun Alcan dregst saman um 40 prósent vegna bilunarinnar:

# Sölutap hjá Landsvirkjun

**RAFORKA** Landsvirkjun, sem sér Alcan fyrir raforku, verður fyrir umtalsverðu sölutapi vegna bilunarinnar sem kom upp í álverinu í Straumsvík á mánudag. Alcan notar þriðjung af öllu rafmagni á Íslandi sem var í fyrra um 8.500 gígavattstundir. Vegna bilunarinnar dregst raforkunotkun Alcan saman um 40 prósent. Meðan hún varir mun framleiðsla Landsvirkjunar dragast saman um 70 gígavattstundir á mánuði.



**ÞORSTEINN HILMARSSON** Upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

Raforkusamningar á milli Landsvirkjunar og Alcan hafa ákvæði um ákveðna kaupskyldu á ári. Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, telur sölutapið ekki vera af þeirri stærðargráðu sem ákvæðið nær til en ef viðgerðir dragast yfir langt tímabil gæti það orðið virkt.

Að sögn Hrannars Péturssonar, upplýsingafulltrúa Alcan, hefur fyrirtækið verið að kaupa raforku umfram það sem samningar kveða á um undanfarin ár. „Því er hugsanlegt að við séum, þrátt fyrir þessa framleiðsluskerðingu, að kaupa jafn mikið og samningurinn kveður á um." Þorsteinn segir takmarkaðan raforkumarkað á Íslandi en leitað verði leiða til að selja rafmagn í tímabundin verkefni. „En það verður aldrei af sömu stærðargráðu." - sdg



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Vegna bilunar dregst raforkunotkun álversins saman.

Líkamsárásin í Keflavík:

# Lögreglumaðurinn kærir

**LÖGREGLA** Lögreglumaðurinn sem ráðist var á af fimm ofbeldismönnum í Keflavík á sunnudagsmorgun hefur lagt fram kæru á hendur mönnunum. Einnig var ráðist á vin mannsins sem meiddist enn verr. Það mál er sjálfkrafa kært af ákæruvaldinu.

Lögreglumaðurinn var ekki á vakt heldur einungis úti á gangi sem almennur borgari og því er ekki unnt að líta á árásina sem brot gegn valdstjórninni, en þannig hefði brotið verið mun alvarlegra gagnvart lögunum.

Piltunum fimm sem réðust á mennina hefur verið sleppt úr haldi lögreglu. - sh

Iðnaðarráðherrra hótað:

# Málinu lokið

**LÖGREGLA** Rannsókn á meintri hótun um ofbeldi á hendur Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur verið hætt.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

Málsatvik eru þau að í göngu Íslandsvina, í lok maí, báru fjórir menn mótmælaskilti sem á stóð: „Drekkjum Valgerði en ekki Íslandi." Valgerður sendi þá lögreglu bréf og krafðist rannsóknar á málinu.

Eftir að lögregla hafði rætt við mennina þótti ekki tilefni til frekari aðgerða. Hefur öllum aðilum verið greint frá því. - æþe

Nefnd forsætisráðuneytisins:

# Matvælaverð enn í skoðun

**MATVÆLAVERÐ** Vinna stendur yfir um þessar mundir í nefnd forsætisráðuneytisins um hátt matvælaverð á Íslandi sem skipuð var í janúar á þessu ári. Fyrirhugað var að hún lyki störfum um mitt árið og segir Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, sem fer fyrir nefndinni, að unnið sé að því.

Nefndin var skipuð til að kanna ástæðu hás matvælaverðs á landinu og hvernig sporna má við því. Í henni sitja fulltrúar stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og samtaka bænda.

Hallgrímur segir ekki ljóst hvort sátt sé um öll atriði, eflaust sé sátt um sum en önnur ekki. - sh

## SJÚKRAFLUG

**Brutu fingur á sjó** Tveir fingurbrotnir menn voru sóttir af þyrlu danska varðskipsins Tritons í gær, annar á þýska rannsóknarskipið Mariu S. Meriam og hinn á færeyska togarann Ram. Annar hafði brotið tvo fingur en hinn einn. Þeim var báðum komið undir læknishendur.

# Bakslag í viðræðum við ríkisstjórnina

**Nánast fullskapað samkomulag er fyrir hendi milli aðila vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin átti engin samskipti við verkalýðshreyfinguna í gær en fulltrúar hennar fóru yfir stöðuna með SA síðdegis. Öll spjót standa á ríkisstjórninni.**

**VINNUMARKAÐUR** Samkomulag um endurskoðun kjarasamninga liggur fyrir í öllum aðalatriðum. Formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands funduðu um stöðuna í viðræðunum í gær. Eftir fundinn lýstu þeir yfir „miklum vonbrigðum með ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart mögulegu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins þegar forsendur kjarasamninga eru brostnar vegna verðbólgu, sem rekja má til efnahagsstjórnarinnar."

Niðurstaðan í gær var sem sagt sú að ekkert væri samkomulagi að vanbúnaði nema aðkoma ríkisstjórnarinnar. Aðilar vinnumarkaðarins væru reiðubúnir að ganga til samninga með litlum fyrirvara. Miklir fyrirvarar hefðu hins vegar verið reistir gagnvart ríkisstjórninni og þar væru horft með „mestum eftirvæntingaraugum til aðgerða í skattamálum og svo auðvitað efnahagsmálum," sagði Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, sagði að viðbrögð ríkisstjórnarinnar frá því á þriðjudag hefðu verið langt undir væntingum og algjör vonbrigði. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar þyrftu nú að koma hratt. „Við metum breytingu á skattleysismörkum sem lítt varanlega aðgerð. Verðbólga er há og stjórnvöld standa frammi fyrir breytingum á skattleysismörkum þannig að það hefur þokast mjög lítið. Í rauninni má segja að það hafi orðið bakslag, ef eitthvað er, frá fyrstu viðbrögðum og það er óviðunandi."



**SAMKOMULAG NÁNAST Í HÖFN** Formenn landssambanda Starfsgreinasambandsins funduðu í gær um þau drög að samkomulagi um endurskoðun kjarasamninga sem liggja fyrir. „Þetta mál stendur og fellur með vilja eða viljaleysi ríkisstjórnarinnar," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hitti fulltrúa ríkisstjórnarinnar síðdegis í gær og fór yfir stöðuna. Vilhjálmur sagði að SA hefði engin loforð í höndunum enda hefði ríkisstjórnin ekki verið krafin um nein svör. „Ég verð ekki var við annað en að ríkisstjórninni sé ljós sú ábyrgð sem á henni hvílir og sé fyllilega tilbúin til að takast á við það mál," sagði hann.

Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, tók í sama streng og sagði að unnið væri að lausn málsins af alvöru. „Menn eru að vanda sig og leggja sig alla fram. Ég get bara fullyrt það," sagði hann.

Samkvæmt fyrirhuguðu samkomulagi fá launamenn 15 þúsund króna launahækkun og 5,5 prósenta launaþróunartryggingu. „Þetta mál stendur og fellur með vilja eða viljaleysi ríkisstjórnarinnar," sagði Gylfi.

ghs@frettabladid.is



**MÓTMÆLENDUR** Mótmælendurnir voru flestir námsmenn og mótmæltu forsetanum, auðvaldshyggju og Írakksstríðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Bush forseti á ferðalagi:

# Mikil mótmæli í Vínarborg

**AUSTURRÍKI, AP** Allt að fimmtán þúsund mótmælendur fylltu götur Vínarborgar í mótmælaskyni við heimsókn Bandaríkjaforseta, George W. Bush, í gær. Mótmælendurnir báru borða og skilti og mátti víða sjá áletranir eins og „niður með Bandaríkin", en nokkrir Bandaríkjamenn tóku þátt í mótmælunum.

Lögreglan sagði mótmælagönguna hafa farið friðsamlega fram og engin slys urðu á mönnum. - kóþ

Verktaki á Akranesi dæmdur:

# Réði Litháa án atvinnuleyfa

**DÓMSTÓLAR** Verktaki á Akranesi var dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands þann 15. júní fyrir að brjóta gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga með því að ráða til sín í vinnu tvo Litháa án þess að afla tilskilinna leyfa. Maðurinn var einnig dæmdur fyrir brot á umferðarlögum.

Lögreglan á Akranesi fékk í nóvember 2005 ábendingu um að Litháarnir störfuðu án leyfa. Sótt hafði verið um leyfi fyrir þá en umsókninni var hafnað.

Sannað þótti að verktakinn hefði brotið lög og þarf hann að greiða 315 þúsund króna sekt og 229 þúsund í málskostnað. -sgj




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Skipverjar færeyska togarans Sancy eru enn á Eskifirði þar sem málið er skoðað:

# Yfirheyrslur standa enn yfir

**LANDHELGISGÆSLAN** Yfirheyrslum yfir skipstjóra og stýrimanni færeyska togarans Sancy, sem gripinn var í íslenskri fiskveiðilögsögu án heimildar á sunnudagskvöld, var haldið áfram í gær. Skipstjórinn hefur ekki játað að hafa verið að veiðum í íslenskri lögsögu en verið er að vinna úr gögnum siglingatölvu togarans til að hægt verði að kortleggja siglingaleið skipsins og hugsanlega sýna fram á ólögmætar veiðar.

Fyrstu upplýsingar úr tölvunni gefa til kynna að þau rúmu tuttugu tonn af fiski sem voru um borð í Sancy hafi verið veidd í íslenskri lögsögu. Sannist það getur sekt vegna brotsins numið allt að fjórum milljónum, auk þess sem gera má aflann upptækan.

Skipstjórinn gerðist þó sekur um ýmis önnur brot, því hann hafði ekki leyfi til siglinga innan lögsögunnar, hann hafði ekki kveikt á sjálfvirkri tilkynningaskyldu, hlustaði ekki á neyðarrás og sinnti ekki fyrirmælum varðskipsins Óðins um að stöðva ferð sína. Hann má búast við refsingu vegna allra brotanna. - sh




**Á ESKIFIRÐI** Sancy lagðist að höfn á Eskifirði síðdegis á mánudag eftir frækilega atlögu skipverja Óðins kvöldið áður.

# Sumar sprengja!

**14.320** ~~17.900~~

Hágæða álstell!



**7.750** ~~9.690~~





**Reiðhjól 24"**
**Sykee,** KLY-1145A, demparar að framan og aftan, "V" bremsur, tvöfaldar álgjarðir og álstýri, 21 gíra Shimano TY-skipting, SL-RS41 afturskipting
3899941

**20%**
**afsláttur af öllum hjólum**

**Reiðhjól 12"**
**Bubbi byggir,** hjálpardekk, handbremsur, fótbremsur, keðjuhlíf, glitauga, bjalla.
3899960+61

**5.990**



**Ferðatöskusett**
Mjög vandað ferðatöskusett. 4 töskur í setti.
3901490

**1.390**



**Blómakassi**
**Patio,** kemur ósamsettur, tekur aðeis 5 min. að setja saman. Allar festingar fylgja.
604024

## Aðeins frá fimmtudegi til mánudags!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.06.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,43 | 74,79 |
| Sterlingspund | 137,08 | 137,41 |
| Evra | 93,94 | 94,46 |
| Dönsk króna | 12,61 | 12,64 |
| Norsk króna | 11,86 | 11,93 |
| Sænsk króna | 10,21 | 10,27 |
| Japanskt jen | 0,6471 | 0,6509 |
| SDR | 109,79 | 110,45 |

*Gengisvísitala krónunnar*
130,3053

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**VÆNDISGLUGGI Í AMSTERDAM** 40 prósent þessara glugga tæmdust þegar bannað var með lögum að leigja þá konum utan ESB.

Rauða hverfið í Amsterdam:

## Lögregluátak gegn mansali

**HOLLAND, AP** Lögreglan í Amsterdam ætlar að ráðast til atlögu við glæpamenn í Rauða hverfinu í borginni. Starfsemi Rauða hverfisins hefur verið áberandi í borgarlífi Amsterdam síðan á sautjándu öld en aðalatvinnugrein hverfisins varð fyrst lögleg árið 2000.

Tilgangur lögleiðingarinnar var sá að hafa meiri stjórn á starfseminni og koma tekjum vændishúsanna inn í skattkerfið. Finnist eigendur sem eru á sakaskrá verða leyfi þeirra til „skemmtanahalds" afturkölluð. - kóþ

Norskur vísindamaður:

## Falsaði gögn vegna álags

**NOREGUR, AP** Norski vísindamaðurinn Jon Sudbø segist hafa verið undir svo miklu álagi frá vísindasamfélaginu um að birta niðurstöður rannsókna sinna á krabbameini í munni, að hann hafi ekki séð sér annað fært en að falsa hluta gagnanna sem hann notaði.

Hann segist einnig þjást af geðrænum sjúkdómi, og vill að hluta til kenna því um hvernig fór.

Niðurstöður Sudbøs voru birtar á síðustu árum í virtum vísindatímaritum á borð við The Lancet í Bretlandi og The New England Journal of Medicine í Bandaríkjunum.

Hann hafði áður viðurkennt þessi afglöp, en tjáði sig í fyrsta sinn við fjölmiðla í gær. - gb

Bréf sent til bandarískra dómsmálayfirvalda, með ósk um aðstoð, hinn 17. mars:

# Leitaði til Bandaríkjamanna

**DÓMSMÁL** Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, staðfesti við Fréttablaðið í gær að sent hefði verið bréf til bandarískra dómsmálayfirvalda, með ósk um aðstoð við rannsókn á tilteknum þáttum Baugsmálsins, tveimur dögum eftir að héraðsdómur sýknaði sakborninga í málinu af átta ákæruliðum, hinn 15. mars.

„Ég tjái mig ekki um efnisatriði mála sem eru til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum. Milliganga dómsmálaráðuneytisins í beiðnum eins og þessum, er eingöngu formsatriði. Það er alltaf samkvæmt ákvörðun handhafa ákæruvalds sem óskað er eftir tilteknum upplýsingum," sagði Stefán.

Jakob Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, hélt því fram fyrir dómi í gær að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði brotið gegn stjórnarskránni og Mannréttindasáttmála Evrópu með því að tjá sig um Baugsmálið á heimasíðu sinni hinn 15. mars. Þá birtist á heimasíðu Björns texti þar sem meðal annars sagði: „Þótt sjálfur Sesar félli fyrir morðingjahendi þennan dag, lauk ekki sögu Rómaveldis, hún hélt áfram. Um héraðsdóm í Baugsmáli í dag ætla ég ekki að ræða, - jafnvel lýsing mín á staðreyndum, getur valdið uppnámi."



**BJÖRN BJARNASON** Björn var borinn þungum sökum í dómsal í gær.

Björn Bjarnason svaraði ekki spurningum sem blaðamaður sendi til hans í tölvupósti seinni partinn í gær. Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, beindi spurningum um bréfið til Stefáns Eiríkssonar. - mh

Héraðsdómur Norðurlands:

## Sýknaður af matvælastuldi

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær sýknaður í Héraðsdómi Norðurlands eystra af ákæru um að hafa stolið fjórum pakkningum af heilum humri, tveimur lambahryggjum og þremur lambabógum úr frystigámi við verslunina Bónus í Langholti 1 á Akureyri.

Dómurinn taldi ekki hægt að fullyrða með hvaða hætti matvælin hefðu komist í vörslu mannsins og ósannað að þangað hefðu þau komist með saknæmum hætti. Ósannað væri því að hann hefði stolið þeim. Málskostnaður upp á 130 þúsund krónur dæmdist á ríkissjóð. -jss

# Lögregla boðar Jón Ásgeir í yfirheyrslur í nýju sakamáli

**Forstjóra Baugs er gert að mæta í skýrslutöku 28. júlí næstkomandi. Persónulegar árásir á hendur Jóni Ásgeiri, segir verjandi hans. Jón Ásgeir sakaður um stórfelld fjársvik vegna kaupa á verslunarkeðjunni 10-11.**

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, hefur verið boðaður til yfirheyrslu hjá ríkislögreglustjóra 28. júlí næstkomandi vegna meintra skattalagabrota. Boðunin kom í kjölfar rannsóknar skattrannsóknarstjóra en niðurstöður hans voru sendar til ríkislögreglustjóra sem boðaði Jón Ásgeir til skýrslutöku vegna meintra skattalagabrota Baugs, Gaums og Fjárfars, sem Jón Ásgeir er sagður hafa verið í forsvari fyrir. „Útlit er fyrir að skjólstæðingur minn þurfi að verja sumrinu hjá skattstjóra og ríkislögreglustjóra við skýrslutöku," sagði Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, fyrir dómi í gær og ítrekaði þá skoðun sína að boðun Jóns Ásgeirs til yfirheyrslu væri „grafalvarlegt mál fyrir réttarríkið".



**GESTUR JÓNSSON**



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON**

Gestur krafðist þess í málflutningi fyrir dómi að endurákærum í Baugsmálinu yrði vísað frá dómi, vegna mikilla annmarka. Gestur sagði jafnframt ljóst að sú ákvörðun ríkissaksóknara að endurákæra í málinu á grundvelli sömu málsgagna og lágu fyrir í málinu sem Hæstiréttur vísaði frá 10. október í fyrra, stangaðist á við Mannréttindasáttmála Evrópu. Á þeim forsendum krafðist hann frávísunar á málinu og greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði.



**LÖGMENN Í DÓMSSAL** Settur saksóknari, Sigurður Tómas Magnússon, og verjendurnir Gestur Jónsson og Jakob Möller tókust á um frávísunarkröfu verjenda í Baugsmálinu fyrir dómi í gær. Hér sjást Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenberger og Jakob Möller skoða málsgögn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í málinu, rakti af nákvæmni efni fyrsta ákæruliðsins af nítján en í honum, sem jafnframt er umfangsmesti ákæruliðurinn, er Jón Ásgeir einn ákærður fyrir fjárdrátt og umboðssvik.

Sigurður Tómas sagði ljóst að um „umfangsmesta fjársvikamál íslenskrar réttarsögu væri að ræða", og því ekki óeðlilegt þó ákærurnar virtust flóknar og efnismiklar.

Jón Ásgeir er ákærður fyrir fjársvik, og umboðssvik, vegna kaupa á verslunarkeðjunni 10-11. Tjón Baugs er talið nema 325 milljónum króna vegna brota er snerta fyrsta ákæruliðinn, en í heildina eru fjársvikin, sem nefnd eru í ákæru, talin nema 358,6 milljónum króna. Sigurður Tómas sagði Jón Ásgeir hafa „vísvitandi beitt blekkingum", við kaupin á verslunarkeðjunni sem gengið hefði verið frá 5. nóvember 1998. Samkvæmt ákæruliðnum er hagnaður Jóns Ásgeirs og félagana Gaums og Fjárfars, sem hann var í forsvari fyrir, sagður hafa numið 200 milljónum króna vegna þessara viðskipta.

Gestur sagði ákærurnar meingallaðar. „Líklega hefur enginn maður lesið endurútgefnar ákærur í málinu jafn oft og ég, en samt finnst mér þær óskiljanlegar.

Yfirlýsing Jóns Ásgeirs:

## Undrast boðun til skýrslutöku



Jón Ásgeir Jóhannesson sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann segir boðun sína til yfirheyrslu „vera tilraun til þess að dreifa athyglinni frá þeirri staðreynd að málflutningurinn í málinu hefði beint nær allur að göllum á rannsókn og meðferð málsins".

Jón Ásgeir segir ljóst að „nýjasta ákæran í Baugsmálinu beið hnekki þegar dómari málsins óskaði eftir skýringum saksóknara á fyrsta kafla hennar".

Þá ítrekaði Jón Ásgeir sakleysi sitt og sagði að líklega ættu „einhverjir hjá RLS erfitt með að horfast í augu við mistök sín". - mh

Í ákærunum eru viðamiklar staðreyndavillur. Það er til að mynda ekki að finna neina stoð fyrir því, í þeim tugum þúsunda blaðsíðna sem teljast til gagna málsins, að gengið hafi verið frá viðskiptum vegna 10-11 á þeim tíma sem tiltekið er í ákæru."

Sigurður Tómas mótmælti því að ákærurnar væru gallaðar. „Þetta er umfangsmikið og flókið mál. Ákærurnar er skiljanlegar öllum þeim, sem þær vilja að skilja." magnush@frettabladid.is


BÍLL DAGSINS
NISSAN MURANO
Nýskr 10.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 6 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HELGIN**
Helgin lofar bara ágætu. Á laugardag verða leifar af úrkomusvæði við austurströndina sem ætti að þurrkast upp og í kjölfarið létta til. Gangi þetta eftir verður hæglætisveður um allt land og nokkuð bjart. Hitinn verður einna hæstur norðaustan til eða um 20 gráður eða svo. Á sunnudag verður ágætt veður framan af degi en síðan þykknar upp vestan til smám saman og fer að rigna. Því er tilvalið að nýta helgina í smá ferðalag.

**HORFUR FYRIR HÖFUÐBORGINA**
Hægviðri og bjart með köflum. Hiti 11-13 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Yfirleitt hægur vindur.

*» laugardagur*




Hæg, breytileg átt. Væta austan til í fyrstu en svo léttir til.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C | alskýjað | London | 19°C heiðskírt | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 14°C | skúrir | París | 21°C hálfskýjað | Mallorca | 24°C hálfskýjað |
| Osló | 16°C | rigning | Frankfurt | 20°C hálfskýjað | Algarve | 30°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 23°C skúrir | Krít | 25°C heiðskírt |
| Gautaborg | 14°C | skúrir | Berlín | 20°C heiðskírt | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Frábært verð!
Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Sparaðu 600 kr.
GRÍSAHNAKKI ÚRBEINAÐUR
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 301 kr.
MÓA KJÚKLINGAPÍTA
6 PÍTUBRAUÐ + SÓSA
598 kr. pk.
Úr Kjötborði Nóatúns
30% afsláttur
GRÍSARIF Í BBQ SÓSU
ÚR KJÖTBORÐI
899 kr. kg
GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
ÚRBEINAÐAR
1.518 kr. kg
SUMARPYLSUR NÓATÚNS
GÓMSÆTAR Á GRILLIÐ
998 kr. kg
HD 100% SAFI 1 L
149 kr. 1 l.
HAFRAGRAUTUR
M/ EPLUM OG KANIL/ ÁVÖXTUM OG BERJUM
249 kr. pk.
MYLLU HEILHVEITIBRAUÐ
169 kr. pk.
Nivea sólarvörn fyrir alla fjölskylduna
25% afsláttur
...mmm
NÓATÚN
-hljómar vel!



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu í tjaldútilegu í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 40,7% |
| Nei | 59,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlarðu að renna fyrir fisk í sumar?*

Segðu þína skoðun á Visi.is

vísir

Hlutabréf í Straumi-Burðarási halda áfram að rjúka upp í verði vegna spennu í eigendahópnum:

# Stjórnarmenn í Straumi tókust á

**VIÐSKIPTI** Stjórn Straums-Burðaráss sat á fundi fram yfir miðnætti til að finna lausn á þeim ágreiningsefnum sem eru uppi milli stærstu hluthafa, Björgólfsfeðga annars vegar og hins vegar Magnúsar Kristinssonar útgerðarmanns. Niðurstaða lá ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun en fundurinn var ekki átakalaus.

Átök mögnuðust á ný í hluthafahópi Straums í gær þegar stjórn félagsins barst bréf frá hópi eigenda, sem fara með meira en tíu prósent, þar sem krafist var að boðað verði til hluthafafundar til að kjósa nýja stjórn. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins munu Magnús Kristinsson, varaformaður stjórnar Straums, og hluthafar sem fylgja honum að máli, hafa sent bréfið.

Innan stjórnar Straums hafa staðið átök milli stjórnarformannsins, Björgólfs Thors Björgólfssonar, og Magnúsar allt frá því að sá fyrrnefndi sniðgekk þann síðarnefnda við kjör á varaformanni stjórnar í mars. Magnús tók síðar við embættinu en ekki hefur gróið um heilt milli þessara tveggja stóru fjárfesta.

Krafa Magnúsar bendir til þess að hann telji sig hafa meirihluta atkvæða á bak við sig en eignarhlutur Björgólfs Thors og tengdra aðila hefur verið talinn liggja í kringum 38 prósent.



**STJÓRN STRAUMS FUNDAÐI Í GÆRKVÖLD** Björgólfur Thor Björgólfsson, formaður stjórnar, bregður sér út af fundinum.

Hlutabréf í Straumi hækkuðu um sjö prósent í gær í þriggja milljarða viðskiptum. Bréf félagsins hafa þá hækkað um tæp tólf prósent í vikunni. Straumur togaði allan markaðinn með sér í gær, einkum fjármálafyrirtæki, og hækkaði Úrvalsvísitalan um 2,45 prósent.

**- eþa**

Pólitískt hneykslismál:

# Villepin kærir höfunda bóka

**PARÍS, AP** Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, hefur lagt fram kærur á hendur höfundum tveggja bóka.

Í báðum bókunum er því haldið fram að de Villepin hafi átt hlut að pólitískri ófrægingarherferð gegn einum helsta andstæðingi sínum, Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra, sem að öllum líkindum mun takast á við Villepin um hver þeirra verði forsetaframbjóðandi hægrimanna á næsta ári. Í báðum bókunum er fjallað um Clearstream-hneykslið svonefnda, sem hefur hrist upp í frönskum stjórnmálum undanfarna mánuði.

**- gb**

## SAMGÖNGUR

**Formaður Strætó** Ármann Kr. Ólafsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, var í gær kjörinn formaður Strætó bs. til tveggja ára. Hann tekur við af Björk Vilhelmsdóttur.

## PALESTÍNA

**Tvennt fórst** Kona og karl létust í loftárás Ísraela á Gaza-svæðið í gær, en þetta var önnur slíka árásin á tveimur dögum. Þrettán særðust í árásinni.

## FISKELDI

**2000 tonna þorskeldi** Hraðfrystihúsið Gunnvör hefur sótt um starfsleyfi fyrir 2000 tonna þorskeldi til Umhverfisstofnunar og er það talsverð stækkun frá núgildandi leyfi. Um er að ræða áframhaldandi eldi HG í Álftafirði og Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi og mun það fara fram á 6 stöðum í fjörðunum samkvæmt umsókninni.

# Skaut úr haglabyssu á glugga íbúðarhúss

**Skotið var úr haglabyssu á raðhús í Vallahverfi í Hafnarfirði í gærmorgun. Þrír menn voru í húsinu, að sögn sjónarvotta. Byssumaðurinn brenndi í burtu á ofsahraða eftir að hafa skotið tveimur skotum í gegnum rúður hússins.**

**LÖGREGLUMÁL** Skotið var úr haglabyssu á raðhús í Hafnarfirði í gærmorgun. Þrír menn voru í húsinu, þegar árásin var gerð, að sögn sjónarvotta. Er talin mikil mildi að ekki urðu slys á mönnum. Íbúar í hverfinu eru skelfingu lostnir eftir atburðinn og íhuguðu sumir þeirra að dvelja að heiman í nótt.

Það var klukkan 7.18 í gærmorgun sem lögreglunni barst tilkynning um skothvelli í Vallarhverfi í Hafnarfirði og að skotgöt sæjust á rúðum raðhúss í því hverfi. Er lögregla kom á staðinn reyndist húsið vera mannlaust en tvær rúður í því brotnar og ljóst að tveimur skotum hafði verið skotið inn um þær af stuttu færi með haglabyssu. Virðist sem vopninu hafi verið beint upp í loft íbúðarinnar.



**BROTNAR RÚÐUR** Skotið var úr haglabyssu á húsið snemma í gærmorgun. Húsið var mannlaust þegar lögreglu bar að garði. Nágrönnum stendur ekki á sama. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Nokkru síðar náði lögregla sambandi við íbúa í húsinu er býr þar einn og kom hann á vettvang. Hann kvaðst hafa verið í húsinu þegar skotið var á það en farið á brott í beinu framhaldi þess. Hann hefur þegar gefið skýrslu hjá lögreglu.

„Fólk er í sjokki eftir þennan atburð,“ sagði íbúi í nágrenni hússins sem skotið var á í gær. Hann sagði mikið af litlum börnum í hverfinu sem væru oft að leik úti við.

Nokkrir foreldrar væru búnir að ræða saman og þetta mál yrði ekki látið kyrrt liggja. Hann kvað lögregluna hafa mætt seint á vettvang og fólkið í hverfinu væri „mjög óánægt með viðbrögð hennar“. Búið væri að óska eftir frekari vöktun hennar á hverfinu.

Annar viðmælandi Fréttablaðsins sagði að þetta mál ætti sér aðdraganda, sem hefði hafist í vetur.

„Fyrir fjórum mánuðum fór ábending til fíkniefnalögreglu um að eitthvað óeðlilegt væri á seyði í þessu raðhúsi. Núna, rétt fyrir klukkan sjö var ég staddur í eldhúsinu. Þá heyri ég skothvell. Ég fer út á svalir og heyri annan, þeim mun verri. Þá heyri ég bíl spæna í burtu á ofsahraða.

Í þessu er kíkt út af efri hæð raðhússins. Síðan komu þrír menn út úr því með hunda, settust inn í bíl og í burtu.“

Viðmælandi blaðsins segir að fólk í hverfinu sé felmtri slegið eftir skotárásina. Tveir íbúar hefðu haft samband við sig og þyrðu varla heim með börnin sín. Þessi viðmælandi átaldi einnig seinagang lögreglu við að koma á staðinn.

Enginn hafði verið handtekinn vegna málsins í gærkvöld þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**jss@frettabladid.is**

Lögreglan í Hafnarfirði:

## Fór tvisvar á skotstaðinn

„Tilkynning um skotárásina barst klukkan 7.18 og klukkan 7.33 er lögreglan komin á staðinn,“ segir Sævar Guðmundsson, varðstjóri í lögreglunni í Hafnarfirði, um framkomna gagnrýni nágranna raðhússins sem skotið var á.

„Það getur villt um fyrir fólki, að lögreglan fór tvisvar að húsinu. Í fyrra sinnið stoppaði hún ekki lengi á staðnum, því enginn var heima. Verksummerki voru skoðuð, en síðan var hafist handa við að hafa uppi á þeim sem þarna býr. Að því loknu fór lögreglan aftur á staðinn og þá hófst mikil rannsóknarvinna.“

**-jss**

Þriggja ára sýningarréttur Sýnar á spænska boltanum runninn út og nýr í bígerð:

# Fleiri vilja sýna frá Eiði Smára

**SJÓNVARP** Samningur Sýnar um útsendingarrétt frá spænsku fyrstu deildinni í knattspyrnu er fallinn úr gildi.

Jón Haukur Jónsson, framleiðslustjóri Enska boltans, segir það hafa verið rætt innan Íslenska sjónvarpsfélagsins að bjóða í sýningarréttinn í sumar.

Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar, segir menn þar á bæ staðráðna í að tryggja sér sýningaréttinn. „Við erum búnir að vera með spænska boltann undanfarin ár og höfum byggt útsendingarnar markvisst upp,“ segir Hilmar.

Hann segist eiga von á því að samningaviðræður hefjist seinnipart sumars. Hilmar telur að vinsældir spænska boltans muni aukast mikið með tilkomu Eiðs Smára.



**EVRÓPU- OG SPÁNARMEISTARAR BARCELONA** Hugsanlegt útboðsstríð er í aðsigi á milli sjónvarpsstöðvanna um sýningarréttinn á spænska boltanum næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Hann er mikil stjarna og auk hans er að finna flestar knattspyrnuhetjur samtímans á Spáni.“

Samúel Örn Erlingsson, íþróttastjóri RÚV segir menn innan stofnunarinnar spennta fyrir spænska boltanum en þeir sjái fram á vandamál. „Stærstu leikirnir eru á laugardagskvöldum klukkan hálfsjö og það skyggir á fréttatímann,“ segir Samúel Örn. Varðandi kostnaðinn við sýningarréttinn segir Samúel Örn að hann ætti einungis að vera brot af því sem greiða þarf fyrir sýningarréttinn á enska boltanum, sem hann telur vera kominn út í öllu korti, eins og hann orðar það.

Sigurður G. Guðjónsson hélt því fram á sínum tíma, þegar hann var formaður Norðurljósa, að sýningarrétturinn á enska boltanum í þrjú ár hafi kostað Íslenska sjónvarpsfélagið rúmlega tvö hundruð milljónir íslenskra króna.

**- æþe**




www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil




Vectavir

VIRKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSUNNAR
- ALDREI OF SEINT!

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási



Afnemum VSK
af öllum snyrtivörum
TAX
FREE
DAGAR
Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi
er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.
Á fríhafnardögum
afnemum við VSK
af snyrtivörumerkjum.
Dagana 22.-25. júní eru
fríhafnardagar í öllum
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. júní 2006.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




## Forsætisráðherra Austur-Tímor:

# Hvattur til afsagnar

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Xanana Gusmao, forseti Austur-Tímors, hvatti í gær Mari Alkatiri forsætisráðherra til að segja af sér hið fyrsta. Hann njóti ekki lengur trausts þjóðarinnar eftir blóðugar óeirðir, sem staðið hafa vikum saman.

Alkatiri er talinn eiga nokkra sök á því að óeirðirnar brutust út eftir að hann rak stóran hluta hersins. Gusmao sendi í gær bréf til Alkatiris, þar sem hann hótar því að reka forsætisráðherrann úr embætti ef hann segir ekki sjálfur af sér fyrst.

Talið er að Alkatiri kynni ákvörðun sína í dag að loknum ríkisstjórnarfundi. **- gb**



**ALKATIRI OG GUSMAO** Gusmao hótar því að reka Alkatiri, segi hann ekki af sér sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**RÚMFATALAGERINN** Framkvæmdastjóri segist ekki hika við að taka vöru úr umferð liggi á grunur um að hún sé framleidd með vafasömum hætti.

# Handklæðin tekin úr sölu

**Rúmfatalagerinn hefur hætt sölu handklæða af ákveðinni tegund eftir að sýnt var fram á að þau væru framleidd af börnum. „Höfum engan áhuga á að selja svona vörur," segir framkvæmdastjóri.**

**VERSLUN** Rúmfatalagerinn hefur tekið úr sölu öll handklæði af tegundinni Capri vegna gruns um að verksmiðjan sem framleiðir þau stundi barnaþrælkun. Ábending um þetta hafði borist frá höfuðstöðvum Jysk í Danmörku, sem selur Rúmfatalagernum handklæðin, en fyrirtækið kaupir þau beint frá verksmiðjunni sem um ræðir.

Viðbrögðin eru til komin vegna heimildarmyndar sem birtist í dönsku sjónvarpi á dögunum, en þar eru börn á unga aldri sýnd vinna við slæmar aðstæður í indverskri tauverksmiðju. Mátti meðal annars sjá þau standandi berfætt í sýru og klór, og kom fram að algengt væri að börnin veiktust alvarlega við störfin. Vakti heimildarmyndin mikla reiði og umtal í Danmörku og var tekin sú ákvörðun að hætta að selja handklæði frá þessari verksmiðju í verslunum Jysk um alla Evrópu.

„Við höfum engan áhuga á að selja svona vörur. Um leið og við komumst að því að það var eitthvað vesen með þessi handklæði þá tókum við þau strax úr umferð," sagði Magnús Kjartan Sigurðsson, framkvæmdastjóri Rúmfatalagersins, þegar hann var spurður út í málið. Hann sagði að Rúmfatalagerinn væri ekki með aðrar vörur frá umræddri verksmiðju í hillum sínum. Ekkert hafi verið sannað í þessu máli, enda einungis um óháða heimildarmynd að ræða, en fyrirtækið vilji hafa vaðið fyrir neðan sig.

Í samtali við Þórarin H. Ævarsson, verslunarstjóra hjá IKEA, sagðist hann ekki kannast nógu vel við málið til að geta tjáð sig sérstaklega um það, en nefndi að fyrirtækið seldi engar vörur frá þessari verksmiðju. Mannréttindi væru fyrirtækinu hjartans mál og myndu ekki vera hikað við að fjarlægja vörur úr hillum kæmi eitthvað upp á borð við þetta mál.

Fulltrúi Hagkaups tók í sama streng en engin af þessum handklæðum eru til sölu hjá þeim.

**salvar@frettabladid.is**







## Búið er að veiða þrjár hrefnur af fimmtíu:

# Hrefnukjötið komið

**HVALVEIÐAR** Sala á hrefnukjöti hefst í dag í verslunum Nóatúns og Samkaupa. Að sögn Gunnars Bergmann, framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna, er búið að veiða þrjú dýr af þeim 50 sem leyft er að veiða í vísindaskyni. Alþjóðahvalveiðiráðið skyldar þá sem veiða kjötið til að nýta það.

Gunnar segir að kjötið hafi selst upp í fyrra en þá voru veidd 39 dýr. „Þetta er nákvæmlega eins og nautalund, rautt og fallegt kjöt og fitulaust og þeir sem hafa smakkað það þeir þekkja það hvað þetta er gott." Hann segir að kjötið sé selt á yfir fimmtíu veitingastaði og sé mjög vinsælt hjá erlendum ferðamönnum.



**HREFNUKJÖT Í NÓATÚNI** Kjötið kostar rúmar þúsund krónur út úr búð.

Samkvæmt upplýsingum frá Nóatúni gekk salan á hrefnukjötinu vel í fyrra. Hjá Samkaup Úrval fengust þær upplýsingar að það hafi ekki verið mikil sala í fyrra en þar á bæ gera menn ráð fyrir að salan verði betri í ár. **-gbg**


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
44% afsláttur
899 kr. kg 1438
Gourmet ungnautahakk
37% afsláttur
30% afsláttur
299 kr. kg 534
Goða súpukjöt lítill poki
1198 kr. kg 1724
Léttreyktar Gourmet grísakótilettur
15% afsláttur
Pönnuköku- og vöfflumix
249 kr/stk
HM GLÖS FYLGJA HVERRI KIPPU AF 4 x2 LÍTRUM AF COKE OG COKE LIGHT
Hunangs Cheerios 765 gr
468 kr/pk
Honey Nut Cheerios
DGF marmelaði 4 teg
249 kr/stk
HM leðurfótbolti
898 kr/stk
Elvital sjampó 400 ml
399 kr/stk
ELVITAL
Maskin
Super þvottaefni 3 kg
299 kr/pk
Jarðarber í boxi 200 gr
199 kr/pk
Jonagold epli
89 kr/pk
Virk Samkeppni
Alltaf frábær tilboð alla daga



**KLIFRAÐ NIÐUR AF HÁUM PALLI** Afgönsk kona klifrar þarna niður af háum palli bifreiðar sem flutti hana og fleiri flóttamenn aftur á heimaslóðir í Kabúl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar á brjóstakrabbameini:

# Áttunda hver kona í áhættu

**HEILBRIGÐISMÁL** Konur sem bera í sér tiltekinn erfðabreytileika eru í 80 prósenta meiri hættu á að fá brjóstakrabbamein en hinar sem ekki bera hann.

Þetta kemur fram í læknisfræðitímaritinu PloS Medicine sem birti í gær grein eftir vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar og samstarfsaðila á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Þar er lýst tengslum erfðabreytileika við brjóstakrabbamein. Rannsóknin náði til um eitt þúsund kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein á Íslandi og reyndust um 5,4 prósent þeirra bera þennan erfðabreytileika, miðað við 3,1 prósent einstaklinga í viðmiðunarhópi. Rannsóknir á Ítalíu og í Finnlandi höfðu áður gefið til kynna að breytileiki í BARD1-erfðavísinum kynni að tengjast aukinni hættu á brjóstakrabbameini í ákveðnum fjölskyldum með háa tíðni brjóstakrabbameins. Rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar sýna að ákveðin áhættuarfgerð BARD1-erfðavísisins gegnir hlutverki í myndun brjóstakrabbameins almennt.

Á Íslandi tengjast um 8 prósent tilfella brjóstakrabbameins ákveðinni stökkbreytingu í BRCA2-erfðavísinum. Í rannsókninni er sýnt fram á að mjög sterkar líkur eru á að konur sem erfa bæði áhættuarfgerðir BARD1- og BRCA2-erfðavísanna fái brjóstakrabbamein. **-jss**



**ÍSLENSK ERFÐAGREINING** Stefnir á, í samstarfi við bandaríska líftæknifyrirtækið Illumina Inc., að staðfesta þessar niðurstöður hjá öðrum þjóðum og þróa greiningarpróf á grundvelli þeirra.

Danskur bæjarstjóri í fangelsi:

## Svik í þágu íþróttafélags

**DANMÖRK** Peter Brixtofte, fyrrverandi bæjarstjóri Farum á Sjálandi, var á þriðjudag dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa svikið bæjarfélagið um fé sem síðan var látið renna til íþróttafélagsins Farum Boldklub.

Brixtofte var sakfelldur fyrir að hafa látið bæinn greiða yfirverð fyrir byggingaverkefni sem byggingafyrirtækið Skanska annaðist; það lét hið ofgreidda fé renna í sjóði Farum Boldklub. Bæjarstjórinn var aftur á móti sýknaður af hliðstæðri ákæru sem tengdist ferðaskrifstofuferðum fyrir eldri borgara. **- aa**

Tillaga VG samþykkt:

## Úttekt á jafnréttismálum

**STJÓRNMÁL** Borgarstjórn samþykkti samhljóða á síðasta borgarstjórnarfundi tillögu borgarfulltrúa vinstri grænna um úttekt á kynjajafnréttismálum hjá Reykjavíkurborg.

Borgarstjórn ákvað að fela mannréttindanefnd að gera þessa úttekt en hún á meðal annars að afla upplýsinga um laun starfsmanna eftir kynjum, skiptingu kynja í nefndir og ráð á vegum borgarinnar og að kanna viðhorf embættismanna til kynjajafnréttis.

Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi vinstri grænna segir tillöguna ekki tengjast sérstaklega þeirri gagnrýni sem komið hefur fram um skipan í nefndir og ráð borgarinnar en það hafi þó vakið fólk til umhugsunar um þessi mál. **-gþg**

Forseti Írans:

## Gefur svar um miðjan ágúst

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, sagði í gær að tilboði stórveldanna, sem Javier Solana, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, kynnti fyrir Írönum í byrjun júní, verði ekki svarað fyrr en um miðjan ágúst.



**MAHMOUD AHMADINEJAD**

Tilboðið felur í sér að Íranar fái margvíslega aðstoð frá Vesturlöndum láti þeir af áformum sínum um að auðga úran, sem er aðferð til þess að gera úran geislavirkara, sem er nauðsynlegt til þess að það verði nothæft í kjarnorkuvopn. Jafnframt er Írönum hótað refsiaðgerðum gangi þeir ekki að tilboðinu. **- gb**

# Segist vilja loka en ekki geta það strax

**Fangabúðirnar við Guantanamo voru ofarlega á baugi á leiðtogafundinum í Austurríki. Bush beindi spjótum sínum að Íran og Norður-Kóreu, og sagði „fáránlegt“ að hernaðurinn í Írak væri stærra vandamál en kjarnorkuáform Írans.**

**VÍNARBORG, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti segist hafa fullan skilning á áhyggjum Evrópumanna af hinum umdeildu fangabúðum bandaríska hersins við Guantanamo á Kúbu.

„Ég skil áhyggjur þeirra,“ sagði Bush að loknum fundi sínum með leiðtogum Evrópusambandsins í Austurríki í gær. „Ég vildi gjarnan binda endi á Guantanamo. Ég vildi að það væri allt saman búið.“

Hann tók fram að 200 fangar hefðu nú þegar verið sendir heim til sín. Eftir eru 460 fangar og þeir eru flestir frá Sádi-Arabíu, Jemen og Afganistan.

„Sumir þeirra þurfa að koma fyrir rétt í Bandaríkjunum,“ sagði Bush. „Þeir eru kaldrifjaðir morðingjar. Þeir munu fremja morð ef þeim er sleppt út.“

Bush kom til Vínarborgar í gær og hitti þar að máli Wolfgang Schlüssel, kanslara Austurríkis, sem nú fer með formennsku í Evrópusambandinu. Einnig sátu fundinn þeir Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og Javier Solana, utanríkismálastjóri ESB.

Að loknum fundinum hvöttu bæði Bush og Evrópusambandsleiðtogarnir Írana og Norður-Kóerumenn til þess að láta af áformum sínum í kjarnorkumálum.

Bush sakaði írönsk stjórnvöld um að hafa dregið alltof lengi að svara tilboði frá Vesturlöndum, sem Javier Solana kynnti þeim fyrir rúmlega hálfum mánuði.



**GEORGE W. BUSH OG WOLFGANG SCHÜSSEL** Á blaðamannafundi í Vínarborg í gær sagðist Bandaríkjaforseti hafa fullan skilning á áhyggjum Evrópumanna vegna fangabúðanna við Guantanamo. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush sagði einnig að Norður-Kóreumenn myndu einangrast enn frekar á alþjóðlegum vettvangi ef þeir láta verða af því að gera tilraunir með langdræg flugskeyti, sem hægt væri að skjóta alla leið til Bandaríkjanna.

Bush viðurkenndi einnig að ágreiningur hefði verið milli Evrópumanna og Bandaríkjanna um hernaðinn í Írak, en hann sagðist vonast til þess að sá ágreiningur væri að baki.

Hann sagði niðurstöður skoðanakönnunar, sem nýverið var gerð meðal íbúa Evrópusambandsins, vera „fáránlegar“, en samkvæmt þeirri könnun telur meirihluti Evrópumanna framferði Bandaríkjamanna í Írak vera meira vandamál fyrir heimsbyggðina en kjarnorkuáform Írana. **gudsteinn@frettabladid.is**



**FRÁ KAUPMANNAHÖFN** Danskir þingmenn voru samstiga um breytingarnar.

Dönsku velferðarkerfi breytt:

## Eftirlaunaaldur hækkaður

**DANMÖRK, AP** Breiður þingmeirihluti samþykkti að hækka ellilífeyris- og eftirlaunaaldur danskra þegna til að létta undir með velferðarkerfi Danmerkur. Þetta þótti nauðsynlegt í ljósi þess hversu mikið þjóðin eldist hlutfallslega, með tilheyrandi kostnaði fyrir ríkið.

Eftirlaunaaldur verður hækkaður úr 60 ára aldri í 62 ára fyrir árið 2027, en ellilífeyrisaldur úr 65 ára í 67 ára. Velferðarsamningurinn var samkomulag fimm flokka á danska þinginu og kveður einnig á um endurbætur á innflytjendalöggjöfinni. Fyrirtækjum verður umbunað sérstaklega fyrir að ráða atvinnulausa innflytjendur. **- kóþ**

### TAÍVAN

**Forseti segi af sér** Leiðtogi stjórnarandstöðu Taívans hefur krafist afsagnar forseta landsins vegna spillingarmála í fjölskyldu hans og meintrar vanhæfni.

### ÍRAK

**Mannrán í Bagdad** Hálfum níunda tug verksmiðjustarfsmanna var rænt í gær er þeir voru á leið úr vinnu sinni í norðurhluta Bagdad og gíslanir fluttir í bíla. Ekkert var vitað um afdrif þeirra, að sögn lögreglu.

### SÓMALÍA

**Friðarviðræður** Þrír æðstu ráðamenn bráðabirgðastjórnarinnar í Sómalíu flugu í gær til friðarviðræðna við uppreisnarmenn íslamista, sem ráða nú lögum og lofum í landinu. Viðræðurnar fara fram í nágrannaríkinu Súdan.






Hvatarkonur álykta:

## Harma rýran hlut kvenna

**STJÓRNMÁL** Stjórn Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, hefur sent frá sér ályktun þar sem hlutur kvenna í nefndum borgarstjórnar er harmaður. Þær benda á að í aðeins tveim ráðum af átta er kona formaður en það eru þær Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, og Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarsviðs.

Í tilkynningunni segir orðrétt: „Tíðkast hefur verið að nota þá afsökun að konur taki ekki þátt í stjórnmálum en hér er ekki hægt að nota slíka afsökun enda helmingur frambjóðenda konur.“

Camilla Ósk Hákonardóttir, formaður Hvatar, segir að félagið hafi sent ályktunina út núna þar sem styttist í alþingiskosningar og þetta líti ekki vel út fyrir þær konur sem hyggjast bjóða sig fram þar. **- gþg**




**Á ils.is getur þú:**

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á Netinu:**

- Bráðamat
- Útreikningur greiðslubyrði
- Reiknivélar
- Upplýsingar frá ráðgjafa í Netsamtali

# Láttu drauminn rætast – rafrænt

## Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið og fengið aðstoð hjá ráðgjöfum okkar eða haft samband á Netinu.

## Sækja um lán

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á **ils.is**.

Fasteignasalinn aðstoðar þig síðan við að setja kauptilboðið inn í umsóknina á Netinu.

**Við svörum þér innan fjögurra daga.**

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla

Íbúðalánasjóður



**BLÁA KAMELJÓNIÐ** Breskur leikari, í gervi bláa kamelljónsins Dave, hefur verið sendur út af örkinni af Verkamannaflokknum til þess að fylgja David Cameron, leiðtoga Íhaldsflokksins, eftir. Þarna sést kamelljónið fylgjast Cameron halda ræðu á fjölskylduráðstefnu í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Biskupakirkjan í Bandaríkjunum hræðist hvorki konur né samkynhneigða:

# Gengur fram af trúbræðrum sínum

**BANDARÍKIN, AP** Biskupakirkjan í Bandaríkjunum hefur hafnað beiðni frá anglíkanska kirkjusambandinu um að láta framvegis eiga sig að velja samkynhneigt fólk til biskupsstarfa. Enska móðurkirkjan og aðrar kirkjudeildir sambandsins eru lítt hrifnar af þessu framtaki bandarísku deildarinnar.

Fyrir þremur árum kaus eitt af biskupsdæmum bandarísku biskupakirkjunnar sér samkynhneigðan biskup, V. Gene Robinson. Kosningin vakti hörð viðbrögð frá ensku biskupakirkjunni, sem er þjóðkirkja Bretlands, og fleiri kirkjudeildum anglíkanska kirkjusambandsins víða um heim.

Einnig hefur biskupakirkjan í Bandaríkjunum leyft sér að kjósa sér konur til þess að gegna biskupsembættum, en flestar aðrar deildir anglíkanska kirkjusambandsins hafa ekki viljað heimila það.

Núna um síðustu helgi dró svo til tíðinda þegar bandaríska kirkjan valdi sér nýjan leiðtoga úr röðum biskupa sinna, og fyrir valinu varð í fyrsta sinn kona, Katherine Jefferts Schori. Verulegur þrýstingur hefur verið á leiðtoga bresku kirkjunnar, Rowan Williams erkibiskup, um að grípa til aðgerða gegn bandarísku deildinni. **- gb**



**NÝJA LEIÐTOGANUM FAGNAÐ** Um síðustu helgi kaus biskupakirkjan í Bandaríkjunum sér konu fyrir leiðtoga, og í gær ákvað kirkjuþingið að verða ekki við beiðni um að velja ekki aftur homma til biskupsstarfa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

## Eflir listir og menningu

**MENNING** Listasafn Reykjanesbæjar hefur gert samning við Flugstöð Leifs Eiríkssonar um styrk til menningarstarfsemi.

Leifsstöð mun þar að auki veita listasafninu aðstöðu í flugstöðinni þar sem íslenskir listamenn og list þeirra verður kynnt.

Þeir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri flugstöðvarinnar, og Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, undirrituðu samkomulagið við opnun listasýningar í Listasafni Reykjanesbæjar, Duushúsum. **- æþe**



**ÚR ÆFINGABÚÐUM TAMÍLTÍGRA**
Tígrarnir vilja ekki Svía, Finna og Dani. NORDICPHOTOS/AFP

Friðargæsla á Sri Lanka:

## Liðsmenn ESB-þjóða víkja

**SRI LANKA, AP** Sendiherra Noregs á Sri Lanka, Hans Brasttkar, skýrði frá því í gær að Finnar, Svíar og Danir þyftu á næstunni að kalla heim liðsmenn sína í norræn friðargæslusveitinni SLMM.

Þetta er krafa tamíltígranna, en hún kemur í kjölfar þess að Evrópusambandið skilgreindi hreyfingu þeirra sem hryðjuverkasamtök. Tamíltígrarnir kæra sig því ekki lengur um að ríkisborgarar landa Evrópusambandsins gegni friðargæsluhlutverki á eyjunni.

Íslendingar og Norðmenn taka þátt í starfi norrænu friðargæslusveitarinnar og þeir njóta áfram trausts stríðandi fylkinga á Sri Lanka. **- kóþ**

# Finnst vegið að heiðri starfsfólks

**Sérfræðingar greiningardeilda tveggja banka telja endurskoðaða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins einkennast af bjartsýni. Ráðuneytið telur vegið að starfsheiðri starfsmanna þess með aðdróttunum þess efnis að óskhyggja ráði för hjá þeim.**

**EFNAHAGSMÁL** „Hún er bjartsýn að því leyti að þeir telja að hagkerfið muni ná talsvert mjúkri lendingu á næsta ári,“ segir Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, um endurskoðaða þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Var spáin birt í fyrradag og nær yfir árin 2005 og 2008.

„Það er sérstakt að þeir spá lítilli einkaneyslu á næsta ári miðað við hvað þeir telja að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni aukast mikið,“ segir Björn. Hann telur einnig fasteignamarkaðinn mikinn óvissuþátt á næstu árum og að krónan gæti fallið ef efnahagsstjórnin er ekki nægilega aðhaldssöm. „Það gæti kallað á meiri verðbólgu og erfiðleika við að ná lendingu.“

Þóra Helgadóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild KB banka, telur spána einkennast af þó nokkurri bjartsýni. „Stóriðjuframkvæmdir geta breytt myndinni gjörsamlega,



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Þjóðhagsspá ráðuneytisins hefur fengið gagnrýni greiningardeilda bankanna, sem enginn fótur er fyrir, að mati ráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

tímasetning og umfang opinberra framkvæmda hefur mikil áhrif á þróunina,“ segir hún. „Ef farið verður út í frekari stórframkvæmdir munum við sjá meira ójafnvægi í hagkerfinu. Að fresta framkvæmdum núna myndi slá á væntingar.“

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar hjá Glitni, segir hins vegar spá ráðuneytisins í samræmi við þeirra spá, nema þeir séu talsvert bjartsýnni á að viðskiptahallinn verði minni.

Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir vegið að starfsheiðri sérfræðinga ráðuneytisins með því að kalla spána byggða á óskhyggju. „Ef greiningaraðilar vilja fetta fingur út í okkar niðurstöðu þurfa þeir að gagnrýna forsendur sem við leggjum til við útreikningana,“ segir Þorsteinn. Ráðuneytið fái einungis ákveðna niðurstöðu úr þjóðhagslíkaninu og hagræði henni ekki. Fleira spili inn í



INGÓLFUR BENDER



ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON

hvað ákvarðar einkaneyslu en kaupmáttaraukning, gengisþróun, stýrivextir og atvinnustig.

„Fjármálaráðuneytið vinnur á grundvelli viðamikils þjóðhagslíkans sem tryggir gott innra samræmi í spágerðinni.“ Þorsteinn segir þó að óvissuþættir séu í spánni og það sé tekið fram.

Seðlabankinn gefur út eigin þjóðhagsspá 6. júlí og fékkst enginn þaðan til að tjá sig um málið.

**steindor@frettabladid.is**

**HELSTU ATRIÐI ÞJÓÐHAGSSPÁR FJÁRMÁLARÁÐUNEYTISINS**

Hagvöxtur árið 2006 verði 4,7 prósent, tæpt 1prósent árið 2007 og 2,3 prósent 2008.
Viðskiptahallinn verði 15,9 prósent í ár, en minnki hratt og verði 7,8 prósent 2007 og 3,7 prósent 2008.
Atvinnuleysi verði 1,5 prósent í ár, 2,3 prósent næsta ár og 3 prósent eftir tvö ár.
Verðbólga verði 7,8 prósent í ár, minnki í 4,6 prósent á næsta ári og í 2,6 prósent 2008.
Kaupmáttur ráðstöfunartekna verði 3,5 prósent í ár á mann, 3,3 prósent árið 2007, en 1,9 prósent 2008.
Óvissuþættir verði komandi kjarasamningar, stóriðjuframkvæmdir, gengi krónunnar og ástand alþjóðlegra efnahagsmála.

Ísland í New York Times:

## Á við milljóna auglýsingar

**LANDKYNNING** Íslenski hringvegurinn var til umfjöllunar á forsíðu ferðaútgáfu The New York Times síðastliðinn sunnudag. Greininni fylgja myndir úr ferð blaðamannsins Mark Sundeen og félaga hans um hringveginn en um þetta er fjallað á heimasíðu Ferðamálastofu.

Einar Gústavsson, forstöðumaður Skrifstofu ferðamála í New York, segir gríðarlega verðmætt að fá svo áberandi umfjöllun í jafn virtu og útbreiddu blaði og The New York Times. Einar segir auglýsingaverðmæti greinarinnar í The New York Times líklega 10-12 milljónir og er þá vefútgáfa blaðsins ekki talin með. **-hs**

Yfirlýsing frá Latabæ:

## Tökur halda áfram á fullu

**LATIBÆR** Vegna fréttar Ríkissjónvarpsins í fyrradag um Latabæ vilja forráðamenn fyrirtækisins koma því á framfæri að þrátt fyrir meiðsli Magnúsar Scheving muni framleiðsla þáttanna halda áfram af fullum krafti. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá fyrirtækinu í gær.

Magnús Scheving leikur aðalhlutverk í sjónvarpsþáttunum um Latabæ, en hann er einn af vinsælustu barnaþáttunum í Bandaríkjunum í dag. **- sþs**

## ÞÝSKALAND

**Týndur í einstefnu** Tveir enskir fótboltaáhangendur týndu bílaleigubíl sínum í Köln eftir að þeir lögðu honum í götu sem þeir töldu heita Einbahnstrasse eða Einstefnugata á íslensku. Þeir skrifuðu niður götunafnið til minnis en þegar þeir sneru til baka komust þeir að því að önnur hver gata í miðbæ Kölnar er merkt „Einstefnugata“.







Sæktu um MasterCard kort með ferðaávísun hjá þínum banka eða sparisjóði og þú færð 5.000 kr. stofnávísun.

Lækkaðu ferðakostnaðinn með ferðaávísun MasterCard. Hún gildir sem greiðsla upp í allar ferðir til útlanda og innanlands líka.

Netflug, viðskiptaferðir, borgarferð eða sumarfrí á sólarströnd með fjölskyldunni. Þitt er valið. Nýttu þér ferðafrelsið sem ferðaávísun MasterCard veitir þér og sæktu um kort strax í dag.

*Nánari upplýsingar á **kreditkort.is***

# Birgjum okkur

18 hálfs lítra Coca-Cola flöskur á HM tilboði!

Coca-Cola TILBOÐ
**1399** KR.
18 flöskur

## 18 flaskna HM tilboð!

Ekki gleyma!

KÍLÓ af jarðarberjum!
**198** KR.

HEILT KÍLÓ af frosnum jarðarberjum
Munið: Rauði liturinn er fyrir nýrnaganginn!

STEIKTUR LAUKUR 200g
STÖKKUR RISTAÐUR

STEIKTUR LAUKUR
**69** KR.
200g

Frábær með pylsunum, hamborgurunum og á brauðið!

FORBAKAÐ, FERSKT OG FRÁBÆRT

CIABATTABRAUÐ
**49** KR.
225g

CIABATTABRAUÐ
FRÁ EUROSHOPPER
KLÁRT Í OFNINN

-enn lægra verð!

HRAÐKOL
**99** KR.

HRAÐKOL úr pressuðum kókos-hnetuskeljum. Klárt á mínútunni. Hentar í allar gerðir grilla, líka kúlugrill. 2 hraðkol í pakkningu. Líftími hvors hraðkols er 40 mín. LÍKA GOTT Í ÚTIARININN

## 10 KR. taflan!

UPPÞVOTTAVÉLAR
**1098** KR.
110 TÖFLUR

HM VÆNGIR

30% afsláttur

FULLELDAÐIR HM VÆNGIR
**349** KR. kg
MERKT VERÐ 499 KR.

HM kjúklingavængir og HM HAMINGJA:
Fulleldaðir kjúklingavængir
BARA AÐ HITA!

XXL FRESCHETTA
**399** KR.
760/800g

XXL pitsa
760-800g

## Lamba sneiðar

40% afsláttur við kassann

VILLI LAMBASNEIÐAR
**839** KR. kg
MERKT VERÐ 1399 KR.

## KF villigrillið

EUROSHOPPER SNAKK
**98** KR.
200 GRÖMM

Snakkið í stóru pokunum - líttu á verðið!

ÁVAXTASAFI
**69** KR.
lítri

12 rúllur
**198** KR.

12 SALERNISRÚLLUR

3 XL
góðar við grillið

3 XL rúllur
**298** KR.


upp í Bónus!
Írskar svínalundir
MAÍSBAUNIR
39 KR.
340g
Nýtt í Bónus!
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
Sjávarréttaspjót á grillið
4 HLUTA RYÐFRÍTT
1299 KR.
GRILLSETT ÚR STÁLI
4 PCS B.B.Q. SET
1.8 mm ryðfrítt stál
Græjur við grillið!
FISKI GRILLSPJÓT
1198 KR.
kílóverð
Frábært úr frystinum!
HNAKKA-LÆRIS- OG BÓGSSNEIÐAR
879 kg KR.
MERKT VERÐ 1099KR.
20% afsláttur við kassann
Skötuselur roðlaus og brjósklaus
SKÖTUSELUR
ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
1198 KR.
600g
Frábær frosin afurð - frábært verð
BÓNUSGRILL SVÍNAKJÖT
Svínahnakkasneiðar
Svínalærissneiðar
Svínabógssneiðar
Svínakótelettur
Foreldið ALI grillrif
FORELDUÐ SVÍNARIF
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1198KR.
Spareribs
30% afsláttur við kassann
-líka kótelettur!
Gott á grillið
20% afsláttur við kassann
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki
GRILL SVÍNAKÓTELETTUR
879 kg KR.
MERKT VERÐ 1099KR.
Danskar kjúklingabringur!
www.bonus.is
ERAN/Landlist
BÓNUS

„ORÐRÉTT“

### Með hríðir í hálfleik?

**„Ég mæli með því að eignast barn á þessum tíma, það er frábært, það er alltaf nóg að gerast í sjónvarpinu.“**

ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA UM ÞAÐ HVERNIG SÉ AÐ EIGNAST BARN MEÐAN Á HEIMSMEISTARAMÓTINU STENDUR. FRÉTTABLAÐIÐ, 21. JÚNÍ.

### Líkt við fisk

**„Einar hélt ráðherralífi sínu og spriklar af pólitískri ánægju eins og haustfeitur silungur.“**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON ÞINGMAÐUR UM EINAR K. GUÐFINNSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA. BLAÐIÐ, 21. JÚNÍ.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓLÖF ARNALDS TÓNLISTARKONA

## *Finnst skemmtilegast að koma fram*



„Ég er nýbyrjuð að taka upp plötuna mína sem á að koma út núna í haust hjá 12 Tónum, sem er mjög gaman,“ segir Ólöf Arnalds listakona kampakát. Ólöf gerir hlé á upptöku plötunnar í júlí þegar hún heldur út á land til að vinna ferðalagaþætti fyrir Rás eitt, en fyrsti þátturinn fer í loftið 15. júlí.

„Ég hlakka mikið til að komast út á land. Það verður yndislegt að geta hvílt sig aðeins á borginni,“ en aðspurð hvort hún sé orðin þreytt á borgarlífinu, segir hún svo ekki vera. „Það er bara alltaf svo gaman að breyta um umhverfi.“

Ólöf hélt sýningu um síðustu helgi í Reykjavík þar sem hún sýndi myndverk eftir sig og spilaði nokkur lög af væntanlegri plötu sinni. Hún segir að sýningin hafi tekist vel og þá sérstaklega að spila fyrir sýningargesti, sem hún segist hafa einkar gaman af. Landsbyggðin á líka von á glaðningi í sumar að sögn Ólafar.

„Ég ætla að nota tækifærið á meðan ég er að ferðast um landið og halda litla tónleika til að æfa mig í að koma fram. Mér finnst ekkert gaman að sitja heima og æfa mig, því að maður lærir mest á því að koma fram.“

Helgina ætlar Ólöf að nota til að slappa af, þó er nærveru hennar óskað í tveimur veislum á laugardaginn.

**SJÓNARHÓLL**
**KRAFA UM DAUÐAREFSINGU YFIR SADDAM HUSSEIN**



GUNNAR ÞORSTEINSSON

## *Mikil hræsni í umræðunni*

„Ég er á þeirri skoðun að svona menn hafi fyrirgert rétti sínum til að lifa,“ segir Gunnar Þorsteinsson í Krossinum, spurður um skoðun sína á því að krafist hafi verið dauðarefsingar yfir Saddam Hussein. „Eins og maðurinn sáir þannig mun hann og upp skera. Það er erfitt að draga línur og dauðarefsingar eru ekki neitt uppáhaldsmál hjá mér en ég tel að samfélagið hafi þennan rétt og þurfi að beita honum. Ef honum væri beitt til dæmis hér á Íslandi eins og er gert í Bandaríkjunum sums staðar, þá væri það sirka ein aftaka á öld hér á landi. Það þarf að beita þessu gríðarlega sparlega en ég tel að samfélagið þurfi að hafa þetta úrræði fyrir menn sem brjóta nógu alvarlega af sér. Það sem særir okkur dýpst, eða mig að minnsta kosti, er þegar menn misnota börn, jafnvel ítrekað. Ég sé ekki tilganginn með að halda svoleiðis mönnum í lokuðum klefum.

Menn taka andköf þegar talað er um dauðarefsingar en ef Schirinowski kæmi með 200 manna her og réðist á Ísland þá þætti okkur alveg sjálfsagt að brytja þá niður. Hræsnin er svo mikil í þessum viðhorfum. Saddam Hussein framdi þjóðarmorð á Kúrdum og líka á eigin fólki, þar sem hann útrýmdi heilu þorpunum af fullkomnu miskunnarleysi. Ég held að samfélagið hljóti að vera sammála því að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að lifa.“

# Meira svigrúm til lagasmíða

**Ellefu íslenskir tónlistarmenn fá á næstu dögum höfundarréttinn fyrirfram úr Hugverkasjóði Íslands, en fyrirmyndin að sjóðnum er erlend. Tónlistarmennirnir Eyþór Gunnarsson, Gunnar Þórðarson og Helgi Björnsson segja úthlutunina gefa meira svigrúm til að sinna tónlistinni.**




**HUGVERKASJÓÐUR BUBBA MORTHENS STOFNAÐUR** Glitnir og Sjóvá ruddu brautina þegar fyrirtækin undirrituðu samning um hugverkasjóð Bubba Morthens. Nú hafa fleiri tónlistarmenn siglt í kjölfarið og framselt tekjur af höfundarétti sínum til Baugs í þetta sinn, sem greiðir listamönnunum á móti ákveðana upphæð. Slíkir samningar eru að sögn Eyþórs Gunnarssonar algengir erlendis.

Það er Baugur Group sem stendur að verkefninu og nemur fjárfestingin 160 milljónum króna. Auk framlags Baugs Group renna leigutekjur af höfundarrétti höfundanna tímabundið í sjóðinn, en markmið hans er að efla íslenska tónlist og tónlistarmenn. Samningurinn felur það meðal annars í sér að á meðan á samningstíma stendur rennur ágóði af stefgjöldum beint til sjóðsins.



**EYÞÓR GUNNARSSON TÓNLISTARMAÐUR** Hefur verið á sambærilegum samningum erlendis þar sem þeir eru mjög algengir.



**GUNNAR ÞÓRÐARSON TÓNLISTARMAÐUR** Segir að með Hugverkasjóðnum aukist svigrúm til að gera það sem hann langi til.



**HELGI BJÖRNSSON TÓNLISTARMAÐUR** Segir stofnun Hugverkasjóðs sérstaklega mikilvæga í dag þegar mikið er um endurútgefna tónlist.

Eyþór Gunnarsson tónlistarmaður er einn úr hópi þeirra ellefu höfunda sem eiga hlutdeild í Hugverkasjóði Íslands og fá höfundarréttinn fyrirfram. Eyþór segir þetta fyrirkomulag hagræðingu sem komi sér vel og hann gerir ráð fyrir að fá meira svigrúm til að semja tónlist með þessu fyrirkomulagi. „Samningstíminn gildir þar til endurgreiðsla hefur náðst en þá rennur rétturinn til baka til höfundarins. Ég hef verið á sambærilegum samningi erlendis en þar eru þetta kallaðir „publishing“ samningar sem eru mjög algengir. Með þessum samningi er ekki verið að framselja höfundarréttinn heldur er þetta eins konar styrkur sem gerir mér kleift að einbeita mér að tónlistinni.“ Eyþór segir stærri upphæðir nýtast betur en smærri og því komi þetta sér vel. „Það er ekki búið að undirrita samninginn en hann er þess eðlis að ég sé ekki ástæðu til annars en að þiggja hann. Það er staðreynd að ég er starfandi lagasmiður og hef tekjur í gegnum stef erlendis og þetta gerir mig gjaldgengan í þennan hóp.“ Eyþór segir þetta svipað því að fá lán á hagstæðum kjörum. Gunnar Þórðarsson tónlistarmaður segist afskaplega þakklátur fyrir að vera í þessum hópi og segir að með þessu sé tónlistin ekki bara til þess að syngja hana eða spila. „Það að eiga hlutdeild í Hugverkasjóði Íslands er fjárhagsleg hagræðing sem gefur mér aukið svigrúm til að gera það sem mig langar til að gera.“ Gunnar segir að með breytingum í fjármálalífinu á Íslandi gefist fyrirtækjum nú færi á að koma verkefnum á borð við Hugverkasjóð á fót en slíkt hafi verið óhugsandi áður fyrr.

Helgi Björnsson segir framtakið mjög jákvætt og segir það hvetja til aukinna afkasta í tónlist. „Stofnun Hugverkasjóðs gefur þá innspýtingu sem er sérstaklega mikilvæg í dag þegar mikið er um endurútgefna tónlist. Þessum hluta menningarlífsins hefur hingað til ekki verið mikið hampað í sambandi við styrki, hvorki frá hinu opinbera né öðrum, og því er frábært að einhver horfi í þessa átt.“ **hugrun@frettabladid.is**




Útsalan er hafin

Parisartízkan er verslun fyrir konur á öllum aldri.

Gott úrval af hágæðafatnaði frá þýska vörumerkinu BASLER.

Sjón er sögu ríkari

Parisar TÍZKAN
Laugavegi 71, 2.Hæð

# 20% afsláttur af Nicorette nikótínlyfjum*




Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum á fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun á fylgiseðli. Á fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

**Apótekarinn**

*-lyf á lægra verði!*

Nóatúni 17 • Akureyri • Mjódd • Smiðjuvegi

*Gildir 21. - 23. júní

## Svona erum við

> Brottfarir Íslendinga frá Keflavíkurflugvelli




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VERKFÖLL

# *Mikið þarf til að verkfall sé löglegt*

Á dögunum ákváðu starfsmenn í þjónustustörfum í Leifsstöð að leggja niður störf milli klukkan fimm og átta á sunnudagsmorgun til að mótmæla bágum kjörum og slæmri vinnuaðstöðu. Talsmenn Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélags starfsmannanna kalla aðgerðirnar ólöglegt verkfall.



**Hvenær er verkfall löglegt?**
Samkvæmt lögum mega stéttarfélög ákveða verkfall til þess að ná fram kjarasamningi sé öllum formsreglum fullnægt. Þær reglur kveða meðal annars á um tilkynningaskyldu, atkvæðagreiðslu og framkvæmd, en mjög hart er tekið á því sé ekki farið eftir öllum þessum reglum þegar boðað er til verkfalls. Ef þetta er ekki gert er hætt við að verkfallið verði dæmt ólöglegt. Í verkfalli falla niður störf þeirra sem að því standa, og er það í höndum þeirra að ákveða hversu alvarleg vinnustöðvunin er. Sumar stéttir hætta allri vinnu þangað til samningar nást, aðrar hætta allri vinnu í fyrirfram ákveðinn tíma og enn aðrar vinna enga yfirvinnu meðan á samningaviðræðum stendur. Einnig eru dæmi um að starfsmenn hafi unnið hægar en venjulega í verkfalli.

**Hver eru viðurlögin við ólöglegu verkfalli?**
Ef þeim reglum um boðun verkfalls sem nefndar eru að ofan, ásamt fleirum, er ekki fylgt nákvæmlega getur verið um ólöglegt verkfall að ræða. Það þýðir að starfsmenn eru frá vinnu án leyfis og getur vinnuveitandi skipað starfsfólki að mæta aftur til vinnu ellegar verði því sagt upp. Hann má einnig ráða aðra í störf þeirra sem tóku þátt í verkfallinu, en það má hann ekki ef verkfallið er löglegt. Ef verkfallið hefur í för með sér tjón atvinnurekanda getur hann einnig farið í skaðabótamál við einstaka starfsmenn eða stéttarfélag, hafi það tekið þátt í aðgerðunum.

## SPURT OG SVARAÐ

BLÓÐBANKINN

### *Mest þörf fyrir O mínus*

Sagt var frá því í gær að starfsmenn Landsbankans hefðu fjölmennt í bíl Blóðbankans til að gefa blóð. Sigríður Lárusdóttir er hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri Blóðbankans.



SIGRÍÐUR LÁRUSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG DEILDARSTJÓRI BLÓÐBANKANS. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Hversu margir gefa blóð á hverju ári?**
Það eru á milli níu og tíu þúsund blóðgjafar sem koma einu sinni eða oftar á ári og eru gjafirnar um sautján þúsund á ári. Það eru 450 millilítrar í hverjum skammti þannig að þetta eru um 8000 lítrar. Við þurfum 70 blóðgjafa á hverjum einasta degi til að standa undir því sem heilbrigðisstofnanir um allt land þurfa og við þurfum að hafa svolítið fyrir því að ná þessu marki.

**Hver eru skilyrðin fyrir blóðgjöf?**
Við fyrstu komu þarf að fylla út sjúkraskýrslu og síðan er tekið sýni og athugað með vírusa og í hvaða blóðflokki viðkomandi er. Hann þarf að vera heilbrigður og laus við lyf í líkamanum. Ef allt er í lagi þá má koma og gefa blóð eftir hálfan mánuð. Karlar mega gefa fjórum sinnum á ári og konur þrisvar.

**Hafið þið meiri þörf fyrir einn blóðflokk en annan?**
Okkur skortir oftast algengasta blóðflokkinn, O, enda gengur hann í alla. Við þurfum alltaf að eiga ákveðið magn af O mínus blóði, sem er svokallað neyðarblóð, sérstaklega á þessum tíma, á sumrin þegar það er þung umferð á þjóðvegunum og tíðari slys. Hins vegar eru bara 7-8% Íslendinga í O-mínus blóðflokki.


Farangurs kassar
Verð frá 19.900



Hapro farangurskassi
er snjöll lausn til að koma öllum farangrinum fyrir í bílnum.

Það sem upp á vantar



Sterku kerrurnar frá **Camp-let** í mörgum stærðum



**Fortjöld** frá **Isabella** fyrir fellihýsi, ferðabíla og hjólhýsi. Örugglega bestu fortjöld sem fáanleg eru.



**Hestakerrur** frá **Camp-let** sem bera af



Ný hentug **skjóltjöld** í garða frá **Isabella**. Verð frá 24.900 kr.

GÍSLI JÓNSSON
Klettháls 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is


# Veitir ráðgjöf um ættgenga sjúkdóma

**Fyrsti sérmenntaði erfðaráðgjafinn hefur tekið til starfa hér á landi. Hlutverk hans er að miðla upplýsingum um erfðasjúkdóma og rannsóknir vegna þeirra, hjálpa fólki að taka á móti fréttum um erfðasjúkdóma og vinna úr tilfinningum þeim tengdum. Verið er að byggja upp aukna þjónustu á sviði erfðaráðgjafar á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.**



**VITNESKJAN HEFUR AFLEIÐINGAR** „Um leið og einstaklingurinn er búinn að fá úr því skorið að hann hafi breytinguna hefur það áhrif á foreldrana sem um leið eru búnir að fá þessa vitneskju. Þetta hefur því töluverðar afleiðingar," segir Vigdís Stefánsdóttir, fyrsti sérmenntaði erfðaráðgjafinn á Íslandi. Vigdís er hér með samstarfskonum sínum, Auði D. Jónsdóttur skrifstofustjóra og Guðlaugu Torfadóttur líffræðingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlutverk erfðaráðgjafa felst í almenningsfræðslu, að miðla upplýsingum um erfðir og erfðasjúkdóma, segja frá því hvernig sjúkdómarnir erfast, hver hugsanleg áhætta einstaklingsins og barna hans er, hjálpa fólki að takast á við tilfinningarnar sem fylgja því að frétta um, fá og vera með erfðasjúkdóma og undirbúa fólk undir það að fara í erfðarannsókn.

Vigdís Stefánsdóttir, fyrsti sérmenntaði erfðaráðgjafinn á Íslandi, er nýtekin til starfa á erfða- og sameindalæknisfræðideild LSH. Hún er þessa dagana í starfshópi sem er að ljúka við gerð bæklings um fósturskimun og fósturgreiningu sem verður dreift til þungaðra kvenna um allt land. Starfskraftar hennar fara þó mest í viðtöl við pör, eða konur, þar sem fósturskimun eða fósturgreining hefur leitt í ljós að eitthvað er að hjá fóstrinu og uppbyggingarstarf í samstarfi við lækna og aðra starfsmenn LSH.

„Í líkama okkar allra eru fjölmargar breytingar á erfðaefni. Oftast valda þær engum vandræðum. Það er bara þegar þær valda sjúkdómum sem við höfum áhyggjur af þeim," segir Vigdís.

**Fjölskyldusagan er mikilvæg**
Erlendis skiptist erfðaráðgjöf í almenna erfðaráðgjöf, erfðaráðgjöf á fósturskeiði og erfðaráðgjöf krabbameina. Erfðaráðgjöf krabbameina er stærst og mest vaxandi því að vitneskjan um erfðafræði krabbameina vex stöðugt. Á LSH er Vigdís að skipuleggja krabbameinserfðaráðgjöf í samvinnu við Óskar Jóhannsson, lækni á krabbameinsdeild, en hann er nýkominn frá Svíþjóð. Hann hefur séð um erfðaráðgjöf krabbameina og er mikill áhugamaður um hana.

Sjálf hefur Vigdís mikinn áhuga á erfðaráðgjöf á fósturskeiði. „Ég veit ekki hvers vegna en ég dregst alltaf að erfðaráðgjöf á fósturskeiði. Ég er stöðugt að lesa greinar um þau mál og sá lestur kveikti meðal annars áhuga minn á að búa til gen.is en á þeim vef er stærsta erfðafræðiorðasafn landsins og þýðingar á greinum og upplýsingar um ýmsa erfðasjúkdóma," segir hún.

**RANNSAKA DNA**
Nokkrir læknar veita og hafa veitt klíníska erfðaráðgjöf á Íslandi en Vigdís Stefánsdóttir er fyrsti einstaklingurinn sem beinlínis lærir og starfar við erfðaráðgjöf. Hún hefur nú tekið til starfa á erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala - háskólasjúkrahúss en deildin annast rannsóknir til greiningar á erfðasjúkdómum og erfðaráðgjöf í tengslum við hættu á sjúkdómserfðum. Erfðaefni mannsins er aðalviðfangsefni deildarinnar, þar er verið að rannsaka DNA. Deildin sinnir fósturskimun sem byggist á mælingu lífefnavísa í sermi hjá þunguðum konum á meðgöngu. Niðurstöðurnar gefa til kynna hvort auknar líkur eru á tilteknum litningagöllum. Litningarannsóknir eru gerðar hjá börnum eða fullorðnum þegar grunur vaknar um vanskapnað eða þroskahömlun sem gæti stafað af litningagalla. Nýburaskimun felst í að leitað er að tveimur alvarlegum, meðfæddum sjúkdómum þegar blóðdropi er tekinn úr hæl hjá öllum nýfæddum börnum á Íslandi.
Sameindaerfðafræðirannsóknir felast í leit að tilteknum stökkbreytingum í erfðaefni hjá einstaklingum sem grunaðir eru um að hafa ákveðna erfðasjúkdóma.

Mikið uppbyggingarstarf er framundan í erfðaráðgjöfinni hjá LSH og verður á næstunni boðið upp á meiri þjónustu en áður. Vigdís segir að fólk geti leitað til deildarinnar, hringt eða pantað tíma hafi það áhyggjur af eða viti af erfðasjúkdómum í fjölskyldunni. Einnig geta læknar vísað fólki til deildarinnar vegna gruns um erfðasjúkdóm.

**Meta ættgengið**
„Ég tek á móti fólki og tek niður helstu upplýsingar. Ég fæ samþykki fólks fyrir því að skoða viðeigandi sjúkraskrár og leita upplýsinga um rannsóknir sem gerðar hafa verið. Ég tek líka niður helstu upplýsingar fyrir ættartréð og fjölskyldusöguna. Fjölskyldusagan er óhemju mikilvæg og ættartréð líka þegar kemur að því að skoða hvernig erfðir liggja í fjölskyldunni. Það má segja að það sé mikilvægasta tæki erfðaráðgjafans til að meta ættgengi sjúkdóma, hvort einhver sjúkdómur er í fjölskyldunni eða hvort það er bara einstakt tilfelli. Í mörgum tilvikum verða breytingar á erfðaefni í fyrsta sinn í viðkomandi einstaklingi og það þarf ekki að vera neinn annar með sjúkdóminn. Eftir sem áður vill fólk vita um hann, skilja hvað er í gangi og vita hvort hann erfist eða ekki."

**Flókið að vita um genin**
Það er flókið mál að fá vitneskju um erfðasjúkdóm, ekki síst er það stórmál að fá upplýsingar um sjúkdóm sem kemur fram seint á ævinni. Vigdís tekur dæmi um fjölskyldu, foreldra og 25 ára einstakling. Fjölskyldusaga sýnir að ættgengur sjúkdómur getur verið fyrir hendi hjá öðru foreldrinu og hann er hugsanlega alvarlegur og ólæknandi. Einstaklingurinn vill fá rannsókn þó að foreldrarnir hafi ekki veikst. Hann hefur fullan rétt á að vita hvort hann sé arfberi en foreldrarnir vilja kannski ekki fá vitneskjuna.

„Um leið og einstaklingurinn er búinn að fá úr því skorið að hann hafi breytinguna hefur það áhrif á foreldrana sem um leið eru búnir að fá þessa vitneskju. Þetta hefur því töluverðar afleiðingar. Vitneskja verður ekki tekin frá fólki og vitneskjunni geta fylgt afleiðingar og flóknar tilfinningar," segir hún.

„Það getur haft miklar afleiðingar fyrir fólk að frétta að eftir tíu til tuttugu ár verði það hugsanlega veikt," segir Vigdís. „Fólk vill svör og útskýringar. Það vill fá að vita hvað er í gangi, hvort hætta sé á að sjúkdómurinn erfist og hvað það þýðir fyrir það sjálft og afkomendur. En svo eru aðrir sem vilja ekki fá þessa vitneskju."




FRÉTTAVIÐTAL
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

# TILBOÐ

# ÞRÁÐLAUST
*Logitech sett*



**ÍSLENSKIR STAFIR**
Loksins á íslandi er hægt að fá fullkomið Logitech lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum

**ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ**
Vandað þráðlaust lyklaborð með frábærum multimedia flýtihnöppum ásamt auðveldri stjórn á hljóði og vöfrun.

**ÞRÁÐLAUS GEISLAMÚS**
Engar snúrur og ekkert vesen með þessari frábæru þráðlausu geislamús, skrunhjól flýtir fyrir allri vinnslu

**VERÐ 4.990** EX110

Logitech

Íslenskt 105-hnappa lyklaborð

## ACER CU6530



- 6.3 MegaPixla upplausn, 3x Optical Zoom linsa
- Stór 2.5" LCD skjár auðveldar skoðun mynda í vélinni
- Acer CU6530 er ótrúlega létt og nett, aðeins 125 gr.
- SD rauf, USB2, hleðslurafhlaða og flott taska fylgja

**VERÐ 29.900**

## TViX 3.5" SPILARI



NÝ OG GLÆSILEG KYNSLÓÐ TVIX SPILARA • NÚ KYNSLÓÐ

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist, allt saman án tölvu

**BEINT Í GRÆJUR**
Stjórnaðu með fjarstýringu spilun á tónlist úr TviX 3,5" án tölvu eða sjónvarps

**AUÐVELD Í NOTKUN**
Spilar alla mögulega staðla, AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

| ÁN HD | 250GB | 320GB |
|---|---|---|
| 16.900 | 27.900 | 32.900 |

## TViX 2.5" SPILARI

Eina græjan sem þarf í fríið, spilar tónlist, kvikmyndir og les myndirnar þínar beint úr myndvél eða kortalesara

| ÁN HD | 40GB | 100GB |
|---|---|---|
| 14.900 | 22.900 | 29.900 |

## LYKLABORÐ

ÁBRENNDIR ÍSLENSKIR STAFIR

Logitech Media Elite lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum hlaðið flýtihnöppum og möguleikum

**VERÐ 3.490**

## LOGITECH MM28

Logitech MM28, nettir ferðahátalarar, fyrir tæki með 3.5mm tengi, t.d. iPod, fartölvur, CD og MP3 spilara

**VERÐ 9.990**

## ACER CE 5330

Acer CE 5330, 5 MegaPixla upplausn 3x Optical Zoom, stór LCD skjár SD rauf, USB2, taska og hleðslurafhlaða

**VERÐ 17.900**

Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

512MB Secure Digital minniskort frá Corsair
**VERÐ 3.990**

Flott myndavélartaska úr leðurlíki með axlaról
**VERÐ 990**

Target örmyndavél 640x480 upplausn, 8MB minni
**VERÐ 1.990**

Vönduð og rúmgóð taska fyrir TViX 3100 spilara
**VERÐ 2.990**

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort
**VERÐ 2.990**

100 stk 4x6 Glossy Photo GP-501 Ljósmyndapappír
**VERÐ 1.490**

**VERÐ 3.990**

**VERÐ 2.990**

# TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Glerárgötu 36 | Hafnargötu 90 |
| Sími 562 6730 | Sími 464 7400 | Sími 534 7400 |

# Tjaldaland er flutt við hliðina á TBR-höllinni

## Troðfull flöt af uppsettum tjöldum!








**Lindros 6 manna**
*Fjölskyldu-braggatjald með mikilli lofthæð. Rúmgott fortjald. Öflugar álsúlur.*
Verð **44.990** kr.



**Taranto Plus 6 manna**
*Fjölskyldu-braggatjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk milli svefntjaldanna. Opnast á tvo vegu.*
Verð **29.990** kr.

Njót



**Nevada 3ja og 4ra manna**
*3ja og 4ja manna sígilt kúlutjald.*
Verð **6.990/8.990** kr.

í g



**Coho 2ja manna**
*Létt göngutjald.*
Verð **12.990** kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 32859 05/2005

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580





**Andros 6 manna**
*Fjölskyldu-braggatjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk. Öflugar álsúlur.*
Verð **39.990** kr.





**Como 4ra og 6 manna**
*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum. Fortjald er á milli svefntjaldanna. Tveir inngangar.*
Verð **14.990/ 17.990** kr.

# tu sumarsins



**Kira 3ja og 4ra manna**
*Kúlutjald með fortjaldi.*
Verð **8.990/10.990** kr.



**Fraser 3ja manna**
*Lítið og létt braggatjald með góðu fortjaldi.*
Verð **13.990** kr.

# óðu tjaldi



**The North Face Rock 2ja manna**
Göngu-kúlutjald.
Verð **25.990** kr.



**The North Face Tadpole 2ja manna**
Göngutjald.
Verð **27.990** kr.



**Dragonfly XT 2ja manna**
*Mjög létt göngutjald. Stórt fortjald með auka súlu og inngangi á hlið.*
Verð **39.990** kr.

**ÚTILÍF**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS

*[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.565 **+2,45%** **Fjöldi viðskipta:** 400 **Velta:** 5.120 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | +7,30% |
| **Landsbankinn** | +3,94% |
| **Össur** | +2,82% |

MESTA LÆKKUN

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,10 +0,16% ... Alfesca 3,55 +2,60%... Atorka 5,90 +1,72% ... Bakkavör 45,20 +1,80% ... Dagsbrún 5,72 +0,53% ... FL Group 18,00 +2,27% ... Flaga 3,81 +0,00% ... Glitnir 17,60 +1,73% ... Kaupþing banki 745,00 +1,50% ... Landsbankinn 21,10 +3,94% ... Marel 69,40 +1,17% ... Mosaic Fashions 15,,0 +0,66% ... Straumur-Burðarás 19,10 +7,30% ... Össur 109,50 +2,82%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Vanþakklátur markaður**

Eftir samfellda rigningu sunnanlands allan júnímánuð birti loksins til í gær. Maður hefði nú haldið fjárfestar og verðbréfamiðlarar, sem hafa mátt þola óhemju rólega tíð á markaði að undanförnu, myndu þá drífa sig út í góða veðrið og þakka veðurguðunum fyrir örlæti sitt. En það var öðru nær. Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,5 prósent og beindust sjónir manna einkum að hlutabréfum í Straumi og Landsbankanum. Fyrrnefnda félagið hækkaði hvorki meira né minna en um sjö prósent, enda hafa menn verið að búast við stórtíðindum frá félaginu.



**Glitnir í spilakassafjármögnun**

Íslenski bankar koma orðið víða við í heiminum og gefa mönnum ráð, hafa milligöngu um viðskipti og fjármagna margvísleg kaup þar sem Íslendingar koma að öðru leyti hvergi nærri. Nú síðast bárust af því fregnir að Glitnir banki hefði fjármagnað skuldsetta yfirtöku á finnska leiktækjafyrirtækinu Pelika net Oy, en það er leiðandi í framleiðslu spilakassa og glymskratta. Fyrirtækið starfrækir yfir sex þúsund slík tæki á yfir þrjú þúsund stöðum í Finnlandi.

Kaupendur eru breska eignarhaldsfélagið BG Kapital Partners og stjórnendateymi Pelika. Finnskir fagfjárfestar seldu, en tilkynnt var um viðskiptin í gær. Glitnir hélt utan um og fjármagnaði viðskiptin auk þess að eiga ákriftarrétt að hlutafé í Pelika.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Stjórn Englandsbanka ákvað á vaxtaákvörðunarfundi sínum í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í Bretlandi. Þeir eru nú 4,5 prósent og hafa verið óbreyttir í tíu mánuði.

Veltan í dagvöruverslun var 4,7 prósentum meiri í maí samanborið við sama tíma í fyrra en þá nam vöxtur dagvöruverslunar 13 prósentum. Greiningardeild Glitnis segir minni tiltrú neytenda á stöðu efnahagslífsins og vaxtahækkun hafa skilað sér í minni neyslu.

Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði lítillega í gær í kjölfar gagna bandaríska orkumálaráðuneytisins þess efnis að olíubirgðir hafi aukist meira en búist var við.

# Gengi undir verðmati

Markaðsvirði íslensk-bandaríska líftæknifyrirtækisins Cyntellect er 60,7 milljónir bandaríkjadala eða sem nemur rúmlega 4,5 milljörðum íslenskra króna samkvæmt verðmati TSG Partners.



**BERNHARD Ö. PÁLSSON** Bernhard er stjórnarformaður Cyntellect, sem metið er á 4,5 milljarða króna.

Cyntellect verður á næstunni skráð á hinn nýja iSEC-markað Kauphallar Íslands, fyrst félaga. Hlutafjárútboð fyrirtækisins hófst þann 15. júní og var nýlega framlengt út mánuðinn. Útboðsgengið er 2,5 bandaríkjadalir á hlut en samkvæmt verðmati TSG Partners er virði hlutarins 3,41 dalir.

Verðmatið var unnið að frumkvæði NordVest verðbréfa. TSG Partners er sérhæft ráðgjafarfyrirtæki fyrir líftækniiðnaðinn með höfuðstöðvar í New York. -jsk

# H&M opnar í Kína

Hennes & Mauritz stefnir að því að opna verslanir í Kína á næsta ári, eina í Hong Kong og aðra í Sjanghæ. „Innrás þeirra í Kína er ekkert smámál," segir Asa Mosberg, sérfræðingur hjá Kaupþingi í samtali við fréttasíðu Forbes.

H&M byggir rekstur sinn á því að verða stórt á fáum mörkuðum og metur Asa það svo að fleiri verslanir fylgi í kjölfarið.

H&M birti í gær uppgjör fyrir annan ársfjórðung í reikningsári félagsins sem var umfram væntingar markaðarins. Hagnaður nam 2,6 milljörðum sænskra króna, eða 26,5 milljörðum króna, og jókst sala um tólf prósent frá öðrum ársfjórðungi í fyrra. Salan í maí jókst um þrettán prósent á milli ára.

Aukningin er fyrst og fremst rakin til verslana fyrir utan Evrópu. Hlutabréf í félaginu hækkuðu um 3,7 prósent eftir birtingu afkomutalna. - eþa

# Alþingi sammála Viðskiptaráði

Alþingi fór í níutíu prósent tilvika eftir tillögum Viðskiptaráðs Íslands þegar ráðið veitt umsögn sína á nýliðnu þingári. Þetta kemur fram á vefsíðu Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð veitti umsagnir um fimmtíu og sjö frumvörp og ellefu þingsályktunartillögur á árinu, eða um fjórðung allra frumvarpa og níu prósent þingsályktana.

Fram kemur að Viðskiptaráð hafi í nokkrum tilfellum átt frumkvæði að því að veita þinginu umsögn, oft eftir ábendingar fyrirtækja sem eru aðilar að ráðinu.

Yfirleitt var um að ræða frumvörp sem snertu viðskiptalífið með einhverjum hætti. Flestar umsagnarbeiðnir bárust frá viðskipta- og efnahagsnefnd, en einnig frá öðrum nefndum. Starfsmenn Viðskiptaráðs voru einnig nokkrum sinnum boðaðir fyrir þingnefnd til að fjalla um afstöðu ráðsins til ýmissa mála.

Alþingi komst í níu tilfellum að niðurstöðu sem var gagnstæð umsögn Viðskiptaráðs. Alls urðu 119 frumvörp að lögum á síðasta þingári af þeim 234 sem lögð voru fram. -jsk

# Samruna mótmælt

Roland Koch, forsætisráðherra í sambandslandinu Hessen í Þýskalandi, og Alois Rhiel, fjármálaráðherra Hessen, blönduðu sér óvænt í baráttu þýsku kauphallarinnar til að sameinast samevrópska hlutabréfamarkaðnum Euronext í byrjun vikunnar.

Eigendur þýsku kauphallarinnar hafa lengi horft til þess að sameinast Euronext en hafa fram til þessa lagt áherslu á að höfuðstöðvar markaðanna verði í Frankfurt, sem er í Hessen.

Í endurskoðuðu tilboði hafa eigendur þýsku kauphallarinnar dregið kröfuna til baka og sagt að ef af sameiningu verði muni yfirstjórn kauphallanna verða í Frankfurt, Amsterdam og í París.

Kauphöllin í New York (NYSE) í Bandaríkjunum bauð jafnvirði 765 milljarða króna í kauphöllina í maí en þýska kauphöllin hækkaði boðið um 60 milljarða daginn eftir. Hlut-



**EURONEXT OG ÞÝSKA KAUPHÖLLIN** Í Hessen eru forsætis- og fjármálaráðherra mótfallnir breyttri yfirstjórn kauphallanna.

hafar Euronext ákváðu hins vegar að taka boði NYSE og hefur samrunaferli verið samþykkt.

Þeir Koch og Rhiel sögðu á blaðamannafundi í gær að eigendur þýsku kauphallarinnar hefðu ekki borið hag sambandslandsins fyrir brjósti enda muni miðstöð fjármálalífsins færast frá Frankfurt verði af samruna. Geti svo farið að fjármálaeftirlitið skerist í leikinn til að koma í veg fyrir samruna við Euronext. - jab

# Launaskrið dregur úr sveigjanleika fyrirtækja

**Launskrið er meira en ráð var fyrir gert. Milli apríl og maí hækkuðu laun um 0,9 prósent og nemur hækkun á tólf mánuðum 8,7 prósentum. Launaskrið kann að minnka svigrúm fyrirtækja til að sitja á hækkunum vegna gengis krónunnar.**




Laun landsmanna hækkuðu um tæpt prósent á milli apríl og maímánaðar samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Launaskrið er heldur meira en reiknað var með en laun hafa þannig hækkað um 8,7 prósent á 12 mánuðum.

„Þetta er umtalsverð hækkun launa bæði sögulega séð og í alþjóðlegu samhengi. Hækkunin er einnig langt umfram framleiðnivöxt á sama tíma. Munurinn kemur fram í vaxandi verðbólguþrýstingi um þessar mundir. Launahækkanir þessar skila því litlu í auknum kaupmætti," segir í áliti greiningardeildar Glitnis banka og bent á að yfir sama tímabil hafi verðbólgan verið 6,5 prósent og kaupmáttur því aukist um 2,2 prósent á tímabilinu. „Miklar launahækkanir endurspegla þá spennu sem er á innlendum vinnumarkaði. Atvinnuleysi er nær ekk-



**INGVAR ARNARSON**

ert, mikið framboð af störfum, atvinnuþátttaka mikil og vinnudagurinn hjá hverjum starfandi langur."

Ingvar Arnarson, sérfræðingur á greiningardeild Glitnis banka, segir ljóst að við endurskoðun kjarasamninga í haust þurfi að huga vel að þeim aðstæðum sem upp séu því líklegt sé að verhækkanir fylgi launahækkunum og kaupmáttaraukning verði því lítil. „Hækkun launavísitölunnar er meiri en við reiknuðum með og vonandi að hún verði ekki jafnmikil yfir árið í heild," segir hann og telur að launaskrið undangenginna missera skýri ef til vill hversu hratt gengislækkun krónunnar hafi skilað sér í aukinni verðbólgu. „Ætla má að þegar gengið styrktist hafi menn getað haldið sínu verði eða jafnvel lækkað það þrátt fyrir aukinn launakostnað. Núna hækka hins vegar báðir þættir, verð á innfluttum vörum og launaliðurinn og þá skilar það sér mikið hraðar út í verðlag." olikr@frettabladid.is

# Danir „ligeglad" þrátt fyrir lækkun hlutabréfaverðs

**Verðlagning danskra fasteigna eðlileg að mati framkvæmdastjóra hjá Baugi.**

Hlutabréfavísitalan í kauphöllinni í Kaupmannahöfn hefur lækkað mest allra norrænna vísitala á árinu eða um átta prósent. „Það sem manni finnst svolítið merkilegt er hvað Danirnir eru rólegir yfir þessu. Ef okkar stærstu hlutabréf myndu að lækka á hálfu ári um 30-40 prósent þá væru menn með í maganum á Íslandi," segir Skarphéðinn Berg Steinarsson sem fer fyrir fjárfestingum Baugs á Norðurlöndum.

Baugur Group er umsvifamikill fjárfestir í Danmörku í gegnum fasteignafélögin Keops og Nordicom en einnig mun félagið eiga hlutabréf í Jeudan, stærsta skráða fasteignafélagi Danmerkur. Keops, sem er stærsta skráða fjárfesting Baugs í Danmörku, hefur lækkað um 29 prósent frá áramótum. „Keops er ekkert einsdæmi, stór og öflug félög eins og Möller-Mærsk og Danske Bank hafa verið að gefa eftir alveg ótrúlega," segir Skarphéðinn.



**FRÁ STRIKINU Í KAUPMANNAHÖFN** Þrátt fyrir nokkra lækkun hlutabréfaverðs eru Danir rólegir yfir gangi mála.

Honum virðist sem miklar sveiflur á danska markaðnum stafi meðal annars af mikilli hlutabréfaeign almennings og fer fólk hratt inn og út úr hlutabréfum. Þegar almenningur fer hratt út virðist enginn vera til staðar til að taka við þeim bréfum sem eru á lausu, eins og í Keops, og leiðir það til þess að verðið gefur svona eftir.

Stýrivextir danska seðlabankans hafa farið hækkandi sem hefur þar af leiðandi haft neikvæð áhrif á verðþróun hlutabréfaverðs. Skarphéðinn telur þó ekki að hækkandi vaxtastig réttlæti þær miklu lækkanir sem hafa átt sér stað í Danmörku upp á síðkastið.

Einnig hefur verið rætt um hvort fasteignaverð í Danmörku sé orðið of hátt. „Við teljum hins vegar að það sé ekki óeðlileg verðlagning á fasteignamarkaði." - eþa

# Fyrst með sjálfvirka villuleit á Íslandi



EVA MAGNÚSDÓTTIR

Síminn tók upp svokallað TEMS-villuleitarkerfi Ericsson fyrir fimm árum og hefur notað það með góðum árangri til að þétta farsímanet sitt um land allt.

„Við litum á þetta sem sjálfsagðar fyrirbyggjandi aðgerðir til að tryggja og bæta þjónustu okkar og töldum svo sem ekki ástæðu til að hampa því sérstaklega," segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. Hún taldi þó rétt að árétta að Síminn hefði fyrir margt löngu tekið þetta upp í kjölfar fregna frá Og Vodafone um að þeir hefðu nýlega hafið slíka villuleit og talið sig frumkvöðla í Evrópu á því sviði.

TEMS eru sendar sem prófa fjarskiptanet á sjálfvirkan hátt og gerir skýrslur um niðurstöðurnar. Og Vodafone er með slíkan sendi í einum bíl, en Síminn hefur verið með fimm bíla í umferð. „Markmið okkar er að vera með besta kerfið og við höfum notað TEMS til að hjálpa okkur að ná því markmiði frá árinu 2001," bætir Eva við. - óká

# Nýr Opera-vafri styður BitTorrent

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software hefur sent frá sér útgáfu af Opera-vafranum fyrir einkatölvur sem keyra á stýrikerfum frá Microsoft, Apple og Linux. Vafrinn, líkt og fyrri vafrar Opera, ber nafn fyrirtækisins. Hann er sá níundi í röðinni og á 25 tungumálum. Hægt er að hlaða vafranum niður ókeypis af vefsvæðinu Opera.com.

Í tilkynningu frá Opera Software segir að fjölmargar nýjungar séu í nýja vafranum en á meðal þeirra er stuðningur við skráaskiptiforritið BitTorrent, sem auðveldar fólki að skiptast á skrám á netinu. Auk þess er hægt að rápa um netið í mörgum flipum í einu þótt einungis einn gluggi Opera 9 sé opinn. Þá geta notendur vafrans sömuleiðis hindrað að auglýsingagluggar skjótist upp á skjáinn.

Haft er eftir Jóni Stephenson von Tetzchner, forstjóra og stofnanda Opera Software, að fyrirtækið hafi reynt til þrautar að fullnægja flestum þörfum netverja. „Ég held að Opera 9 hafi eitthvað fyrir alla," segir hann og bendir sérstaklega á BitTorrent stuðninginn og lítil hjálparforrit sem kallast *widgets* og eru innbyggð í nýja vafrann. „Við förum að ytri mörkum þess sem fólk býst við af upplifun sinni af netinu bæði hvað varðar hraða og nýjungar." - jab



**JÓN S. VON TETZCHNER** Fyrirtæki Jóns, Opera Software, hefur gefið út nýjan vafra, Opera 9. MYND/VILHELM



**JEAN CLAUDE TRICHET** Sérfræðingar spá því að bankastjórn evrópska seðlabankans hækki stýrivexti tvisvar á árinu.

# Er tilbúinn að hækka vexti

Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, sagði á fundi efnahags- og fjárlaganefndar Evrópusambandsins (ESB) í gær, að bankinn væri reiðubúinn til að hækka stýrivexti hvenær sem er til að halda verðbólgu niðri.

Trichet sagði ennfremur að snörp hækkun á fasteignaverði og aukning veðlána hafi verið ástæða 25 punkta hækkunar stýrivaxta í maí en þeir standa nú í 2,75 prósentum.

Næsti vaxtafundur evrópska seðlabankans er í lok ágúst. Sérfræðingar segja miklar líkur á 25 punkta hækkun stýrivaxta að þeim fundi loknum og segja líkur á annarri hækkun fyrir árslok. - jab

# Farsímafyrirtæki mótmæla

Samtök farsímafyrirtækja, The GSM Association (GSMA), hafa sett sig upp á móti áætlunum Evrópusambandsins um að jafna og lækka gjöld fyrir reikisímtöl.



GSMA heldur því fram að fyrirætlanir ESB komi til með að hafa afdrifaríkar og slæmar afleiðingar fyrir farsímafyrirtæki í Evrópu enda sé ætlunin „að innleiða handahófskennt gjald í allri Evrópu án tillits til mikils munar sem verið getur á aðstæðum fyrirtækja milli landa Evrópusambandsins". Samtökin vilja meina að í kjölfarið dragi úr samkeppni og nýsköpun í símageiranum.

Verð á reikisímtölum milli landa er oft hátt og símafyrirtækjum nokkur tekjulind, en nýjar reglur ESB myndu draga nokkuð úr gróða þeirra vegna millilandasímtala. - óká

# Hægir á í dagvöruverslun

Velta í dagvöruverslun í maí var 4,7 prósent minni heldur en á sama tíma í fyrra segir í Morgunkornum Glitnis. Fyrir ári mældist þrettán prósenta vöxtur dagvöruveltu í maí.

Að mati greiningardeildar Glitnis eru heimilin í landinu að bregðast við breytingum á kaupmætti samhliða vaxandi verðbólgu og gengislækkun krónunnar. Minni neysla er sögð forsenda þess að það dragi úr þeirri þenslu sem einkennt hefur efnahagslífið og að úr viðskiptahallanum réttist. -jsk


SPARAÐU LENGUR OG VEXTIRNIR HÆKKA

ENNEMM / SÍA / NM22212

KOSTABÓK

ALLT AÐ 10,9% VEXTIR

Taflan sýnir reglubundinn sparnað m.v. 10.000 kr. á mánuði

| Ár | Sparnaður |
|---|---|
| 1 | 125.475 kr. |
| 3 | 417.847 kr. |
| 5 | 781.924 kr. |
| 7 | 1.229.696 kr. |
| 9 | 1.780.401 kr. |

Vextir miðast við vaxtatöflu frá 1. júní 2006. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Kostabók ber stighækkandi vexti eftir lengd binditíma. Hún hentar vel fyrir þá sem vilja hámarksávöxtun en ætla ekki að leggja fyrir háa fjárhæð. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga en eftir það er hún alltaf laus til úttektar. Hægt er að stofna Kostabók í KB Netbanka.

Kynntu þér Kostabók og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.

KB BANKI

## Svona erum við

> Rauðvínssala í lítrum talið




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN: SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR FORSTÖÐUKONA SJÓMINJASAFNSINS**

## *Framsóknargrænn flauelsjakki*

„Þannig er það með mig að ég er léleg að kaupa inn sjálf og eiginlega er það bóndinn sem sér um öll innkaup. Þannig að ég á erfitt með að nefna einhver bestu og verstu kaup," segir Sigrún Magnúsdóttir. „Ég held að það sé fágætt að eiga eiginmann sem skammar mig fyrir að vera léleg að versla," segir Sigrún hlæjandi og bætir við að hann hafi í gegnum tíðina keypt á hana sparikjóla, pelsa og úlpur meðal annars.

„Ég sé stundum eftir að hafa ekki látið verða af kaupum, fólk verður helst vart við eftirsjá í mér."

Spurð um bestu kaupin segist Sigrún þó geta nefnt ein sem áttu sér stað nýlega. Það var í tilefni af útskrift hennar úr þjóðfræði í Háskóla Íslands. „Við fórum tvær stöllur saman og keyptum okkur eins flauelsjakka sem við erum afar sælar með, ég fékk mér framsóknargrænan og vinkona mín rauðan." Sigrún tekur fram að eiginmaðurinn hafi verið mjög ánægður með þessi kaup.

Nóg er að gerast í lífi Sigrúnar um þessar mundir. Eins og fyrr segir er hún nýútskrifuð úr þjóðfræði og nýtist sú menntun henni í starfi hennar sem forstöðukona á Sjóminjasafninu. „Safnið er á Grandagarði 8 sem er við sjóinn og ótrúlega flott umhverfi fyrir sjóminjasafn." Sigrún segir svæðið vera að taka miklum breytingum og miklir möguleikar framundan.



Sigrún er að fara í útskriftarferð til Færeyja ásamt fjórum vinkonum úr þjóðfræðinni. „Við ákváðum fyrir löngu síðan að fara til Færeyja þar sem við munum halda upp á Jónsmessu."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### AÐ NÝTA AFGANGA

■ *Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur á sér uppáhaldskartöflurétt sem gott er að nota afganga í.*



Ég á forláta uppskrift að kartöflurétti sem ég man eftir frá því ég var krakki. Ég útbjó hann gjarnan fyrir mína krakka. Í réttinn eru notaðar kartöflur, laukur, og 2-3 egg sem eru hrærð saman. Kartöflurnar eru síðan saxaðar niður og eggjunum hellt yfir og kartöflunum velt upp úr eggjahrærunni. Til að drýgja réttinn er tilvalið að nota afganga úr ísskápnum eins og pylsubita, beikon eða annað sem til fellur. Annars er ég er hin dæmigerða útivinnandi kona og spái lítið í húsráð."

■ **Hvað kosta... gasgrill?**

## Sumarið er tíminn til að grilla



Þegar vel viðrar er fátt skemmtilegra en að grilla. Gasgrill eru til af ýmsum gerðum og stærðum og njóta mikilla vinsælda. Fréttablaðið gerði lauslega verðkönnun á gasgrillum en gott grill fyrir fjögurra manna kjarnafjölskyldu kostar um 30.000. Ódýrasta grillið kostaði tæpar 14.000 krónur, en eflaust er hægt að fá þau enn ódýrari. Dýrasta grillið reyndist kosta 80.000 krónur en því fylgir nokkur aukabúnaður sem fáir kannski þurfa á að halda. Á bensínstöðvum fengust þær upplýsingar að níu kílóa gaskútur kostar rúmar 5.000 krónur þegar hann er keyptur í fyrsta skipti en eftir það er hægt að fylla á hann og það kostar rúmar 3.000 krónur.

■ **Verslun og þjónusta**

## Gæði tjaldstæða

Áður en lagt er af stað í ferðalagið er mikilvægt að skipuleggja það vel, hvert á að fara, hvar eigi að gista og hvað á að skoða. Flokkun gistiþjónustu á Íslandi hefur batnað mikið en Ferðamálastofa hefur haft frumkvæði að samræmdri gæðaflokkun á bæði gististöðum og tjaldsvæðum með stjörnugjöf.



Tjaldsvæði á Íslandi eru flokkuð með stjörnugjöf frá einni stjörnu upp í fimm stjörnur. Dæmi um fimm stjörnu tjaldstæði er tjaldsvæðið að Fossatúni í Borgarnesi og tjaldsvæðið við Heiðarbæ á Húsavík. Fimm stjörnu tjaldsvæði þurfa meðal annars að uppfylla skilyrði um 24 tíma viðveru starfsfólks alla daga, veitingasölu og aðgengi að nettengingu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdalag.is.

## Enginn bakreikningur

Viðskiptavinir Og Vodafone Frelsi geta nú hringt frá helstu nágrannalöndunum án þess að skrá símanúmerið sitt sérstaklega.
Símtöl eru jafnframt skuldfærð um leið af inneign og því á viðskiptavinurinn ekki að þurfa að kvíða símreikningi þegar heim er komið.
Þjónustan nær til tæplega þrjátíu landa. - æþe


# Stökktu til Rimini

## 28. júní
## frá kr. 29.990 m.v.2

**Verð kr. 29.990**

Netverð á mann, m.v. að lágmarki 2 ferðist saman. Stökktu tilboð í viku 28. júní. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000.

**Aðeins örfá sæti**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Rimini í júní. Njóttu lífsins í sumar á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Rimini er ekki aðeins frábær áfangastaður út af fyrir sig heldur eru ótrúlega spennandi valkostir í næsta nágrenni, vilji menn kynnast mörgum andlitum Ítalíu í einni ferð. Bókaðu flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


# Heilsuvörur eru dýrari

**Katrín Júlíusdóttir alþingismaður brá sér í verslunarleiðangur fyrir neytendasíðu Fréttablaðsins. Í leiðinni var gerður verðsamanburður í fjórum matvöruverslunum. Vörurnar voru síðan gefnar Mæðrastyrksnefnd sem nú er til húsa að Hátúni 12b.**




Katrín Júlíusdóttir breytti mataræði sínu fyrir nokkru og er hætt að borða kjöt. Katrín verslar mikið í heilsubúðum og hún tók þátt í verðsamanburði neytendasíðunnar og keypti vörur sínar í Hagkaupum. Aðrar verslanir sem voru í samanburðinum að þessu sinni voru Melabúðin, Bónus og Krónan.

Katrín segir að verð á heilsuvörum hafi lækkað mjög á undanförnum misserum en segir þó mun dýrara að kaupa þessar vörur en almenna matvöru.

„Ég reyni að kaupa lífrænt ræktaðar vörur þó þær séu dýrari en aðrar en þessar vörur hafa einnig lækkað í verði. Ef þær væru ódýrari myndi ég eingöngu kaupa lífrænt ræktaðar vörur."

Í matarkörfu Katrínar voru átta vörutegundir: Rauður chili-pipar, tófú, íslenskir tómatar, spínat, hvítlaukur, ferskur ananas, brokkólí og mungbaunir (500 grömm). Allar vörurnar fengust í Hagkaupi en brokkólíið var selt með blómkáli og því ekki fáanlegt eitt sér. Í ljós kom að brokkólí var eingöngu selt með blómkáli í þeim verslunum sem verðsamanburðurinn var gerður.

Tófú var ekki fáanlegt í Krónunni og mungbaunir voru aðeins til í heilsubúð Hagkaups þessar vörur eru því ekki reiknaðar með í heildarútreikninginn þótt verð þeirra sé getið í töflunni. Verðsamanburðurinn var gerður mánudaginn 19. júní. Ódýrust var matarkarfan í Bónus, 796 krónur, í Krónunni kostuðu vörurnar 825 krónur, 1.160 krónur í Melabúðinni en dýrastar voru vörurnar í Hagkaupi þar sem karfan kostaði 1.366 krónur.



**HRÁEFNIÐ VALIÐ AF KOSTGÆFNI** Katrín Júlíusdóttir vandar valið þegar hún velur vörur eins og myndin sýnir.

**VERÐSAMANBURÐUR**

| Vörur | HAGKAUP | BÓNUS | KRÓNAN | Melabúðin |
|---|---|---|---|---|
| Chili-pipar | 35 kr.<br>999 kg | 198 kr.<br>6 stk. | 19 kr.<br>1.299 k g | 44 kr. |
| Tófú | 269 | 149 | ■ | 298 |
| Ísl. tómatar 6 stk. | 208 kr.<br>369 kg | 75 kr. | 74 kr.<br>124 kr kg | 136 kr.<br>(kg á 199 kr) |
| Spínat | 389 | 298 | 249 | 379 |
| Hvítlaukur | 17kr<br>269 kr. kg | 49 kr | 50 kr<br>3 stk. | 37 kr<br>(kg á 497 kr. |
| Ferskur ananas | 219 | 97 | 98 | 210 |
| Brokkólí-mix | 269 | 228 | 151 kr.<br>(kg á 279 kr.) | 104 kr.<br>(kg 409 kr.) |
| Provamel sojamjólk | 214 | 149 | 169 | 235 |
| Mungbaunir 500gr. | 239 | ■ | ■ | ■ |
| **Samtals** | **1.366** | **796** | **825** | **1.160** |

■ Vara ekki fáanleg í viðkomandi verslun



**MATARKARFAN KEMUR Í GÓÐAR ÞARFIR** Fulltrúi Mæðrastyrksnefndar tekur við matarpokunum úr hendi Katrínar.

NMT-kerfið verður lagt niður í árslok 2008:

# Nýtt kerfi hafi sömu útbreiðslu

NMT-450 farsímaþjónustan verður lögð niður í árslok árið 2008 en hún hefur verið rekin af Símanum frá árinu 1986.

Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir að kerfið sé orðið tæknilega úrelt og að notkun erlendis verði hætt fljótlega. Framleiðslu á tækjabúnaði hafi verið hætt og því verði allt viðhald mjög erfitt. Hrafnkell segir að það sé stefna stjórnvalda að annað kerfi komi í staðinn og segir að þrjú langdræg kerfi séu til skoðunar sem hugsanlegur arftaki. „Stjórnvöld úthluta tíðnum fyrir þessi kerfi og markaðsaðilar taka ákvörðun um uppbyggingu kerfanna, sem kostar heilmikla peninga og síðan setja þeir kerfið á markað og selja inn í þau. „Það kæmi vel til álita að gera þá kröfu að það kerfi sem verður byggt upp í stað NMT hafi sömu útbreiðslu, og ekki minni útbreiðslu en NMT-kerfið" segir Hrafnkell.

Aðspurður um kostnað neytenda við þessa breytingu segir Hrafnkell að þeir þurfi að minnsta kosti að bera kostnað vegna nýs tækjabúnaðar en kostnaður við notkunina er óviss. Í dag eru um 15-20.000 notendur NMT-kerfisins, flestir úti á miðunum og til sveita. Eftir að Síminn var einkavæddur er það hlutverk markaðarins að byggja upp nýtt kerfi, ef símafélögin sjá ekki hag sinn í því að setja upp nýtt kerfi er óljóst hvort það verði gert. -gþg

Framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands:

## Líst illa á brotthvarf NMT

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélagsins, segir að þar á bæ lítist mönnum illa á að NMT-kerfið verði lagt niður þar sem það hafi reynst félaginu vel og sé mikið notað í skálum þess.

Hann segir að þeim lítist þó mjög vel á frekari uppbyggingu gsm-kerfisins. „Það er afar mikilvægt að það sé gott símasamband á hálendinu og í óbyggðum. Til að mynda þá er nánast ekkert símsamband til dæmis í Landmannalaugum og á Fjallabaki en mikill fjöldi ferðmanna fer þar um á hverju ári." -gþg

SUMAR tilboð!

# HEILIR STURTUKLEFAR

með blöndunartæki og stórum NUDDsturtuhaus

6mm öryggisgler í bak og fyrir



**FERKANTAÐUR:**

70x70 sm verð: 69.900 stgr.
75x75 sm verð: 72.900 stgr.
80x80 sm verð: 76.900 stgr.

**RÚNAÐUR:**

80x80 sm verð: 85.900 stgr.
90x90 sm verð: 89.900 stgr.

INNRÉTTINGAR & TÆKI

www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Vissir þú?**
*Að stóðhesturinn Kolfinnur frá Kjarnholtum I á 765 skráð afkvæmi. Þar af eru 49 með fyrstu einkunn. Þeirra hæst dæmd eru Þeyr og Þula frá Hólum.*
*www.worldfengur.com*

# Fákar *og fólk*

**HESTAMAÐURINN:** GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

## *Gleði og ánægja að vinna með hestamönnum*

„Við Margrét förum á landsmótið eins og vant er og hlökkum mikið til," segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, sem nú undirbýr för á Vindheimamela.

Guðni hefur unnið ötullega að fjölmörgum hagsmunamálum hestamennsku og hrossaræktar á breiðum grundvelli í starfi sínu sem landbúnaðarráðherra. Ræturnar ná þó miklu lengra aftur.

„Ég er alinn upp með hestum, bæði við smalamennsku og útreiðar," rifjar hann upp. „Við krakkarnir vorum rétt komin á fæturna þegar við fórum að fara á hestbak. Við tví- og þrímenntum oft berbakt. Reiðmennska var stunduð í minni sveit og leit ég á góða hestamenn sem hetjur og faðir minn hafði næmt auga og ræddi ásetu knapans og ganghæfni hestsins við okkur krakkana, þegar menn riðu hjá garði.

Mér finnst hestamennskan gríðarlega falleg íþrótt. Þetta er ein skemmtilegasta samvera sem ein fjölskylda getur haft ef hún er samstíga í áhuga sínum á hestinum. Hestamennskan hefur þróast á ævintýralegan veg þannig að árangurinn er mikill, hún gefur mörgum svo mikið og menn kunna þetta orðið svo vel, jafnt ungir sem aldnir. Námskeiðin og þekkingarleitin hefur breytt miklu."



Guðni segir að þau hjónin eigi hross og hugsi sér gott til glóðarinnar að njóta þess að vera á góðum hestum úti í náttúrunni í framtíðinni.

„Það er og hefur verið mér mikil gleði og ánægja að vinna með hestamönnum og eiga þess kost að leggja lið í málefnum þeirra og íslenska hestsins í víðri veröld," heldur hann áfram. Hann nefnir væntanlega niðurfellingu tolla af hestinum til Evrópu um næstu áramót, sem er einn stór sigur til viðbótar við þau fjölmörgu mál sem tekist hefur að vinna brautargengi á undanförnum árum. Hann nefnir einnig stuðning við reiðhallabyggingar víðs vegar um landið, sem muni skipta sköpum til að jafna aðstöðu hestamanna. Hólaskóli sé risinn til nýrrar sóknar og hefur skilað frábæru fagfólki inn í hestamennsku.

„Það sem mér finnst þó skemmtilegast er að sjá allt þetta öfluga og hörkuduglega fólk sem nú sest að í sveitum landsins og reisir þar hestabýli og búgarða," segir Guðni. „Þetta er hin nýja íslenska sveit, þar sem þetta fólk skiptir miklu máli í mannlífinu og skapar um leið gríðarleg verðmæti með vinnu sinni."

- jss

### Sjö hross með tíu í einkunn



Nú að loknum vorsýningum kynbótahrossa hafa sjö hross hlotið tíu í einkunn fyrir einhverja eiginleika sína. Fjögur hross hlutu tíu fyrir prúðleika. Það voru Aþena frá Búðarhóli undan Adam frá Ásmundarstöðum, Hvinur frá Vorsabæ 1 undan Garra frá Reykjavík, Garpur frá Lækjamóti undan Kalman frá Lækjamóti og Geysir frá Flögu undan Gammi frá Steinnesi. Tvö hross hlutu tíu fyrir tölt. Það voru List frá Vakurstöðum sem hefur vakið mikla athygli á keppnisvellinum að undanförnu og Hátíð frá Úlfsstöðum undan Kolfinni frá Kjarnholtum.

Einn hestur hlaut tíu fyrir vilja og geðslag. Það var Eldjárn frá Tjaldhólum undan Huga frá Hafsteinsstöðum.

### Flest kynbótahross frá Auðsholtshjáleigu

Tólf kynbótahross frá Auðsholtshjáleigu hafa unnið sér rétt til að mæta til sýningar í einstaklingsdómi á Landsmóti í ár. Auðsholtshjáleiga hefur þar með vinninginn með flest hross úr sömu ræktun. Af þeim tólf sem hafa unnið sér rétt eru sjö stóðhestar; Gígjar, Trúr, Dalvar, Gaumur, Tónn, Tór og Trostan frá Auðsholtshjáleigu.

### Forsala aðgöngumiða á Landsmót í ESSO

Miðasala á Landsmót hestamanna, sem fer fram á Vindheimamelum dagana 26. júní til 2. júlí 2006, er hafin. Olíufélagið ehf., ESSO, hefur tekið að sér miðasölu fyrir Landssamband hestamanna en miðarnir verða seldir á völdum ESSO-stöðvum. Þess má geta að miðinn verður ódýrari í forsölu en við mótshliðið.

### Tveir stóðhestar í heiðursverðlaun fyrir afkvæmi

Tveir stóðhestar verða sýndir til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi á Landsmóti í næstu viku. Þetta eru þeir Hugi frá Hafsteinsstöðum og Keilir frá Miðsitju.

Hugi frá Hafsteinsstöðum er undan Hrafni frá Holtsmúla og Sýn frá Hafsteinsstöðum. Hann á 322 skráð afkvæmi en 23 þeirra eru með fyrstu einkunn. Hæst dæmda afkvæmi Huga er Eldjárn frá Tjaldhólum sem hefur hlotið 8,55 í aðaleinkunn. Næst er Sædís frá Stóra-Sandfelli með 8,41 og þriðji hæstur er Svaki frá Miðsitju með 8,28.



Hinn bleikálótti Keilir frá Miðsitju er undan Ófeigi frá Flugumýri og Kröflu frá Sauðárkróki. Keilir á 360 skráð afkvæmi. Þar af eru 42 komin í fyrstu einkunn. Hæst dæmda afkvæmi Keilis er Ísar frá Keldudal með 8,61 í aðaleinkunn. Næst kemur Dalvar frá Auðsholtshjáleigu með 8,45 og þriðja hæst er Frigg frá Miðsitju með 8,44 í aðaleinkunn.

# Stórhátíð hestamanna

**Landsmót hestamanna hefst á mánudaginn. Keppendur eru þegar farnir að streyma norður í Skagafjörð og allra hörðustu hestamennirnir munu reisa tjöld sín strax á fyrsta degi. Búist er við að allt að tíu þúsund gestir verði á Vindheimamelum þegar keppni stendur sem hæst.**



Geisli frá Sælukoti sigraði A-flokk á síðasta Landsmóti. Hann mætir á ný til að freista þess að verja titil sinn. MYND/EIRÍKUR JÓNSSON

„Aðalbreytingin er sú að núna verður dagskráin frá fimmtudegi til sunnudags öll á einum velli, bæði keppni og kynbótasýning," segir Hulda Geirsdóttir, fjölmiðlafulltrúi Landsmóts 2006. Miklar endurbætur hafa farið fram á mótssvæðinu að undanförnu og segir Hulda að vel hafi tekist til.

„Það verður stúka eins og fyrir tveimur árum en í þetta sinn verður hún staðsett gegnt áhorfendabrekkunni og því skapast nokkurs konar hringleikastemning," segir Hulda kát í bragði og bætir við að mikil áhersla verði lögð á upplýsingastreymi til áhorfenda, til dæmis með risaskjá auk þess sem gefið er út dagblað og haldið úti heimasíðu.

Hulda segir erfitt að áætla gestafjölda þessa viku. „Veðrið spilar svo stóran þátt í þessu en miðað við þróunina má alveg reikna með um tíu þúsund gestum yfir helgina."

Mótið hefst klukkan átta á mánudagsmorgun og þegar eru keppendur farnir að streyma norður. „Svo verður þessi harði kjarni mættur um leið og hliðin opnast og má ekki missa af neinu," segir Hulda glettin.

Tjaldsvæði eru næg á Vindheimamelum. Þá verður boðið upp á þá nýjung að hafa sér svæði fyrir húsbíla þar sem hægt verður að tengja bílana við rafmagn.

Margir koma á Landsmót ekki aðeins vegna hestasýningarinnar heldur einnig til að sýna sig og sjá aðra. Það verður nóg um að vera fyrir skemmtanaglaða á Landsmótinu. „Á fimmtudagskvöld verður skagfirsk sveifla. Karlakórinn Heimir syngur við setningu hátíðarinnar og Geirmundur spilar á balli. Á föstudagskvöldinu spilar Todmobile og á laugardaginn Papar, svo það ætti að vera eitthvað fyrir alla."

Markaðstorg skipar einnig stóran sess á Landsmóti. Þar eru verslanir auk þess sem fyrirtæki, hrossaræktarbú og félagasamtök kynna starfsemi sína.

„Síðan má ekki gleyma aðalatriðinu en það er að hestakosturinn verður ævintýralega góður. Það verður alger metkeppni og þetta er sögulegt mót því þarna munu í fyrsta skipti sigurvegarar í A og B flokki freista þess að koma og verja titil sinn," segir Hlda og bætir kampakát við: „það er alltaf gaman á landsmóti og skiptir engu hvort rignir eða sólin skín. Hestamenn eru bara svo skemmtilegir."

solveig@frettabladid.is









Kort af Landsmótssvæðinu á Vindheimamelum. Boðið verður upp á tjaldstæði fyrir fellihýsi og hjólhýsi þar sem aðgangur verður að rafmagni.

# PROSTYLE hágæðahjól á frábæru verði

## 26"hjól
City Racer




TILBOÐ 22.999 kr
Verð áður 27.999,-

## 16"hjól 5-7 ára — Funky

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan,lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.



TILBOÐ 6.999 kr
Verð áður 9.999,-

## 12"hjól 3-5 ára — One

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.



TILBOÐ 6.499 kr
Verð áður 7.999,-

## 16"hjól 5-7 ára — Princess

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpar-dekk, keðjuhlíf.



TILBOÐ 9.999 kr
Verð áður 12.999,-

## 16"hjól 5-7 ára — Tank

**Bremsur:** Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpar-dekk.



TILBOÐ 9.999 kr
Verð áður 12.999,-

## 26"hjól — Tiger

**Gírar**: 21 gíra
**Tegund gíra:** Shimano
**Bremsur:** Handbremsur að framan og að aftan, diskabremsur.
**Gaffall:** Demparagaffall stillanlegur
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan, bjalla, lás.



TILBOÐ 23.999 kr
Verð áður 29.999,-

## 20"hjól 7-9 ára — Eos Cruiser

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og að framan
**Dekk:** Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krómbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.



TILBOÐ 19.999 kr
Verð áður 29.999,-

Gildir til 26. apríl eða á meðan birgðir endast.


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# MAGNININNKAUP EL





**Electrolux**

Kæli- og frystiskápur, ERD7446.
Hvítur skápur í orkuflokki A sem skiptist í 186 lítar kæli með 4 glerhillum og 1 grænmetisskúffu. Frystirinn er með 1 hillu.
Stærð (hxbxd): 140,4 x 54,55 x 60,4 cm.

**BOSCH**

Uppþvottavél, SGU40E02SK. 12 manna vél frá Bosch sem fær A í einkunn fyrir þvottahæfni. 2 hitastig og 4 þvottakerfi, m.a. 30 mín. hraðkerfi. HxBxD 81-87x59,8x57 cm.









**AEG**

Þvottavél, L54609. 1400 snúninga, 5 kg vél frá AEG sem er mjög einföld í notkun. Fjölmörg þvottakerfi, s.s ullarvagga og handþvottakerfi.





**OBH NORDICA**

Poppvél, NOR6398. 1000 watta. Gaumljósi og viðloðunarfríum botn. Skilar alltaf fullkomnum árangri og gefur allt að 4,5 lítra af tilbúnu poppi á 4 - 6 mínútum. Hægt er að nota lokið fyrir poppskál.





**KENWOOD**

Ísvél, IM250. Einföld vél sem lagar 1 lítra af ís eða jógúrt á aðeins 15-30 mínútum. Viðloðunarfrí skál og uppskriftir fylgja. Mikið notuð fyrir „danska kúrinn".





**CLATRONIC**

Safavél, AE2758. Kröftugur 400 W mótor og öryggisrofi á loki. Sér hólf fyrir safa og hrat sem auðvelt er að tæma.





**PHILIPS**

26" LCD sjónvarp, 26PF4310. Glæsilegt sjónvarpstæki frá Philips. Crystal Clear III, upplausn: 1280 x 768 punktar, skerpa 500:1. Íslenskt textavarp, borðstandur fylgir.





**PHILIPS**

32" HD LCD sjónvarp, 32PF5320. Upplausn 1366x768 pixlar. Birta 500cd/m2 og skerpa 600:1, 8 ms hraði á skjánum. 2x15 watta hátalarar með virtual dolby surround. 2 skarttengi og 1 DVI tengi að aftan, auka tengi að framan fyrir myndavel og leikjatölvu.





**GARMIN**

GPS hlaupafélagi, Ferunner 201. Gps tæki fyrir hlaupara. Tölvutengjanlegt, tækið reiknar út hraða , vegalengd og takt. Einnig getur merkt við farinn hring, stoppað í pásu og fleira. Í tækinu er einnig hlaupafélagi,





**Canon**

Stafræn myndavél, A430. 4 milljón pixla vél með 4x optical zoom, 1,8" LCD skjár, Tekur upp video m/hljóði. 16mb sd kort, Video út tengi á vélinni, 9 punkta sjálfvirkur fókus og 1 cm macro focus, DIGIC II örgjörvi.

# KO = LÆGRA VERÐ




GSM skart

1.495




12.995

DVD ferðaspilari

**MATSUI**

DVD ferðaspilari, PL307. Spilar JPEG og MP3-format. 220 V spennubreytir og12 V spennubreytir fyrir bíl, fjarstýring og hleðslu-rafhlöður. Spilar PAL og NTSC.

8.995

Íslenskt stýrikerfi

**NOKIA**

GSM sími, NOKIA3120. Fallegur og praktískur sími. Allt að 6 tímar í tali og 410 tímar í bið, Fjöltóna hringitónar og litaskjár, WAP, MMS, GPRS. Triband sem þýðir að síminn virkar út um allan heim. Með calender vekjaraklukku o.fl.




3.995

Prison Break

Kemur út á föstudag

2.995

GTA Liberty City Stories

2.295

New World




ELKO ER LÍKA Í SKEIFUNNI 7

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

ELKO VIÐ SMÁRATORG OG SKEIFUNNI 7 – SÍMI 544 4000

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Reagan**
Stjórnvöld leysa ekki vandamál – þau niðurgreiða þau, sagði Ronald Reagan, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna. Koma þessi ummæli upp í hugann þegar fréttir um styrki Evrópusambandsins til sjávarútvegs eru lesnar. Í vikunni komust sjávarútvegsráðherrar ESB að samkomulagi um nýjan þróunarsjóð, sem á að veita 360 milljörðum íslenskra króna til sjávarútvegsfyrirtækja og stuðla þannig að sjálfbærum veiðum. Eru þetta rúmir fimmtíu milljarðar árlega næstu sjö árin. Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, bendir á að þetta skekki samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs. Milljörðum sé dælt í sjávarútvegsfyrirtæki í Evrópu en þau íslensku þurfi að greiða auðlindaggjald.



**Tvískinnungur**
Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra tekur undir orð Friðriks í Fréttablaðinu í gær. Enda hafa íslensk stjórnvöld barist gegn niðurgreiðslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og talað fyrir frjálsum viðskiptum með sjávarafurðir. Hins vegar má minna sömu stjórnmálamenn á að hér á landi nemur niðurgreiðsla landbúnaðarafurða milljörðum króna á ári hverju. Þar að auki er fólki óheimilt að flytja inn landbúnaðarvörur í samkeppni við innlenda framleiðendur. Í stefnu stjórnvalda felst því ákveðinn tvískinnungur, sem rétt er að leiðrétta. Sjómannaafslátturinn er líka ekkert annað en niðurgreiðsla á launakostnaði útgerðanna.

**Sumarháskóli**
Kannski væri við hæfi að senda suma alþingismenn í sumarháskóla Rannsóknarstofnunar um samfélags- og efnahagsmál (RSE). Þar verður meðal annars fjallað um áhrif þrýstihópa í stjórnmálum og rentusókn. Er algengt að erlendar rannsóknastofnanir, svipaðar RSE, reki slíka skóla að sumri til. Hafa nokkrir Íslendingar sótt námskeið erlendis undanfarin ár. Sumarháskóli RSE, sem Birgir Tjörvi Pétursson framkvæmdastjóri hefur skipulagt, er haldinn í samstarfi við Viðskiptaháskólann á Bifröst og stendur frá 7. til 9. júlí. Meðal fyrirlesara eru Sigurður Líndal, Hannes H. Gissurarson, Magnús Árni Skúlason, Jakob F. Ásgeirsson og Haraldur Jóhannessen hagfræðingur.



bjorgvin@frettabladid.is

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Framboð af fréttum af fjölmiðlum er meira en eftirspurnin.

# Naflaskoðun blaðamanna

Stundum hefur manni sýnst að íslenskir fjölmiðlar séu á góðri leið með að verða sjálfbærir í fréttum. Það er að segja, að einn daginn verði lítið annað skrifað eða sagt í fjölmiðlum en fréttir af öðrum fjölmiðlum og af fólki sem vinnur við fjölmiðla.

Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við þennan sjálfhverfa áhuga okkar fjölmiðlafólks. Við erum ekkert öðruvísi en aðrar starfsstéttir sem vilja fylgjast vel með því sem er á seyði innan síns fags. Nema hvað í okkar tilviki sendum við fréttir byggðar á þessari sjálfhverfni inn á öll heimili landsins. Aðrar stéttir hafa ekki sama tækifæri til að þröngva sambærilegum áhuga sínum upp á þjóðina.

Í þessu ljósi er hollt fyrir lesendur og áhorfendur að skoða fréttir fjölmiðla af öðrum fjölmiðlum. Smæstu innansveitarkróníkur eiga það til að vinda stórfenglega upp á sig og fá pláss og vægi á síðum blaðanna og í útsendingum ljósvakamiðlanna, sem er langt um fram tilefni, aðeins vegna þess að fjölmiðlafólk virðist halda að aðrir deili miklum áhuga þess á fjölmiðlum. Þannig má telja nokkuð víst að framboðið af þessu efni sé í raun langt umfram eftirspurn.

*Í þessu ljósi er hollt fyrir lesendur og áhorfendur að skoða fréttir fjölmiðla af öðrum fjölmiðlum. Smæstu innansveitarkróníkur eiga það til að vinda stórfenglega upp á sig og fá pláss og vægi á síðum blaðanna og í útsendingum ljósvakamiðlanna, sem er langt um fram tilefni.*

Að þessu sögðu er þó ekki hægt annað en að draga örlítið í land, því staðreyndin er sú að það er svo sannarlega ákveðin eftirspurn eftir fréttum af sumu fólki sem vinnur við fjölmiðla.

Þetta eru fréttir af fólkinu sem talar til landsmanna á hverjum degi af sjónvarpsskjánum. Þulur sem brosa til okkar, ábúðarfullir fréttamenn, grínararnir sem gera sig óhikað að fífli fyrir áhorfendur, þau sem segja okkur tíðindi af veðri og umsjónarfólkið sem stendur fyrir kvöldvökum í sjónvarpssal um helgar, allt er þetta fólk sem með reglulegum heimsóknum inn í stofur landsins er á vissan hátt komið í hóp heimilisvina.

Og á sama hátt og fólk vill fá fréttir af öðrum vinum og kunningjum hlustar það á, og les af athygli, fréttir af vinum sínum og kunningjum af skjánum. Þannig er fullkomlega eðlilegt þegar fjölmiðlar segja fréttir á borð við að þekkt sjónvarpspar eigi von á barni og keppast svo við að birta fyrstu myndir af ungviðinu, eða þegar sýnt er frá glæsilegum sumarbústað sem glaðlynda þulan hefur verið að innrétta um árabil. Það er ekki nema sjálfsögð kurteisi fjölmiðla að verða við eftirspurninni eftir slíkum fréttum og engin ástæða til að gera lítið úr þeim sem sinna þeirri eftirspurn.

Allt er þetta samt spurning um jafnvægi og það er sígilt viðfangsefni fjölmiðlafólks að varast að gleyma sér ekki um of við að stara í spegilinn.

# Ég vil elska mín lönd

Í DAG
ÆTTJARÐARÁST OG INNFLYTJEND,UR



ÞORVALDUR GYLFASON

*Sá, sem elskar landið sitt af öllu hjarta, er jafnan líklegur til að kunna þá einnig að elska önnur lönd, allan heiminn. Þjóðrækni og heimshyggja eru systur, og það er rangt - það stangast á við rök og reynslu! - að stilla þeim upp sem andstæðum.*

„Hvaða þjóðremba er nú þetta?“ Þessari spurningu dembdi gamall vinur minn einn yfir mig með svolitlum þjósti, þegar hann heyrði mig vitna með velþóknun í hálfrar aldar gamalt ættjarðarástarkvæði Snorra Hjartarsonar, sem hefst á þessum línum: „Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein, þér var ég gefinn barn á móðurkné; ég lék hjá þér við læk og blóm og stein, þú leiddir mig í orðs þíns háu vé.“

Er þetta þjóðremba? Nei. Sá, sem ann landi sínu og þjóð, gerir sig ekki sekan um þjóðrembu, ekki frekar en karl, sem elskar konuna sína: hann gerir sig með engu móti sekan um kvenrembu. Samt er reginmunur á því að elska sitt land og elska konuna sína. Munurinn er sá, að það er nú orðið góðu heilli hampalaust að elska mörg lönd í senn. Ættjarðarástarkvæði Snorra Hjartarsonar er ekki yfirlýsing um, að hann unni ekki öðrum löndum. Öðru nær. Sá, sem elskar landið sitt af öllu hjarta, er jafnan líklegur til að kunna þá einnig að elska önnur lönd, allan heiminn. Þjóðrækni og heimshyggja eru systur, og það er rangt – það stangast á við rök og reynslu! – að stilla þeim upp sem andstæðum. Borinn og barnfæddur Reykvíkingur er ekki þar fyrir verri Íslendingur, og þjóðrækinn Íslendingur er ekki þar fyrir áhugalaus um evrópska einingu. Það felst engin þversögn í breiðvirkri átthagatryggð, hvorki innan lands né utan. Breiðvirk hjónabönd eru hins vegar bönnuð með lögum hér heima af hagnýtum ástæðum og víða annars staðar. Sambærilegar fjárhagsástæður standa ekki lengur í vegi fyrir breiðvirkri ættjarðarást, því að heimurinn hefur breytzt. Það er nú til að mynda orðið býsna algengt, að börn vaxi úr grasi í tveim löndum í senn. Og ættjarðarástin getur auðvitað verði misheit eftir atvikum.

Einn helzti styrkur bandarísks samfélags er fjölbreytnin: fólk úr öllum áttum á einum og sama stað. Eitt helzta framlag Bandaríkjamanna til heimsmenningarinnar er djassinn, ættaður frá Afríku. Singapúr er svipuð að þessu leyti: þar búa Arabar, Indverjar, Kínverjar og Malæjar saman í einni kös og í sátt og samlyndi og búa við góð kjör, þótt lýðræði sé að sönnu ábótavant þar austur frá. Þannig er hægt að færa sig land úr landi, þótt einnig megi að sönnu finna ýmis nýleg dæmi um átök og ófrið milli ólíkra kynbálka. Sátt, friður og umburðarlyndi eru meginreglan í samskiptum manna óháð uppruna þeirra og kynþætti.

Og þannig er Evrópa okkar daga: þangað streymir fólk alls staðar að. Evrópuþjóðunum er mikill vandi á höndum, af því að þær hafa mun skemmri reynslu af stríðu innstreymi útlendinga og minni viðbúnað en Bandaríkjamenn. Einn hollenzkur þingmaður sefur sjaldan á sama stað tvær nætur í röð og kemst ekki milli húsa nema í fylgd lögreglu og er nú á leið úr landi, þar eð öfgamenn úr hópi aðfluttra múslíma hafa kveðið upp dauðadóm yfir honum. Sum önnur Evrópulönd eiga við svipaðan vanda að glíma, eins og hryðjuverk í London og Madríd og óeirðir í París vitna um. Íslendingar hafa undan engu slíku að kvarta. Margir Íslendingar taka fagnandi á móti innflytjendum víðs vegar að. Aðrir óttast hætturnar, sem geta steðjað að litlu landi, sem leyfir upprunasamsetningu mannfjöldans að gerbreytast á skömmum tíma. Andstaðan gegn innflutningi erlends vinnuafls skírskotar öðrum þræði til ýmissa vandamála, sem upp hafa komið í nálægum löndum, og er af tvennum toga. Öðrum megin standa öfgamenn, sem ofsækja minnihlutahópa og svífast stundum einskis og verðskulda enga samstöðu í siðuðu mannfélagi. Hinum megin standa þeir, sem vilja í ljósi sögunnar standa vörð um þjóðlega arfleifð fámenns lands, sem smæðar sinnar vegna er viðkvæmara en fjölmennari samfélög fyrir innflutningi mikils fjölda fólks frá öðrum löndum. Þessi þjóðræknu varðveizlurök eiga sér langa og virðulega sögu í orðræðum hér heima og víða annars staðar og eiga ekkert skylt við öfgar hinna.

Eitt af mörgum brýnum verkefnum okkar samfélags næstu ár er að finna friðsæla og framsýna málamiðlun á milli opingáttarhugsjónarinnar, sem býður mönnum að breiða út faðminn á móti þeim, sem hingað vilja koma og gerast Íslendingar og læra málið og söguna, og hálfgáttarstefnunnar, sem kallar á aðgát og aðhald í innflytjendamálum af gildum varðveizluástæðum. Innilokunarstefnan, sem átti ríkan þátt í hugum og hjörtum margra Íslendinga á fyrri tíð, kemur ekki lengur til álita, hún er dauð.









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## FALLEG OG SÍGILD HÖNNUN

Verslunin Mona á Laugavegi 66 selur vörur fjölmargra íslenskra hönnuða.

TÍSKA 2



## GAMALDAGS STÍLL Í ELDHÚSINU

Hönnuðir búsáhalda og heimilistækja hverfa aftur til sjötta og sjöunda áratugarins.

HEIMILI 6



## ALLT HITT

**[ HEIMILI HEILSA TÍSKA ]**

**Nýr** samstarfssamningur hefur verið undirritaður milli Barna- og unglingageðdeildar (BUGL) og Miðstöðvar heilsuverndar barna (MHB). Hann miðar að því að bæta og auka þjónustu við börn með hegðunar- og geðraskanir.

**Inngangurinn** á heimili þitt er lykilatriði í Feng shui fræðunum. Þetta er svæðið sem tengir einkalíf þitt við umheiminn og staðurinn þar sem orkan kemur inn á heimilið. Stærð forstofunnar eða anddyrisins ætti að vera í samræmi við stærð hússins. Of stór forstofa eyðir upp orkunni áður en hún kemst inn í húsið en of þröngur inngangur hindrar orkuflæðið.



**Nú eru sparifatatímar** hjá mörgum, útskriftir, brúðkaup og sumarveislur af ýmsu tagi. Því er vissara að hafa sumarkjóla og annan sparifatnað til taks. Úr nógu er að velja í verslunum og allir ættu að finna þar eitthvað við sitt hæfi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 22. júní, 173. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.55 | 13.30 | 24.05 |
| Akureyri | 1.24 | 13.14 | 1.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Ellen er ánægð með skápinn í stofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sögulegur skápur

***Ellen Kristjánsdóttir söngkona er nýflutt með fjölskyldu sinni í Hlíðarnar. Í stofunni á nýja heimilinu er hún með eldgamlan skáp.***

Eyþór Gunnarsson, eiginmaður Ellenar, fékk skápinn frá Pétri Péturssyni afa sínum sem fékk hann frá Pétri Guðmundssyni föður sínum. „Skápurinn er orðinn yfir hundrað ára gamall,“ segir Ellen.

Pétur Guðmundsson, langafi Eyþórs, sem átti skápinn upphaflega var skólastjóri á Eyrarbakka. „Skápurinn var smíðaður á Eyrarbakka og Pétur fékk hann þar. Hann notaði skápinn sem bókaskáp en sonur hans, afi Eyþórs lét síðan setja hurðirnar á hann seinna.“

Ellen og Eyþór fengu skápinn fyrir þremur árum en eru fyrst að taka hann í notkun núna eftir flutningana. „Annað glerið brotnaði reyndar í honum í flutningunum og hann er orðinn svolítið úr sér genginn. Hann hefur oft verið málaður og ég ákvað að skella einni umferð á hann núna,“ segir Ellen.

Skápurinn nýtur sín vel í stofunni hjá þeim hjónum, en Ellen segist ekki alveg vera búin að ákveða hvað hún ætlar að hafa í honum. „Við erum ennþá að koma okkur fyrir og ég er svona að spá í hvort að ég eigi að vera með bækur í honum. Svo á ég ótrúlega fallegt gullbollastell sem amma mín og afi áttu sem ég gæti haft í honum. Ég er núna með kerti og kertastjaka í skápnum og er eiginlega ekki komin lengra en það,“ segir Ellen og hlær.

*emilia@frettabladid.is*







**Jibbí** sólin er farin að skína og því loksins hægt að nota sandalana, bandaskó eða aðra sumarlega skó í vinnunni. Leggjum stígvélin til hliðar rétt á meðan veðrið leyfir.



# Falleg og sígild hönnun

***Verslunin Mona á Laugavegi 66 selur hágæða tískufatnað frá ýmsum löndum, auk þess að vera með umboðssölu fyrir fjölmarga íslenska hönnuði.***

Í Versluninni Mona á Laugavegi í Reykjavík kennir ýmissa grasa. Leðurvörur frá Serbíu, skart úr íslenskum kindahornum og handunnar ullarvörur eru meðal þess sem þar má finna. Búðin hefur verið starfandi í rúmt ár og að sögn Sigríðar Elfu Sigurðardóttur, sem er ein þeirra fimm kvenna sem reka verslunina, gengur vel. „Við erum með ákaflega vandaðar vörur og búðinni hefur verið vel tekið. Hér fæst líka ýmislegt sem ekki má fá annars staðar, til dæmis þessar skemmtilegu leðurvörur frá Serbíu sem kallast Mona,“ segir Sigríður. „Ein okkar er frá Serbíu og þekkti þetta merki þaðan en það hefur verið mjög vinsælt á Balkanskaganum.“

Auk þess að selja leður- og textílvörur frá Serbíu leynast í versluninni fallegar vörur frá PS Collection í Belgrad, danskur fatnaður frá 2-Biz og þýsk föt frá MP by Style. Í haust er síðan von á enn fleiri vörur frá öðrum löndum. „Við seljum líka hönnun eftir nokkra íslenska hönnuði. Þetta eru ullarvörur frá SES-design, silkisjöl eftir Önnu Guðmundsdóttur, handmálaðar silkislæður eftir Buddu, kimonokragar eftir Elínu Öglu og skartgripir eftir þrjá hönnuði – þær Dýrfinnu Torfadóttur, Ritu Freyju og Snúllu,“ segir Sigríður og bætir því við að hægt sé að panta vörur hjá hönnuðunum eða koma með óskir um eitthvað sérstakt sem síðan er búið til fyrir viðskiptavininn.

Sigríður segir að vörurnar í búðinni henti konum á öllum aldri. „Aðalaldurshópurinn er 30 ára og upp úr en hér versla líka fermingarbörn. Þetta eru ólíkar vörur og flestir ættu að geta fundið eitthvað sem þeim líkar,“ segir Sigríður.



Bleikur módelkjóll út ull og silki frá SES-design. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRDÍS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR



Leðurjakki frá Mona, pils úr ull og silki frá SES-design og silkislæða eftir Buddu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRDÍS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR



Sigríður er ein þeirra sem reka verslunina. Hún selur líka eigin hönnun undir merkinu SES-design. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hvítur leðurjakki frá Mona, pils frá PS collection, undirpils frá MP by style og silkislæða eftir Önnu Gunnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRDÍS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR

**Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1**
**Nú Nýtt**

Nail Antibite til að Hætta að naga neglur.
For Girls Only Aðeins fyrir stelpur
Traveling set ferða sett





**Frískandi og mildir hreinsiklútar fyrir augn- og andlitsfarða.**

Fást í verslunum um land allt. Dr. Fischer

HUGO BOSS • BLACKY DRESS
JEAN PAUL • PBO • KAPALUA
OUI • DAMO • BRAX



STÍLL
Laugavegi 58 • Sími 551 4884 • stillverslun.is

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.
FM957
Auglýsingasími: 550 5000
Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Gallabuxur, óvinur náttúrunnar

Gallabuxur eru frábærar, alltaf í tísku, passa við allt og til í öllum myndum, jafnvel núorðið eru þær flottustu notaðar í brúðkaupsveislum. Einn er þó gallinn og hann er sá að því miður er þessi fatnaður náttúrunni dýr. Auðvitað má segja það sama um margt annað í okkar daglega lífi í þessu neysluþjóðfélagi, svo sem um bílanotkun, ónauðsynleg ferðalög í álþotum sem menga og svo mætti lengi telja. En ef við notum alltaf einhverja afsökun gegn því að vera duglegri í umhverfismálum endar þessi saga okkar ansi illa.

Í gallaefni er notuð bómull sem er ræktuð með miklu vatni, allskyns efnum og skordýraeitri, yfirleitt á Indlandi, Egyptalandi og fleiri löndum þar sem oft á tíðum er ekkert eftirlit með vatnsmengun. Náttúran er menguð annars staðar þar sem enginn er til frásagnar. Þetta kemur fram í rannsókn frá frönsku umhverfis- og orkunýtingarskrifstofunni, Ademe (hægt að lesa meira á heimasíðunni, www.ademe.fr). Bómullin er svo flutt til annarra landa til vinnslu með tilheyrandi mengun. Nútímafólk er hreint og strokið og þess vegna eru gallabuxurnar notaðar þrisvar sinnum að meðaltali áður en þær eru þvegnar og til að bæta gráu ofan á svart eru þær oft straujaðar á eftir með tilheyrandi orkubruðli, því fæstar þjóðir heims búa við lúxus Íslendinga að eiga nóg af hreinni raforku og vatni. Og því meira sem gallaefnið er steinþvegið og unnið til að gera það gamalt í útliti því meira er notað af efnum eins og klór. Það allra versta eru svo lúxusgallabuxur sem með pallíettum og Swarovski-steinum sem þarf að þurrhreinsa með tilheyrandi efnum og mikilli orku.

En í myrkrinu er að kveikna ljós. Lífrænt ræktuð bómull er aðeins að ryðja sér til rúms í textíliðnaði. Hún er ræktuð án þess að spilla náttúrunni, án skordýraeiturs og annarra efna. Oft er um að ræða samvinnu við fátæka bændur í þriðja heims löndum sem um leið fá meira verðmæti fyrir vöru sína en ella. Nokkrir fataframleiðendur munu væntanlega bjóða upp á gallabuxur úr lífrænni bómull innan skamms.

Önnur nýjung sem ég hef áður minnst á hér eru bambusþræðir sem koma í stað bómullar við fataframleiðslu. Bambus er einstaklega auðveldur gróður sem vex hratt og víða og með litlu vatni og hentar vel til þess að framleiða efni.

Þeir sem framleiða umhverfisvæn föt sýna yfirleitt fram á hvaðan og hvernig framleiðslan er til komin með einhvers konar gæðastimpli. Þess vegna gætuð þið spurt sölumanninn næst þegar þið mátið gallabuxur hvort hann viti hvaðan þær koma og hvort þær séu umhverfisvænar. Ég þykist vita hvert svarið yrði.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Jordan

# Of lítil og brjóstastór

***Jordan þarf að breyta öllum fötum sem hún kaupir vegna þess hvernig hún er vaxin.***

Fyrirsætan Jordan kveðst ekki geta klæðst hönnunarfötum sökum vaxtarlags síns. „Ég elska Roberto Cavalli og Versace og ég elska fötin sem þeir hanna," sagði hún í viðtali við The Observer-tímaritið. Hins vegar getur hún ekki verið í þessum fötum þar sem þau passa ekki utan á líkama hennar. „Ég breyti öllu sem ég kaupi á mig," sagði hún. „Ég verð að gera það. Vegna útlína minna passar ekkert almennilega á mig. Ég er of lítil og síðan eru það brjóstin."

Hin 28 ára gamla fyrirsæta og tveggja barna móðir segist hafa verið háð saumavélinni sinni frá 14 ára aldri og tekist að spara mikið á því.

# Unique til Tókýkó

***Undirmerki TopShop, Unique, verður selt í verslunum Corso Como Comme des Garcons í Tókýó.***

TopShop er í örum vexti og nú hefur fyrirtækið gert samning um að lína Unique, sem er undirmerki TopShop, verði seld í tíu verslunum Corso Como Comme des Garcons í Tókýó.

Sóst var eftir því að Unique-merkið, sem nú þegar er selt í Opening Ceremony í New York og Colette í París, kæmi í verslanir Comme í Tokyo eftir að samstarf var hafið við verslanir þess í New York á síðasta ári. „Það er mikill heiður fyrir TopShop-merkið að starfa með Comme des Garcons, sem bæði er auðugt af hugmyndum og frumleika," sagði yfirmaður Unique-merkisins, Jane Shepherdson. „Við teljum þetta nýjasta samstarf mikilvægan hluta í útrás okkar."

Unique-línan verður innan um merki svo sem Junya Watanabe, Comme des Garcons og Rochas í verslunum Comme.



Unique er orðið vinsælt víða um heim. Hér sést fyrirsæta sýna sumarlínu Unique í Singapúr. NORDICPHOTOS/AFP




# Breytingar á högum Helenu

***Helena er byrjuð með bróðursyni Anjelicu Huston.***

Helena Christensen er komin með nýjan kærasta. Sá heppni heitir Jack Huston en hann er 23 gamall bróðursonur leikkonunnar Anjelicu Huston. Helena kom í fylgd með kærastanum á frumsýningu nýrrar myndar, Allegro, þar sem hún leikur á móti Ulrich Thomsen, aðalleikara Festen. Parið sást kyssast og knúsast á frumsýningunni en þar sáust einnig stjörnurnar Josh Lucas, Liv Tyler og Rachel Roy.

Allegro er þriðja myndin sem Helena leikur í. Sú fyrsta er grínmynd frá árinu 1992 þar sem einnig koma fyrir fyrirsæturnar Tyra Banks, Eva Herzigova og Kate Moss. Önnur myndin var samstarf hennar við listamanninn og eiginmann Bjarkar, Matthew Barney.



Jack Huston er 23 ára leikari.



Helena var að leika í nýrri mynd og er komin með nýjan kærasta. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Fersk ilmtvenna

Ilmtvennan frá Puma, Puma Man og Woman Limited Edition, er komin á markað í tilefni heimsmeistarakeppninnar í fótbolta.

Kvenlínan er í hárauðum umbúðum og er ilmurinn afskaplega ferskur og kryddkenndur því í honum blandast meðal annars saman jasmín, moskus, möndluviður, lótusblóm og bóndarós.

Karlailmurinn er hins vegar í fallega bláum umbúðum og samanstendur af sítrónutónum, kardemommu, lavender, jasmínu, blágresi og moskus svo eitthvað sé nefnt.

Flott hönnun er á glösunum.




Rautt glasið fyrir kvennailminn vekur athygli.



BUXNADAGAR
25% AFSLÁTTUR
af öllum galla- og sumarbuxum



Cores

Opnunartími virka daga 10-18
og laugardaga 10-16

NÝBÝLAVEGUR 12,
KÓPAVOGUR
SÍMI 554 4433




Lífræn og rakagefandi sturtusápa fyrir allar húðgerðir

Dr Fischer

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ










Afar sérstakur vöndur, sem hengdur er á úlnliðinn. Í vendinum er berengrans fléttað í grind, ásamt orkideum og lísíantus. Kjóllinn er frá Brúðarkjólaleigu Katrínar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Mikilvægasti fylgihluturinn

***Brúðarvendir fylgja tískusveiflum eins og hvað annað, en mestu skiptir að velja vönd sem hæfir kjólnum og brúðinni.***

„Brúðarvöndurinn er oftast útbúinn eftir smekk hvers og eins,“ segir Nanna Björk Viðarsdóttir hjá Breiðholtsblómum sem útbjó fyrir okkur nokkra fallega vendi. Yfirleitt velur brúðurin sér hefðbundinn brúðarvönd að sögn Nönnu og fer það gjarnan eftir tískunni hverju sinni hvaða blóm eru valin og hvaða litir eru ráðandi.

„Hefðbundin blóm eins og rósir eru algengust en það er vel hægt að nota hvað sem er úr náttúrunni í brúðarvendi,“ segir Nanna.



Hálsfesti og armband úr vír með brúðarslöri, aspas og orkideu. Skraut í þessum stíl er hægt að útfæra á marga vegu. Kjóllinn er frá Brúðarkjólaleigu Katrínar.

Vegna mistaka í sérblaði um brúðkaup birtum við þessa grein aftur.



Hefðbundinn vöndur unninn úr lyngrós, sem er útiplanta. Kjóllinn er frá Brúðarkjólaleigu Katrínar.


**Hreyfing** þarf ekki að taka of mikinn tíma. Sleppum því að nota bílinn öðru hverju og göngum eða hjólum í vinnuna. Þá mætir maður bara ferskari á staðinn.


Börnin skemmta sér vel að Úlfljótsvatni þar sem þau hafa nóg fyrir stafni.

# Læra að klifra og síga

***Útilífsskólar skáta eru sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum átta til tólf ára sem skátafélögin í Reykjavík eru með í samstarfi við Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur.***

Útilífsskólarnir eru fimm og eru í Árbæ, Breiðholti, Grafarvogi, Sólheimahverfi og Vesturbæ. Námskeiðin standa yfir fimm daga og hefjast á mánudögum og þeim lýkur á föstudögum. Fyrstu þrjá dagana eru börnin innan borgarmarkanna og öllum námskeiðunum lýkur svo með sameiginlegri útilegu skólanna á Úlfljótsvatni frá fimmtudegi til föstudags.

Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, forstöðumaður útilífsskólanna, segir að dagskrá námskeiðanna sé mjög fjölbreytt og spennandi. „Fyrstu dagana fara börnin í fjöruferðir, sundferðir, hjólaferðir, ferðir í Öskjuhlíð og Elliðaárdalinn og í alls kyns heimsóknir eins og á slökkvistöðvar og þess háttar. Á Úlfljótsvatni læra þau svo skyndihjálp og að klifra og síga, eru með kvöldvöku með varðeldi og grilli og fara í gönguferðir um svæðið. Markmiðið með námskeiðunum er bara að börnin hafi það gaman, kynnist hópnum og séu úti.“

Útilífsskólarnir eru fyrir öll börn á aldrinum átta til tólf ára og ekkert skilyrði er að þau séu skráð í skátana. Námskeiðsgjald er 7.500 krónur en allar nánari upplýsingar um námskeiðin má fá á heimasíðunni www.utilifsskolar.is.

## Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

# Aðlögunarhæfni kynslóðanna

Ávana- og hegðunarmynstur okkar hafa mikil áhrif á líkamlega og andlega heilsu og oft er erfitt að breyta áralöngum venjum hversdagsleikans. Flestar venjur koma frá uppeldinu og fylgja okkur svo eins og skuggar þrátt fyrir að lifnaðarhættir okkar breytast töluvert, svo sem hreyfingarmynstur okkar og jafnvel matarsmekkur. Ég man til dæmis svo vel eftir því þegar mamma kallaði á mig út um eldhúsgluggann og sagði að það væri komin drekkutími. Eftir að vera búin að leika mér úti allan daginn, fannst mér fátt betra en að fá stundum nýbakaðar pönnukökur með sultu og rjóma og kakó, enda alltaf verið sælkeri. Þessi „drekkutími“ ríghélt svo í mig eða ég í hann langt fram eftir aldri, löngu eftir að ég var hætt að leika mér úti. Alltaf fannst mér samt lífsnauðsynlegt að fá eitthvað sætabrauð um kaffileytið. Það passaði ekki að fá sér bara appelsínu eða peru!

**Hegðun okkar í dag hefur áhrif á morgundaginn.**

Flest börn þurfa ekki að hafa mikið fyrir góðri líkamlegri og andlegri heilsu, en þegar við eldumst verðum lífið oft flóknara og við þurfum við að huga að jafnvægi á báðum þessum sviðum. Við getum því ekki setið aðgerðarlaus flesta daga og borða næringarsnauða fæðu og kvarta um að vera slöpp eða þróttlaus. Á sama hátt getum við heldur ekki kvartað yfir andlegri vanlíðan ef við reynum ekki að fara árangursríkar leiðir og gefast ekki upp þó á móti blási. Það er hegðun okkar í dag sem hefur áhrif á morgundaginn. Við skulum því ekki bíða eftir einhverjum „betri“ degi. Hann kemur ekki. Hann er í dag!

**Sú hæfasta lifir!**

Ég tel að Darwin hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði að það sem segir til um lífslíkur lífverunnar sé aðlögunarhæfni hennar. Sú hæfasta lifir! Allar lífverur ganga í gegnum einhverjar breytingar á æviskeiði sínu og því er það gulls ígildi að kunna að bregðast rétt við slíkum breytingum. Góð aðlögunarhæfni er það sem færir okkur velgengni, í víðasta skilningi þess orðs, á meðan vanhæfni til aðlögunar lætur okkur dragast aftur úr og veikjast.

**Er dagleg hreyfing mín í takt við neysluna?**

Offituvandamál Vesturlanda er af mörgum talið faraldur, í það minnsta alvarlegt heilbrigðisvandamál. Hér er um að ræða afleiðingu óheilbrigðs hegðunarmynsturs okkar og slæmra ávana, þar sem við nýtum til dæmis ekki líkama okkar nægilega, þó meltingarvegurinn hafi oftast nóg að gera! Við höfum ekki haft nægilega aðlögunarhæfni og ekki náð að bregðast rétt við breytingum síðustu hundrað ára og þegar lífsins gæði og tækifæri eru í hættu vegna hreyfingarleysis og ofneyslu verðum við að endurskoða hegðunarmynstur okkar, áður en það verður of seint. Ef við getum ekki breytt því sjálf sýnum við hugrekki og þroska með því að leita aðstoðar sérfræðinga, s.s. lækna, næringarfræðinga eða einkaþjálfara.

**Áfram með vitundarvakninguna!**

Þó orðið hafi gríðarleg vitundarvakning hér á landi undanfarin ár varðandi mikilvægi heilsunnar, þurfum við að gefa töluvert í og líklega að leita nýrra leiða. Yfirvöld jafnt sem einstaklingar þurfa að endurmeta sig og aðferðir sínar, því ástandið er ekki að batna. Sem dæmi hafði hlutfall of þungra og of feitra í Reykjavík frá árinu 1975 til 1994 meira en tvöfaldaðist (http://www.laeknabladid.is/2001/9/fraedigreinar//nr/1018/) og flest bendir til að hlutfallið verði tvöfalt hærra árið 2114 (eftir aðeins 8 ár) en árið 1994.

*Kær kveðja, Borghildur*























**Það er um að gera að nota svalirnar eða veröndina yfir sumarið** Það er fátt huggulegra en að drekka morgunkaffið í morgunsólinni. Jafnvel þótt maður þurfi að hafa teppi yfir tásunum.




www.svefn.is

IQ-CARE HEILSUKODDAR

Svefn & heilsa ★★★★★


# Gamaldags stíll í eldhúsinu

***Afturhvarf til gamalla tíma er vinsælt í hönnun búsáhalda og heimilstækja. Flestar búðir eru nú með vörur sem líta út fyrir að koma úr eldhúsi frá sjötta og sjöunda áratugnum en eru í raun glænýjar tískuvörur.***

Ljósmyndari heimsótti búðirnar Villeroy & Boch, Búsáhöld og Byggt og búið til þess að skoða þennan gamaldags stíl sem er svo vinsæll í búsáhöldum um þessar mundir. Mikið er um pastellituð og blómaskreytt búsáhöld sem minna óneitanlega á gamla góða eldhúsið hennar ömmu.



Servéttustandur úr Byggt & Búið í rómantískum stíl. Verð 2.415 krónur.



4,2 lítra pottur frá Le Creuset sem Byggt & Búið selja. Verð 11.390 krónur.

Teketill úr Byggt & Búið frá Bristol Creme, mjög klassískur enskur teketill. Verð 4.990 krónur.

Blue Denmark teketill með blómaskreytingu frá Búsáhöldum. Verð 5.705 krónur.

Mjög sígilld hönnun á þessu sigti sem fæst í Villeroy & Boch. Verð 2.600 krónur.

Bleik pastellituð vigt úr Villeroy & Boch sem einnig er frá Typhoon. Verð 6.590 krónur.

Brauðkassi úr Villeroy & Boch frá Typhoon sem nýtist líka sem skurðarbretti. Verð 7.490 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Tímaritið Gróandinn aldrei glæsilegri




Áhugavert og fræðandi tímarit um garðyrkju, grænmeti, skógrækt og skreytingar

Áskriftarsími 586 8005





Karólína Lárusdóttir

Íslensk list er góð gjöf

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg laugardag kl. 11-14

Sjáumst í Galleríi Fold

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is





Jói Fel

FABRIKAN

Osta- og ólífubrauð að hætti Jóa Fel

- full af ólífum og hvítlauk

Kleppsvegi 152 Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.


## húsráð }



### Minnkaðu drullusporin

Margir hunda- og kattaeigendur lenda oft í því að gæludýrin þeirra spora heimilið allt út í drullu eftir að hafa verið úti við. Kettir eru sérstaklega miklir skaðvaldar enda fara þeir ferða sinna óhindraðir.
Húsráð er til við þessu leiðindamáli sem virkar ágætlega, en það er að bera ólífuolíu undir loppur dýranna einu sinni á dag. Þessi aðferð virkar ágætlega til þess að minnka sporin sem dýrin skilja eftir sig.


allt bílar
Alla laugardaga

# Finnskur loftbólulampi

***Finnsk hönnun eins og hún gerist best.***

Það hefur ávallt verið vinsælt meðal hönnuða að búa til skondna og nýstárlega lampa. Finnski hönnuðurinn Eero Aarnio er þar engin undantekning. Hann er einn helsti húsgangnahönnuður Finna og hefur í gegnum árin komið fram með ýmsa hluti sem náð hafa miklum vinsældum.

Einn þessara hluta er loftbólulampinn sem hannaður var árið 2001. Lögun lampans er einstaklega skemmtileg en lampinn minnir einna helst á einhvers konar loftbólur eða sápukúlur. Til að tryggja jafna birtu eru þrjár perur í hverjum lampa, ein í hvorum belg og ein í miðjunni. Lampinn er fáanlegur í þremur útgáfum, tvær ólíkar gerðir af borðlömpum eru til sem og ein gerð af stórum gólflampa. - þo


Lampinn fæst í þremur útgáfum.


Form lampans er einstaklega skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/NETIÐ




## Sumarlegt kertaljós

KERTI ERU EKKI BARA FYRIR SKAMMDEGIÐ.

Þótt sumarið sé komið er alls ekki bannað að sitja inni við kertaljós. Kerti eru skemmtilegt skraut fyrir heimilið og þau veita notalega birtu sama hvaða árstími er. Lífgaðu upp á heimilið með litríkum og sumarlegum kertum. Blá, græn, gul, bleik og fjólublá kerti eru svo sannarlega sumarleg.





## húsráð }

## Að gera við plast

PLAST ER EKKI ÓNÝTT ÞÓTT ÞAÐ BROTNI

Plast getur brotnað eins og flest annað, margir álíta sem svo að ekki sé hægt að gera við ýmsar plastvörur eftir að þær brotna en fyrirtækið Plastviðgerðir Grétars í Kópavogi sérhæfir sig í viðgerðum á fjölmörgum vörum gerðum úr plasti. Hægt er að láta laga nær allar plastvörur hjá fyrirtækinu, allt frá þvottavélum og upp í þakrennur. Auk þess gerir fyrirtækið við heimilisvörur og tæki úr plasti, meðal annars þvottavélar og önnur rafmangstæki.
Auk viðgerða á heimilistækjum sérhæfir fyrirtækið sig meðal annars í plastviðgerðum á bílum, fellihýsum og ýmiskonar farartækjum.


Það er hægt að gera við borvélar sem brotna.

hér&nú

NÝTT BLAÐ KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA






Ítalskar snittur að hætti Jóa Fel

- skáskornar og grillaðar

Kleppsvegi 152 Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.






Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Sumarblómin, sól og sælulíf

Nú fer væntanlega að rofa til eftir rysjótt vor. Það jaðrar við eindæmi hve lítinn áhuga við „grænu gormarnir“ höfum haft á að koma niður þessum litríku sumarblómumum sem við annars erum vön að vera búin að fylla hvern auðan blett með í görðunum okkar fyrir þjóðhátíðina. En enn er nóg til og úr miklu að velja hjá garðplöntustöðvunum. Svo núna, þegar lengsti dagur sumarsins er á næsta leiti, er ekki seinna vænna en að taka til höndunum og skella sér í það að fylla svalakassa, ker og gloppur í blómabeðunum með sumarblómum. Það skilar sér í litaskrúði í kring um okkur og léttari lund það sem eftir er til hausts.

## Harðgerð og örugg

Vinsælustu sumarblóm hér á landi hafa lengst af verið þau sem spjara sig í öllum sumarveðrum og láta lítið á sjá þótt mikið rigni og gusti um, þegar sá gállinn er á „sumarblíðunni“ okkar. Fyrstar og fremstar fara þar stjúpurnar með alla sína liti og takmarkalausu þolinmæði á dyntótta rysjutíð. Áratug eftir áratug hafa þær staðið sína plikt og eru í hugum margra helsta sumartáknið. Skrautnálin er líka sterk og ómótstæðileg sem brydding á beðum og fylling í blómaker. Blómin eru hvítir, bláleitir eða rauðleitir smákrossar sem þekja plönturnar og ilma sætlega á kvöldin. Önnur ilmjurt er sjálfur ilmskúfurinn sem fyllir loftið höfgri angan sinni og ber hvít, rauðblá eða bleik blóm, oftast fagurlega fyllt. Eins og smárósir raða þau sér upp í þétta „bolluvendi“. Mjög virðingarverð og vingjarnleg. Meðal harðgerðu sumarblómanna eru líka margar tegundir af körfublómaættinni. Þar eru mjög áberandi „brár“ af ýmsum toga og með ýmiss konar blómalitum. Kornblómið heiðbláa er líka í þeim hópi og síðast en ekki síst okkar yndislega morgunfrú.



Silfurkambur og stúdentanellika.

## Matróna með mikla sögu

Morgunfrúin hefur verið í ræktun frá alda öðli. Framan af fyrst og fremst sem matjurt og lækningajurt. Uppruni hennar er við norðanvert Miðjarðarhaf og hið latneska heiti hennar „Calendula“ er ævafornt og mun merkja að hana megi sjá þar í blóma árið um kring. Viðurnefnið „officinalis“ bendir svo til þess að hún hafi verið – og er reyndar enn – í lyfjaskápum apótekanna. Græðimáttur plöntunnar er rómaður og í hillum náttúrulækningabúðanna mjá sjá ótal preparöt sem byggð eru á morgunfrú í öllum formum. Rómverjar hinir fornu kölluðu morgunfrúna „herba purificatoria“, þ.e. jurt hreinsunarinnar og allra meina bót við meltingartruflunum og uppákomum innvortis. Líklega hafa þeir líka iðulega átt við slíkt ástand að stríða eins og matarvenjum þeirra var háttað, einkum meðal heldra fólks. En morgunfrú má nota í hrásalat, bæði blöð og blóm. Bragðið er milt og mýkjandi. Seyði af morgunfrú dregur úr sviða og flýtir fyrir því að smáskeinur á hörundi gรói. Blóm morgunfrúar eru ætíð á gula og gullinrauða sviðinu, eins og sólin sjálf. Ýmist eru þau alfyllt eða einkrýnd. Til eru bæði lágvaxnar og hávaxnar sortir. Ýmsar sagnir og átrúnaður tengist blómum morgunfrúa. Það var til dæmis alveg óbrigðult ráð að láta dapurt fólk horfa á morgunfrúarblóm til að það fengi gleði sína á ný. Og þeir sem voru sjónlitlir áttu líka að stara á morgunfrúr um nokkra hríð til að styrkja sjónina. En svo voru það þeir sem vildu læra að skilja fuglamál. Til þess þurftu þeir bara að ganga á morgunfrúarblómum heilan dag frá sólarupprás til sólarlags. Ekki mátti út af stíga á annað kusk, ekki drekka og ekki nærast. Svo varð að hugsa allt fallegt og ekki mátti mæla á nokkurn mann. Ef ekki tókst til eins og skyldi, var það af því að viðkomandi voru ekki hreinar meyjar. Það gilti um bæði kyn!

## Silfrað og rautt

Áberandi litir þurfa mótvægi. Þess vegna eru silfurkambar nauðsynlegir til að undirstrika sterka liti. Silfruð og fallega formuð blöð þeirra fara vel við stórgerðari plöntur með bláum, bleikum eða rauðum blómum – og gefa um leið framandi og virðulegt yfirbragð sem helst minnir á hallargarða í suðlægari löndum. Og það þarf ekki stóra fleti til að fá þessi áhrif fram. Myndin sem fylgir þessum pistli var tekin í Grasagarðinum í Laugardal í fyrrasumar. Hún sýnir rauða stúdentanellikku umvafða silfurkambi. Án silfurkambsins væri stúdentanellikkan, sem er þó fín út af fyrir sig, alls ekki jafn áhugaverð.

## Stutt og laggott

Sumarblóm njóta sín best á áberandi stöðum þar sem flestir geta glaðst við að horfa á þau. Það skemmir ekki fyrir að staðurinn sé sólríkur og skjólgóður. Moldin þarf samt alltaf að vera úrvalsgóð garðmold, og það er ekki gott að rækta sömu tegundir á sama stað í sömu mold ár eftir ár. Skiptið um reglulega, annað hvort um jarðveg eða plöntutegundir. Við langvarandi ræktun einnar tegundar á einum stað myndast s.k. jarðvegsþreyta, sem stafar af því að margvíslegar örverur, kvillar og smákvikindi, sem hverri tegund tengjast, safnast upp og geta magnað árásir á hana. Þess vegna er gott að rjúfa hringinn, helst með því að láta enga hringrás myndast og hafa alltaf þrjú ár á milli ræktunartímabila hverrar tegundar á hverjum stað. Plantið hóflega þétt í beðin. Góð regla er að hafa bilið á milli plantnanna um það bil helming af uppgefinni hæð þeirra. Gefið áburð fyrir útplöntun, u.þ.b. 30 grömm af alhliða garðáburði á hvern fermetra. Eftir því sem því verður við komið er gott að klippa burt öll „útblómguð“ blóm. Það tefur tilhneiginguna til fræmyndunar og örvar blómgunina.


Kaffibollar fyrir HM



Villeroy & Boch
Kringlunni



Gluggar & hurðir



Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is



Kíkið á þetta!

Gómsætt á grillið

Tjarnargerð

Glæsigarður á Akureyri




Áskriftarsími 586 8005



SERICA
SILKIBLÓM & GJAFAVARA

Opið frá 11-18 virka daga • Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 5651504


sorpa }



Nú er dýrara að skila timbri inn til Sorpu en áður.

## Timbrið kostar

MÓTTÖKUGJALD Á TIMBRI HÆKKAÐI Í SÍÐUSTU VIKU HJÁ SORPU.

Ástæða hækkunarinnar er mikil aukning af timbri sem kemur inn til móttökustöðvarinnar í Gufunesi.
Frá og með 13. júní síðastliðnum tók í gildi ný verðskrá fyrir móttöku á timbri í móttökustöð Sorpu í Gufunesi. Móttökugjald á timbri hækkaði við breytinguna úr 2,79 krónum á kílóið upp í 3,85 krónur á kíló.
Á síðustu árum hefur magn timburs sem berst til móttökustöðvar Sorpu í Gufunesi aukist mjög. Aukning á milli árana 2004 og 2005 var til að mynda 24% og má rekja verðhækkunina til þessarar aukningar.



## VONDAR FERÐIR STANDA UPP ÚR

*Steingrímur Jónsson*

SJÁ BLS. 2




## PRÍMUS OG ULLARSOKKAR

*Gátlisti fyrir útileguna*

SJÁ BLS. 13

[ SÉRBLAÐ UM FERÐALÖG INNANLANDS – FIMMTUDAGUR 22. JÚNÍ 2006 ]

# sumarið 2006



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## EFNISYFIRLIT


FERÐALAGASJÚK FJÖLSKYLDA
*Ferðabók Fífusólar*
BLS. 2

ÞURFA AÐ ÞORA
*Adrenalíngarðurinn á Nesjavöllum*
BLS. 4

GRÁSLEPPA OG SELUR
*Bryggjuhátíð á Drangsnesi*
BLS. 4

REYNA AÐ SKORA Í DRULLUNNI
*Útihátíð á Ísafirði*
BLS. 6

MIKLAR LÍKUR Á AÐ REKAST Á HVAL
*Hvalaskoðun*
BLS. 6

Á VIT SKÁLDANNA
*Skáldin í Mosfellsdal*
BLS. 8

GAMLA TJALDIÐ Á UNDANHALDI
*Tjaldsvæðið í Þrastaskógi*
BLS. 10

EKKI EINKAMÁL
*Faktorshúsið á Ísafirði*
BLS. 10

GAMALL BÁTUR NOTAÐUR SEM BAR
*Humarhátíðin í Höfn*
BLS. 11

EIGA VON Á HNÚFUBAKI
*Sæferðir í Stykkishólmi*
BLS. 12

Á FERÐ UM LANDIÐ
*Ljósmyndir Vilhelms Gunnarssonar*
BLS. 14


Heineken.is
ENGAR MÁLAMIÐLANIR, NJÓTUM LÍFSINS TIL FULLS!



Kristín Helga Gunnarsdóttir rekur vinsældir bókanna um Fíusól til þess hversu auðvelt börn eigi með að samsama sig aðalpersónunni, sem fæst við raunsæislegar aðstæður sem börn glíma við á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ferðalagasjúk fjölskylda

Nýverið kom út Ferðabók Fíusólar, eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, sem sver sig frá fyrri sögum um samnefnda persónu þar sem hún er uppfull af leikjum og þrautum fyrir sumarið.

„Þessi leikjabók er alveg í anda Fíusólar,“ byrjar Kristín á því að segja. „Þessi persóna hefur hreiðrað um sig í hjörtum margra barna, þannig að okkur Halldóri Baldurssyni teiknara, sem myndskreytir bókina, þótti skemmtilegt að hún færi í ferðalag með þeim í sumar.“

Aðspurð um hvað geri Ferðabók Fíusólar ólíka öðrum ferðabókum handa börnum, segist Kristín byggja hana á reynslu sinni af uppeldi og ferðamennsku. „Allir sem eiga börn, vita hversu óþolinmóð þau geta orðið á ferðalögum,“ útskýrir hún. „Margir foreldrar verða sér úti um dvd-spilara til að kaupa sér smá frið. Við Halldór vildum útbúa einhvern annan valkost, enda er hægt að gera alls kyns skemmtilega leiki úr umhverfinu sem þýtur framhjá.“



Ekki nóg með nú sé komin út sjálfstæð leikjabók með Fíusól, heldur er von á þriðjunni bókinni um persónuna seinna á þessu ári þannig að aðdáendur söguhetjunnar hafa yfir mörgu að gleðjast.



# Hótel Sóley á Dalvík

Nýtt hótel, Hótel Sóley, hefur verið opnað á Dalvík. Þetta er skemmtilegt 25 herbergja hótel, en húsnæðið gegndi áður hlutverki heimavistar Dalvíkurskóla. Hverju herbergi fylgir baðherbergi, sjónvarp og aðrar nauðsynjar. Hótelið er útbúið fallegum veitingasal þar sem fjallahringur Svarfaðardals blasir við út um gluggann. Í kjallaranum verður hita- og þurrkklefi fyrir skíðaútbúnað. Sjá www.hotel-soley.com.


Mest lesna tímarit landsins!




51% 18% *
Meðallestur á tbl. 20-50 ára

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

birta

* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.




Þessa mynd tók Steingrímur norðan við Dyngjujökul í jeppaferð með Útivist árið 2002. Farið var Gæsavatnaleið sem þykir hin mesta manndómsraun, en flestir fara bara einu sinni.

# Vondar ferðir standa upp úr

Steingrímur Jónsson verkefnastjóri hjá KB banka hefur verið duglegur við að ferðast innanlands og hefur ratað í alls kyns ævintýri.

„Ég gleymi því seint þegar ég gekk Laugaveginnn fyrir fimm árum síðan, en óhætt er að segja að veðurguðirnir hafi ekki reynst mér vel í það skiptið,“ segir Steingrímur. „Ég var þá annar tveggja fararstjóra sem fór með tuttugu manna hóp yfir svæðið. Fyrstu dagleiðina var gengið frá Landmannalaugum til Álftavatns, en við urðum að gera hlé þar sem við lentum í þvílíku roki og slyddu á leiðinni. Þegar við höfðum hlýjað okkur aðeins var haldið áfram.“

Að sögn Steingríms rigndi eins og hellt væri úr fötu nóttina fyrir síðustu dagleiðina, þegar gist var á Emstrum. „Það hafði ekki rignt jafn mikið á svæðinu í heil tuttugu og fimm ár, þannig að það átti að vera ófært inn í Þórsmörk og Bása,“ segir hann. Við létum það hins vegar ekki stöðva okkur og gengum í úrhellisrigningu. Þegar við Guðrún Guðnadóttir fararstjóri óðum út í Þrönguá, náði vatnið okkur upp í mitti en yfirleitt nær það bara upp í hné.“

Þótt útlitið hafi verið svart í fyrstu gekk vel að koma mannskapnum yfir ána. „Í aðstæðum sem þessum skiptir máli að fáir fari yfir í einu,“ útskýrir Steingrímur. „Svo má ekki horfa ofan í vatnið því þá er hætt við að menn svimi og þeim skriki fótur.“

Þegar á leiðarenda var komið stóð til að drekka rauðvín og borða steik, en þá kom í ljós að ekki hafði tekist að senda birgðirnar vegna ófærðar, svo pastapakkinn var tekinn fram enn einu sinni öllum til mikils ama.

„Eins og í öllum góðum ferðum fór þó allt vel að lokum, þar sem veðurblíða ríkti og allir lifðu af,“ bætir Steingrímur glaðlega við í lokin.



Fararstjórastarfið getur verið fjölbreytilegt og krefjandi, eins og sést hér þar sem Steingrímur ber barn yfir á. Myndina tók Delia Kristín Howser.



Steingrímur Jónsson hefur ferðast mikið innanlands og við alls kyns aðstæður. Hann segir að vont veður sé bara hugarástand. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



Þessa mynd tók Steingrímur af Jökultungum. Horft er til suðurs yfir Álftavatn (nær) og Torfavatn (fjær).


FERÐAFÉLAGI
CINTAMANI ER ÍSLENSKUR ÚTIVISTARFATNAÐUR HANNAÐUR
SVO ÞÉR LÍÐI VEL VIÐ ALLAR AÐSTÆÐUR. FÆST UM LAND ALLT.
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG!

# Friðrik V Brassiere á Akureyri

Friðrik V Brassiere er ósvikinn eyfirskur veitingastaður, við Strandgötu 7 á Akureyri, þar sem áhersla er lögð á íslenska og evrópska matargerð eins og hún gerist best. Unnið er úr vönduðu og fersku íslensku og evrópsku hráefni en lostæti eins og kræklingur, laxahrogn, hangikjöt, þorskur, saltfiskur og skyr eru meðal annars á boðstólum. Þá eru gamlir íslenskir réttir á borð við saltkjöt með rófum og kjötsúpu framreiddir með nýstárlegum hætti. Ofnbakaður lambavöðvi með mysuosti og pistasíuskorpu er mjög vinsæll.






Karl Ingólfsson, einn aðstandenda Adrenalíngarðarins, tekur á móti alls kyns hópum af fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þurfa að þora

**Vinsældir jaðaríþrótta fara vaxandi hérlendis. Til marks um það stendur Adrenalíngarðurinn á Nesjavöllum opinn allt árið um kring, en þar er tekið á móti hópum, jafnt saumaklúbbum sem steggjapartíum.**

„Líkamlegt form skiptir litlu máli þegar þrautirnar eru annars vegar," segir Karl Ingólfsson, einn aðstandenda Adrenalíngarðsins, spurður hvort nauðsynlegt sé að vera í góðu formi til að geta tekið þátt. „Menn þurfa að herða upp hugann, en ekki skrokkinn, til að geta verið með. Einn þekktasti íþróttamaður landsins þurfti til dæmis ekki minni tíma en aðrir til að telja í sig kjark áður en hann fór af stað."



Það er fremur hugarástand en líkamlegt form sem ræður því hvort menn geta tekist á við þær þrautir sem bíða þeirra í Adrenalíngarðinum. MYND ÚR EINKASAFNI

Inntur eftir því hvernig staður Adrenalíngarðurinn sé, segir Karl að þetta sé svokölluð háloftabraut. „Í garðinum er farið í gegnum ákveðna dagskrá, en í grunninn standa þrír tveggja til fjögurra tíma pakkar til boða," útskýrir hann. „Til dæmis er boðið upp á þrautabraut í tíu metra hæð, Háloftabrautina fyrrnefndu, og svo er annar pakki, Klifur, Risaróla og Staur, sem byggist upp á samnefndum þrautum."



Ein áskorunin felst í því að standa uppi á 10 metra háum staur sem er ekki nema 30 cm í þvermál. Markmiðið er að ná að standa uppréttur á staurnum og láta sig síðan falla niður af honum, en sérstök bönd tryggja öryggi þátttakenda. MYND ÚR EINKASAFNI



Adrenalíngarðurinn er opinn allt árið um kring en þar er tekið á móti hópum, minnst sex manns í einu. Bóka verður fyrirfram. Nánari upplýsingar eru á www.adrenalin.is. MYND ÚR EINKASAFNI






Ýmsar kræsingar eru á boðstólunum á Bryggjuhátíðnni eins og ufsa- og selabollur, lundi, grásleppa og selur.

# Grásleppa og selur

**Bryggjuhátíðin á Drangsnesi er 10 ára þann 22. júlí, en hún hefur verið haldin á hverju ári þessa sömu helgi síðan 1996..**

Bryggjuhátíðin á Drangsnesi er fjölskylduskemmtum eins og þær gerast bestar, þó hún standi aðeins í einn dag. Dagurinn er nýttur til hins ýtrasta. Börnin byrja daginn með dorgveiðikeppni í Kokkálsvík um morguninn og er alltaf mikið fjör þar og vel sótt. Um hádegið er síðan sjávarréttasmakkið við frystihúsið. Sjávarréttasmakkið er helsta sérkenni hátíðarinnar. Þar er gestum boðið að smakka á ýmsum réttum sem allir eiga það þó sameinginlegt að fást úr sjónum. Grilluð, sigin grásleppa, selur og lundi eru á matseðlinum svo og ufsa- og selabollur ásamt ýmsu fleiru áhugaverðu. Borðið svignar undan kræsingunum og allt er frítt.

Siglingar út í Grímsey á Steingrímsfirði eru allan daginn en þar er fuglalíf fjölbreytt enda er eyjan algjör náttúruparadís. Þar er talin vera stærsta lundabyggð í heimi á einni eyju. Því er stundum haldið fram að Drangsnesingar hafi fundið upp grásleppuna. Sú fullyrðing skal látin liggja milli hluta en þeirri skepnu er alltaf gert hátt undir höfði á Bryggjuhátíðinni. Ein af sýningum dagsins er grásleppusýning, jafnframt eru myndlistar- og ljósmyndasýningar í gangi. Söngvarakeppni og hoppukastalar eru fyrir börnin en einnig er öllum boðið frítt á kvöldskemmtun meðan húsrúm leyfir og þar ræður gleðin ríkjum. Meðal þeirra sem fram koma á kvöldskemmtuninni með honum Ragga Torfa sem stjórnar gleðinni er Ingó idolstjarna en hljómsveitin í Ingó og veðurguðirnir mun svo einnig sjá um fjörið á ballinu um kvöldið. Bryggjuhátíðin er samvinna allra íbúa sveitarfélagsins og leggja flestir þeirra hönd á plóg.



Tjöld
2ja - 6 manna
verð frá 4.900 kr.
Göngustafir
fyrir alla
verð frá 2.990 kr.
Svefnpokar
fyrir allar aðstæður
verð frá 7.900 kr.
Bakpokar
15-70 l, verð frá 1.900 kr.
Það sem þú þarft
og meira til!
Hengill
göngubuxur
8.650 kr.
Glymur
öndunarjakki
29.990 kr.
Glymur
Softshell, dömu
19.950 kr.
Tindur
Technical
16.950 kr.
Vík
Powerstrech
9.700 kr.
Merino ullarnærföt
bolur 5.900 kr.
buxur 4.900 kr.
Gönguskór
margar gerðir
Hitabrúsar
þrjár stærðir
Prímusar og pottar
mikið úrval
Ljós og mælar
í miklu úrvali
www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - AKUREYRI: Glerárgata 32
ÚTIVISTARBÚNAÐUR: Faxafen 12, Reykjavík - Glerárgata 32, Akureyri
66°
NORÐUR



## Ráin í Keflavík

Ráin er talinn vera með betri veitingastöðum Keflavíkur. Í hádeginu er hægt að velja um breskan morgunmat, súpu eða fjóra aðalrétti. Á kvöldin er stílað inn á a la carte-matseðil. Staðurinn er rómaður fyrir humarhala og lambalæri, sem er borið fram fyrir tvo. Þá þykir sjávarréttagratín hússins einstaklega gott. Sjá www.rain.is.



## Hótel Hekla á Selfossi

Hótel Hekla er skemmtilegt sveitahótel sem stendur á Skeiðum með gott útsýni til allra átta. Á hótelinu eru 37 herbergi búin öllum helstu nútímaþægindum, svo sem baðherbergi, sjónvarpi og þráðlausu internetsambandi fyrir þá sem vilja. Í veitingasal hótelsins er hægt að panta ýmsa ljúffenga rétti og rúmgóðir fundarsalir með góðum tækjabúnaði standa hópum til boða. Sjá nánar www.hotelhekla.is.



Í fyrra kepptu níu karlalið og átta kvennalið í mýrarbolta á Ísafirði. Eins og sjá má á þessari mynd var tekið vel á því. Nánari upplýsingar á www.myrarbolti.com. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL ÖNUNDARSON

# Menn reyna að skora í drullunni

Áhugi fyrir útivist og hollu líferni hefur aukist verulega á Íslandi síðastliðin ár. Á Ísafirði hafa menn brugðist við þessum aukna áhuga með sérstakri útihátíð og mýrarboltamóti sem haldið verður í sumar.

„Ótrúlegt en satt þá slasaðist enginn í fyrra,“ segir Rúnar Óli Karlsson ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar um Mýrarboltamótið á Ísafirði á síðasta ári, sem verður aftur 11.-13. ágúst í ár. „Keppt er í fótbolta í mýrum, þar sem menn reyna að skora í drullunni. Sex leikmenn eru í hverju liði og tveir-þrír varamenn.“

Að sögn Rúnars nýtur mýrarbolti töluverðra vinsælda og í Finnlandi er haldið heimsmeistaramót í íþróttinni, þar sem hátt í þrjú hundruð lið keppa. Hann vonast til að sjá erlend lið hérlendis á næsta ári, en segir nú hafa verið einblínt á þau íslensku. Þátttaka var góð í fyrra, svo búast má við spennandi móti í ár.

Þeir sem ekki hafa þolinmæði til að bíða eftir Mýrarboltakeppninni geta huggað sig við það að stór útivistarhátíð, Útilífveran, verður haldin á Ísafirði dagana 13.-16. júlí. „Þar getur almenningur tekið þátt í ýmsum útivistarviðburðum, svo sem fallgöngu, ratleikjum og siglingum, hjólreiðaþrautum og púttmóti,“ útskýrir Rúnar. „Fólk getur líka fylgst með eða keppt í jaðaríþróttum á borð við erfiðan ratleik, fjallahjólamót og -maraþon, svo fátt eitt sé nefnt.“



Keppt verður í kitesurfing, eða flugdrekareið eins og það útleggst á íslensku, á Útilífverunni, en hún er ein af jaðaríþróttunum sem verða á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEPHANIE BRIDGE



Þessi mynd er tekin frá kajakkeppninni í fyrra, en í ár verður keppt í tveimur vegalengdum, það er að segja 3 km og 10 km. Sjá www.utilifveran.is. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON








Hafsúlan er stærsti hvalaskoðunarbátur landsins og tekur allt upp í 150 farþega. FRÉTTABLAÐIÐ/KJARTAN P. SIGURÐSSON WWW.PHOTO.IS

# Miklar líkur á að rekast á hval

Hvalaskoðunartímabilið fór vel af stað í sumar og því ætti enginn að verða svikinn af því að skella sér í skoðunarferð með Hafsúlunni – Hvalaskoðun.

„Það eru miklar líkur á því að sjá hval, en það sást til hvala í 98 prósenta tilfella á síðasta tímabili,“ segir Steinþór Einarsson rekstrarstjóri Hafsúlunnar – Hvalaskoðunar. „Hvalaskoðunartímabilið fór mjög kröftuglega af stað í ár, þannig að við búumst við góðu sumri. Algengast er að sjá hrefnu, hnísu, hnúfubaka og höfrunga. Ef svo óheppilega vill til að ekki bóli á hvölum þá bjóðum við endurkomumiða,“ bætir hann við.

Samkvæmt Steinþóri kemur fólk hvaðanæva úr heiminum til að fara í hvalaskoðunarferð, en dæmigerður túr hefst á því að Hafsúlunni, sem er stærsti hvalaskoðunarbátur landsins, er siglt frá Ægisgarði í Reykjavíkurhöfn út til nærliggjandi eyja, meðal annars til að skoða lunda. Síðan er haldið á hvalaslóðir.

„Ferðin tekur um þrjá tíma, svo margir velta líklega fyrir sér hvort þeir þurfi að mæta klyfjaðir af nesti,“ segir Steinþór. „Það er þó algjör óþarfi þar sem hægt er að kaupa veglegar veitingar um borð í Hafsúlinni, svo sem súpu, heitar samlokur, sælgæti og kaffi. Barinn er hafður opinn á meðan ferðinni stendur.“ Nánari upplýsingar á vefsíðunni www.whalewatching.is.




# Upplifðu Ísland

## með Iceland Excursions Allrahanda - Gray Line Iceland

Iceland Excursions Allrahanda - Gray Line Ísland býður til þjónustu einn yngsta hópferðabílaflota á Íslandi, þar sem öryggi og þægindi fara saman.
Við erum aðilar að viðskiptasérleyfi Gray Line sem eru stærstu samtök í heimi á sviði skoðuna- og pakkaferða. Það tryggir fyrsta flokks gæði og ábyrga þjónustu.

Hafið samband og fáið okkar aðstoð til að setja saman ferð að ykkar þörfum.

Icelandexcursions GRAY LINE ICELAND

GRAY LINE ®

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS
www.ferdalag.is

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími: 540 1313 · Fax: 540 1310
www.ruta.is · ruta@ruta.is

## Reykjanesviti

Reykjanesviti var fyrsti viti landsins, en hann var tekinn í notkun þann 1. desember árið 1878 á Valahnúki á Reykjanesi. Hann var úr höggnu grjóti og var byggður við bjargbrúnina, en skemmdist í jarðskjálfta nokkrum árum síðar, en var endurnýjaður 1897. Núverandi viti var hins vegar byggður á Bæjarfelli á árunum 1907-1908. Afar skemmtilegt er að heimsækja vitann þar sem allt umhverfi hans er einstakt. Hraunið sem einkennir Reykjanesið liggur nánast upp að honum og má finna jarðhita við hann sem litar umhverfi sitt fögrum litum. Fyrir innan sjávarkambinn sunnan við vitann er Reykjanestjörn en í henni gætir sjávarfalla. Hvorki er aðrennsli né frárennsli á yfirborði en sjá má hvar vatn streymir upp úr botni hennar í nokkurs konar uppsprettum. Við tjörnina er einnig Valbjargargjá, sem er volg, en þar var sundkennsla Grindvíkinga um nokkurra ára skeið fyrr á öldinni. Undan ströndinni er móbergsdrangurinn Karl, 52 metra hár. Einnig er þar mikið bjarg þar sem fuglalíf er skrautlegt og fjölbreytt.



# Ingólfsskáli í Ölfushreppi

Ef þú vilt upplifa sannkallaða víkingastemningu þá er Ingólfsskáli í Efstalandi í Ölfushreppi málið. Skálinn er í víkingastíl og matur að hætti landnemanna. Reykt hangikjöt, silung, síld, harðfisk og rúgbrauð má fá í forrétt, lambasteik eða kjúkling í aðalrétt, en skyr og bláber eru vinsæll eftirréttur. Hægt er að panta bjór og hornasnafs með mat og borðbúnaður er í víkingastíl. Sjá www.basinn.is.





Hér sjást Guðrún, Maríanna og Jón flytja efnið í Mosfellskirkju. Leikararnir þurfa að vera snarir í snúningum við búningaskipti þar sem þeir bregða sér í mörg hlutverk í ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á vit skáldanna

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona hefur staðið fyrir sérsniðnum hópferðum á slóðir Einars Benediktssonar og Ólafíu Jóhannsdóttur. Hún er nú farin af stað með nýja ferð sem hefur slegið í gegn.

„Ég er nýfarin af stað með dagskrá sem ber yfirskriftina Á vit skáldanna í Mosfellsdal og Hvalfirði, segir Guðrún. „Ég var alltaf að fá símtöl frá fólki sem hafði farið á önnur námskeið hjá mér og vildi vita hvort ég væri ekki með eitthvað nýtt á prjónunum. Það varð til þess að ég hannaði nýju ferðina."

Guðrún segir að dagskráin hefjist í Mosfellskirkju á flutningi Messunnar á Mosfelli. „Sagt er frá Ólafíu Jóhannsdóttur," útskýrir hún.



Gestir fylgdust með leikurunum flytja brot úr Innansveitarkroniku Halldórs Laxness, og eins og sést á þessari mynd leyndi innlifunin sér ekki.

„Síðan er brot flutt úr Innansveitarkroniku Halldórs Laxness, en ég nýt aðstoðar góðra leikara, þeirra Maríönnu Clöru Lútersdóttur, Jóns Júlíussonar og Karls Guðmundssonar."

Að sögn Guðrúnar er að svo búnu keyrt af stað í Hvalfjörðinn, en á leiðinni eru sögð brot úr sögu Hólmverja. „Leiðin liggur til Hótel Glyms þar sem veitingar eru í boði," útskýrir hún. „Á meðan gestirnir snæða veitingarnar bregður Maríanna sér í hlutverk fjallkonunnar og flytur ljóð um Helgu Jarlsdóttur eftir Davíð Stefánsson, en það er mjög áhrifamikið að hlýða á fjallkonuna fara með ljóð um raunverulega konu sem bjó þarna."

Ferðinni lýkur með heimsókn í Saurbæjarkirkju þar sem efni eftir Guðrúnu er flutt, en það byggir á sögum um æsku Hallgríms Péturssonar. „Ég sótti heimildir í smiðju föður míns, sem þótti vænt um Hallgrím, og svo hjálpaði Inga Huld Hákonardóttir mér með heimildasöfnun," segir hún í lokin. Nánari upplýsingar eru á www.storytrips.com.



Það er ekki skrítið að Guðrún skuli hefja dagskrána í Mosfellskirkju, þar sem hún þykir vera með fallegri kirkjum landsins. Fyrir utan kirkjuna er stytta af Ólafíu Jóhannsdóttur, sem leikararnir segja meðal annars frá.







Uppskrift
að skemmtilegum degi
á Akranesi!

Þú getur tekið hring á hinum margrómaða golfvelli Skagamanna, Garðavelli á meðan börnin leika sér í Garðalundi, útivistarsvæði og skógrækt Akurnesinga, þar sem finna má leiktæki og sparkvelli fyrir börn á öllum aldri að ógleymdum strandblakvellinum vinsæla. Þaðan getur þú gengið niður á Safnasvæðið og tekið þér góðan tíma í að skoða og spekúlera og upplifa liðna tíma á lifandi safnasvæði. Næst liggur leiðin niður á Langasand, þar sem hægt er að hlaupa um í flæðarmálinu, tína flotta steina og skeljar, byggja sandkastala í fínum kolsvörtum sandinum eða bara flatmaga í sólinni. Þennan skemmtilega dag má svo enda á að skreppa í sund, prófa vatnsrennibrautina og láta þreytuna líða úr sér í heitum pottunum.

**Komdu og eigðu skemmtilegar stundir - á Skaganum!**

Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akranesi
Sími: 431 5566 - museum@museum.is

www.visitakranes.is


# Í hátíðarsal Skagafjarðar

Fyrirtækið Gestir og gangandi tók við rekstri ferðaþjónustunnar að Hólum um síðustu mánaðamót. Hótelstjóri er Rósa María Vésteinsdóttir.

Að Hólum er boðið upp á gistingu, veitingar, tjaldsvæði og sundlaug, fyrir utan hið stórbrotna umhverfi og merku sögu sem staðurinn er þekktur fyrir. Framkvæmdastjóri ferðaþjónustunnar er Þórólfur Sigjónsson. Rósa María segir sumarið fara vel af stað á Hólum og bjart yfir framhaldinu. „Það er nú annað hvort," segir hún hressilega. „Hólastaður á 900 ára afmæli og svo er landsmót hestamanna að hefjast hér í Skagafirði."

Rósa er Skagfirðingur í húð og hár og hefur mikla reynslu af ferðaþjónustu, meðal annars sem aðstoðarhótelstjóri sumarhótelsins Áningar í Varmahlíð, auk þess að hafa lokið námi við ferðaþjónustubraut Hólaskóla. Hún er því á heimaslóð.

Þetta sumar er boðið upp á 70 rúm við hótelið á Hólum, bæði í skólahúsinu og smáhýsum í kring. Tjaldstæðin eru tvö. Annað í skóginum ofan við grunnskólann og annað sunnar sem meira er notað fyrir ættarmót og stóra hópa. Gæði veitingastaðarins á Hólum koma mörgum á óvart, að sögn Rósu Maríu. „Veitingastaðurinn Undir Byrðunni hefur fengið það orð á sig að vera best geymda leyndarmál Norðurlands," segir hún og tekur fram að staðurinn sé aðili að verkefninu Matarkista Skagafjarðar þar sem áhersla sé lögð á skagfirskt gæðahráefni. Greinilega eru samt ýmsir komnir á bragðið því Rósa María segir mikið um veislur, ættarmót, brúðkaup og aðrar hátíðastundir. „Enda er staðurinn bæði söguríkur og rómantískur," bendir hún á að lokum. Þess ber að geta að ef fólk vantar leiðsögn um staðinn er það Málfríður Finnbogadóttir hjá Hólaskóla sem sér um hana.



Rósa María Vésteinsdóttir hótelstjóri segir sumarið fara vel af stað á Hólum. MYND/SÓLRÚN HARÐARDÓTTIR


GRÍMAN
NÝTT
Egils
APPELSÍN
Mix
NÝTT
SUPERMAN
ÍSPINNI
Djæf
Vanillu
Jarðarberja
Hnetu
Súkkulaði
Popp
Karamellu
Grænn
Lurkar
Tyggjó-
trúður
Vanillu-
stöng
Tommi
og Jenni
Tívolí
Pinnar
Vanillu
Ananas
Daim
Banana
Hnetu
Toppar
Sykurlausir
Lurkar
Appelsínu
Grænn
NÝTT
SJEIK
Jarðarberja
Súkkulaði
emmessís
Öllum brögðum beitt!
SNICKERS
Mars
Ice Cream
Maltesers
ice cream

## Fjöruborðið á Stokkseyri

Veitingastaðurinn Fjöruborðið á Eyrarbraut 3 á Stokkseyri er margrómaður fyrir ljúffengan, grillaðan humar með hvítlauk og smjöri, borinn fram með góðu brauði og salati. Aðeins er unnið með ferskt hráefni enda stendur staðurinn við fjöruna. Þá þykir humarsúpan vera einstök. Fyrir þá sem ekki borða humar má velja á milli lambafillets og nauta carpaccio sem er hvort tveggja með góðu meðlæti. Sérstakur barnamatseðill er á staðnum. Sjá www.fjorubordid.is.



## Narfeyrarstofa í Stykkishólmi

Á Narfeyrarstofu við Aðalgötu 3 í Stykkishólmi (í miðbænum við hlið gömlu kirkjunnar) er boðið upp á ferskan afla úr Breiðafirði, svo sem humar, rauðsprettu og skötusel. Af eftirsóttum réttum má nefna hörpuskel, þorsk, reyktan svartfugl, léttsoðið egg í brauðbollu með salati og fiskisúpu, byggða á soði af humarskeljum, trjónukrabba og fiski, sem hefur notið samfelldra vinsælda frá upphafi. Ekki nóg með að Narfeyrarstofa bjóði upp á ljúffengan mat heldur standa eigendur staðarins nú fyrir hestvagnaferðum um bæinn.






**ÚTILÍFVERAN 2006**

Útivistarhátíð á Ísafirði 13. - 16. júlí

FULLT AF FJÖRUGUM VIÐBURÐUM FYRIR ALLA





- Bátafjör -
- Kajakkeppnir -
- Siglingakeppnir -
- Háskagrillun -
- Amazing Race -
- Gönguferðir -
- Námskeið -
- Innivist -
- Miðnæturgolf -
- Hundaþrautir -





ERTU **ÚTILÍFVERA**?

www.utilifveran.is




Garðar er ánægður með aðsóknina á svæðið og segir að fyrirhugað sé að halda þar tónleika í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gamla tjaldið á undanhaldi

Margir telja Þrastaskóg með fallegri útivistarsvæðum Íslands. En hver er aðsóknin á svæðið og hvaða reglur eru þar í gildi?

„Aðsóknin er góð þótt það fari heldur minna fyrir gamla tjaldinu en áður," segir Garðar Kjartansson, rekstraraðili Þrastalundar sem hefur umsjón með tjaldsvæðinu í Þrastaskógi. „Hústjöld og húsvagnar eru meira áberandi. Fækkun tjalda má líka rekja til fjölgunar sumarbústaða en verið er að byggja 600 sumarbústaði á innan við tíu kílómetra radíus frá Þrastalundi."

Að mati Garðars er margt sem ræður aðsókninni í Þrastaskóg. „Hér ríkir náttúrulega logn vegna hárra trjáa," útskýrir hann og bætir við að fjöldi göngustíga um svæðið og góð salernisaðstaða nálægt tjaldsvæðinu skemmi heldur ekki fyrir.



Garðar líkir Þrastaskógi við falinn fjársjóð, þar sem svæðið er hulið háum trjám svo það fer stundum alveg fram hjá vegfarendum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÖKULL ÓLAFSSON

Líkt og á öðrum tjaldsvæðum ríkja síðan ákveðnar reglur í Þrastaskógi, sem gott er að þekkja. „Á tjaldsvæðinu er vörður sem sér um að þeim sé framfylgt," útskýrir Garðar. „Það er til dæmis bannað að kveikja eld í skóginum, þar sem við viljum auðvitað koma í veg fyrir skógarelda. Á móti kemur að hér er góð aðstaða til að elda utanhúss. Svo krefjumst við snyrtilegrar umgengni og að fólk sýni hvert öðru tillit. Það er til dæmis bannað að spila háværa tónlist fram eftir öllu, en hlýði fólk því ekki þá er lögregla kölluð til."

En hvernig skyldi landanum ganga að fara eftir þessu fyrirkomulagi? Að sögn Garðars hlýða flestir settum reglum og umgengni á svæðinu er til fyrirmyndar. „Fólk tekur í flestum tilvikum tillit hver til annars og unga fólkið stendur sig mjög vel í því samhengi," segir hann. „Það er auðvitað alltaf einhverjar undantekningar á því, en þær eru sjaldgæfar," bætir hann við.

# Menningararfur þjóðarinnar

Fyrir þrettán árum festu hjónin Áslaug Jóhanna Jensdóttir ferðaþjónn og Magnús Helgi Alfreðsson húsasmíðameistari kaup á einu elsta húsi landsins, staðsettu í Ísafjarðarbæ, og gerðu upp, en þar er nú skemmtilegt veitingahús og gistiheimili rekið.

„Við vildum tengja saman menningu og ferðamál," segir Áslaug um kaup þeirra hjóna á Faktorshúsinu á Ísafirði. Húsið var 70 ár í eigu Ísafjarðarkaupstaðar áður en þau keyptu húsið 1993 og hófu endurbætur á því fimm árum síðar. „Við ákváðum fyrst að hafa kaffi- og veitingahús í húsnæðinu, þar sem nú er boðið upp á fisk og aðrar kræsingar, enda litum við svo að húsið væri ekki einkamál heldur tilheyrði menningararfi íslensku þjóðarinnar," bætir hún við.



Þótt Faktorshúsið sé í gamaldags stíl eins og hér sést, er það búið helstu nútímaþægindum. Sem dæmi geta fartölvueigendur notfært sér þráðlaust net. Mynd tók Halldór Sveinbjörnsson.



Lokrekkja og svefnbekkur eru málið ef þú vilt upplifa þægilegan svefnmáta. Mynd tók Halldór Sveinbjörnsson.

Að sögn Áslaugar hafði hana síðan lengi dreymt um að hafa svítu í húsinu, en sá draumur varð að veruleika á síðasta ári þegar formlegum endurbótum á húsnæðinu lauk. „Þar inni eru tvær tvíbreiðar lokrekkjur í fullri lengd, í gamaldags stíl en þó búnar öllum nútímaþægindum," útskýrir hún. Almenningi stendur því nú til boða að snæða og gista á sögulegum slóðum, í hjarta Ísafjarðarbæjar en senda má tölvupóst á gistias@snerpa.is til að fá nánari upplýsingar.

# Gamall bátur notaður sem bar

Nú styttist óðum í Humarhátíðina á Höfn í Hornafirði. Undirbúningur hefur gengið vel og lofar Árni Rúnar Þorvaldsson, einn skipuleggjenda hátíðarinnar, góðri skemmtun.



Humarhátíðin hefur verið vel sótt í gegnum tíðina og má búast við að allt að 3.000 manns láti sjá sig í ár. Undirbúningur hefur gengið vel en að honum standa Knattspyrnudeildin Sindri, Kvennakór Hornafjarðar og Björgunarfélag Hornafjarðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GALDUR/SIGURÐUR MÁR HALLDÓRSSON

„Humarhátíðin stendur dagana 30. júní-2. júlí og verður opnuð með skrúðgöngu á föstudegi," segir Árni. „Hátíðarsvæðið er venju samkvæmt niður á bryggju, þar sem leiktæki verða fyrir börn enda um fjölskylduvæna hátíð að ræða. Á kvöldin verður Pakkhúsið haft opið og gamall bátur notaður sem bar ef veður leyfir. Ekki má gleyma því að mönnum gefst færi á því að bragða á grilluðum humri alla helgina, sem er eðalsmerki hátíðarinnar," bætir hann við.

„Það verður skemmtidagskrá bæði á föstudegi og laugardegi, en hún er enn í mótun," segir Árni dularfullur í bragði. „Stórdansleikur verður haldinn í íþróttahúsinu á laugardagskvöldinu, þar sem hljómsveitin Á móti sól leikur. Segja mætti að hátíðinni ljúki þegar ballið er yfirstaðið þar sem minna verður um að vera á sunnudeginum."



Humarhátíðin hefur verið vel sótt í gegnum tíðina og má búast við að allt að 3.000 manns láti sjá sig í ár. Undirbúningur hefur gengið vel en að honum standa Knattspyrnudeildin Sindri, Kvennakór Hornafjarðar og Björgunarfélag Hornafjarðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GALDUR/SIGURÐUR MÁR HALLDÓRSSON



Það er hefð fyrir því að hafa hátíðarsvæðið niðri við bryggju og verður ekki gerð undantekning á því í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/GALDUR/SIGURÐUR MÁR HALLDÓRSSON



Skemmtidagskrá verður bæði föstudag og laugardag, en hún er enn í mótun.
FRÉTTABLAÐIÐ/GALDUR/SIGURÐUR MÁR HALLDÓRSSON



Skemmtidagskrá verður bæði föstudag og laugardag, en hún er enn í mótun.
FRÉTTABLAÐIÐ/GALDUR/SIGURÐUR MÁR HALLDÓRSSON



## Hótel Radisson SAS 1919, Reykjavík

Hótel Radisson SAS 1919 er glæsilegt hótel staðsett í Pósthússtræti 2 í Reykjavík. Á hótelinu eru 93 herbergi, prýdd öllum helstu þægindum og í íburðarmiklum stíl. Hótelgestir hafa meðal annars aðgengi að þráðlausu interneti, heilsurækt og tölvuherbergi. Á jarðhæðinni er nýtískulegur matsalur og bar, þar sem ljúffengar veitingar fara saman við fyrsta flokks þjónustu. Sjá www.1919.reykjavik.radissonsas.com.



## Hótel Höfðabrekka í Vík í Mýrdal

Hótel Höfðabrekka er sveitahótel í Vík í Mýrdal, sem er búið 62 tveggja manna herbergjum, vel flestum með baðherbergi. Á hótelinu er veitingasalur, koníakstofa og heitir pottar. Gestum hótelsins ætti ekki að leiðast þar sem hægt er að stunda stangveiði, skella sér í göngutúra, jeppa- eða fjórhjólaferðir auk þess sem önnur afþreying er í boði. Sjá www.hofdabrekka.is.


flugfelag.is | 570 3075









Suður Grænland
- paradís útivistarmannsins

Suðvesturströnd Grænlands, Eystribyggð, er heillandi heimur fyrir þá sem vilja njóta stórkostlegrar náttúrufegurðar á sólríkum sumardögum. Þarna eru góðar laxveiðiár og kjörlendi til gönguferða.

Leitið nánari upplýsinga um það sem er í boði á Suður-Grænlandi, ferðamöguleika, skipulagðar ferðir, gistingu og aðra ferðaþjónustu á **www.flugfelag.is**

Narsarsuaq við Eiríksfjörð
í beinu flugi tvisvar í viku í sumar (6. júní til 22. sept.), á þriðjudögum og föstudögum.

Sumartilboð á netinu:
Frá aðeins 11.800 kr.*
flugfarið á manninn aðra leiðina þegar bókað er á netinu
**– takmarkaður sætafjöldi**

ARCTIC UMIAQ LINE
Blue Ice

Upplifðu stórkostlega strandlengjuna frá Narsarsuaq til Nuuk með Arctic Umiaq Line og margbrotna náttúrufegurð með Blue Ice.
Nánari upplýsingar á www.aul.gl og www.blueice.gl

*Innifalið: Flugfar og flugvallarskattar.
Tikilluaritsi - Velkomin!



"Tikilluaritsi"

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS FLU 33281 06/2006



FM957
ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Auglýsingasími: 550 5000
Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Spennandi dagur að Reykhólum

Á Jónsmessunni verður mikið um dýrðir að Reykhólum en þá verður Reykhóladagurinn haldinn í annað sinn.

Mikið verður um dýrðir á Reykhóladeginum sem haldinn er nú á á laugardaginn. Dagurinn er haldinn í annað sinn, í fyrra var hann haldinn í júlíbyrjun en er nú haldinn á sjálfri Jónsmessunni.

Dagurinn hefst kl. 13 með gönguferð frá Miðjanesi að Heyárfossi og þaðan niður að Skerðingsstöðum. Leiðsögumaður er Halldóra Játvarðardóttir sem betur er þekkt sem Lóa á Miðjanesi, en hún kann skil á öllum þeim fjölda örnefna sem eru á svæðinu. Mæting er kl. 13.00 að Miðjanesi.

Klukkustund síðar hefst dagskrá fyrir framan húsnæði hlunnindasýningarinnar á Reykhólum. Þar verður fornbátasýning, þar sem má líta gamla báta frá Breiðafirði og víðar. Meðal annars munu Aðalsteinn Valdimarsson á Reykhólum, Hjalti Hafþórsson á Akranesi, Eggert Björnsson á Patreksfirði og Hafliði Aðalsteinsson í Kópavogi mæta með báta á staðinn. Kristján Arnarsson frá Stórholti í Saurbæ leikur tónlist fyrir gesti og Freyja Ólafsdóttir, kokkur í Bjarkalundi, mun matreiða skarf og fleira góðgæti fyrir gesti til að smakka. Einnig verður kvenfélagið Katla með sölubás á staðnum o.fl. Að dagskrá lokinni verður grillað í Hvanngarðabrekku í Kvenfélagsgarðinum. Kveikt verður upp í grillinu kl. 16.30 og fólk hvatt til að mæta með eitthvað gott á grillið.

Um kvöldið verður boðið upp á sætaferðir að Hótel Bjarkalundi en þar verður hlaðborð, brenna og ball. Farið verður frá Reykhólaskóla kl. 19.30 og síðan á hálftíma fresti ef aðsókn er næg. Að lokum munu allir velta sér upp úr dögginni.



Hér eru menn að flá sel á Reykhóladeginum í fyrra. Selkjötið var grillað af matreiðslumeistara og vakti mikla hrifningu.



Háhyrningar eru algengustu hvalirnir sem sjást við Snæfellsnes.

# Eiga von á hnúfubak í júlí

Sæferðir sigla með erlenda og íslenska ferðamenn út frá Ólafsvík og freista þess að sjá hinar ýmsu hvalategundir leika listir sínar.

Þó hér hafi synt hvalir í hafinu kringum landið sennilega löngu áður en Ingólfur Arnarson steig hér niður fæti, hafa ekki allir Íslendingar séð hval. Eftir að hvalveiðar hættu fóru menn að bjóða upp á hvalaskoðunarferðir og hafa þær notið vinsælda hjá erlendum ferðamönnum. Íslendingar hafa þó tekið á sig rögg og eru farnir að nýta sér þessar ferðir til að berja augum þessar stórmerkilegu skepnur sem fólk víða um heim gerir ótrúlegustu hluti til að vernda. Sæferðir er eitt þeirra fyrirtækja sem hefur staðið fyrir hvalaferðum frá Ólafsvík. Þaðan eru daglega farnar tvær ferðir frá Ólafsvík fyrir og eftir hádegi, og hver ferð tekur rúmar þrjár klukkustundir.

„Algengustu hvalirnir sem við sjáum eru háhyrningar en þeir eru yfirleitt saman í hópum,“ segir Svanborg Siggeirsdóttir hjá Sæferðum. Hún segir oft tvo til þrjá hópa sjást í einu á svæðinu, með 15-20 háhyrningum í hverjum hóp. „Þeir hafa sést yfir þrjátíu saman,“ bætir Svanborg við og bendir á að háhyrningar halda sig frekar mikið við yfirborðið en stærri hvalir fara meira í djúpkaf.

„Háhyrningar við Ísland sjást ekki hvar sem er, en vel hefur gengið að sjá þá við Snæfellsnesið og virðist þar vera uppvaxtarstaður þeirra, enda höfum við séð nýfædd-an kálf í einum hópnum,“ segir Svanborg.

Á því svæði eru líka hópar af blettahnýðum, sem eru höfrungar. Þeir eru mjög fjörugir og leika sér oft við það að stökkva upp úr vatninum. Einnig hafa hrefnur sést í sumum ferðunum.

„Ef að líkum lætur, þá eigum við von á því að hnúfubakurinn komi nær ströndinni þegar fer að nálgast júlímánuð og þykir okkur hann vera forvitnastur allra hvala og koma þeir oft mjög nærri skipinu. Hann á það til að sýna listir sínar með því að snúa sér í sjónum rétt við borðstokkinn, vera með sporðaköst og mynda alls konar skvettur. Oft stekkur hnúfubakurinn alveg upp úr sjónum og svo höfum við tvisvar sinnum séð hann stökkva 50-60 sinnum upp úr sjónum hvað eftir annað. Það er mikið sjónarspil að sjá 15-30 tonna flykki skella með gusugangi aftur niður,“ segir Svanborg.

Á síðasta ári segir Svanborg að hnúfubakurinn hafi verið mjög lengi nálægt landi. „Mikið fuglalíf er líka oft í kringum hvalina, enda bæði fuglar og hvalir að sverma fyrir æti í sjónum. Ekki skemmir heldur að geta séð tignarlegan Snæfellsjökulinn frá sjó og gaman er einnig að skoða strandlengju Snæfellsness eins og Svörtuloft með sínum fjölmörgu tilþrifum. Út af Snæfellsnesinu er eina þekkta svæði steypireyðarinnar í Evrópu og er alls ekki útilokað að hún muni sýna sig á þessu svæði í sumar,“ segir Svanborg.


Góð bók fyrir alla sem ætla að ganga í sumar




Bókina færðu á Olís stöðvum, upplýsingamiðstöðvum og víðar.
Ungmennafélag Íslands




Gengið verður yfir Fimmvörðuhálsinn á föstudegi en á leiðinni verða smá hressingar í boði fyrir þreytta ferðalanga.

# Nakin í dögginni

Jónsmessunæturganga Útivistar verður 23.-25. júní. Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivistar, segir gönguna vel sótta í ár.



Á laugardagskvöldinu verður heljarinnar grillveislu slegið upp við varðeld í Básum, en sé tekið mið af fyrri árum má búast við góðri skemmtun. FRÉTTABLAÐIÐ/GRÉTAR W. GUÐBERGSSON



Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivstar, segir aðsóknina í Jónsmessugönguna vera góða í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það hefur enginn velt sér nakinn upp úr dögginni hingað til,“ segir Skúli þegar hann er inntur eftir því hvort sú hefð sé hluti af Jónsmessunæturgöngu Útivistar. „Það er að minnsta kosti ekki skipulagður viðburður hjá okkur, en því yrði ekki illa tekið ef einhverjir tækju upp á því,“ bætir hann hlæjandi við.

Samkvæmt Skúla er aðsóknin í gönguna mikil í ár. „Gengið er yfir Fimmvörðuhálsinn á föstudeginum,“ útskýrir hann. „Lagt er af stað í þremur lotum frá Skógarfossi upp með ánni og í skálann þar sem einhver smá hressing verður í boði. Síðan er haldið áfram frá Bröttufönn, um Heljarkamb og niður í Strákagil, þar sem fleiri veitingar standa til boða. Um laugardagskvöldið verður heljarinnar grillveislu slegið upp við varðeld í Básum, þar sem búast má við mikilli gleði. Við hvetjum sem flesta til að mæta og minnum fólk á að vera vel búið.“ Nánari upplýsingar um dagskrána eru á www.utivist.is.



Tjald á 39.995 kr., borð á 4.995 kr., blár stóll á 8.995 kr. og grænn stóll á 1.800 kr. í Everest.



Kælibox á 29.995 kr. (með 25 prósenta afslætti) í Everest.



La Sportiva Sandstone gönguskór sem eru fisléttir, vatnsheldir og með góða sóla sem dempa stig og minnka álag á hné. Tilvaldir í léttar göngur. Skórnir fást í 66°Norður á 11.990 kr.



Hornstranda göngusokkar á 990 kr. í 66°Norður.



Jaðar dömubuxur á 12.800 kr. í 66°Norður.



Kaffibrúsi á 2.495 kr. í Everest.

# Allt í útileiguna

Hver hefur ekki lent í því að fara í útilegu og uppgötva þegar á leiðarenda er komið, að flíspeysan góða gleymdist kannski heima eða að gamli prímusinn er ekki lengur nothæfur? Í slíkum tilvikum er aðeins um tvennt að velja, að bruna aftur í bæinn til að kippa ástandinu í lag eða sætta sig einfaldlega við það að ferðin verði ekki eins og maður vonaðist til.

Til að koma í veg fyrir að slíkt gerist, getur verið skynsamlegt að gera tékklista fyrir útileguna.

Meðfylgjandi eru myndir af nokkrum hlutum sem gott er að muna að hafa með svo að ferðin verði sem best.



Surtsey húfa á 2.400 kr. í 66°Norður.



Í 66°Norður fást Merino nærföt úr 100% ull sem geta yljað manni í köldu veðri. Þessi Bása peysa kostar 5.900 kr.



Vindheld Askja Light flíspeysa fyrir bæði kynin á 12.800 kr. í 66°Norður.



Göngubakpoki 10.995 kr. í Everest.



Prímus á 6.995 kr. í Everest.



Dýna (skin mocro) á 10.995 kr. í Everest.



Göngu svefnpoki 17.995 kr. í Everest.



Merino ullarundirbuxur á 4.900 kr.





Ekið yfir Skeiðarársand.

# Á ferð um landið

Ljósmyndari Fréttablaðsins, Vilhelm Gunnarsson, lagði land undir fót og myndaði nokkrar náttúruperlur landsins.

Fátt er betra en að aka um Ísland og upplifa fjölbreytta fegurð landsins. Oftar en ekki fara íslenskir ferðalangar þangað sem sólin skín, en eru ekki endilega með áform hvert skal halda næsta dag. Á veginum geta skipst á skin og skúrir og leikur ljóss og skugga birtir manni nýjar myndir af náttúrunni sem maður hefur aldrei séð áður, jafnvel þó maður hafi keyrt sama veginn mörgum sinnum. Ef tækifæri gefst, er um að gera að taka sér góðan tíma og njóta þess sem fyrir augu ber.



Maðurinn er smár í samanburði við ísbreiðuna á Breiðamerkurlóni.



Börn að leik við Seljalandsfoss.



Litadýrð við Námaskarð.



Kjörís
Ananas Hlunkur
Appelsínu Hlunkur
Ávaxta Hlunkur
Idol Hlunkur
Grænn Hlunkur
Idol
Hlunkur
Kjörís
Lakkrísispinni
Súkkulaðiispinni
Vanilluispinni
Karamelluispinni
Grænn Hlunkur mínus - sykurlaus
Ananas Hlunkur mínus - sykurlaus
sykurlaus
Nýtt
Hlunkur mínus
Kjörís
Lúxus
Lúxus karamellutoppis
Lúxus jarðarberjatoppis
Lúxus súkkulaðitoppis
Púkaskott, vanilluís með hlauppúkum
Mjólkurhristingur með jarðarberjabragði
Mjólkurhristingur með súkkulaðibragði
Trúðaís með tyggjókúlu
Gormur með ávaxtabragði
Sprengipinni
Klakastöng með jarðarberjabragði
Græn flaug
Magnum með myntubragði
Klakastöng með appelsínubragði
Magnum með karamellu og tvöföldu dökku súkkulaði
Nýtt
MAGNUM
Calippo
Jarðarberja- og sítrusklakakúlur
Magnum með dökku súkkulaði
Magnum með hvítu súkkulaði
Magnum með möndlum
TWISTER
Solero Orange, ávaxtasorbet með appelsínuhjúp
Berjasorbet með sítrusvafningi
WALL'S

Stilling
– betri en bestir

# Bílavarahlutir

# THULE® SWEDEN

# ferðabox














| Ferðabox nr. | Heiti | Lítrar | Mál | Opnun | Verð |
|---|---|---|---|---|---|
| 683 | Apollo 100 Jetbag | 350 | 1390 x 905 x 420 | Aftan frá | 26.900 |
| 688 | Ocean 80 | 320 | 1330 x 860 x 370 | Aftan frá | 32.900 |
| 689 | Ocean 100 | 360 | 1390 x 900 x 390 | Hægra megin | 35.900 |
| 690 | Ocean 200 | 450 | 1750 x 820 x 450 | Hægra megin | 42.900 |
| 691 | Ocean 500 | 310 | 2260 x 550 x 380 | Hægra megin | 38.390 |
| 692 | Ocean 600 | 330 | 1900 x 630 x 370 | Hægra megin | 49.900 |
| | | | | | |
| 660 | Atlantis 200 | 440 | 1750 x 820 x 450 | Báðum megin | 49.900 |
| 666 | Atlantis 600 | 340 | 1900 x 630 x 410 | Öðru megin | 43.900 |
| 679 | Atlantis 780 | 480 | 1960 x 780 x 440 | Báðum megin | 55.900 |
| 680 | Atlantis 900 | 650 | 2350 x 900 x 460 | Báðum megin | 66.900 |
| | | | | | |
| 670 | Spirit 780 | 380 | 1960 x 780 x 330 | Báðum megin | 69.900 |
| 633 | Spirit 820 | 480 | 2300 x 820 s 360 | Báðum megin | 84.900 |
| | | | | | |
| 678 | X1 Box | 450 | 1900 x 900 x 380 | Báðum megin | 84.800 |
| | | | | | |
| 601100 | Thule Ranger | 340 | 1100 x 800 x 400 | Rennilás | 29.900 |



Stilling
Bílavarahlutir

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 12 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
- Klettháls 2 -
www.hofdahollin.is & diesel.is



FORD ESCAPE XLT Árgerð 2005. Ekinn 13 þ.mílur þúsund km. Áhvílandi kr. 2700 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 41 þúsund. Verð kr. 3190.000-.

**Höfðahöllin**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

SG BÍLASALA
Sími: 421 4444



Dodge Ram 1500 4X4 Daytona. Árgerð 2005. Ekinn 1 þ.km. Verð kr. 4.390.000. milj. Tilboð 3.990.000 milj. Nýr bíll , óskráður. Sparibíll er með þá á 4,8 millj, skoða öll skipti s. 868 5930

**SG Bílasala**
**Bolafót 1,**
**Sími: 421 4444**

SPARI bíll



Nýr 2006 Grand Cherokee Overland. Svartur, með gráu leðri og Alcantara. Km. mælir, Bakkskynjari, viðar og leðurstýri, Ofl.ofl. Til sýnis á staðnum. 2ja ára ábyrgð þjónustaður af Ræsi hf. Verð 5.990 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

TOYOTA salurinn



Hyundai Starex Diesel 2500 4x4 nýskr. 6/2004, ekinn, 64 þ. km, 5 gíra, 7 manna, álfelgur, krókur, spoiler, verð 2.370.000, ath skipti, góður bíll.

## Bílar til sölu




NÝTT! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á augnarbliki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasölum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á islandus.com og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabraði og sýnir þér niðurstöður strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Íslandstrygging á öllum bílum Islandus.com og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



Pegoet '98 (7 manna). Bíll í toppstandi, sk. án ath '06. Frábær fjölsk. og ferðabíll. Ásett verð 480 þ. Tilboð óskast. S. 660 7748, Þormar.



Til sölu Toyota Landcruiser 90 túrbó dísel. 2002, Commonrail vél, ek. 120 þús. Topp viðhald. Leður, sjálfsk., upph. fyrir 33". Verð 3150 þús. Ath. skipti. Uppl. í s. 570 5280 & 564 1696.



Volkswagen Vento árg. '98, ssk. Ek. aðeins 51 þús. bíll í toppstandi . Verð 390 þús. Uppl. í s. 898 8835.



VW Polo árg. '01, ek. 71 þús., verð 640 þús. Áhv. 570 þús. kr. greiðslubirgði 16 þús. Uppl. í s. 866 9446.



Pegoet '98 (7 manna). Bíll í toppstandi, sk. án ath '06. Frábær fjölsk. og ferðabíll. Ásett verð 480 þ. Tilboð óskast. S. 660 7748, Þormar.



VW-Golf Station Highline ek. 49.00 dráttb. filmur, sóllúg. o.fl. v. 1.590.000. S. 662 0009.



Dodge Durango '04 ek. 71 þ. 7 manna, 5,7 hemi, toppbíll, einn með öllu, verð aðeins 3.050.000- upplýsingar í síma 865 6537.



Toyota Avensis. árg. '00. Í toppstandi, sumar- og vetrardekk. Stgr. v. 850 þús. Uppl. í s. 899 5801.



Til Sölu Renault Kango árg. 11/04, ek. 22 þ. Verð 1.230 þús. Áhv. bílalán. Uppl. í s. 868 8565.



Suzuki Ignis Sport 1500 5/05 ek. 3500 km. Verð 1250 þús. Uppl. í s. 896 4024.

Opel Station árg. '97, ssk., þarfnast smá lagfæringar. Verð 230 þús. og vetrardekk á felgum fylgja. Skipti á dýrari bíl koma til greina,ekki station. S. 840 1635.

Opel Corsa 5 dyra, nýskr. 06/99 ek. 69 þ., hvítur, í toppstandi. Verð 450 þús. S. 692 4439.

Kia picanto árg. '04. Ek 17. Verð 550. Kia pride Wagon árg. '02 ek. 60 þús. V. 330 þús. Toppbílar. Ath sk. Uppl. í s. 690 1433.

Nissan Patrol eleg. Árg. 06/00. Ssk., 35", ek. 107 þús. Verð 2.590 þús. Uppl. í s. 899 7133.

## BÍLAR TIL SÖLU

**Bílahöllin Bílasala**
**Bíldshöfða 5. 112 Reykjavík.**
**Sími 567 4949.**



**Toyota Landcruiser VX** 120 diesel turbo. 1/2003 ekinn 79þús, km, sjálfskiptur verð kr. 4.250.000.-



**Toyota Landcruiser LX 90** diesel turbo 5/2002 ekinn 76þús, km, 5 gíra verð kr. 2.850.000.-



**M.Benz ML 320** 6/2001 ekinn 118þús, km, sjálfskiptur verð kr. 2.990.000.-



**Honda Jazz LX 1.4** 5/2003 ekinn 49þús, km, sjálfskiptur áhvílandi lán kr. 925.000.- verð kr. 1.250.000.-



**Peugeot 407** SW 1.8 m/glerþaki 6/2005 ekinn 2þús, km 5 gíra áhvílandi lán kr. 1.635.000 verð kr. 2.190.000.-



**Honda CR-V 4wd Advance** 3/2003 ekinn 34þús, km, verð kr. 2.390.000.-



**Ford Focus C-Max 2.0** stw. 4/2006 ekinn 1þús, km, sjálfskiptur áhvílandi lán kr.1.800.000.- verð kr. 2.300.000.-



**Opel Astra Enjoy 1,6** 6/2005 ekinn 10þús, km, verð kr. 1.620.000.-

www.bilahollin.is

## VESPUR TIL SÖLU

Vorum að fá nýjustu gerðina af 50 cc vespum. Með fjarstarti og þjófavörn. Hjálmur fylgir. 3 litir. Verð aðeins 198.000.- þús.

Sparið bensín!!!!



VÉLASPORT
Þjónusta og viðgerðir
Tangarhöfða 3
Símar 578 2233
822 9944
845 5999

567 2277 **NÝJA** www.notadirbilar.is
# BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Sölum. Ingimar • Lalli • Stefanía

# SUMAR TILBOÐ



**NISSAN PATROL ELEGANCE**
nýsk 6/2005 km 30þ ssk, álfe,leður,og fl verð 4.490.000 ákv 3.800þ



**AUDI A3 1600** nýsk 3/2000 km 75þ ssk,álfe,og fl verð 1.150þ



**LEXUS IS 200** LTD nýsk 5/2004 km 16þ ssk,álfe,leður verð 2.700þ ákv 2.460þ



**TOYOTA AVENSIS 1800 WAGON SOL**
nýsk 7/2004 km 46þ ssk,álfe,filmur og fl verð 2.390þ



**MITSUBISHI PAJERO LONG DISEL TURBO** árg 97 km 195þ ssk,álfe.og fl verð 1.080þ TILBOÐ 830Þ + 400L AF BENSÍNI.



**HYUNDAI GALLOPER TDI** (32") nýsk 6/1998 km 111þ ssk,álfe,krókur og fl verð 920þ TILBOÐ 790Þ



**M.BENZ ML 270 DISEL**
nýsk 2/2001 km 88þ ssk,álfe, leður glerlúga AMG ÚTLIT OG FL VERÐ 3.290Þ



**VW GOLF 2000 SPORTLINE** NÝSK 11/2004 km 22þ 6g álfe glerlúga og fl verð 2.190þ



**HYUNDAI GETZ** 1300 GLS nýsk 1/2003 km 18þ 5g verð 1.050þ

# OPIÐ ALLA FIMMTUDAGA Í SUMAR FRÁ 10-21

BÍLAKJARNINN • STÓRMARKAÐUR MEÐ NOTAÐA BÍLA

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín 908 5050**
Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, rágjöf. Opið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

**Laufey 908 2200**
Hvað viltu vita um einkamálin, peninga og atvinnu? Bein miðlun, ráðgjöf og símaspá. Opið frá 10-02 eftir miðnætti alla daga. Laufey spámiðill.

## Rafvirkjun




## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Önnur þjónusta

Fandals-lagnir ehf, getum bætt við okkur verkefnum. S. 691 5698.

**Pípulagnir**
Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

**Herbalife.**
Lífsorka fyrir lífstíð, lifsorka.is. adalgeir@lifsorka.is.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í júní. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

**Taktu þér tak!**
Með HERBALIFE nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Ólöf 861 5356.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vel með farin borðstofuhúsgögn til sölu. Stækkanlegt borð, sex stólar, og skápur úr sýrubrenndri massífðri eik.Verð 50 þ. Einnig borðstofuskápur úr tekki. Verðhugmynd 15 þ. Uppl. í síma 895 1898.

Óska eftir að kaupa borðstofuborð úr furu eða hvít málað. Uppl. í s. 694 9009.

Svartur horn leðursófi til sölu. Selst ódýrt. Uppl. í s. 696 7211.

## Antík

Til sölu svefnsófi, glersófaborð, hillusamstæða og stór hilluskápur. Hægt er að skoða allt á barnaland.is/barn/44246. eða uppl. í s. 846 1269.

## Heimilistæki

Tvöfaldur ónotaður Samsung "amerískur" Frysti og kæliskápur fæst á 85 þús., kostar nýr 149 þús. hafið samb við ragnar i s. 892 2002.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald



Pomeranian strákur til sölu heilsufarskoðaður örmerktur og ættbókafærður frá Íshundum. Frekari uppl í síma 863 8596.

**Hundaræktin Dalsmynni**
Japaniese chin hvolpar til sölu.
**Upplýsingar í s. 566 8417.**

8 vikna fallegir kettlingar fást gefins. Uppl. í s. 895 5695.

Yndislegur 5 mánaða hvolpur fæst gefins á gott heimili. Uppl. í s. 421 3721 eftir kl. 17.

Gullfallegur Rottweiler tík (hvolpur) til sölu. Uppl. í s. 862 2615.

Fallegir Silky Terrier hvolpar til sölu, bólusettir m./ættb. s. 898 2978 & 564 3885.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is




Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykkt beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrítt fitting fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta

Golfferðir, Hafsúlan hvalaskoðun.

Hvalaskoðun, Hafsúlan Hvalaskoðun.

## Fyrir veiðimenn







## Hestamennska

Til sölu 12 v. grá alhliða hryssa. Hefur verið í Fáksferðum. Þjóðarsáttarverð. S. 660 2337.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Langtímaleiga**
3ja herb. rúmgóð og góð íbúð á 2 hæð í Gyðufelli. Stutt í Bónus og skóla. Laus 1. ágúst. Leiga 115 þús. á mán. með hússjóð, rafm. hita og heimilistryggingu. Tryggingarfé skilyrði og 1 mán. fyrirfram. Uppl. í s. 824 4490.

160 fm. íbúð með húsgögnum til leigu frá og með 1 jún. -1 ág. Verð 140 þús. Uppl. í s. 587 5222 & 897 5222 e. kl. 18.

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast í Reykjavík**
5 manna fjölskyldu vantar íbúð í Rvk í c.a 7 mánuði. Reglusamt fólk, skilvísum greiðslum heitið.
**Uppl. í síma 865 9588.**

**Snyrtimennska og heiðarleiki í einu og öllu**
Tveir námsmenn, karl og kona óska eftir 3 heb. íbúð til leigu, helst í nágrenni við miðbæinn. Við erum með 100% meðmæli frá núverandi leigusala - einnig frá atvinnurekendum. Vinsamlegast hafið samband í síma 699 0005.

**Íbúð óskast í HFJ**
Ung einstæð móðir með öruggar tekjur óskar eftir 3 herbergja íbúð til leigu í hfj. skilvísum greiðslum heitið. Reyklaus og reglusöm. Uppl. í síma 868 9407.

Fyrirtæki óskar eftir 3-4 herbergja íbúð í miðbæ RVK júlí til ágúst. Öruggar greiðslur. Uppl. í síma 696 9696.

22 ára sjúkraliðanemi óskar eftir íbúð til leigu frá og með ágúst á svæði 104 eða 105 í Reykjavik. Skilvís og reglusöm. Ingibjörg sími : 867 3220.

Reyklaust og reglusamt par óskar e. 2 - 3 herb. íbúð frá og með 1 júl. Langtímaleiga. Meðmæli geta fylgt. skilvirkum greiðslum lofað. Uppl. í s. 899 9166 /maggigo@hive.is

## Sumarbústaðir







## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnueign.is**
Þarftu að leigja eða taka á leigu atvinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigulista Atvinnueignar þér að kostnaðar lausu. www.atvinnueign.is S. 568 6600.

Til leigu bjart og gott skrifstofu herbergi við Fiskislóð góð sameign. Uppl. í s. 897 3290.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Ræsting / Morgunvinna**
Okkur vantar gott fólk í afleysingar. Hentar vel fyrir heimavinnandi. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**www.kringlukrain.is Upplýsingar í síma 863 8900.**

BG – við tryggjum þér hreinni framtíð

**Störf við ræstingar - hreingerningar**
BG óskar eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar og hreingerningar víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Meðal starfa í boði eru:
-Nokkur störf við ræstingar á daginn á fyrirtækjabifreiðum
-Dagræstingar í fyrirtækjum og stofnunum.
-Kvöld og næturræstingar í fyrirtækjum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.
-Störf við sérhreingerningar - mismunandi vinnutími.
-Störf við hreingerningar innanhús og utan. Vinnuvélaréttindi skilyrði.
**Upplýsingar veitir Sherry í síma 533 5000 eða 693 1516. Einnig er hægt að senda inn umsókn á www.bgt.is eða til sherry@bgt.is**

ATVINNA

**!!...Rafvirkjar...!!**
Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa. Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna (Gunnar) í síma 587 8890 eða sendið email á gunnar@rafstjorn.is
RAFSTJÓRN ehf.
Stangarhyl 1A - 110 Reykjavík - Sími: 587-8890 - www.rafstjorn.is

HÚSNÆÐI



**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Ráðum ekki yngri en 20 ára. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5552 / annasig@frodi.is**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða**
Óska eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu.
**Upplýsingar í síma 822 8867 og einnig inn á www.nings.is**

**Starf í efnalaug**
Vantar góðann starfsmann í efnalaug og þvottahús í Hreinhólagarði. Vinnutími umsemjanlegur. Góð laun.
**Uppl í síma 663 5650 eða á staðnum.**

**Bifreiðastjórar ath**
Iceland Excursion Allrahanda, óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf til aksturs hópferðabíla og hjólastólabíla, mikil vinna, við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um. Um sumarstörf er að ræða. Upplýsingar gefur Rúnar s. 540 1313 & 660 1303 og runar@iea.is
**Upplýsingar gefur Rúnar s. 540 1313 & 660 1303 og runar@iea.is Iceland Excursions Allrahanda, er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti. Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja vera hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.**

**Loftorka Reykjavík.**
Óskar eftir vönum vélamanni á hjólagröfu, fæði og heimkeyrsla.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Timbur og Stál, Smiðjuvegi 11**
vantar verkamann strax til verksmiðjustarfa. Vinnutími frá kl. 8-18. Sköffum mat og vinnuföt.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 554 5544.**

**Atvinna.**
Viljum ráða öflugan vélamann í fullt starf, einnig vantar meiraprófsbílstjóra í afleysingar sem fyrst. Aðeins áhugasamir og duglegir koma til greina.
**Upplýsingar í síma 861 5577.**

**Sagtækni auglýsir.**
Steinsteypusögun!
Góðir starfsmenn óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**

**Veitingahúsið Nings**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fulla vinnu. Unnið er 15 daga í mánuði.
**Upplýsingar í síma 822 8833 hægt er að senda umsókn á www.nings.is**

**Ræstingar**
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða strax í föst ræstingastörf, afleysingar og sumarafleysingar. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 587 3111.

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

Klipparar athugið, vinna á Akranesi! Óskum eftir að ráða hársnyrtisvein/meistara í fullt starf eða nema, sem er langt kominn með námið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf seinni part sumars eða í haust. Upplýsingar gefa Katla í s. 897 3320 og Ína Dóra í s. 861 1058. Hárhús Kötlu Stillholti 14 S. 431 3320.

**Hrói Höttur**
Óskum eftir að ráða bílstjóra á eigin bíl, einnig á okkar bíla, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 695 3744 Eggert.

H.H. Veitingar óska eftir matreiðslumönnum í mötuneyti, tollstjóra og stjórnarráð. Góður vinnutími og góð laun í boði. Vinsamegast hafið samb. í s. 891 9072 & 421 7220 eða hhveitingar@simnet.is

**Do sprzatania.**
W Piekarni (Garðabæ) Przyjme od zaraz. Informacje: Þóra telefone 565 8070 lub gsm 891 8258.

Fólk óskast til starfa í skólamötuneyti í byrjun ágúst til afgreiðslustarfa o.fl. Upplýsingar í síma 691 5976.

Vegna aukinna verkefna á höfuðborgarsvæðinu óskar Blikkverk sf.eftir iðnaðarmönnum og byggingaverkamönnum til starfa sem fyrst. Uppl. gefur Sigurður í s. 896 1075.

**Gestamóttaka**
Hótel í RVK óskar eftir starfsm. í gestam. í júlí og ágúst á dagvaktir og næturv. Sendið upplýsingar til info@atlantis.is

Ég er 14 ára stelpa sem óskar eftir að gæta barna í sumar. Hef reynslu af barnapössun og er sveigjanleg hvað tíma varðar. Ég bý í Garðabæ. Frekari upplýsingar í síma 565 9299 eða 690 1851.

Rauða Torgið (síma- og vefþjónustur) vill gjarnan auglýsa starfsemi sína á ýmsum smærri heimasíðum. Áhugasamir vinsaml. hafi samband við raudatorgid@raudatorgid.is eða Jens í s. 899 7987.

Vantar fólk í ræstingarvinnu í Reykjavík, dagvinna og kvöldvinna í boði, afkastakvetjandi laun. Nánari uppl. í síma 581 4000.

Snæland Mos. Óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. 18 ára aldurstakmark. Upplýsingar í s. 893 3782 Ásta.

## Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, útvegar pólskt starfsfólk. Upplýsingar í s. 894 7799 eða ispolska@simnet.is

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

20 % afsláttur af öllum Nicorette nikótín-lyfjum í Apótekaranum.

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta. Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.

Komdu á frumsýningu á ofursportbílnum Ford GT í Brimborg, Bíldshöfða 6. Þú gætir unnið bíltúr í Ford-GT. Brimborg- öruggur staður til að vera á.

Hljómsveitin Brimkló leikur eftir langt hlé á Akureyri. Brimkló í Vélsmiðjunni föstudags og laugardagskvöld. Tryggið ykkur miða í tíma. Brimkló í Vélsmiðjunni alla helgina. Vélsmiðjan.

## Ýmislegt




Endurvinnslan er opin alla virka daga frá 10 til 18. Endurvinnslan Knarrarvogi.

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál










Símaspjall 908 6666. Ég heiti Rakel og vil vera vinkona þín og langar í gott símasímaspjall við Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall 908 2222. Halló yndislegastur ég er Sandra mig langar til að vera vinkona þín kondu í símaspjall við mig. Opið allan sólahringin, engin bið..

51 árs huggulega kona, ekkja til margra ára, vill kynnast gefandi og góðum karlmanni með stefnumót í huga. Auglýsingu hennar má heyra hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín., auglýsingarnúmer 8277.).

Konur: auglýsing hjá Rauða Torginu Stefnumót skilar árangri! Leitar þú að vinskap, varanlegum kynnum, eða tilbreytingu? Legðu inn auglýsingu eða spjallaðu við karlmenn á spjallrás. Þjónustan er gjaldfrjáls, með 100% leynd, opin allan sólarhringinn. Síminn er 555 4321.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## ATVINNA

**FLÝGUR FISKISAGA....**

Tíu fiskbúðir víða á höfuðborgarsvæðinu hefja á næstunni sameiginlegan rekstur undir yfirskriftinni FISKISAGA. Í glæsilegum verslunum verður boðið upp á ferskan fisk og tilheyrandi meðlæti ásamt úrvali af girnilegum tilbúnum fiskréttum.

Verslanir FISKISÖGU óska eftir að ráða verslunarstjóra og áhugasamt afgreiðslufólk í heilsdags- og hlutastörf. Góð laun í boði fyrir gott fólk.

Nánari upplýsingar um störfin gefur Óskar Garðarsson í síma 863 8610.

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

## FASTEIGNIR

**EIGNAMIÐLUN**
Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**
Félag Fasteignasala
**Sími 588 90 90**
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS – STÓRAGERÐI 11, NEÐRI HÆÐ**




140,8 fm neðri sérhæð ásamt geymslu í kjallara og 30 fm bílskúr. Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson og var klætt að utan árið 1999. Hæðin skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Sérgeymsla fylgir í kjallara og bílskúr sem er næst húsi. EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG (fimmtudag) FRÁ KL. 18-20.
Guðrún og Ólafur sýna. **V. 39,5 m.** 5831

Frum

**HÚSEIGN**
Fasteignamiðlun



Guðmundur St.
Lögg.fast og hdl.

**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

**HVAMMABRAUT 12**
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 17:30 – 18:30**



**Stærð í fermetrum: 91,9**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Tegund eignar: Fjölbýli**



Falleg íbúð á tveimur hæðum. Í alrými er góð stofa, borðstofa og vinnuaðstaða. Tvö góð svefnherbergi, bæði með skápum. **Góðar suðursvalir - Glæsilegt útsýni. Íbúðin er laus við kaupsamning.**

***GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR, S. 695-1095 TEKUR Á MÓTI GESTUM. (GUNNLAUGUR Á BJÖLLU)***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

Frum

UPPBOÐ

# UPPBOÐ Á HROSSUM

Fimmtudaginn 29. júní nk. kl. 17.00, í girðingarhólfi í landi Miðhúsa í Innri Akraneshreppi hinum forna, nú Hvalfjarðarsveit, verða boðin upp 5 ómerkt hross, að beiðni sveitarstjórnar, hafi beiðnin ekki verið afturkölluð fyrir þann tíma.

1. Rauðblesótt meri með leist á afturfæti, u.þ.b. 10 vetra
2. Svört nösótt 4-5 vetra meri
3. Móbrún hryssa, 4-5 vetra
4. Rauðblesótt hryssa, vindhærð, um og yfir 10 vetra
5. Rauðblesóttur veturgamall hestur, ógeldur

**Borgarnesi 16. júní 2006**
**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**

ATVINNA

ENDURVINNSLAN HF

# Lagerstarf

**Óskum eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann, karl eða konu, í umbúðamóttöku Endurvinnslunnar hf Knarrarvogi, Reykjavík.**

Upplýsingar gefur Valdimar í síma 897-8922

ÚTBOÐ

# Útboð

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófstsdæma, KGRP, óska eftir tilboði í byggingu 1. áfanga þjónustubygginga við Gufuneskirkjugarð.

Um er að ræða tveggja hæða byggingu auk frágangs á landi, gerð aðkomuvega og lagningu fráveitulagna.

Helstu magntölur eru:

- Bygging á tveimur hæðum, samtals 530 m²
- Geymsla fyrir rafmagnsbíla, samtals 290 m²
- Aðkomuvegir og bílastæði um: 2200 m²
- Lóðarfrágangur um: 3000 m²

Lokið hefur verið við að grafa fyrir húsinu og vinna grófvinnu undir aðkomuvegi og bílastæði.

Verklok eru áætluð 15. maí 2007.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu KGRP við Vesturhlíð frá mánudeginum 19. júní 2006 gegn 10.000,-kr. skilatryggingu.

Tilboð verða opnuð á sama stað mánudaginn 3. júlí 2006 kl. 10:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA



FASTEIGNIR

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA

Skólavörðustíg 13
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Lögg. fasteignasali

## Opið hús milli kl. 17 og 19 í dag
## Reykás 49 - Falleg eign





Frum

Falleg 92,2 fm 3ja-4ra herb. íbúð á 2 hæðum á barnvænum stað í Selás í Reykjavík. Eignin skiptist í anddyri, hjónaherb., stofu+borðstofu, opið eldhús m/eikarinnr., þvottahús og flísalagt baðherb. m/baðkeri og flísalögðum sturtuklefa. Beykiparket á gólfum. Innréttingar og innihurðir eru fulningaeikarhurðir. Tvennar svalir. Á efri hæð er hol m/skáp og hillum ásamt góðu herbergi. Bjartir Veluxgluggar gera hæðina skemmtilega. Göngustígur í skóla/leikskóla. Hús málað að utan f. 2 árum. Laus fljóltlega!
**Verð 21,4 millj.**

**Ásbjörn og Helga taka vel á móti gestum í dag milli kl. 17 og 19. Bjalla merkt Ásbjörn, Helga.**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

TIL LEIGU

# SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

166 m² skrifstofuhúsnæði er til leigu á Háaleitisbraut 58-60, 2. hæð. Húsnæðið skiptist í móttöku/aðalrými, 3 skrifstofur, fundarherbergi, geymslur og kaffistofu. Umtalsverð þjónusta er í húsinu, m.a. banki, matvöruverslun, bakarí o.fl. Sanngjörn leiga.

Upplýsingar veita Guðmundur (896 7050) eða Ófeigur (864 0055) hjá verkfræðistofunni Hnit hf.

TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

## Sléttuvegur

Tillagan gerir ráð fyrir að eftirfarandi breyting varði gerð á 5. mynd í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 -2024.

Gert er ráð fyrir að landnotkun á svæði norðan Sléttuvegar er breytt úr svæði fyrir þjónustustofnun í íbúðarsvæði. Landnotkun á svæði sunnan Sléttuvegar og austan skógræktarsvæðis er breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í íbúðarsvæði. Á þessu svæði var gert ráð fyrir um 40 íbúða þéttingu. Nýr þéttingarreitur er skilgreindur við Sléttuveg, þar sem gert er ráð fyrir allt að 300 nýjum íbúðum á ofangreindum svæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborg í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 22. júní til og með 3. ágúst 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 3. ágúst 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 22. júní 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýjum og breyttum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavíkur.

## Fossaleynir 1, Egilshöll

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðinni nr. 1 við Fossaleyni, Egilshöll.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að stækkun norðurhluta lóðar hliðrast til um ca. 11 m til vesturs til aðlögunar fyrir göngustíg og golfvöll norðaustan við lóð. Í kringum gervigrasvöll verður frjálsíþróttasvæði og hlaupabrautir. Gervigrasvöllur verður upplýstur með 4 ljósamöstrum, hæð allt að 23 m og göngustígur austan við grasvöll verður hækkaður í land. Einnig að tveir auglýsingaturnar Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Ármúli 12, Fjölbrautarskólinn

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Fjölbrautar-skólans við Ármúla.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja við núverandi hús skólans auk þess sem gert er ráð fyrir nýrri byggingu fyrir skólahúsnæði fyrir fatlaða á vesturhluta lóðarinnar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Bankastræti 2

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðinni nr. 2 við Bankastræti
Í tillögunni er gert ráð fyrir byggingarreit norðan við Móhúsin núverandi að Bankastræti því sem næst á sama reit og KRON-húsið. Mænisstefna verði þvert á stefnu Móhúsanna, golfhæð á 1. hæð verði um 30 cm hærri en á 2. hæð í Móhúsum og samgengt milli húsanna á 2. hæð. Mænishæð verði ekki meira en 1,2 m hærri en mænishæð Móhúsanna. Þakefni og ytri klæðning verði sömu og á Móhúsum og yfirbragð að öðru leyti í Samræmi við þær byggingar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Reitur 1.172.0

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.172.0 sem afmarkast af Hverfisgötu, Vatnsstíg, Klapparstíg og Laugavegi.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að fjarlægja húseignina að Laugaveg 23 eins og deiliskipulag gerir ráð fyrir nú þegar en að auki yrði gert ráð fyrir að fjarlægja húseignirnar Hverfisgötu 42 og 44. Gert yrði ráð fyrir að byggja við Hverfisgötu sex hæða byggingu með tvær efstu hæðirnar inndregnar. Við þessar breytingar skapast tækifæri til að byggja mun stærra bílastæðahús neðanjarðar með aðkeyrslu frá Hverfisgötu. Einnig skapast tækifæri til að byggja samfellt verslunar- og þjónustuhúsæði með einni hæð að Laugavegi og tveimur hæðum að Hverfisgötu. Á efri hæðum er eins og áður gert ráð fyrir íbúðum af ýmsum stærðum og gerðum. Efstu hæðir bygginga eru allar inndregnar, og gert yrði ráð fyrir þaksvölum þar sem aðstæður leyfa. Þak fyrstu hæðar (verslunarhæðar) yrði garðsvæði íbúða eftir því sem aðstæður leyfa. Með þessum breytingum eykst mögulegt gólflatarmál á umræddum lóðum úr 4855,4m² ofanjarðar, en með kjallara 7755,4 m² í 7920,0 m² ofanjarðar og 10820,0m² í heildina með stærri bílageymslum í kjallara. Núverandi nýtingarhlutfall 2,02 (2,99 með kjallara) verður 3,04 (4,21 með stækkuðum kjallara).
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 22. júní til og með 3. ágúst 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 3. ágúst 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 22. júní 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

Draumahús 530 1800



Kristnibraut 29, 2 hæð íbúð 201 - 113 Rvk

Opið hús í dag kl 18:00 - 20:00



**22.900.000 LAUS STRAX**

Falleg 3ja herb. íbúð á 2. hæð með bílskýli.
Góð staðsetning á rólegum og góðum stað með fallegu útsýni í Grafarholtinu. Stutt í leik-og grunnskóla og ýmsa aðra þjónustu.
***Sigrún og Hafsteinn taka vel á móti ykkur***




# Föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Frum

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

## LYNGDALUR 5 - ENDARAÐHÚS VOGAR - NÝTT OG FULLBÚIÐ



Mjög skemmtilegt og fallegt 155 fm ENDARAÐHÚS á einni hæð, þar af er 32 fm BÍLSKÚR samtals 155,2 fm. Húsið afhendist fullbúið að utan og innan en án gólfefna. **Góð staðsetning, suðurgarður, flott eign, afhending ágúst - okt 2006 RÚMGOTT OG BJART HÚS Á HAGSTÆÐU VERÐI. Verð 25,7 millj.**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

Frum

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 19-20
## SUÐURGATA 76 – HAFNARFIRÐI





FALLEG OG VÖNDUÐ 146 fm NEÐRI SÉRHÆÐ í góðu tvíbýli ásamt 26 fm BÍLSKÚR, samtals 172 fm SÉRINNGANGUR. Nýjar innréttingar og tæki. Parket og flísar. Góð staðsetning. Flísalagðar SUÐURSVALIR.
**Verð 33,9 millj.**

**Sonja tekur á móti gestum s: 565-1034**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

Frum

Draumahús 530 1800



Faxabraut 42 D - 260 Rbæ

Opið hús í dag kl 17:00 - 19:00



**24.900.000**

Virkilega gott 180,5 fm. raðhús með bílskúr á góðum stað í Njarðvík.
***Munda tekur á móti gestum.***




# Föst lág söluþóknun

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Frum

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

## TIL SÖLU EÐA LEIGU
## FÍFUVELLIR – FALLEGT RAÐHÚS



Nýlegt fallegt 184,5 fm raðhús á tveimur hæðum, ásamt 25,2 fm innbyggðum bílskúr, samtals 209,7 fm. Gólfhiti að hluta, flísar á gólfum. Fallegar innréttingar. Möguleiki á allt að fjórum svefnherb. Flott eign, fullbúin eign nema lóð. **GÓÐ EIGN Á FALLEGUM STAÐ Í HRAUNINU. Verð 41.5 millj. *Einnig er hægt að leigja húsið fram til 01.12.2006 eða jafnvel lengur, leiga er 165 þúsund á mánuði.***

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

Frum












# Breiðahvarf 17
## 203 Kópavogur
## Sölusýning í dag milli kl 18:00-19:00

**Verð: Tilboð**

Stærð: 350,7
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 56,840.000
Bílskúr: já

Glæsilegt einbýlishús á einstakri hornlóð með miklu útsýni innbyggðum bílskúr og auka húsi innréttað sem 3ja herbergja íbúð. Teiknað af Sigurði Pálma Ásbergssyni arkitekt. Innanhúshönnun var unnin í samráði við Rut Káradóttur og er samræmd í öllu húsinu. Húsið er viðhaldsfrítt, steinað og álgluggar eru með granítáferð. Allar innréttingar og hurðir sem eru í yfirstærð eru sérsmíðaðar frá Fagus og eru með liggjandi hnotu og öll borð með granít. Mikið er lagt í alla raf- og tölvulagnir og gert er ráð fyrir Instabus-kerfi í aðalrými og rafstýrðum gardínum. Ljós og lýsingahönnun er frá Rafkaup og er leikið skemmtilega með lýsinguna. Hiti er í öllum gólfum, lofthæð er mjög góð lægst 2,80m og í aðalrými hússins er hún 4m. Gólfefni er náttúrusteinn og innflutt “hallarparket” gegnheilir eikarplankar olíubornir, barðir og lakkaðir. Útgengt er úr öllum herbergjum hússins út í garð. Þetta er einstök eign á útsýnis hornlóð á þessum vinsæla stað.
Óskað er eftir tilboðum í eignina.

RE/MAX MJÓDD



Jónas Örn
Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550



Hafdís
Sölufulltrúi
**895 6107**
hafdis@remax.is



Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
**863 0402**
asdis@remax.is

POLARIS WORLD








# POLARIS WORLD og ESPIS kynna

## Opnaðu augun og uppgötvaðu nýjan heim...
## Uppgötvaðu lífið sjálft, uppgötvaðu POLARIS WORLD






Polaris World býður nú til sölu frá mánudeginum 19.júní, 36 glæsileg einbýlishús og er í dag einstakt tækifæri til að eignast eitt af þessum húsum á stað þar sem einu áhyggjurnar snúast um hvað eigi að gera sér til dægrardvalar.

Til að mynda eru golfvellir vítt og breitt um hin sex íbúðahverfi Polaris World, hannaðir af Jack Nicklaus, samtals 108 holur á svæði sem er innan við 10 ferkílómetrar og mynda vellirnir hið svonefnda Nicklaus Golf Trail.

Polaris World verður kynnt á Íslandi frá og með 28. júní til 3. júlí 2006. Kynningu er hægt að panta á vefnum www.polarisworld.is eða í síma 0034 678 194 562 (Guðjón).

Um er að ræða þrenns konar kynningar sem eru samsettar með mismunandi þarfir ólíkra hópa í huga. Fyrir 1 til 4 aðila, 4 til 12 eða 12 og fleiri. Þannig er höfðað til vinahópa, vinnuhópa og golfklúbba.

Uppgötvaðu POLARIS WORLD og pantaðu kynningu núna á www.polarisworld.is eða hafðu samband við Guðjón í síma 0034 678 194 562.








La Loma
Golf
Resort

WWW.POLARISWORLD.IS

# KAUPVENJUR

## *Skynsöm í fatakaupum*



AÐALHEIÐUR HALLDÓRSDÓTTIR DANSARI

Aðalheiður hlaut síðasta laugardag tilnefningu Grímunnar sem dansari ársins. Þessa dagana er hún í fríi en nýtir það vel til þess að hjálpa Íslandsvinum að undirbúa tjaldbúðir sínar við Kárahnjúka.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
Það er Humanoid sem er í Arnhem í Hollandi, en þar var ég í námi. Merkin sem eru seld í búðinni eru þau sömu og maður gat fengið í Dýrinu þegar sú búð var og hét. Mér finnst voða gaman að kaupa mér flotta hönnun inn á milli þó það séu ef til vill dýr merki, en þetta eru fötin sem maður notar ár eftir ár. Ég uppgötvaði það þegar ég tók eftir að fötin frá Humanoid sitja sem fastast í fataskápnum á meðan þessi ódýru fá að fjúka með tímanum.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Það er eiginlega ekkert sérstakt - en mér finnst vissulega skemmtilegast að versla í útlöndum.

**Verslar þú í útlöndum?**
Já ég versla eiginlega ekkert hérna heima. Svo þegar ég fer til útlanda versla ég allt sem ég þarf. Barnaföt eru til dæmis miklu betri og náttúrulega helmingi ódýrari í útlöndum þannig að ég reyni að vera skynsöm og fá útrás þegar ég fer út.

**Einhverjar venjur við innkaup?**
Það er þá helst að ég pæli mikið í fötunum áður en ég festi kaup á þeim. Ég fer á milli búða og veg og met hvað ég ætla að kaupa. Ég er satt best að segja alls ekki verslunaróð en vanda valið þegar ég ætla að splæsa á mig flík.

**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Nei það geri ég yfirleitt aldrei. Ég kaupi mér eiginlega aldrei neitt nema mig vanti það - laun dansara bjóða bara ekki upp á annað. Þannig að ég reyni bara að forðast búðir ef ég ætla mér ekki að versla neitt til þess að verða ekki freistingunni að bráð. Það er helst að ég taki skyndiákvörðun ef ég hreinlega fell fyrir einhverju.


VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partítjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík

allt atvinna
Alla sunnudaga





LUCA
Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.



PEGASUS
Verð nú 34.300 kr.
áður 49.000 kr.



COSMO
Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.



TRENTO
Verð nú 17.500 kr.
áður 35.000 kr.




NÝTT!
PORTOBELLO
Verð nú 17.500 kr.
áður 28.500 kr.

FABRIKAN

MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI?
JÚNÍTILBOÐ Á STÖKUM HÆGINDASTÓLUM

TEKK COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

# Ráðstefna um listmeðferð

**UMRÆÐAN**
LISTMEÐFERÐ



**HALLDÓRA HALLDÓRSDÓTTIR**

*Hið talaða mál er aðeins eitt af mörgum tungumálum eða tjáningaleiðum sem manneskjan hefur yfir að ráða til þess að leita skilnings á sjálfum sér og aðstæðum sínum.*

Nú stendur fyrir dyrum norræn listmeðferðarráðstefna, 15th. Nordic Art Therapy Seminar, og er hún nú haldin í fjórða sinn hér á landi. Það var árið 1975 sem Sigríður Björnsdóttir, fyrsti heiðursfélagi Félags listmeðferðarfræðinga á Íslandi, ýtti úr vör þessu metnaðarfulla verkefni. Frá upphafi hefur tilgangurinn verið að bjóða upp á hið allra ferskasta sem er að gerast í listmeðferð báðum megin Atlandshafsins. Og frá upphafi hafa margir ólíkir hópar sýnt ráðstefnunni áhuga, ekki aðeins listmeðferðarfræðingar sjálfir heldur aðrar fagstéttir og ekki síst almenningur.

Rannsóknir á heilastarfseminni með tilliti til sköpunarþarfar mannsins er áhugavert og ört vaxandi svið, úr þeirri átt er sennilega margra nýjunga að vænta. Fram að þessu hefur verið lítið vitað um hvað raunverulega á sér stað í heila og þar af leiðandi í huga þess sem sekkur sér niður í skapandi iðju. Með þetta í huga er fimm erlendum listmeðferðarfræðingum, sem hver um sig starfar eða stundar rannsóknir á þessu sviði, boðið til landsins og sem væntanlega munu varpa ljósi á margvíslega þætti á þessu sviði.

Listmeðferð er tvíþætt, hún byggist á myndsköpunarferlinu sjálfu og sambandi skjólstæðings við listmeðferðarfræðing og er það jafnframt sérstaða meðferðarinnar. Kjarni meðferðarinnar felst í gildi þess að skapa, að manneskjan er skapandi vera, þó hefur ekki fram að þessu verið hægt að sýna fram á hvað raunverulega á sér stað innra með skjólstæðingi í listmeðferðinni.

Að gefnu tilefni er gagnlegt að greina á milli listmeðferðar annars vegar, þar sem unnið er með viðkvæma tilfinningalega, hugræna og sálræna þætti í innra og ytra lífi skjólstæðingsins og hins vegar myndlistarstarfa, myndlistarkennslu og námskeiða í sjálfsrækt af ýmsum toga. Í listmeðferð, sem og annarri meðferð, leggur meðferðaraðilinn áherslu á meðferðar-rammann sem þarf að fela í sér öruggan stað og aðstæður, samfelldan tíma og kunnáttu til að aðstoða skjólstæðinga við að vinna úr tilfinningum og reynslu í gegnum fjölbreyttan efnivið eins og liti, pappír, málningu, leir og gifs.

Hið talaða mál er aðeins eitt af mörgum tungumálum eða tjáningaleiðum sem manneskjan hefur yfir að ráða til þess að leita skilnings á sjálfum sér og aðstæðum sínum. Væntanlega mun ráðstefnan varpa ljósi á hvers vegna myndræn tjáning er svo áhrifarík sem reynslan sýnir.

Ráðstefnan fer fram í Kennaraháskólanum 29. júní til 1. júlí og eru allir velkomnir sem áhuga hafa. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.iceart.org.

*Höfundur situr í ráðstefnunefnd FLÍS.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Við fordæmum þetta

Ísland Panorama (samtök fyrir fjölbreytni og gegn mismunun og kynþáttahatri á Íslandi) fordæma harkalega hegðun hóps stuðningsmanna FH sem sýndu kynþáttahatur í garð leikmanns ÍBV, sem er af erlendum uppruna og dökkur á hörund. En það er ánægjulegt að vita að stjórn FH er líka búin að fordæma þetta. Það er alltaf sorglegt þegar sumir í þjóðfélaginu haga sér svona ósiðlega. Þetta voru fáir af stuðningsmönnum liðsins en það er samt áhyggjuefni fyrir okkur öll sem viljum lífa í samlyndi hlíð við hlíð í gagnkvæmri virðingu og vinsemd á Íslandi. Það er okkur í hag sem manneskjur að leyfa þessu ekki að vaxa í samfélaginu. Hvert verk skiptir máli. Aðgerðaleysi skapar meira fordóma, þess vegna vonum við að málinu lykti ekki aðeins með yfirlýsingum af hálfu stjórna FH og jafnvel KSÍ, heldur aðgerðum. Það er þörf fyrir fræðsluherferð víða á landinu til að breyta hugarfari og viðhorfum í samfélaginu. Það sama á eflaust líka við í íþróttum. Leggjum málinu lið.

**Akeem Cujo, formaður Ísland/Panorama**

## AF NETINU

### Vitlaus samningaleið

Ég held því að íslenska ríkisstjórnin sé að gera mikil mistök með því að einskorða [varnar]viðræður sínar einungis við Bandaríkjamenn - en ekki Nató. Það lýsti af svörum bandaríska hershöfðingjans, sem hér var í gær, og framkvæmdastjóra Nató að þeir trúðu varla sinni eigin heppni að Íslendingar skyldu leyfa Nató að sleppa frá viðræðunum. Ríkisstjórn Geirs H. Haarde tók vitlausa samningaleið hráa upp frá Davíð Oddssyni og Íslendingar munu súpa seyðið af þeirri heimsku. Hún er að semja um vitlausa hluti. Því miður.

**Össur Skarphéðinsson á hexia.net/roller/page/ossur**

### Ekkert tónlistarhús

Þannig vakti athygli í gær þegar stutt viðtal birtist í Fréttablaðinu við Harald Frey Gíslason trommuleikara Botnleðju sem sagði meðal annars: „Ég vil ekki að það verði hérna bullandi verðbólga til þess að við getum fengið tónlistarhús sem við getum alveg verið án.“ Já, „sem við getum alveg verið án“, er það sem tónlistarmaðurinn sagði um tónlistarhúsið. Vitaskuld geta tónlistarmenn jafnt sem aðrir verið án þessa tiltekna tónlistarhúss. Þeir hafa verið það hingað til og gengið alveg prýðilega, eins og hástemmdar lýsingar á gæðum tónlistarmanna og hljómsveita landsins sýna. Gildir þá einu hvort um er að ræða popphljómsveitir á borð við Botnleðju eða klassískar hljómsveitir á borð við Sinfóníuhljómsveitina.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**







# Hvar er Framtíðarlandið?

UMRÆÐAN
ORKUIÐNAÐUR OG ÞEKKINGARSAMFÉLAG



JÓHANNES GEIR SIGURGEIRSSON
STJÓRNARFORMAÐUR LANDSVIRKJUNAR

Nokkuð hefur verið rætt um það að undanförnu að stóriðjustefna sé þungamiðja í atvinnustefnu stjórnvalda. Ég kýs reyndar miklu frekar að tala um orkuiðnað sem þá nær yfir bæði framleiðslu á orku og nýtingu hennar í iðnaði. Þetta kemur meðal annars fram í mikið ræddri bók Andra Snæs Magnasonar, Draumalandinu, og á fundi um „Framtíðarlandið“ nú nýverið. Við skulum skoða þetta aðeins nánar. Er þetta svona? Hvert er hlutverk orkuiðnaðarins í þjóðarbúskapnum? Ef það er ekki greint rétt þá verða ályktanirnar sem dregnar eru alltaf rangar.

Það hefur oft verið gripið til þess að bera saman mikilvægi áls og þorsks í þjóðarbúskapnum. Það er að mínu mati að mörgu leyti eðlilegt enda eru samlíkingarnar sláandi. Í báðum tilfellum er um að ræða atvinnuvegi sem skapa miklar gjaldeyristekjur. Báðar greinarnar byggja á langtímamarkmiðum um auðlindanýtingu og skapa á þann hátt festu í atvinnulífið og þá sérstaklega útflutningsgreinarnar. Í þessu tilfelli er rétt að nefna hvað þorskurinn er stór hluti af sjávarútveginum en hann leggur til 40% af heildarverðmætum útfluttra sjávarafurða. Það er freistandi að skoða hver líkleg staða þessara greina verður á árinu 2008 þegar núverandi uppbyggingu í orkuiðnaði verður lokið. Til þess eru settar fram þær upplýsingar sem eru í töflu 1.

### Útflutningsgreinarnar eru afkastamiklar

Hvað má lesa út úr þessum upplýsingum um stöðuna 2008? Í fyrsta lagi að mikilvægi orkuiðnaðarins felst öðru fremur í að skapa miklar útflutningstekjur með hlutfallslega litlum mannafla. Í öðru lagi má draga þá ályktun að sjávarútvegurinn stefni í sömu átt; það er að skapa miklar útflutningstekjur með fáum starfsmönnum. Í þriðja lagi sýna tölurnar að til þess að gera fáar hendur muni standa að baki vöruútflutningum árið 2008 eða um eða innan við 6% af starfandi fólki ef aðrar greinar ná sömu framleiðni og álið og þorskurinn. Þessar tölur styðja ekki fullyrðingar um ofuráherslu á orkuiðnað. Þvert á móti sýna þær að sífellt færri hendur starfa við framleiðsluiðnaðinn sem skapar svigrúm fyrir aðrar greinar og þar með fyrir enn auknar þjóðartekjur.

*Orkuiðnaðurinn hefur einungis verið einn angi af atvinnu- og efnahagsstefnu okkar Íslendinga en gegnir mikilvægu hlutverki við gjaldeyrisöflun, skapar dýrmæt störf í framleiðsluiðnaði, hefur haft mikil staðbundin byggðaáhrif og hefur lagt grunninn að nýrri þekkingu og þar með fjölda starfa í þekkingargreinunum.*

Staðreynd málsins er nefnilega sú að við Íslendingar höfum á síðustu árum verið á hraðari ferð til þess sem er kallað þekkingar- eða þjónustusamfélag en flestar aðrar þjóðir. Við þurfum ekki nema til þess að gera fáar kennitölur til þess að átta okkur á því. Á rúmum áratug hefur kaupmáttur launa hækkað um nálægt fimmtíu prósent. Á sama tíma hefur þeim sem starfa í sjávarútvegi og því sem í gögnum er kallað annar iðnaður samtals fækkað verulega hlutfallslega á meðan störfum í þekkingar- og þjónustugreinum og þeim sem stunda háskólanám hefur fjölgað stórlega samanber töflu 2.

**TAFLA 1. HLUTUR ÞORSKS OG ÁLS Í ÞJÓÐARBÚSKAP 2008**

| | Þorskur, veiðar og vinnsla | Orkuiðnaður |
|---|---|---|
| Nettó verðmæti útflutnings (milljarðar) | 33,5 | 35,0 |
| Nettó verðmæti útflutnings (hlutfall af vöruútflutningi) | 22,8% | 23,8% |
| Fjöldi starfa | 3.000 | 1.500 |
| Launagreiðslur samtals (milljarðar) | 15,1 | 11,3 |
| Laun og launatengd gjöld á starf (milljónir) | 5,0 | 7,5 |
| Hlutfall af heildarmannafla | < 2,0% | < 1,0% |

### 100% fjölgun háskólanema

Þessi tafla endurspeglar margt. Hún sýnir fækkun starfa í þeim greinum sem samsvarar framleiðsluiðnaði í öðrum löndum (fiskveiðar og vinnsla og annar iðnaður) og að hlutfall þeirra sem vinna við þessar greinar stefnir í að vera svipað því sem lægst gerist annars staðar eða innan við 15% af vinnuaflinu. Hún sýnir að störfum í nokkrum þjónustu- og menntagreinum hefur fjölgað um 50 % á einum áratug. Hún sýnir að þeim sem stunda háskólanám hefur fjölgað um 100% á þessum áratug. Ef rýnt er í grunngögnin sem tölurnar í töflunni byggja á kemur í ljós að 1995 unnu 16.000 manns beint við sjávarútveginn en rúmlega 9.000 manns voru við háskólanám.

Nú vinna rúmlega 9.000 manns við sjávarútveginn en um 18.000 manns eru í háskólanámi. Einnig sést við nánari greiningu að mest fjölgun hefur verið í flokknum fasteigna- og viðskiptaþjónusta en þar starfar hátt hlutfall þeirra, á annað þúsund sérfræðinga sem hægt er að sýna fram á að þjónusti orkuiðnaðinn í dag.



**TAFLA 2. BREYTINGAR Á VINNUMARKAÐI 1995–2004**

| | 1995 | | 2004 | |
|---|---|---|---|---|
| | fjöldi | hlutfall* | fjöldi | hlutfall* |
| Fiskveiðar og vinnsla og annar iðnaður | 31.000 | 21,8% | 26.400 | 16,9% |
| Fjármála- og viðskiptaþjónusta, fræðslustarfsemi | 22.600 | 15,9% | 33.300 | 21,3% |
| Fjöldi í háskólanámi | 9.177 | 6,5% | 18.203 | 11,6% |

** hlutfall af starfandi fólki.*

Hver er hlutur stjórnvalda í þessari þróun? Ég vil í því samhengi nefna sjö atriði:

1. Nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi á níunda áratug síðustu aldar lagði grunninn að mikilli framleiðniaukningu í sjávarútvegi.
2. Þjóðarsáttin 1990 tryggði stöðugleika í efnahagslífinu.
3. Innganga í Evrópska efnahagssvæðið í byrjun tíunda áratugarins skipti sköpum varðandi öll viðskipti við Evrópu.
4. Aukinn kraftur í orkuiðnaði um miðjan tíunda áratuginn hleypti nýju lífi í efnahagslífið.
5. Lækkun skatta á fyrirtæki og fjármagnstekjur hefur í senn aukið skattekjur frá atvinnulífinu og hvatt það til dáða.
6. Aukið framboð af háskólanámi með stórauknum opinberum framlögum virðist hafa skilað sér nánast línulega í fjölgun sérhæfðra vel launaðra starfa.
7. Einkavæðing banka og sjóða um aldamótin 2000 hefur hjálpað til við að koma fótunum undir fjölda fjölþjóðlegra fyrirtækja.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að hin svokallaða stóriðjustefna er ekki nema lítill hluti af þeim stjórnvaldsaðgerðum sem hefur verið beitt til þess að efla íslenskt atvinnu- og efnahagslíf. Þeir sem halda því ganstæða fram eru fyrst og fremst háværhópur andstæðinga orkuiðnaðar og að nokkru stjórnmálamenn og umræðan virðist ekki byggja á neinum rannsóknum á því sem raunverulega hefur verið að gerast.

### Orkuiðnaðurinn er hluti af stærri heild

Af öllu framansögðu má vera ljóst að tal um að öll áhersla síðustu ára hafi verið á orkuiðnað er röng. Orkuiðnaðurinn hefur einungis verið einn angi af atvinnu- og efnahagsstefnu okkar Íslendinga en gegnir mikilvægu hlutverki við gjaldeyrisöflun, skapar dýrmæt störf í framleiðsluiðnaði, hefur haft mikil staðbundin byggðaáhrif og hefur lagt grunninn að nýrri þekkingu og þar með fjölda starfa í þekkingargreinunum. Meginstraumur breytinganna á þeim áratug sem hér er skoðaður er án nokkurs vafa í átt til þekkingar- og þjónustustarfa og breytingarnar eru það hraðar að þetta tímabil hlýtur að fara í sögubækurnar sem eitt byltingarkenndasta tímabil í íslenskri atvinnusögu.

Þessi þróun virðist að mestu lúta þeim kenningum sem hafa verið settar fram um hið svokallaða þekkingar- eða þjónustusamfélag og það bendir margt til að orkuiðnaðurinn hafi ekki verið dragbítur á þessa þróun heldur miklu frekar einn af þeim þáttum sem hafa lagt henni lið og eigi eftir að gera það enn frekar. Þar má m.a. nefna fjöllþjóðlegt rannsóknarverkefni um niðurdælingu á koltvísýring; sem nú er að hefjast þar sem íslenskir vísindamenn leika lykilhlutverk. Einnig hugmyndir um alþjóðlegan orkuháskóla á Akureyri; en bæði þessi verkefni byggja á þekkingu sem hér hefur verið byggð upp við eða fyrir tilstuðlan orkuiðnaðarins.

### Draumalandið hefur sínar skuggahliðar

Með þetta allt í huga veltir maður fyrir sér sviðsmyndinni í Draumalandinu hans Andra Snæs. Sú bók fjallar um allt aðra veröld en kemur fram í tölunum hér að ofan. Til að allrar sanngirni sé gætt þá fjallar hún einnig um mikilvægi landvörslu. En einnig þar virðist umræðan ekki alltaf vera í takt við raunveruleikann. Hér á landi er verið að stíga stærri skref til landverndar en þekkist annars





**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Greinarhöfundur segir að ef þær hugmyndir sem nú eru uppi af hálfu stjórnvalda um hvers kyns verndarsvæði, verði mun lengra gengið í þeim málum hér á landi en til dæmis í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Málfrelsi angrar Framsóknarflokkinn

**ALBERT JENSEN**
SKRIFAR UM STÓRIÐJUSTEFNU

Ungt áhugafólk um íslenska náttúru, umhverfið og hreint loft, kom heldur betur við kaunin á nýgerðum utanríkisráðherra Framsóknarflokksins. Þessi undarlega þenkjandi fyrrverandi stóriðjumálaráðherra, virðist svo lygilega veruleikafirrt, að hún heldur í fúlustu alvöru að lífi hennar stafi hætta af líkingamáli vel hugsandi ungmenna. Ég vil óska þjóð minni til hamingju með þetta úrvalsfólk. Fulltrúar þess komu fram í Kastljósi og svöruðu fyrir sig af einurð og hreinskilni. Nokkuð sem talsmönnum Framsóknarflokksins er framandi.

Ungu mennirnir létu þess ógetið, að ráðuneyti þessa ráðherra, hefur nýtt sér ótakmarkað vald og fjármuni til að ófrægja og takmarka starfsemi náttúruverndarsinna. Einkennilegt hvað þjóðin virðist eiga erfitt með að átta sig á hinum raunverulegu vinum og óvinum. Greina á milli þess sem er henni til góðs, eða ills. Minnir óþægilega á söguna af Marbendli. Umhverfið og heilnæmt loft, er mál málanna. Í þeim efnum skilur á milli góðs lífs og úrkynjunar. Eyðing ósonlagsins mun valda Íslandi meiri skaða en öllum öðrum löndum og það er ekki langt í þann veruleika, ef fram heldur sem horfir. Framsóknarflokkurinn er hættulegasti málsvari umhverfiseyðingar og stóriðju. Fyrir þessa hugsjón sína, er hann tilbúinn að vera hækja þeirra sem best bjóða. Setur eiginlega óorð á ágætt hjálpartæki fatlaðra.

Af framansögðu mætti ráða, að fötlun sé margbreytilegri og beri víðar niður en áður var ætlað. Allt tal ráðherrans, um að hún hafi einungis verið að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar, er ósvífinn útúrsnúningur. Hún er sannfærður stóriðjusinni og glámskyggnin á heimsmælikvarða. Henni, eins og hennar ástkæra flokki, er fyrirmunað að skilja mikilvægi náttúrunnar til annars en að nýta hana í fjötrum. Það ætti að vera þjóðinni umhugsunarefni, hve oft ráðherrar Framsóknarflokksins stagglast á væntumþykju sinni á flokknum. Aldrei hef ég heyrt þá minnast á að þeim þyki vænt um þau sem kjósa þá, hvað þá heldur um þjóðina.

staðar. Ef þær hugmyndir sem nú eru uppi af hálfu stjórnvalda um hvers kyns verndarsvæði ná fram að ganga þá geta þau orðið allt að 35% af flatarmáli Íslands. Til samanburðar má benda á að verndarsvæði í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru samtals 8-9% af flatarmáli hvers lands í dag.

Það er einnig ástæða til að spyrja: Getur verið að við séum stödd í miðju Framtíðarlandinu; með kostum þess og göllum? Það er nú einu sinni svo að það fylgja vaxtaverkir svo miklum breytingum sem hafa verið að ganga yfir. Í fræðilegri skilgreiningu á hinu svokallaða þekkingarsamfélagi kemur í ljós að þar er ekki allt jákvætt. Hinir neikvæðu fylgifiskar eru m.a. vandkvæði á að tryggja framleiðni og þar með viðunandi laun í hefðbundnum þjónustu- og umönnunarstörfum, aukið kynbundið misrétti, félagsleg einangrun o.fl. Það væri efni í aðra grein að fjalla um þessa þætti.

Það er hins vegar alveg ljóst að það næst enginn árangur ef viðfangsefnin eru ekki rétt skilgreind; ef sviðsmyndin er röng.

**STÖRF Í SJÁVARÚTVEGI OG FJÖLDI Í HÁSKÓLANÁMI 1995–2005**




Það þjónar engum tilgangi að benda á orkuiðnaðinn sem sökudólg varðandi meintar neikvæðar þjóðfélagsbreytingar ef hin megináfstæðan er hliðarverkanir hraðrar þróunar til þekkingarsamfélagsins. Það er út í hött að kenna fjárfestingum í orku- og álverum um núverandi óróa í efnahagsmálum ef hin meginástæðan er lausatök í fjármálum hins opinbera (ríkis og sveitafélaga) og að við hvert og eitt höfum ekki getað hamið kaupgleði okkar í velmegun síðustu ára. Það er tilgangslaust að hengja bakara fyrir smið.

*Höfundur stundar nám í hagnýtum hagvísindum á Bifröst.*

*Þær tölur sem eru notaðar við vinnslu þessarar greinar eru að mestu fengnar frá Hagstofunni. Einnig frá einstökum fyrirtækum og atvinnugreinum. Öll úrvinnsla þeirra er hins vegar alfarið á ábyrgð höfundar. Allar tölur í töflu eitt byggja á verðlagi og meðalgengi ársins 2005. Reiknað er með meðalálverði 2005. Reiknað er með að 2008 verði flutt út 780 þúsund tonn að áli , sömu aflaheimildum og nýtingu afla og 2005 og að annar útflutningur aukist um 10%. Reiknað er með að innlendur hluti í útflutningstekjum á áli sé 37,5% en 75% í þorsk. Reiknað er með að innlendi hlutinn af heildar vöruútflutningi sé 60%. Reiknað er með að í sjávarútvegi náist hagræðing til jafns við þá sem eru með bestu framleiðni vinnuafls í dag. Í töflu 2 er alfarið notast við tölur frá Hagstofunni. Tölur um verndarsvæði eru byggðar á gögnum frá Umhverfisráðuneytinu og Umhverfisstofnun.*








*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tendamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Sigbjörnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 20. júní síðastliðinn.

**Þorvarður Guðmundsson**
**Anna Sigurbjörg Þorvarðardóttir** **Valur Þórarinsson**
**Guðmundur Jens Þorvarðarson** **Svava Haraldsdóttir**
**Stefán Ragnar Þorvarðarson**
**Aðalbjörg Þorvarðardóttir** **Tryggvi Aðalsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Sigríður Kristjánsdóttir**
Reynivöllum 6, Selfossi,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 15. júní, verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 24. júní kl. 11.

**Pétur Kristjánsson** **Guðrún V. Árnadóttir**
**Ragnheiður Kristjánsdóttir** **Páll Imsland**
**Guðlaug E. Bóasdóttir.**



*Ástkær dóttir okkar, sambýliskona, systir, mágkona og frænka,*

**Guðrún Gísladóttir**
Arnarhrauni 11 Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 17. júní. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 28. júní kl 15.00.

**Gísli Sumarliðason** **Guðrún M. Jónasdóttir**
**Einar B. Pétursson**
**Sigrún Erla Gísladóttir** **Þorvaldur Svavarsson**
**Jón Ari Gíslason**
**Arnar Gíslason** **Björk Arnbjörnsdóttir**
**og systkinabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Kristjánsson**
vélstjóri, Heiðvangi 48, Hafnarfirði,

lést á Landsspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Garðakirkju, föstudaginn 23. júní kl. 13.00.

**Karin Gústavsdóttir**
**Claus Hermann Magnússon** **Ásdís Elín Guðmundsdóttir**
**Gunnar Geir Magnússon**
**Garðar Þór Magnússon** **Elínrós Erlingsdóttir**
**Pálmey Magnúsdóttir** **Bjarni Knútsson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Guðjón Björn Ásmundsson**
Hríseyjargötu 6, Akureyri,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 7. júní. Jarðsungið verður frá Glerárkirkju föstudaginn 23. júní klukkan 14.00. Jarðsett verður í Lögmannshlíð.

**Ólöf Tryggvadóttir**
**Guðlaug Ósk Guðjónsdóttir** **Birgir Gunnarsson**
**Guðmundur Karl Guðjónsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Ásmundur Jónas Guðjónsson** **Helga María Stefánsdóttir**
**Valborg Inga Guðjónsdóttir** **Guðjón Páll Jóhannsson**
**Tryggvi Stefán Guðjónsson** **Auður Birgisdóttir**
**Erla Hrönn Ásmundsdóttir**
**og afabörn.**

**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

**PAT NIXON (1912-1993) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Að vera forsetafrú er erfiðasta ólaunaða starf í heimi.“*

*Pat Nixon tók virkan þátt í stjórnmálavafstri eiginmanns síns, Richard Nixon.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 22. MAÍ 1978

## *Fylgitungl Plútó uppgötvað*



Á þessum degi árið 1978 fundu vísindamenn Karon, fylgitungl Plútós. Voru stjörnufræðingarnir James W. Christy og Robert S. Harrington að skoða myndir af Plútó þegar þeir ráku af tilviljun augu í Karon þar sem þeir voru við störf í stjörnuskoðunarstöð bandaríska sjóhersins.

Karon er stærsta fylgitungl Plútós og í raun svo stórt í samanburði við móðurreikistjörnu sína að sumir stjörnufræðingar segja að Karon og Plútó myndi í reynd tvíreikistjörnu. Radíus Karon er 625 kílómetrar eða um helmingur radíuss Plútó og nær massi Karons tæpum tíunda hluta af massa Plútós. Fram til ársins 2005 héldu vísindamenn að Karon væri eina tungl Plútó en með tilkomu Hubble-geimsjónaukans kom í ljós að tvö agnarsmá tungl hringsóla einnig í kringum reikistjörnuna.



**INGIMUNDUR GUÐMUNDSSON MEÐ SIGURSKJALIÐ OG BIKARINN** Íslendingar voru sigursælir í rökræðukeppninni á Evrópuþingi JCI því íslenskt lið sigraði keppnina og svo var Ingimundur Guðmundsson valinn ræðumaður keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

INGIMUNDUR GUÐMUNDSSON: EVRÓPUMEISTARI Í RÖKRÆÐUM

# Sigur eftir sex ára bið

Á þjóðhátíðardaginn vann íslenskt ræðulið Evrópumeistaratitil í rökræðum á Evrópuþingi JCI. Þingið fór fram í eistnesku höfuðborginni Tallin en auk íslenska sigursins var Ingimundur Guðmundsson valinn besti ræðumaður keppninnar.

„Við erum búin að keppa að þessu í sex ár og loksins tókst það,“ segir Ingimundur sem var að vonum kampakátur með árangurinn. „Við höfum staðið okkur svona þokkalega í þessari keppni og náðum í úrslitin fyrir tveimur árum en töpuðum þá fyrir Bretum. Í úrslitakeppninni unnum við Norðmenn en tókum bæði út Íra og Skota á leiðinni.“

Ingimundur kveðst ekki síst vera ánægður með sigurinn yfir Írum og Skotum því þjóðirnar hafi lengi verið þrándur í götu Íslendinga. „Styrkur þeirra er tungumálið þannig að það virðist vera auðveldara fyrir þá að koma máli sínu frá sér. Þjóðir sem ekki eru með móðurmálið ensku eru að styrkja sig í þessari keppni sem sést vel á þjóðerni liðanna sem kepptu til úrslita núna.“ Sextán lið frá tíu löndum tóku þátt í rökræðukeppninni að þessu sinni en keppnin er árlegur viðburður. Á heimsþingi JCI er einnig haldið heimsmeistaramót í rökræðum og stefnir Ingimundur ásamt liði sínu ótrauður þangað en heimsmeistaramótið í ár verður í nóvember.

Enginn beinn undirbúningur liggur að baki þátttöku í rökræðukeppninni. „Það er ósköp erfitt að undirbúa sig fyrir þetta. Umræðuefnin koma bara fimmtán mínútum fyrir keppnina svo undirbúningurinn er helst bara að keppa. Við erum með svona keppni hérna heima og köllum hana ræðuveisluna.“ Ræðuveislan fer þó fram á íslensku svo Ingimundur segir að undirbúningurinn sé að því leyti ólíkur keppninni. „Annars gildir bara að slaka á og koma sér í gírinn.“

Ingimundi virðist líka takast sérlega vel að „koma sér í gírinn“ því dómarar töldu hann hafa staðið sig best allra þátttakanda í keppninni. „Ég er auðvitað mjög ánægður með þetta, engin spurning,“ segir Ingimundur aðspurður um hvernig tilfinning fylgi sigrinum. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hann er valinn ræðumaður keppninnar því hann fékk sömu viðurkenningu í keppninni fyrir tveimur árum. „Vissulega var samt mjög gaman að fá að fara þarna upp á verðlaunapallinn tvisvar á þinginu, bæði að vinna með liðinu og þennan titil.“



## Afmæli

**Í dag, 22. júní, er áttræð**

*Helga Pálsdóttir*

*fyrrum húsfreyja Eyjum I í Kjós. Helga ætlar, ásamt eiginmanni sínum, Ingólfi Guðnasyni, að taka á móti gestum laugardaginn 24. júní milli kl:15.00-19.00 í veislusal Gullsmára 13 á 1.hæð. Þau vonast til að sjá sem flesta vini og vandamenn á þessum tímamótum til að samfagna með þeim.*

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

## ÚTFARIR

**13.00 Gunnar Knútur Proppé** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

**13.00 Kristín Jónasdóttir** frá Borg í Reykhólasveit, Dalabraut 20, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

**15.00 Hulda Dóra Jóhannsdóttir**, Tinnubergi 6, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.



## Afmæli

*70 ára var 22. apríl*

*Einar Pálmason*

*skipstjóri, Sóltúni 5, Keflavík. Hann og eiginkona hans, Jóhanna Auður Árnadóttir, bjóða ættingjum og vinum laugardaginn 24. júní kl. 15.00 í Félagsheimilið Árblik, Miðdölum Dalabyggð.*



## Afmæli

*Dagbjartur Einarsson*

*fyrrum forstjóri í Fiskanesi verður sjötugur 26. júní nk. Af því tilefni bjóða hann og eiginkona hans, Birna Óladóttir, til gleðskapar í Festi laugardaginn 24. júní kl: 19:00. Allar gjafir harðbannaðar en á staðnum verður söfnunarkassi ætlaður fyrir orgelsjóð Grindavíkurkirkju.*




HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

**Accord** Kraftur




Færi á 190 hestafla Accord krafti sem samhæfir
meistaralega Honda gæði og Honda gott verð

honda.is

Komdu og sannreyndu hvernig hinn nýi Honda Accord er jafnvígur í samkvæmið sem á keppnisbrautina. Með 2,0 lítra 155 hestafla standardvélinni eða 2,4 lítra og 190 hestafla eldflaug, sem þú átt val um, finnur þú kraftinn og lúxusinn sem hentar þinni akrein í lífinu. Sportleg og straumlínulöguð hönnunin umlykur Accord þægindin. Spennandi nýjungar og enn ríkulegri staðalbúnaður færir nýjan Honda Accord feti framar í samkeppninni. Komdu og finndu kraftinn þinn – ræstu Accord.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535




# STUÐ MILLI STRÍÐA Heitt og kalt

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** SPYR SIG HEIMSPEKILEGRA SPURNINGA



Við Íslendingar hötum ekki að fá smá sól og sumaryl. Við bölvum líka hinu ömurlegra veðri sem ríkir á Íslandi hvenær sem tækifæri gefst til. En af hverju líður okkur svona miklu betur þegar heitt er í veðri en þegar kalt er í veðri? Alveg óháð því að sólin skín, sem fær mann óhjákvæmlega til þess að líða betur, þá er mun þægilegra að vera heitt heldur en kalt. En af hverju? Mér finnst líklegast að þegar heitt er í veðri þá erum við nær sjálfum líkamshitanum. En hefur einhver verið í 37 stiga hita? Slíkt er ekkert ofsalega fjörugt til lengdar.

En allt í lagi, það er betra að vera heitt heldur en kalt en hins vegar er þessu öfugt farið þegar komið er út í öfgarnar. Ég hef komið við hluti sem eru brennandi heitir og meitt mig alveg svakalega en hins vegar hef ég aldrei verkjað undan því að snerta eitthvað sem er alveg ískalt, smá stingur en ekkert meira en það.

Þess vegna skil ég ekki alveg af hverju vinsælir eða góðir hlutir eru sagðir vera sjóðandi heitir. „Ú, þessi húfa er alveg fáránlega heit fyrir veturinn.“ eða „Krikketlið Pakistans er búið að vera gjörsamlega sjóðandi heitt í leiknum í dag, það gjörsamlega sýður á þeim.“ Af hveru er það miklu eftirsóknarverðara að vera svona svakalega heitur frekar en að vera jökulkaldur? Hvorugt er reyndar mjög þægilegt ástand en ég væri frekar til í að vera svakalega kalt heldur en að vera við það að brenna upp til ösku.

Var kannski sett saman einhver nefnd sem ákvað að heitt væri betra en kalt? Svona eins og eitthvað kirkjuþing ákvað að Jesús ætti afmæli 25. desember eða þegar Unnur Birna var sögð vera fallegri en ungfrú Líbanon. Eða kannski er ég bara í ruglinu? Allavega, þið hafið mitt leyfi til þess að spyrja um þetta mál á Vísindavefnum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Ert þú að flytja inn frá Bandaríkjunum?

*Vegna aukinnar flutningsgetu getum við boðið enn betri og fljótari þjónustu frá Bandaríkjunum.*

*Kynntu þér málið hjá söludeild okkar í síma 591 3000 eða á import@atlantsskip.is*

***Heimurinn er okkar***

pipar / SÍA

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

**Sími: 591 3000 / www.atlantsskip.is**

**!**

**KL. 14.00**

*Sýningum Karin Sander og Ceal Floyer í Safni á Laugavegi 37 lýkur nú um helgina. Á grunnhæð Safns býður Karin Sander gestum að hlýða á hljóðverk eftir 40 listamenn. Á annarri og þriðju hæð byggingarinnar má svo sjá skúlptúr, textaverk, málverk, ljósmyndir og vídeóverk eftir myndlistarkonurnar tvær en þær eru meðal þekktustu og áhugaverðustu myndlistarkonum í Evrópu í dag.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Allt glitrar hjá Heimi

Listamaðurinn Heimir Björgúlfsson heldur sína fimmtu einkasýningu hér á landi í galleríi Suðsuðvestur, Hafnargötu 23 í Keflavík. Sýningin nefnist „yst glitrar“ og verður opnuð á laugardaginn.

Heimir hefur nýlega verið með einkasýningar í Hollandi og Belgíu og hann býr og starfar bæði í Los Angeles og Amsterdam. Listamaðurinn lýsir sýningunni svo að allt eigi sér hliðstæðu í hlaupkenndu efni með venjulegum augum. Hann telur að allir hlutir glitri jafnvel hið hlaupkennda. Sýningin stendur til 16. júlí og er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18, laugardaga og sunnudaga frá kl. 14-17. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.sudsudvestur.is.



**LISTAMAÐURINN SJÁLFUR** Heimir Björgúlfsson opnar sýningu sína á laugardaginn og nefnist hún „yst glitrar“.

### > Ekki missa af...

fyrstu menningargöngunni frá Leirubakka sem verður farin nú á Jónsmessunótt, 23. júní. Gengið verður að Landréttum í Réttanesi undir leiðsögn tveggja fjallkónga í Landmannaafrétti. Einnig verða gömlu Landréttirnar skoðaðar sem lögðust af vegna sandroks 1660. Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir þjóðfræðinemi mun leiða gönguna.

Hádegistónleikum Hallveigar Rúnarsdóttur og Árna Heimis Ingólfssonar í galleríi Animu við Ingólfsstræti 8.

Tónleikum hljómsveitarinnar The Gang frá New York sem Smekkleysa og tímaritið Grapevine standa fyrir á Galleríi Humri eða frægð. Tónleikarnir hefjast klukkan 15.

# Fimm erlend nöfn á Innipúkanum

Miðasala á tónlistarhátíðina Innipúkann sem verður á Nasa 4. til 6. ágúst hefst fimmtudaginn 29. júní.

Tuttugu og þrjú tónlistaratriði verða á hátíðinni, þar af fimm erlend. Verða þau tilkynnt sama dag og miðasalan hefst. Á meðal hljómsveita sem spiluðu á Innipúkanum í fyrra voru Blonde Redhead, Trabant, Singapore Sling, Mugison, Hjálmar, Jonathan Richman og Apparat.

Þetta er fimmta árið sem hátíðin fer fram um verslunarmannahelgina í Reykjavík. Tilgangurinn er að bjóða upp á góða tónlist í Reykjavík á sama tíma og vertíð útihátíða gengur í garð.

Miðasala á hátíðina hefst klukkan 10 á midi.is, í verslunum Skífunnar og í vel völdum verslunum BT. Hægt verður að kaupa passa á alla hátíðina og einstaka daga líka. Passi á alla hátíðina kostar 6.000 kr. auk miðagjalds og dagspassi kostar 2.900 krónur auk miðagjalds. Þess ber að geta að alltaf hefur orðið uppselt á hátíðina og takmarkað fjöldi miða er í boði.



**TRABANT** Hljómsveitin Trabant spilaði á Innipúkanum í fyrra við góðar undirtektir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Íslendingar í Færeyjum

Hljómsveitirnar Land og synir og Dikta verða á meðal þeirra sem koma fram á tónlistarhátíðinni Jóansvøkufestival sem hefst í Færeyjum í dag og stendur fram til 25. júní. Á meðal fleiri sveita sem koma fram eru 200, Brandur Enni og Dejá Vu frá Færeyjum. Um fimm þúsund erlendir gestir sóttu hátíðina í fyrra, sem þótti heppnast ákaflega vel.

Hátíðin er haldin í Suðurey, þar sem um fimm þúsund manns búa. Tvöfaldast því mannfjöldinn á eynni þegar hátíðin er haldin.



**HREIMUR** Hreimur Örn Heimisson og félagar í Landi og sonum spila í Færeyjum um næstu helgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


FIMMTUDAGSTILBOÐ

SANDALAR - SANDALAR - SANDALAR- SANDALAR

FRÁBÆRT ÚRVAL



Sandalar
4.995 kr. - verð áður
3.496 kr. - verð nú
stærðir: 31-45

Herrasandalar
4.995 kr. - verð áður
3.496 kr. - verð nú
stærðir: 40-46



*GILDIR ÚT LAUGARDAG

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 19, LAU. 10 - 16




**BRYNJA BENEDIKSDÓTTIR OG VALDÍS ARNARDÓTTIR** Leikritið Ferðir Guðríðar hefur verið sýnt meira en þúsund sinnum, í rúmlega fimmtán löndum og á fimm tungumálum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Guðríður gerir víðreist

**Leiksýningin Ferðir Guðríðar hefur ferðast til yfir fimmtán landa en saga þessarar merku formóður heillar áhorfendur beggja vegna Atlantsálanna og nýlega fór Guðríður sína fyrstu ferð til Asíu.**

Höfundur og leikstjóri sýningarinnar er Brynja Benediktsdóttir en verkið var frumsýnt í Skemmtihúsinu, leikhúsinu við Laufásveginn þar sem Brynja og Erlingur Gíslason eiginmaður hennar fara með lyklavöldin. Verkið hefur verið sýnt meira en þúsund sinnum en átta leikkonur hafa farið með hlutverk Guðríðar og leikið sýninguna á fimm tungumálum.

„Eins og allir vita ferðaðist Guðríður frá Íslandi til Noregs, Grænlands og alla leið til Vínlands þar sem hún settist að í þrjú ár og eignaðist soninn Snorra. Hún sneri heim til Grænlands og settist síðar að í Glaumbæ í Skagafirði en fór sem fullorðin kona í pílagrímsgöngu suður til Rómar, til að leita aflausnar hjá páfanum,“ segir Brynja. Sögu þessarar merku konu vinnur hún upp úr heimildum úr Grænlendingasögu og Þorfinns sögu karlsefnis en Guðríður var uppi snemma á 11. öld.

### Sterk og breysk kona

Brynja byggir verkið á sögunum tveimur en skáldar auðvitað í eyðurnar og nýtir sér tæki og möguleika leikhússins til þess að miðla sögunni og heldur með því í heiðri hinni munnlegu geymd sem sögurnar varðveittust í til að byrja með. Í sýningunni er tónlist eftir Margréti Örnólfsdóttur en leikmynd hennar hannar Rebekka Rán Samper. Brynja útskýrir að verkið sé ekki eingöngu ferðasaga heldur saga konu sem lifir af hremmingar í fallvöltum heimi. „Guðríður var fædd heiðin en varð kristin síðar á ævinni. Hún er hin sterka en líka hin breyska kona – ég geri hana mannlega í verkinu ólíkt lýsingunum af henni í fornsögunum þar sem hún er svo dásamlega upphafin og kristin. Hún er bara venjuleg, sterk, íslensk kona,“ segir Brynja og áréttar að margt sé kunnuglegt við sögu hennar þrátt fyrir þúsund ára tímamun.

### Frábærar viðtökur

Nú á 21. öldinni fögnuðu áhorfendur á alheimsþingi Alþjóða leikhúsmálastofnunarinnar á Filippseyjum kynnum af Guðríði en tvær leikkonur, þær Valdís Arnardóttir og Sólveig Simha, ferðuðust til höfuðborgarinnar Manilla með sýninguna ásamt tæknimanninum Guðmundi Guðmundssyni. Hátíð þessari hefur verið líkt við ólympíuleika leiklistarinnar en yfir 1000 manns sóttu hana að þessu sinni. Fullt var út úr dyrum á báðar sýningarnar og að sögn Viðars Eggertssonar, forseta stofnunarinnar á Íslandi sem staddur var á hátíðinni, vöktu sýningarnar hrifningu og aðdáun leikhúsunnenda hvaðanæva að.

### Engin stofnun

Brynja hefur ávallt fylgt sýningunni sinni eftir, ekki aðeins sem höfundur og leikstjóri heldur einnig sem tæknimaður ef nauðsyn krefur en hún komst þó ekki með til Manilla sökum kostnaðar því ekki er ókeypis að ferðast með leikhúsið til fjarlægra heimsálfa. „Við vitum ekki hvernig framtíðin verður en boðin halda áfram að hrynja inn. Leikhúsið mitt er engin stofnun – þetta er bara tveggja manna leikhús okkar hjónanna. Þess vegna byrja ég alltaf á núllpunkti þegar kemur að því að finna peninga fyrir sýninguna. Næsta boð er til Kólumbíu og nýlega barst boð frá Ítalíu og okkur finnst alveg nauðsynlegt fyrir Guðríði að komast aftur til Rómar,“ segir Brynja og bendir á að líka sé búið að bjóða sýningunni alla leið til Tasmaníu. „Svo ég spyr mig hvort ég eigi að leggja þetta niður og hætta eða hvort ég eigi enn að fara af stað og reyna að safna.“ Sífellt erfiðara reynist að afla fjár til þess að hægt sé að sýna verkið hérlendis og þetta er til dæmis fyrsta sumarið sem sýningin er ekki sett upp í Skemmtihúsinu.

### Forréttindi fyrir höfund

Sýningin um Ferðir Guðríðar hefur verið í stöðugri þróun öll þessi ár og Brynja segist njóta mikilla forréttinda sem höfundur að geta fylgst með henni vaxa og breytast. „Ég hef unnið handritið áfram, til þess að lifa af þá hef ég sífellt verið að breyta áherslum til dæmis svo hver leikkona fái notið sín, þó þemað sé alltaf hið sama,“ segir hún.

Brynja vinnur ásamt eiginmanni sínum að öðru verki um pílagrímsför Guðríðar svo leikhúsgestir geta búist við áframhaldandi ævintýrum og sögum af ferðalögum Guðríðar. Hver veit nema að hún nái að ferðast kringum hnöttinn á endanum?

kristrun@frettabladid.is

# Erlendir gestir á umræðufundi um íslenska tónlist í kvöld

Þrír erlendir aðilar verða viðstaddir umræðufund um útflutning á íslenskri tónlist á Hótel Sögu í kvöld.

Gestirnir eru Inger Dirdal, framkvæmdastjóri Music Export Norway, Gunnar K. Madsen, yfirmaður Rosa Rock Council í Danmörku og Phil Patterson, útflutningsráðgjafi fyrir tónlist hjá útflutningsráði Breta.

Auk þeirra fjallar Anna Hildur Hildibrandsdóttir um reynslu af tveggja ára ráðgjafarstarfi í sérverkefnum á vegum Útflutningsráðs og Þorgeir Ólafsson, deildarstjóri á menningarsviði menntamálaráðuneytisins, kynnir hugmyndir um kynningarskrifstofu tónlistarinnar. „Það hefur náðst heilmikill árangur síðustu áratugina í útflutningsmálum en núna er verið að nýta þekkinguna og reynsluna betur og koma á strúktúr í þessum málum,“ segir Anna Hildur.



**ANNA HILDUR HILDIBRANDSDÓTTIR** Anna Hildur mun fjalla um reynslu sína af tveggja ára ráðgjafarstarfi í sérverkefnum á vegum Útflutningsráðs. MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON

# Sveitasæla kemur út

Safnplatan Sveitasæla kemur út þriðjudaginn 27. júní. Á plötunni er að finna alla helstu flytjendur sveitatónlistar síðustu áratugina sem flytja lög sem fyrir löngu eru orðin þekkt um allan heim.

Vinsældir sveitatónlistar eru alltaf að aukast og þá sérstaklega í kjölfar vinsælda kvikmyndarinnar um Johnny Cash. Cash á tvö lög á plötunni og meðal flytjenda auk hans eru Lynyrd Skynyrd, Dolly Parton, Willie Nelson, Kenny Rogers, Hank Williams, Patsy Cline, Tammy Wynette og Kris Kristofferson.




**SVEITASÆLA** Safnplatan Sveitasæla kemur út í næstu viku.



Dolly Parton kántrísöngkona.



**SIGURBJÖRG ÞRASTARDÓTTIR** Er fulltrúi íslenskra bókmennta á alþjóðlegri hátíð í Rotterdam og mun meðal annars fjalla um munnlega ljóðahefð á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Sigurbjörg til Hollands

Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur er fulltrúi íslenskra bókmennta á Poetry International-hátíðinni í Rotterdam, sem hófst 17. júní og stendur til laugardags. Hátíðin er nú haldin í 37. sinn og eru það skáld frá öllum heimsálfum sem taka þátt í upplestrum, þýðingasmiðju, leiklestri, ljóðaslammi og margs konar fyrirlestrum. Einnig er þar bókamarkaður og tónlistaruppákomur og fer opinbert heimsmeistaramót í ljóðaslammi fram samhliða hátíðinni.

Sigurbjörg les úr verkum sínum, flytur fyrirlestur um munnlega ljóðahefð á Íslandi og ásamt Seamus Heaney, Tomas Venclova, Jelenu Schwarz og tveimur hollenskum höfundum tekur hún þátt í sérstakri dagskrá um rússneska nóbelsskáldið Jósef Brodsky. Hann var sérstakur hollvinur ljóðahátíðarinnar í Rotterdam og kom þar fram í þrígang meðan hann lifði. Einnig hefur hann sótt Ísland heim, eins og fram mun koma á framangreindu kvöldi. Í ár eru tíu ár frá andláti Brodskys.

Seamus Heaney mun á lokakvöldi hátíðarinnar meðal annars flytja ljóðið Höfn, sem ort var eftir heimsókn hans til Hafnar í Hornafirði í hittifyrra, en líkt og margir muna kom hann þar fram ásamt sekkjapípuleikaranum Liam O'Flynn á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Ljóðið Höfn er að finna í nýjustu ljóðabók Heaneys, District & Circle.



**VERK STEINGRÍMS** Eitt af verkum Steingríms Eyfjörð sem er að finna á sýningu hans í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sýningarlok á sunnudag

Yfirlitssýningum Steingríms Eyfjörð og Birgis Andréssonar lýkur í Listasafni Íslands næstkomandi sunnudag.

Sýningarnar hafa staðið yfir frá 12. maí og spanna allan feril listamannanna. Um átta þúsund gestir hafa sótt þær og fer nú hver að verða síðastur að sjá verkin.

Veglegar sýningarskrár með ljósmyndum af verkum á sýningunum eru nú komnir í hús og verða þær til sölu í verslun safnsins. Eftir það verða þær til sölu í bókabúðum.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

19 20 21 **22** 23 24 25

### Fimmtudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Hörður Áskelsson** kemur fram á fyrstu fimmtudagstónleikum tónleikaraðarinnar **Alþjóðlegt orgelsumar** í **Hallgrímskirkju**.

☐ 12.15 **Hallveig Rúnarsdóttir** og **Árni Heimir Ingólfsson** halda hádegistónleika í galleríi **Animu** í **Ingólfsstræti 8**. Á efnisskrá tónleikanna verða lög úr **Sjálfstæðu fólki** eftir **Atla Heimi Sveinsson**, lög úr **Pétri Gaut** eftir **Hjálmar H. Ragnarsson** og lög úr söngleikjum eftir **Stephen Sondheim.**

☐ 15.00 Tónleikar á vegum **Smekkleysu** og tímaritsins **Grapevine** í **Galleríi humri eða frægð** kl. 15 þar sem hljómsveitin **The Gang** leikur og á **Café Amsterdam** kl. 21. þar sem **Lay Low** og **Thundercats** leika ásamt **The Gang**.

☐ 18.00 Áhugafólk um rósarækt er boðið velkomið í **Höfðaskóg** þar sem gróðursettar verða rósir og upplýsingum um harðgerðar rósir dreift. Nánari upplýsingar á heimasíðunni **www.rosaklubbur.is.**

☐ Helgi Valur trúbador skemmtir á Yello.

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 Gengið verður um ljósmyndasýninguna í miðbænum undir leiðsögn **Gísla Helgasonar**, sagnfræðings og **Maríu Karenar Sigurðardóttur** safnstjóra **Ljósmyndasafns Reykjavíkur**. Í fylgd þeirra gefst áhorfendum kostur á að kanna miðbæinn í gegnum ljósmyndir frá liðinni öld og bera mannlíf og borgarmynd fortíðarinnar saman við Reykjavík dagsins í dag. Lagt verður af stað frá **Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



SYNGUR VIÐ VARÐELD Bogomil Font syngur kalypsólög á fjallinu Þorbirni á Jónsmessunni.

# Fjörugar Jónsmessuhátíðir

**Á laugardagskvöldið munu margir halda upp á Jónsmessuna með því að velta sér upp úr dögginni. Aðrir láta sér nægja að taka þátt í Jónsmessugöngum og syngja við varðeld en víða verður boðið upp á slíka dagskrá.**

Fjöldi manns mun taka þátt í Jónsmessugöngu ferðafélagsins Útivistar um helgina en þá er gengið að næturlagi frá Skógum yfir í Þórsmörk. Þar safnast göngumenn svo saman yfir hátíðarmáltíð, syngja við varðeld og njóta íslenskrar náttúru. Víðar er hægt að komast í Jónsmessugöngur, t.d. hjá Bláa lóninu og Grindavíkurbæ sem bjóða upp á sína árlegu Jónsmessugöngu á laugardagskvöld á fjallið Þorbjörn í samstarfi við Leiðsögumenn Reykjaness. Lagt er af stað frá sundlaug Grindavíkur kl. 20.30 og er áætlað að gangan taki um þrjár klukkustundir. Þegar á toppinn er komið verður þar kveiktur varðeldur og mun Sigtryggur Baldursson, betur þekktur sem Bogomil Font, skemmta þátttakendum ásamt Róberti Reynissyni með kalypsótónlist með íslenskum textum. Göngunni lýkur svo í Bláa lóninu þar sem þátttakendur geta baðað sig en þar verður einnig boðið upp á lifandi tónlist og Blue lagoon kokteil. Ekkert kostar að taka þátt í göngunni en þátttakendur greiða hins vegar aðgangseyri að lóninu. Þess má líka geta að Kynnisferðir verða með sætaferðir til Grindavíkur frá BSÍ klukkan 19.30 og tilbaka til Reykjavíkur kl. 01.

Á Eyrarbakka verður líka mikið um að vera á laugardaginn þegar heimamenn efna þar til sinnar áttundu Jónsmessuhátíðar. Allan daginn verða í gangi ýmiss konar menningarviðburðir eins og ljósmyndasýning og söngur. Börnum verður boðið upp á fjársjóðsleit og fornbókamarkaður verður á staðnum. Um kvöldið verður kveikt í Jónsmessubrennu kl. 22 vestan við bryggjuna á Eyrarbakka. Þar verður dansað í kringum brennuna og sungið undir stjórn Bakkabandsins. Veitingastaðurinn Rauða húsið býður upp á Jónsmessumatseðil í tilefni dagsins.

Í Hafnarfirði verður Jónsmessuhátíð haldin í Hellisgerði á föstudagskvöldið en þar verður áhersla lögð á trúna og kraftinn sem fylgir Jónsmessunni. Hellisgerði er löngu orðið þekkt fyrir álfa og aðra vætti sem þar búa og er vonast til að þeir láti sjá sig þetta kvöld. Big band tónlistarskólans í Hafnarfirði verður líka á staðnum, Ragnheiður Gröndal, Blússveit Þollýjar og fleira tónlistarfólk. Sýnd verða töfrabrögð og götulistahópur vinnuskólans mun gæða garðinn lífi. Hátíðin hefst kl. 20 og stendur til kl. 23.



**KVEIKJUM ELD, KVEIKJUM ELD** Víða verða kveiktir varðeldar um helgina, meðal annars á Eyrarbakka og í Þórsmörk.

# Verðlaunuð fyrir góðan árangur

Það var hátíðleg athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur á þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Þá lét nýr formaður menntaráðs borgarinnar, Júlíus Vífill Ingvarsson, það verða eitt af fyrstu verkum sínum að verðlauna grunnskólanemendur fyrir góðan árangur.

Alls voru nær 40 grunnskólanemar verðlaunaðir. Börnin fengu viðurkenningu fyrir góðan námsárangur, framfarir í námi, félagsstörf, samskiptahæfni og frumkvæði, leiðtogahæfileika, listsköpun, frammistöðu í íþróttum og listum og margt margt fleira.

Fatlaðir nemendur voru meðal þeirra sem voru verðlaunaðir og eins grunnskólanemendur með íslensku sem annað tungumál og hafa náð góðum árangri í námi.



**STOLTIR VERÐLAUNAHAFAR** Hátt í 40 grunnskólanemar voru verðlaunaðir í Ráðhúsinu á þjóðhátíðardaginn. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs, afhenti krökkunum viðurkenningar.


www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Straumurinn!!! Draumurinn!!!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566
sturta.is

Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Sjallinn Akureyri
22. og 23. júní
Miðasala: Penninn Glerártorgi
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
UNDIR SJÖSTJÖRNU
Sun. 25/6 örfá sæti laus. Japönsk gestasýning.
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 uppselt, lau. 24/6 uppselt, sun. 25/6 uppselt. Sérstakar aukasýningar í tilefni 12 tilnefninga til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna.
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 TIL KL. 18:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

allt
... sem þig vantar til að hefja nýtt líf
vísir
NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT



**BLÓTAÐ EN EKKI BÖLVAÐ** Goðarnir klæðast gjarnan glæsilegum víkingafötum.

# Blótað á Þingvöllum í kvöld

Þingblót Ásatrúarfélagsins fer fram á Þingvöllum í kvöld, Þórsdag í tíundu viku sumars, og verða tveir nýir goðar vígðir. Vígðum goðum mun því fjölga úr sex í átta en þeir sem vígðir verða, Baldur Pálsson og Haukur Halldórsson, hafa þó verið goðar í alllangan tíma en ekki fengið formlega vígslu. „Svo hefur eitt bæst við á þessu blóti því tvær nafngiftir fara fram á þingblótinu. Það var nú kallað knésetning áður fyrr en það er eiginlega ónothæft í dag því það hefur andstæða merkingu, þýðir ekki lengur að hefja eitthvað til vegs og virðingar," segir Óttar Ottósson lögsögumaður Ásatrúarfélagsins, en hann mun einnitt hefja blótið með lestri úr lögum félagsins að fornum hætti.

Dansk-íslenska þjóðlagatríóið Krauka frá Jótlandi mun koma fram en þar er fremstur í flokki Guðjón Rúdolf Guðmundsson sem þekktur er fyrir húfu-lagið. Að blótinu og vígslum loknum verður matast og drukkið, en á boðstólum er hvorki meira né minna en reykt hrossakjöt með uppstúfi. „Við heiðingjar erum mjög gjarnir á hrossakjöt og svínakjötsát. En svo höfum við kjúklingapottrétt með. Við lifum fyrst og fremst í nútímanum en skírskotum til gamalla hefða," segir Óttar. Hann bendir á að margt tölvufólk sé á meðal heiðingja svo ljóst er að nýjasta tækni og hin forna trú eiga vel saman. Nýju goðarnir hafa þó lítið með tölvunarfræði að gera, því Baldur, sem verður vígður Freysgoði, er slökkviliðsmaður og í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs og Haukur, tilvonandi Reykjanesgoði, er myndlistarmaður sem hefur nánast eingöngu fengist við myndefni úr goðafræði.

„Allar samkomur Ásatrúarfélagsins eru öllum opnar fyrir utan allsherjarþingið í október, og við eigum von á að margir komi við á Þingvöllum. Við höfum reiknað með 50 manns í mat en eflaust verða fleiri við vígsluna," segir Óttar. Safnast verður saman við Lögberg kl. 18.00 og svo verður gengið í gjána þar sem blótið fer fram.



**ÓTTAR OTTÓSSON** Óttar er lögsögumaður Ásatrúarfélagsins en er kerfisfræðingur að mennt.

# Geimsniglaveislan

**[KVIKMYNDIR]**

UMFJÖLLUN

Lífið gengur sinn vanagang í ónefndu krummaskuði í miðvestrríkjum Bandaríkjanna þegar loftsteinn fellur til jarðar. Hann ber með sér óværu úr geimnum; eins konar snigil sem tekur sér bólfestu í mönnum og málleysingjum, sem fyrir vikið breytast í banhungraða uppvakninga, sem éta allt kvikt svo lengi sem á því er kjöt.

Starla (Banks) heitir ung og falleg kennslukona sem giftist durtinum Grant Grant (Rooker) til fjár. Hjónabandið er ástlaust auk þess sem Starla rennir hýru auga til lögregluþjónsins og æskuvinar síns, Bills Pardy (Fillion). Grant er svo óheppinn að verða fyrsti hýsill geimsnigilsins á jörðinni. Hann byrjar smám saman að ummyndast og verður miðstýrð samvitund sniglanna og uppvakninganna þegar þeir fjölga sér. Þótt hann sé fyrst og fremst keyrður áfram af hungri í kjöt, skipar ástin á Störlu ennþá stóran sess í lífi Grants svo hann sendir uppvakningaher sinn í leit að henni.

Slither sver sig í ætt við aðrar gamanhrollvekjur á borð við Tremors (1990) og Eight Legged Freaks (2002), sem eiga það allar sameiginlegt að vera óður til gömlu B- og splatter-myndanna. Í Slither eru til dæmis áhrifin frá The Blob (1958), The Fly (1986) og uppvakningamyndum George Romero greinileg. James Gunn á að baki tilþrifalítinn feril í leikstjórastól en hefur helst unnið sér það til frægðar að hafa leikstýrt tveimur myndum um Scooby-Doo. Slithers kemur þó skemmtilega á óvart, er ágæt afþreying og sjálfsagt hrollvekjandi fyrir þá sem eru hóflega klígugjarnir. Söguþráðurinn er svo sem ekki beysinn, enda lítil þörf á því þegar uppistaða myndarinnar er mannát og iðradreifing. Samfélagslýsingin, þar sem úrkynjunin er í fyrirrúmi, er bráðfyndin (Hollywood verður seint sögð snobba fyrir dreifbýlinu) og hálfkæringsleg samfélagsádeilan ágætlega heppnuð; sérstaklega atriði þar sem Starla áttar sig á að sami hugur stjórnar öllum uppvakningunum og segir með þunga: „Guð minn góður, þetta er vitundarsjúkdómur."

Slither er sannarlega yfir meðallagi og fellur aldrei í þá gryfju að taka sig alvarlega. Ógeðið er sæmilegt og persónurnar skemmtilegar svo ekki er annað hægt en að brosa út í annað allan tímann. Nokkrum sinnum má skella upp úr, en það vantar herslumuninn til að myndin heppnist virkilega vel.



**SLITHER**

LEIKSTJÓRI: JAMES GUNN

AÐALHLUTVERK: ELIZABETH BANKS, NATHAN FILLION OG MICHAEL ROOKER.

**Niðurstaða:** Ágæt og á köflum meinfyndin afþreying. Sjálfsagt hrollvekjandi fyrir klígugjarna en vantar herslumuninn til að fara alla leið.











> Prófaðu...

*að grilla ferskjuhelminga með hvítu súkkulaði ofan á. Stráðu yfir sykri, kanil, og settu með örlítið af bræddu smjöri. Smá skvetta af amaretto og nokkrar pistasíuhnetur setja punktinn yfir i-ið.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN: SVAVA JOHANSEN, EIGANDI NTC

# *Alltaf með sinnep og rucolasalat í eldhússkápnum*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Það er örugglega sesam gerlausa hrökkbrauðið, ég ferðast með það til útlanda. Set alltaf jarðarberjasultu og ost ofan á það.

**Fyrsta minning um mat?**
Rjúpurnar hjá mömmu á aðfangadag.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Rjúpurnar hjá mömmu á aðfangadag.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Hákarl, ég kann ekki að meta hann.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég á alltaf rucolasalat, balsamedik og gott sinnep. Það er hægt að nota í geggjaðar samlokur eða salat.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Hafragraut.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Trönuberjadjús og vínber.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Hrökkbrauðið og gott Kaffitárs-kaffi.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ekkert sérstakt sem ég man eftir.





## ÞRÚGUR GLEÐINNAR
> EINAR LOGI VIGNISSON

# Þýsku vínin skora

HM í Þýskalandi er mikil bjórhátíð og eru þýskir móðgaðir yfir því að amerískur bjór skuli vera opinber bjór mótsins. Gáfust ekki upp fyrr en Budweiser leyfði Bitburger að fljóta með niður hálsa vallargesta. Þýskaland er enda eitt höfuðríki bjórgerðar í veröldinni. Víngerð hefur verið stunduð af þrótti í Þýskalandi í margar aldir en ekki skorað jafnhátt og bjórinn hjá neytendum. Löngum hefur verið litið niður á þýsk vín, einkum sökum óorðsins sem hin dísætu Liebfraumilch-vín komu á gjörvöll vín þessa mikla lands. Á síðustu árum hafa orðið gríðarlegar framfarir í þýskri víngerð. Víntímarit hafa hampað þeim og flestir bestu veitingastaðir Vesturlanda leggja sig fram um að bjóða upp á þau á vínlistum sínum. Talað er um þýsku nýbylgjuna í víngerð rétt eins og talað var um þýsku nýbylgjuna í kvikmyndagerð sem stóð einmitt hæst síðast þegar HM var haldið í Þýskalandi. Helsti páfi nýbylgjunnar er Ernst Loosen sem valinn var maður ársins í víntímaritinu Decanter í fyrra. Hann er oft kallaður „Herra Riesling“ því enginn hefur átt jafn mikinn þátt í því og hann að hefja þá mögnuðu þrúgu til vegs og virðingar á ný.

Þýsku riesling vínin eru mörg hver alveg sérdeilis prýðileg, afbragðs matarvín sem eiga einkar vel við okkar ágæta sjávarfang. Úrval þeirra hefur aukist nokkuð undanfarið í vínbúðum hérlendis þótt áherslan sé einkum á ódýari og einfaldari vínin. Þau eru afar hagstæð í verði hér á landi vegna þess að þau eru lág í alkóhóli og ofuralkóhólskattarnir leggjast því ekki á þau af eins miklum þunga og á alkóhólríkari vín. Vegna hins lága alkóhólmagns eru þau kjörin í samkvæmi, hægt er að dreypa á þeim eins og bjór án þess að svífi um of á mannskapinn. Léttvín eru reyndar iðulega valin fram yfir bjór í samkvæmum í Þýskalandi rétt eins og hér á landi þar sem léttvínsneysla eykst stöðugt á kostnað bjórneyslu. Alkóhólléttu hvítvínin hafa þó ekki náð fyllilega þeirri hylli sem þau verðskulda, ennþá eimir eftir af þeim molbúahætti hjá okkur Íslendingum að kaupa vín einkum eftir styrkleika.



**VERT AÐ SPÁ Í:**
Í vínbúðum fást bæði einföld riesling vín og dýrari og vandaðri frá til dæmis Dr. Loosen og Guntrum sem hefur um árabil átt mest selda hvítvínið hérlendis. Palts er annar athyglisverður framleiðandi með frambærileg vín og fyrir þá sem vilja eignast minjagrip um HM er vert að benda á vínið FiFA WM 2006 frá framleiðandanum Moselland sem alltaf er með skrautlegar flöskur.


Nú er sumarið komið

Laxatilboð

Laxflök 990kr/kg beinlaus

Lax í teryaki og hunangs 1290kr/kg

Fiskigrillspjót-Lúða í smjörkryddi-Keila í miðjarahafskryddi og margt margt fleira. Opið til 18:30

HAFIÐ FISKIPRINSINN

-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • S: 554 7200 • www.hafid.is




**ÞORRI HRINGSSON** Þorri gaf út Vín, handbók um vín og vínmenningu, árið 2003 en hann hefur einnig skrifað um vín í Gestgjafanum og víðar.

# Sumarsalat vínsérfræðingsins

Þorri Hringsson er þekktur fyrir skrif sín um vín í Gestgjafanum og veitingahúsagagnrýni en færri vita að matargerð höfðar enn meira til hans.

„Áhugi minn á víni spratt út frá áhuga á mat. Ég veit miklu meira um mat ef út í það er farið og hef meiri áhuga á matargerð en víni,“ segir Þorri. Hann eldar mikið heimavið og leikur sér með hráefnið. „Ég vil hafa þetta fjölbreytt bara til að „stimulera“ sjálfan mig og víkka sjóndeildarhringinn. Maður reynir alltaf að prófa einhvern nýjan vinkil á hlutunum þó að maður endi oft á svipuðum uppskriftum. Þannig virkar öll sköpun,“ segir Þorri, en hann starfar einnig sem listmálari.

Þorri gefur hér uppskrift að salati með hægelduðum tómötum og geitaosti. „Ég gef þetta upp fyrir fjóra sem nokkuð mikinn forrétt, svo má líka hafa þetta fyrir sex sem lítinn forrétt og aðalrétt fyrir tvo til þrjá,“ segir Þorri. „Þetta er ákaflega gott salat sem tekur svolítinn tíma að undirbúa en er auðvelt að gera deginum áður. Aðalvinnan felst í því að hægelda tómatana en þar gildir þolinmæðin og ekkert annað,“ segir hann. Geitaosturinn fæst meðal annars í Ostabúðinni og Hagkaupi en hann er hvítur og pakkaður í rúllu. „Það eru nokkrar tegundir til, sá þekktasti heitir Soignon. Svo eru í þessu bara venjulegar hunangsristaðar hnetur,“ segir Þorri.

**Salat með hægelduðum tómötum og ferskum geitaosti**

500 g kirsuberjatómatar (eða bara smáir tómatar)
120 g ferskur geitaostur, t.d. Soignon.
200 g blönduð salatlauf, s.s. frisée, klettasalat og lollo rosso
2 msk. hunangsristaðar jarðhnetur (gróft saxaðar)
balsamedik
extra-virgin ólífuolía
sjávarsalt, t.d. Maldon
hrásykur

Ofninn er hitaður í 120° C. Skerið tómatana í tvennt og raðið þeim í eldfast mót og látið sárið snúa upp. Blandið saman sæmilegan skammti af balsamediki, ólífuolíu og hrásykri, t.d. einn dl af olíu, 1 msk af balsamediki og 1 tsk af hrásykri, og penslið tómatana með blöndunni.

Stráið ögn af sjávarsalti yfir og hægeldið í ofninum í 5 til 7 klst. og penslið af og til með olíublöndunni. Aðalatriðið er að elda tómatana á sem lengstum tíma, við sem lægstan hita því þannig verða þeir sætir og safaríkir. Kælið svo tómatana í ísskáp, þerrið salatið og skiptið því á fjóra diska. Dreifið tómötunum jafnt á diskana og myljið ferska geitaostinn yfir salatið og tómatana. Stráið að lokum pínulítlu af hunangshnetunum yfir allt. Þegar salatið er borið fram er gott að skvetta góðri ólífuolíu og smá balsamediki yfir (því dýrara því betra). Þetta salat er gott með hvítvíni frá Nýja-Sjálandi, t.d. Kim Crawford sauvignon blanc.

## VEITINGASTAÐURINN SILFUR HÓTEL BORG, PÓSTHÚSSTRÆTI 11, S. 5782008

# *Staður þar sem fólk prófar nýja hluti*

Í dag verður veitingastaðurinn Silfur á Hótel Borg formlega opnaður. Staðurinn sérhæfir sig í minni réttum sem hægt er að blanda saman og er maturinn í anda franskrar matargerðar. Svört og hvít leðursæti, steingráir veggir, kristalsljósakrónur og arineldur setja svip sinn á rýmið sem er nútímalegt og móðins.

**Matseðillinn:** „Hugmyndafræðin er að þetta sé staður til þess að koma og upplifa mat og prófa eitthvað nýtt frekar en að fá magafylli,“ segir Jón Páll Haraldsson, framkvæmdastjóri veitingasviðs Hótel Borgar. „Grunnurinn í eldamennskunni er ný-frönsk matargerð en matreiðslumeistari ársins 2005, Þórarinn Eggertsson, heldur utan um þetta,“ segir Jón Páll. Kokkarnir setja saman fimm rétta seðil á hverjum degi. Einnig geta gestir sett saman seðil sjálfir, en þrír réttir samsvara venjulegum aðalrétti. Boðið er upp á dúfu, önd, lamb, naut, ostrur, og ýmiss konar fisk svo eitthvað sé nefnt, auk „grænna“ rétta eins og grænurtusúpu. Silfur er opið í hádeginu og þá er boðið upp á hefðbundna, fljótlega rétti sem og flóknari.



**Verð:** Hver réttur er frá 1600 upp í 2400 krónur og fimm rétta sælkeraseðill er á 6.800 kr. Í hádegi er hægt að fá tvo rétti á 2400 og þrjá á 2900 krónur.

## Ferskar hrefnulundir í næsta kjötborði



# Veislan er að hefjast!



### Úlfar á 3 FRÖKKUM mælir með hrefnulundum:

- Skerðu ferskar lundirnar í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare" eða „Rare", 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinni!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheitri pönnu eða á grillið: dýfa lundinni í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnulundirnar eru líka frábærar hráar sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

Njótið vel. Úlfar Eysteinsson á 3 FRÖKKUM.

## Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskar sérvaldar hrefnulundir á grillið eða á pönnuna.

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með hrefnulundum í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu.

Ekki bíða með veisluna, veiðunum lýkur 4. ágúst.

**Félag hrefnuveiðimanna**

*- Okay, let me see if I got this straight. In order to be grounded I‘ve got to be crazy, and I must be crazy to keep flying missions. But, if I ask to be grounded that means I‘m not crazy anymore, and I have to keep flying. That‘s some catch, that catch-22.*
*- It‘s the best there is.*

John Yossarian kemst að því að ekki er hlaupið að því að komast úr flughernum, jafnvel þótt maður sé genginn af vitinu. Úr Catch-22 í leikstjórn Mike Nichols frá 1970.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN VALERIE DESCRIERES ATHAFNAKONA

## Á hestbaki með Gary Oldman



**Eftirlætis kvikmynd:** Þetta er erfiðasta kvikmyndaspurning í heimi, eiginlega vonlaus. Mér dettur þó í hug Being There, Big Blue, Cinema Paradiso, Dansar við úlfa, 2001: A Space Odyssey, The Cook, the Thief, His Wife and Her Lover og Braveheart svo fáar séu nefndar.

**Eftirminnilegasta atriðið:** Litli strákurinn sem syngur í The Cook, the Thief, His Wife and Her Lover. Fallegasta rödd sem ég hef heyrt!

**Uppáhaldsleikstjóri:** Stanley Kubrick er bara snillingur sem getur allt. Jim Jarmusch hefur frábæran húmor og skrifar frábær handrit og lífið er svo „real“ hjá Hal Hartley.

**Uppáhalds íslenska myndin:** Englar alheimsins er fullkomin frá upphafi til enda.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Inspector Clouseau, Chaplin og Kalli kanína.

**Mesti skúrkurinn:** Pass.

**Hver fer mest í taugarnar á þér?** Hreinlega þoli ekki Jennifer Tilly. Röddin hennar! Hvar eru eyrnatapparnir?

**Ef þú fengir að velja kvikmynd til að leika í, leikstjóra og mótleikara, hvernig mynd yrði það?** Athyglisverð spurning. Ef Kubrick væri enn meðal okkar, fengi hann þann heiður að leikstýra dekurrófunni á móti Gary Oldman í ævintýramynd, helst með fullt af hestum og indíánaþema.



**UWE BOLL** Síðasta mynd hans, Bloodrayne, kom út í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Vill slást við gagnrýnendur

Þýski leikstjórinn Uwe Boll hefur fengið sig fullsaddan af vondri gagnrýni og skorar á kvikmyndagagnrýnendur að slást við sig. Myndir Bolls byggja iðulega á tölvuleikjum og hafa fallið í grýttan jarðveg gagnrýnenda og áhorfenda. Sem dæmi má nefna að síðustu þrjár myndir hans skrapa allar botninn á vefnum Internet Movie Database. Auk þess kallaði Alan Jones, höfundur bókarinnar The Rough Guide to Horror Movies, hann „versta leikstjóra í heimi“.

Boll hefur nú fengið nóg og skorar á þá sem hafa eitthvað út á myndir hans að setja að gera út um málið fyrir fullt og allt í tíu lotu bardaga í Vancouver í Kanada, þar sem hann vinnur nú að myndinni Postal.

Þótt myndir Bolls hafi fallið í grýttan jarðveg í vissum kreðsum hafa myndir hans gefið ágætan arð og honum gengið vel að fá þekkt nöfn til liðs við sig, þar á meðal Michelle Rodriquez, Christian Slater og sir Ben Kingsley. Til gamans má geta að Boll hefur komið við sögu íslenskrar kvikmyndagerðar en hann var einn af framleiðendum myndarinnar Fíaskó eftir Ragnar Bragason.

-bs

# Andinn og Tímon í mestu uppáhaldi

**Tölvuteiknimyndin Bílar er sýnd í kvikmyndahúsum landsins um þessar mundir. Fjöldi þekkktra leikara ljær persónum myndarinnar raddir sínar í íslensku útgáfunni. Þeirra á meðal er Þórhallur Sigurðsson – Laddi – en fáir, ef nokkrir hér á landi hafa talað inn á jafnmargar myndir úr draumaverksmiðjunni og hann.**



**LADDI** Segir Krók vera öðruvísi karakter en hann talar yfirleitt inn á fyrir. Ekta amerískur sveitadurgur, en þrælskemmtilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Krókur er öðruvísi en flestir þeir sem ég hef talað inn á fyrir,“ segir Laddi um persónu sína í Bílum. „Þetta er svona ekta amerískur sveitadurgur, en afskaplega skemmtilegur sem og myndin öll. Ég fer ekki alltaf að sjá myndirnar sem ég tala inn á en ég ætla svo sannarlega að sjá þessa.“

Laddi hefur haft fast hlutverk í fjölmörgum teiknimyndum frá stórframleiðendum á borð við Disney, Pixar (sem hefur reyndar sameinast Disney) og Dreamworks frá því hann fetaði í fótspor Robin Williams árið 1992 þegar hann talaði fyrir andann í Aladdín. Hann segir það líka vera með eftirminnilegri hlutverkum. „Þetta var fyrsta aðalhlutverkið og mjög skemmtilegt líka. En Tímon í Konungi ljónanna er líka í miklu uppáhaldi, enda eru hann og Púmba sérstaklega fjörugt tvíeyki.“ Af öðrum persónum sem Laddi hefur ljáð rödd sína má nefna asnann í Shrek, Tuma tígur í myndunum um Bangsímon og Dumbledore prófessor í Harry Potter. Sjálfur kveðst Laddi ekki hafa hugmynd um hvað hann hefur talað inn á margar myndir. „Þær eru orðnar svo margar að það er ekki nokkur leið að halda utan um þetta.“

Persónurnar sem Laddi talar fyrir eiga það oftar en ekki sameiginlegt að vera vitgrannir kjaftaskar og orkusugur en með hjartað á réttum stað. Laddi viðurkennir að það geti reynt á að leika slíkar persónur og hann sé misvel upplagður til starfans. „Ég reyni að vera ekki á ferðinni snemma á morgnana. Þá er röddin heldur ekki komin almennilega í gang. Mér finnst best að byrja um klukkan ellefu á morgnana og vera til svona þrjú eða fjögur. En ég er helst ekki að í meira en fjóra tíma í einu.“

Það er strangara ferli en margan grunar að talsetja myndir fyrir fyrirtæki á borð við Disney-Pixar, til dæmis þurfa menn ytra að samþykkja allar raddir og þar á bæ eru menn vandlátir. Laddi er þó einn þeirra sem framleiðendur þurfa vart að heyra í til að samþykkja. „Já, mér skilst að ég njóti einhvers velvilja þarna úti. Eitt sinn var mér sagt að það hafi gengið illa að finna rétta rödd í ákveðið hlutverk. Eftir að því hafði verið hafnað tvisvar eða þrisvar var hins vegar spurt að utan. „Af hverju fáið þið ekki bara Ladda?“ Sem var gert. Þannig að ég er vel tengdur í Hollywood,“ segir Laddi og hlær.

bergsteinn@frettabladid.is

## Kaggi í klandri á þjóðvegi 66

Tölvuteiknimyndin Bílar gerist í bílaheimi og segir frá kappakstursbílnum Leiftri McQueen, sem hefur slegið í gegn á kappakstursbrautinni. Frægðin hefur stigið honum eilítið til höfuðs; gorgeirinn kemur honum í klandur í bænum Vatnskassa vin og gæti kostað hann meistaratitil í kappakstri. Leiftur er dæmdur í samfélagsþjónustu til að borga skemmdir sem hann hefur valdið. Hann kemst fljótt að því hann þarf ekki aðeins að greiða skuldir sínar heldur líka að læra að meta og virða bæjarbúana, þótt þeir kunni að virðast honum framandi. Á vegi hans verða litríkar persónur, þar á meðal dráttarbíllinn Krókur, tryllitækið Kalli kaldi og gamli skrjóðurinn Doksi Hudson en allir eiga þeir eftir að kenna Leiftri að fleira skiptir máli í lífinu en velgengni á kappakstursbrautinni.



**KRÓKUR OG LEIFTUR** Atli Rafn Sigurðarson talar fyrir Leiftur í íslensku útgáfunni en Laddi talar fyrir Krók.

GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT




TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI Á AÐEINS 489 KR. EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

# Framleiðandi Star Trek í Nexus

Brannon Braga, einn af framleiðendum og höfundum Star Trek-þáttanna, er staddur hér á landi og spjallar við áhugasama í Nexus-myndasögubúðinni við Hverfisgötu í kvöld.

Braga hóf feril sinn sem handritshöfundur að Star Trek: The Next Generations-seríunni, þar sem Patrick Stewart vakti fyrst eftirtekt í hlutverki Jean-Luc Picard skipstjóra. Braga vann sig fljótlega upp í stöðu framleiðanda og er aðalframleiðandi Star Trek Enterprise. Alls hefur hann samið um hundrað þætti í seríunni, bæði einn og með öðrum, auk þess sem hann er meðhöfundur að myndunum Generations og First Contact, sem er af mörgum talin besta myndin í bálknum. Braga er á Íslandi til að vera viðstaddur ráðstefnu trúleysingja, sem Athiest Alliance Int. og SAMT um trúleysi standa að, en hann flytur einmitt erindi um trúleysi í Star Trek.

Áður en Braga mætir á svæðið sýnir Nexus í spilasal sínum finnsku myndina Star Wrek: in the Pirkinning; óð til Star Trek sem gerður var við þröngan kost en af mikilli hugvitssemi. Sýningin hefst klukkan 19 í kvöld en spjall Braga hefst klukkan 21. Ókeypis er inn á báða atburði og allir eru velkomnir.



**BRANNON BRAGA** Hóf feril sinn sem handritshöfundur en er nú aðalframleiðandi Star Trek-þáttanna. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Spielberg í gegnum ormagöng

Bandaríski leikstjórinn Steven Spielberg er að undirbúa nýja kvikmynd um hóp geimfara sem ferðast inn í nýja vídd í gegnum ormagöng.

Myndin, sem hefur enn ekki fengið nafn, er byggð á rannsóknum eðlisfræðingsins Kip S. Thorn frá Kaliforníu sem hefur haldið því fram að ormagöng séu í raun og veru til og hægt sé að ferðast í fram og aftur í tímann í gegnum þau.

Spielberg hefur lengi haft áhuga á geimnum og ýmiss konar vísindaskáldskap. Má þar nefna myndir á borð við ET, Close Encounters... og War of the Worlds sem kom út á síðasta ári með Tom Cruise í aðalhlutverki.



**STEVEN SPIELBERG** Leikstjórinn heimsþekkti er að undirbúa kvikmynd um tímaferðalög.

Leikstjórinn var víst svo spenntur fyrir nýju myndinni að hann fékk 89 ára gamlan föður sinn, sem er fyrrverandi verkfræðingur, til Kaliforníu til að fylgjast með Thorne og öðrum vísindamönnum að störfum.

Spielberg vonast til að geta leikstýrt myndinni sjálfur en hann er einnig að undirbúa fjórðu myndina í Indiana Jones-seríunni. Einnig er talið að hann sé með puttana í væntanlegri mynd um ævi Abrahams Lincoln með Liam Neeson úr Schindler´s List í aðalhlutverki.

Reyndar hefur Spielberg lýst yfir áhuga á að leikstýra ódýrari myndum en hann hefur verið þekktur fyrir en eitthvað ætlar hann að bíða með það miðað við næstu verkefni hans.

# Allt á afturfótunum

Gamanmyndin Just My Luck með unglingastjörnuna Lindsey Lohan í aðalhlutverki hefur verið tekin til sýninga í Smárabíói, Regnboganum og Borgarbíói Akureyri.

Myndin fjallar um hina stálheppnu stúlku Ashley Albright sem er hinn mesti lukkunnar pamfíll. Þegar hún hittir draumaprinsinn, hrakfallabálkinn Jake (Chris Pine), snýst hins vegar heppni hennar upp í algjöra martröð þar sem allt gengur á afturfótunum. Jake virðist hins vegar hafa smitast af heppni Ashley og smám saman fara allir hans draumar að rætast.

„Þetta er frábær saga um það að fullorðnast og mér fannst þetta hárrétta hlutverkið fyrir mig til að skipta yfir í fullorðinshlutverk,“ sagði Lohan, sem sló í gegn í Freaky Friday. „Ashley er með allt á tæru, sem er frábært. En hún hefur aldrei þurft að ganga í gegnum neina erfiðleika og þurft að hafa fyrir hlutunum. Í gegnum þessa lífsreynslu sína kemst hún að því um hvað lífið í raun og veru snýst,“ sagði hún.



**ASHLEY ALBRIGHT** Lindsey Lohan fer með hlutverk hinnar stálheppnu Ashley Albright sem kynnist hrakfallabálkinum Jake.



**STAY ALIVE** Unglingahrollvekjan Stay Alive verður frumsýnd í dag.

# Hættulegur tölvuleikur

Unglingahrollvekjan Stay Alive verður frumsýnd í Laugarásbíói í dag. Myndin fjallar um hóp tölvuleikjaspilara frá New Orleans sem kemst yfir nýjan og hættulegan leik sem nefnist Stay Alive. Byggir hann á sögu fjöldamorðingjans The Blood Countess sem var uppi á 18. öld.

Þegar spilaranir komast yfir leikinn fara þeir smám saman að týna tölunni einn af öðrum á sama hátt og persónur þeirra í leiknum gera. Spurningin er bara hvort þeir spila leikinn svona vel eða hvort leikurinn er að spila með þá.

# Fellur í kramið

Kvikmyndin Superman Returns, sem verður frumsýnd í næstu viku í Bandaríkjunum, hefur fengið mjög góða dóma hjá gagnrýnendum, þar á meðal hjá tímaritunum Daily Variety, Hollywood Reporter og Newsweek.

Telja þeir að nýliðinn Brandon Routh, sem leikur ofurhetjuna, eigi eftir að vinna áhorfendur auðveldlega á sitt band. Þá er leikstjórinn Bryan Singer lofaður fyrir góð efnistök; hann þykir hafa nálgast myndina af einlægni og virðingu og fellur ekki í þá gryfju að láta útlitið ráða á kostnað innihaldsins. Einn gagnrýnandi lét hafa eftir sér að Singer hafi tekist að endurnýja Superman rétt eins og Christopher Nolan tókst að gera við Batman í fyrra. Á heildina litið þykir Singer hafa tekið rétta ákvörðun er hann ákvað að leikstýra Superman í stað þess að taka að sér þriðju myndina um X-Men.



**SUPERMAN** Ofurmennið skikkjuklædda fær góða dóma í Bandaríkjunum.




fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is



STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON BLOGGAR FRÁ ROKKFERÐALAGI SÍNU UM EVRÓPU

# *Sveiflandi hendur og vondur bjór*

Þá er fyrsta tónleikahátíðin að baki en það var hin margrómaða Sonar í Barcelona. Hátíðin fór fram bæði að degi til og langt fram eftir nóttu. Fyrst niðri í miðbæ og síðan var farið með rútu í eitthvert úthverfi, ekki ósvipað því og ef hátíðin færi fram í Hafnarhúsinu í Reykjavík á daginn og svo væri farið með rútu í einhverjar vöruskemmur uppi á Höfða, nema að allt er náttúrlega töluvert stærra, í raun alveg gígantískt stórt. Gestir eru nokkrir tugir þúsunda og held ég að hægt sé að fullyrða að hátíðin eigi sér enga hliðstæðu. Að svo mikill fjöldi fólks fái að skemmta sér svona í miðbæ stórborgar er hreint út sagt magnað. Skemmtilegt að miða þetta við hina frábæru Reykjavík Trópík-hátíð sem var um daginn og fékk einungis skemmtanaleyfi fyrir tvo daga í stað þriggja.

Tónlistardagskráin var nokkuð forvitnilegri sem fram fór að degi til og sá ég meðal annars hina sænsku The Knife setja upp skemmtilega sýningu og svo voru Liars hreint út sagt magnaðir en afar skrýtnir. Um kvöldið tók síðan við allsherjar reif-partí. Þið getið rétt svo ímyndað ykkur geðveikina, partístuð með menn á borð við Sasha, Jeff Mills, Miss Kitten, DJ Krush, Laurent Garnier, Herbert, Diplo og fleiri þeytandi skífum hægri, vinstri og allt troðið af fólki, sem þó skiptist á milli fjögurra sviða. Fólkið sveiflaði höndunum eins og það ætti lífið að leysa og var yfir höfuð einstaklega sveitt.

Hátíðin hentaði samt ekki alveg minni stemningu þar sem ég var mestmegnis einn á ferð og ekkert að sleppa af mér beislinu beint. Náði þó að gera það hæfilega á tónleikum Hot Chip enda þar á ferð ein alskemmtilegasta tónleikasveit dagsins í dag.

Hátíðin fær líka mikinn og stóran mínus fyrir að bjóða einungis upp á Budweiser-bjór. Hvaða rugl er það að bjóða upp á bandarískan bjór á evrópskri hátíð? Svipað og við Íslendingar myndum einungis bjóða upp á indverskt kranavatn á Airwaves. Svo voru glösin líka á stærð við fingurbjörg. Greinilega ekki gert ráð fyrir mikilli bjórdrykkju á svæðinu.

En um helgina er komið að fyrstu hefðbundnu útihátíðinni, ef svo mætti kalla. Hún heitir Southside og fer fram í Suður-Þýsklandi á gömlum flugvelli, að mér skilst. Eins gott að þar verði almennilegur bjór, annars er ég hættur að nenna þessu...



**HOT CHIP** Ein skemmtilegasta tónleikasveit heims og sýndi það á Sonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Svo virðist sem framleiðendur kvikmyndarinnar Miami Vice, sem byggð er á samnefndum þáttum, eigi í miklum vandræðum. Kostnaður við myndina hefur farið langt fram úr áætlun og leikstjórinn Michael Mann er ekki sagður hafa náð að fanga sama andrúmsloft og í þáttunum. Í myndinni fara **Jamie Foxx** og **Colin Farrell** með aðalhlutverkin en þeir leysa þá Don Johnson og Philip Michael Thomas af hólmi. Áætluð frumsýning er 28. júlí en talið er að Mann þurfi að breyta þó nokkru til að gera myndina skemmtilegri. Tíminn er knappur og er talið að Mann þurfi á kraftaverki að halda til að láta dæmið ganga upp.

**Pete Townsend** úr hljómsveitinni The **Who** hefur gert því skóna að sveitin muni spila á Glastonbury-hátíðinni á næsta ári. Hljómsveitin er nýbyrjuð á nýrri tónleikaferð og að sögn Townsend vonast hann til að enda ferðina á Glastonbury. „Það yrði frábært að ljúka ferðinni þar enda ættum við að vera orðnir vel heitir eftir svona langt tónleikaferðalag,“ sagði Townsend.



# Íslenskt handverk vinsælast

**Ferðamönnum fjölgar stöðugt á Íslandi og ætla má að flestir festi kaup á einhvers konar minjagripum. En í hvað eyða útlendingarnir aurunum sínum? Fréttablaðið kannaði hvað væru vinsælustu mingjagripirnir í Rammagerðinni.**

„Þróunin hefur verið að breytast undanfarin ár. Ullin var allsráðandi en vinsælasti vöruflokkurinn hjá okkur í dag er íslenskt handverk. Núna er önnur hver húsmóðir í Hafnarfirði að leira og mikið af hæfu listafólki er að gera skemmtilega hluti,“ segir Ýmir Örn Finnbogason, rekstrarstjóri Rammagerðarinnar. Sumir kaupa muni með þjóðlegu yfirbragði, eins og glasabakka með mynd af Geysi og styttur af hrútum, en aðrir vilja bara listmuni eftir íslenska listamenn. „Þegar ferðamenn eru að kaupa fyrir einhvern annan kaupa þeir ódýra smávöru, eins og boli og lyklakippur. Þegar þeir finna eitthvað flott sem þá langar í sjálfir er þeim alveg sama þó þeir eyði tíu þúsund kallinum,“ segir Ýmir, en vinsælustu peysurnar kosta um tólf þúsund krónur.



**NÚMER 1:** Steinakarlar eftir Auði eru svakalega vinsælir.




**NÚMER 2:** On the Rocks eru íslenskir steinar sem hafa verið höggnir til í ferninga í Álfasteini. Steinarnir eru settir í frysti og þá er hægt að nota þá ískalda í stað ísmola í drykkjum. Íslensk hönnun.




**NÚMER 3:** Bolir af öllum stærðum og gerðum eru í öðru sæti í vinsældakosningunni. Slegist er um boli með skjaldarmerkinu en „Lost in Iceland“-bolirnir eru einnig gríðarlega vinsælir.



**NÚMER 4:** Ullin kemur ekki inn fyrr en í fjórða sæti, en ullarpeysurnar eru með töluvert öðru sniði en gamla góða lopapeysan. „Það vinsælasta eru peysujakkar búnir til úr þæfðri ull, fóðraðir að innan. Þetta eru dýrir en ofboðslega flottir jakkar frá Icelandic Design sem eru langvinsælastir,“ segir Ýmir, en jakkana hannar Gerður Kristjánsdóttir.



**NÚMER 5:** Þessi ullarpeysa var heitasta lumman í fyrra en er enn mjög vinsæl. Peysan á heiðurinn af því að ryðja gömlu lopapeysunni út meðal Íslendinga og ferðamenn á landinu eru einnig mjög hrifnir af henni. Rammagerðin lætur íslenskar konur prjóna peysurnar fyrir sig.



**ÝMIR ÖRN FINNBOGASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI RAMMAGERÐARINNAR** Ýmir Örn segir að sprengja hafi orðið í íslensku handverki undanfarin ár.




# ÚTSALA ÚTSALA
## 40 – 60% afsláttur
## Meiri verðlækkun

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Jakkapeysa | 6.700.- | 2.900.- |
| Hekluð peysa | 6.900.- | 2.900.- |
| Vafin peysa | 5.900.- | 2.900.- |
| Pólóbolur | 3.300.- | 1.900.- |
| Stutterma bolur m/mynd | 3.900.- | 1.900.- |
| Langerma bolur | 3.900.- | 1.900.- |
| Stutterma skyrta | 3.900.- | 1.900.- |
| Ermalaus skyrta | 3.500.- | 1.900.- |
| Tunika m/bróderí | 4.900 | 2.900.- |
| Teinóttur jakki | 7.400.- | 2.900.- |
| Renndur jakki | 7.600.- | 2.900.- |
| Hörkjóll | 4.600.- | 2.900.- |
| Gallapils | 6.900.- | 1.900.- |
| Sítt pis | 4.900.- | 1.900.- |
| Hörbuxur | 7.900.- | 4.900.- |
| Gallabuxur | 7.900.- | 3.900.- |

Tveir fyrir einn tilboð á eldri fatnaði
Þú greiðir kr 990 og færð aðra flík frítt

Opið 10:00 – 18:00 www.friendtex.is

friendTex

Síðumúla 13 • Sími 568-2870


# Elskar hamborgara

Robbie Williams er kannski einn af frægustu og ríkustu söngvurum heims en hann kýs ekki alltaf að lifa eins og slíkur. Robbie gisti á fimm stjörnu hóteli í París á dögunum og bauðst að snæða á veitingahúsi staðarins. Veitingahúsið er eitt af þeim fínni þar í borg, skartar meðal annars Michelin-stjörnu. Í stað þess að borða á hótelinu skellti Robbie sér út í bæ og fékk sér skyndibita. Fyrir valinu varð McDonalds og bar Robbie því við að stundum yrði hann bara að fá sér borgara áður en hann syngi á tónleikum.



**ROBBIE WILLIAMS** Alþýðumaður þegar kemur að mat.

# Heidi ólétt í þriðja sinn

Ofurfyrirsætan Heidi Klum er nú ólétt að sínu þriðja barni. Þetta sagði eiginmaður hennar, söngvarinn Seal, við tímaritið People á dögunum. Þýska ofurfyrirsætan og Seal eiga saman soninn Henry, sem nú er níu mánaða en fyrir átti hún tveggja ára dótturina Leny með Formúlu 1-kónginum Flavio Briatore. Hann hefur engin afskipti haft af dóttur sinni og Seal ættleiddi hana fyrir stuttu. Parið er mjög ánægt með þessa viðbót í fjölskylduna.



**HEIDI KLUM** Þýska ofurfyrirsætan er nú ólétt að sínu þriðja barni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Power-ballaða frumflutt í dag

Fyrsta sólóplata Snorra Snorrasonar Idol-stjörnu kemur í verslanir í byrjun júlí. Platan nefnist „Allt sem ég á“ og stjórnaði Snorri upptökum ásamt Vigni Snæ Vigfússyni, gítarleikara Írafárs og upptökumanni hjá RMP. Semur Vignir jafnframt eitt lag á plötunni.

Lagið „Farin burt“ verður frumflutt í útvarpi í dag og er það eftir Snorra sjálfan ásamt textanum. „Þetta er nýjasta lagið mitt. Það var samið á meðan ég var í Idol-inu,“ segir Snorri. „Þetta er „power-ballaða“ myndi ég segja, rosalega dramatískt lag og einhvers konar tregaástarsöngur,“ segir hann.

Snorri semur tvö önnur lög á plötunni en einnig eru þar nýjar útgáfur af erlendum lögum með íslenskum textum, þar á meðal eftir Snorra, Stefán Hilmarsson og Andreu Gylfadóttur. Má þar nefna lagið I Wanna Know What Love Is. Að auki eru þar lög sem Snorri söng í Idol-keppninni í vetur. Einnig syngur Snorri dúett með Regínu Ósk í laginu „Himininn og við“ sem er eftir hann sjálfan.

Snorri er vitaskuld spenntur fyrir nýju plötunni sem var í mánuði í vinnslu. „Ég hef verið með puttana sjálfur mikið í þessu og hef unnið það mikið sjálfur í stúdíóinu að ég get ekki setið alveg aðgerðarlaus án þess að tjá mig um plötuna,“ segir hann.

Útgáfutónleikar vegna plötunnar eru fyrirhugaðir um miðjan júlí. -fb



**SNORRI** Snorri Snorrason, Idolstjarna, er að gefa út sína fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

# Dóttir forsetans á tónleikum

Önnur tvíburadóttir George W. Bush Bandaríkjaforseta var viðstödd tónleika Radiohead í New York á dögunum.

Sex lífverðir fylgdu henni á tónleikana en ekki fer sögum af því hvernig henni líkaði. Radiohead hefur gagnrýnt Bush harkalega undanfarin ár og kom það liðsmönnum sveitarinnar því í opna skjöldu er þeir fréttu af komu dótturinnar eftir tónleikana. Síðasta plata Radiohead, Hail to the Thief, er til að mynda bein tilvitnun í sigur Bush í forsetakosningunum er hann vann Al Gore mjög naumlega.

Þann 10. júlí kemur út fyrsta sólóplata söngvarans Thom Yorke sem nefnist The Eraser. Í nýlegu viðtali sagðist Yorke hafa byrjað á plötunni þegar honum var farið að leiðast í tónleikaferð sinni með Radiohead.



**THOM YORKE** Söngvari Radiohead var undrandi á komu dóttur Bush á tónleika sveitarinnar. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ástralska leikkonan **Nicole Kidman** er á leið upp að altarinu ásamt kántrísöngvaranum **Keith Urban**. Stjarnan úr myndinni Moulin Rouge ætlar að gifta sig í Mary McKillop-kirkjunni í Sydney á sunnudaginn kemur áður en hjónin halda í brúðkaupsferðalag til Fiji-eyja. “Við erum afar ánægð með að vera komin til Ástralíu til að fagna brúðkaupi okkar með fjölskyldu og vinum,” sagði hið hamingjusama par í yfirlýsingu sem þau sendu frá sér fyrir skömmu. Talskona Kidman segir þó að fyrirhugað brúðkaup sé ekki vegna þess að leikkonan beri barn undir belti. „Orðrómur þess efnis kemur upp í hverjum mánuði og trúið mér, hún á ekki von á barni.“



Fréttamaðurinn **Dan Rather** hefur sagt skilið við bandarísku sjónvarpsstöðina CBS eftir að hafa starfað þar sem fréttamaður og þulur í ein 44 ár. Talsmaður stöðvarinnar sagði að Rather myndi láta af störfum í dag og á sama tíma verður sendur út sérstakur þáttur sem verður tileinkaður fréttamanninum góðkunna. Núverandi samningur Rathers við CBS rennur ekki út fyrr en í nóvember. Fyrirhugað var að gera nýjan samning en Rather hefur ekki enn komist að samkomulagi við sjónvarpsstöðina. Óvíst er hvað Rather tekur sér fyrir hendur en í viðtali við The New York Times sagðist hann vera að íhuga að stjórna nýjum fréttaþætti hjá Hdnet-sjónvarpsstöðinni.



Svo gæti farið að leikarinn **Paul Newman** muni taka að sér hlutverk í kvikmynd ásamt félaga sínum **Robert Redford** en þeir léku meðal annars saman í myndinni Butch Cassidy And The Sundance Kid. Félagarnir, sem hafa ekki leikið saman í mynd síðan 1973, eru að vinna að nýju verkefni sem gæti orðið til þess að Newman leiki í sinni fyrstu bíómynd í fjögur ár. Newman hefur haldið sig til hlés síðustu ár ef undan er skilin talsetning í teiknimyndinni Bílar. Hinn 81 árs gamli leikari vonast til að svanasöngurinn á hvíta tjaldinu verði með Robert Redford. Þeir félagar leita nú að rétta handritinu en Redford hefur þó smá áhyggur: „Stóra spurningin er hvort hann geti lært rulluna.“



Kawasaki
Vélorf
Alvöru orf á góðu verði
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070



22. JÚNÍ
MEXICO ‘86
ÞESSI EGILS GULL VARÐ TIL 22. JÚNÍ, SAMA MÁNAÐARDAG OG ARGENTÍNA MÆTTI ENGLANDI Á HM ‘86 Í MEXÍKÓ. Í ÞESSUM EFTIRMINNILEGA LEIK SKORAÐI MARADONA TVÖ MÖRK, ANNARS VEGAR HIÐ UMDEILDA MARK ÞAR SEM HÖND HANS SNERTI BOLTANN OG HINS VEGAR EITT STÓRKOSTLEGASTA MARK SÖGUNNAR. ÞEGAR MARADONA VAR SPURÐUR UM FYRRA MARKIÐ EFTIR LEIKINN SVARAÐI HANN: „HÖND MÍN KOM HVERGI NÁLÆGT, ÞETTA VAR HÖND GUÐS“ KÍKTU UNDIR GULLDÓSINA ÞÍNA OG SJÁÐU HVAÐA MERKISDAG ÞINN VAR FRAMLEIDDUR ÞVÍ FERSKLEIKINN SKIPTIR MIKLU MÁLI ÞEGAR BJÓR ER ANNARS VEGAR. EGILS GULL ER NÚ BRUGGAÐUR ÚR ÍSLENSKU BYGGI TIL AÐ GEFA ENN BETRA BRAGÐ. NJÓTTU HM MEÐ EGILS GULLI.




GOTT FÓLK McCANN · 31381
LÉTTÖL
KÍKTU UNDIR GULLDÓSINA OG SJÁÐU HVERSU FERSKUR ÞINN ER.
FRAMLEITT




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| JUST MY LUCK | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| R.V. | kl. 3.40, 5.50, og 8 |
| THE OMEN | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| X-MEN 3 | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 5 og 8 B.I. 14 ÁRA |
| DA VINCI SÝND Í LÚXUS | kl. 5 og 8 B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M / ÍSL. TALI | kl. 3.40 |
| ÍSÖLD M / ÍSL. TALI | kl. 3.40 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| JUST MY LUCK | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| R.V. | kl. 5.50 |
| TAKE THE LEAD | kl. 8 og 10.30 |
| THE OMEN | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ ÍSL TALI | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| JUST MY LUCK | kl. 6, 8, og 10 |
| R.V. | kl. 6 og 8 |
| THE OMEN | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**FRIÐRIK ÓMAR** Tónlistarmaðurinn knái hefur sent frá sér lagið Farinn.
MYND/DANÍEL RÚNARSSON

# Nýtt lag frá Friðriki

Tónlistarmaðurinn Friðrik Ómar hefur sent frá sér lagið Farinn sem er tekið af væntanlegri sólóplötu sem kemur út í haust.

Í fyrra sló Friðrik í gegn á plötunni Ég skemmti mér, en þar söng hann eldri lög í félagi við Guðrúnu Gunnarsdóttur. Seldist platan í sjö þúsund eintökum og varð ein sú söluhæsta hér á landi. Friðrik Ómar er liðtækur laga- og textahöfundur og semur vænan skerf af nýju plötunni sjálfur.






# Berbrjósta í sólinni

Leikkonan Cameron Diaz gladdi ferðamenn í Karíbahafinu á dögunum þegar hún spókaði sig þar um berbrjósta. Cameron var róleg og afslöppuð og kippti sér ekki mikið upp við augnagotur karlmanna á svæðinu þegar hún var í sólbaði með vinkonum sínum. Ein þeirra var mótleikkona hennar úr Charlie‘s Angels, Drew Barrymore.

„Cameron leit einstaklega vel út og skemmti sér vel með vinkonum sínum. Svo fór hún úr bikiníinu sínu en var með stráhatt yfir höfðinu til að skýla sér,“ sagði einn gestanna á ströndinni. „Við karlmennirnir ætluðum ekki að trúa því hvað við vorum heppnir,“ sagði hann.

Cameron Diaz er enn á föstu með söngvaranum Justin Timberlake og hann virðist líka njóta kynþokka hennar. Þannig mun næsta plata hans verða „afar sexý“, eins og hann lýsir því sjálfur.



**CAMERON DIAZ** Gladdi karlmenn á sólarströnd þegar hún spókaði sig um berbrjósta.



**KOJA** Hljómsveitin Koja er að gefa út sína fyrstu þröngskífu.

# Koja spilar á Kárahnjúkum

Keflvíska rokksveitin Koja hefur gefið út sína fyrstu þröngskífu. Hefur hún að geyma fimm lög og kemur út á vegum Geimsteins.

Sveitin hefur verið starfandi í sex mánuði og spilar ómstrítt stærðfræðirokk að sögn þeirra félaga. Koja mun spila á Kárahnjúkum 9. júlí, sem hlýtur að teljast heldur óvenjulegt. „Okkur datt í hug að þetta myndi vekja athygli og að þetta gæti orðið gaman líka,“ segir Björgvin Ívar Baldursson, meðlimur Koju. „Við erum samt engir umhverfisverndarsinnar heldur miklu frekar tónlistarverndarsinnar,“ segir hann í léttum dúr.

Koja stefnir á að gefa út stóra plötu á næstunni og hefur þegar samið þó nokkur lög til viðbótar við þau sem eru á þröngskífunni nýju. Útgáfutónleikar Koju eru síðan fyrirhugaðir í Keflavík á næstunni. -fb



## Með hníf og gaffli

> Þráinn Bertelsson

# Hafið bláa, hafið...

Fá veitingahús á Íslandi geta státað af fegurri staðsetningu og magnaðra útsýni en Hafið bláa, sem stendur á Óseyri þar sem Ölfusá fellur í sjó fram á milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka. Þangað er rúmlega hálftíma akstur frá Reykjavík.

Í kynningarpésa fyrir Hafið bláa stendur: „Við leggjum áherslu á afurðir lands og sjávar með sérstakri áherslu á sjávarrétti. Metnaður okkar er að framreiða fyrsta flokks rétti úr úrvals hráefni.“

Það er gott að fá að vita hvar áherslurnar liggja. Hafið bláa leggur sem sagt áherslu á sjávarrétti.

En matargestur lítur í kringum sig eftir fleiri vísbendingum um hvers konar stað hann sé kominn á og hvers hann megi vænta.

Eru hvítir taudúkar á borðum? Eru þjónarnir fagmenn?

Og síðasta vísbending: Verðið á matseðlinum.

Það er ekki auðvelt að sjá út hvernig staður Hafið bláa vill vera.

Dúkar á borðum? Nei.

Þjónarnir fagfólk? Hugsanlega yfirþjónninn.

Verðið? Í hágæðaklassa. Til dæmis sambærilegt við Salt við Pósthússtræti sem er mjög góður veitingastaður með áherslu á frábæra eldamennsku, og vinsamlega en ófaglærða þjónustu.

Gott og vel. Humar í forrétt handa dömunni (1.950 kr.), graflax handa mér (1.150). Sjávarréttaþrenna í aðalrétt (2.800). Ís (650) og ísterta (1.050) í eftirrétt. Glas af hvítvíni hússins (650), portúgölsku Dao, það á vel við hérna í Ölfusinu, því að Dao-vínið heitir eftir einni af þverám Mondego-árinnar.

Það var klókt hjá dömunni að panta humar í forrétt, því að hann er óaðfinnanlegur, einfaldlega eins og humar gerist bestur. Graflaxinn minn og graflax-sósan er hins vegar af þeim gæðastaðli sem ég get sjálfur sótt mér í kalda borðið í hvaða stórmarkaði sem vera skal.

Sjávarþrennan er samsett úr skötuselskinnum, steiktum steinbít og þremur humarhölum. Skötuselskinnar eru nýnæmi, kjötið er gróft en hefur verið saltað full hressilega til að maður geti áttað sig á bragðinu. Steinbíturinn er þurr og ofsteiktur. Humarinn gæti ekki verið betri.

Með þessu eru langsoðnar kartöflur, grænmetissalat með mangóbitum og fremur bragðdauf sósa, þykkt með einhverju mjöli. Þetta þætti gott í mötuneyti, en á dýrum veitingastað fer ekki hjá því að manni þyki þetta fremur þunnar trakteringar.

Piparmyntuísterta og nokkrar ískúlur með kaffinu smellpassa við meðalmennskuna sem ríkir í eldhúsinu.

**HAFIÐ BLÁA, VIÐ ÓSA ÖLFUSÁR, 815 ÞORLÁKSHÖFN**
Máltíð fyrir tvö kostar 11.700 kr. Plúsarnir eru fyrsta flokks humarhalar, fallegur staður, einstakt útsýni og lipurt þjónustufólk – sem þó spurði fulloft hvernig manni smakkaðist maturinn. Mínusarnir eru þeir að metnaðurinn sem maður hafði vonast eftir í eldhúsinu kemur aðeins fram í verðlagningunni.







ÁLFABAKKA

BÍLAR ísl. tal KL. 1:30-3-5:30-8
CARS enskt tal KL. 3-5:30-8-10:30
CARS enskt tal VIP KL. 4:15-8-10:30
SLITHER KL. 8-10:30 B.I. 16
KEEPING MUM KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 12
SHE´S THE MAN KL. 3:30-5:45-8-10:20
POSEIDON KL. 5:30-10:30 B.I. 14
BAMBI 2 ísl. tal KL. 1:30

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KRINGLUNNI

BÍLAR ísl. tal KL. 4-6:30
*CARS enskt tal KL. 4-5:30-8-9-10:30-11:15
SLITHER KL. 10:30 B.I. 16
*POSEIDON KL. 6:10 B.I. 14
*MISSION IMPOSSIBLE 3 KL. 8 B.I. 14

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KEFLAVÍK

BÍLAR ísl. tal KL. 8
KEEPING MUM KL. 10:10 B.I. 12
SHE´S THE MAN KL. 8
16 BLOCKS KL. 10:15 B.I. 14

AKUREYRI

BÍLAR ísl. tal KL. 6-8
CARS enskt tal KL. 6-8-10
SLITHER KL. 10 B.I. 16

KRINGLAN S: 588-0800

CARS enskt tal KL. 6-8:30-11
BÍLAR ísl. tal KL. 6-8:30
KEEPING MUM KL. 6-8:20-10:30 B.I. 12
POSEIDON KL. 6:10-8:20-10:30 B.I. 14
THE DA VINCI CODE KL. 6-9 B.I. 14
MISSION IMPOSSIBLE 3 KL. 11 B.I. 14

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Vilja ættleiða aftur

Hollywood-stjörnurnar Angelina Jolie og Brad Pitt hyggjast ættleiða þriðja barnið. Jolie og Pitt fæddist dótturin Shiloh Nouvel Jolie-Pitt í Namibíu í síðasta mánuði. Áður hafði Jolie ættleitt Zahöru frá Eþíópíu og Maddox frá Kambódíu.

„Við vitum ekki frá hvaða landi barnið verður. Við erum að skoða hin ýmsu lönd," sagði Jolie. „Það fer eftir því hvað er best fyrir Mad og Z," sagði hún.

Eftirnöfnum þeirra Maddox og Zahöru var breytt í Jolie-Pitt eftir að Pitt ættleiddi þau líka.



**PITT OG JOLIE** Leikaraparið ætlar að ættleiða þriðja barnið. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**MEZZOFORTE** Hljómsveitin Mezzoforte gerði góða hluti í Ungverjalandi á dögunum.

# Góðar viðtökur í Ungverjalandi

Hljómsveitinni Mezzoforte var mjög vel tekið á sínum fyrstu tónleikum í Ungverjalandi um síðustu helgi.

Fyrri tónleikarnir fóru fram 16. júní í Szeged sem er bær nálægt landamærum Rúmeníu og Serbíu. Eftir tónleikana, sem voru vel heppnaðir, var haldið á veitingahús í bænum þar sem látunum linnti ekki fyrr en Mezzoforte tók við af húshljómsveitinni við mikinn fögnuð viðstaddra.

Á þjóðhátíðardaginn spilaði Mezzoforte í Búdapest og lauk kvöldinu með mikilli flugeldasýningu. Um tíu þúsund manns stóðu á bökkum Dónár þennan þjóðhátíðardag og dönsuðu með Mezzoforte.

Mezzoforte leikur á Græna hattinum á Akureyri föstudaginn 23. júní og í Egilsbúð, Neskaupstað þann 24. júní á Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi. Forsala aðgöngumiða á Græna hattinn er á midi.is og BT Akureyri og í verslunum Skífunnar. Mjög takmarkað magn miða er í boði.

# Miðasala í næstu viku

Miðasala á tónleika Nick Cave í Laugardalshöll 16. september hefst fimmtudaginn 29. júní. Cave kemur fram ásamt hljómsveit sem er skipuð Bad Seeds-meðlimunum Martyn P. Case, Jim Scavunos og Warren Ellis.

Aðeins verða seldir miðar í númeruð sæti. Búið er að skipta höllinni upp í tvö svæði; sal og stúku. Miðaverð í salnum er 6.500 krónur, auk 440 kr. miðagjalds, og miðaverð í stúku er 5.500 krónur, auk 380 kr. miðagjalds. Aðeins 2.500 miðar eru í boði á tónleikana. Miðasalan fer fram í verslunum Skífunnar, BT Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi og á midi.is.



**NICK CAVE** Miðasala á tónleika Nicks Cave í Höllinni hefst í næstu viku.


1 dagur eftir!

Allar vörur komnar á gólfið með frábærum afslætti.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík

Allt að 90% afsláttur!

Útsölunni líkur í dag.

HÚSGÖGN

Opið kl. 10 - 18.

TM - HÚSGÖGN
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
tmhusgogn.is

Grafíska smiðjan ehf. 06.06

## Kristján ávíttur af KSÍ

Aganefnd KSÍ ákvað í gær að víta Kristján Guðmundsson, þjálfara Keflavíkur, fyrir ummæli sín um dómgæslu í leik gegn ÍA og sekta félagið um 10.000 krónur vegna þeirra. Þá ákvað aganefnd einnig að veita Leifi Garðarssyni, þjálfara Fylkis, áminningu vegna ummæla hans.

**sport**

sport@frettabladid.is

FYLKISMAÐURINN HRAFNKELL HELGASON: MEIÐSLAVANDRÆÐI ÓGNA FERLINUM

# *Með furðulegasta hnéð í boltanum*

Fylkismaðurinn Hrafnkell Helgason hefur ekki átt sjö dagana sæla vegna meiðsla undanfarin misseri. Undanfarin tvö ár hafa krossbandaslit í hné og önnur meiðslavandaræði þýtt að hann hefur oftar en ekki þurft að horfa á félaga sína af hliðarlínunni.

Á föstudaginn fór Hrafnkell í speglun á vandræðahnénu sem hefur haldið honum frá keppni að mestu leyti í sumar. Hann hefur einu sinni komið inn á sem varamaður hjá Fylki í sumar, gegn Grindavík í annarri umferð, en þar entist hann ekki inni á vellinum nema í fáeinar mínútur áður en honum var skipt aftur út af.

Aðgerðin þýðir að hann verður frá í 3-4 vikur en í ljós kom einnig að ástandið á krossböndunum er ekki gott. „Það eru fjórir krossbandaþræðir í hnénu og eru tveir slitnir og sá þriðji í fremur slæmum málum. Læknirinn sagði að það þyrfti ekki mikið til að sá fjórði færi ef ég myndi djöflast mikið á hnénu,“ sagði Hrafnkell í samtali við Fréttablaðið.



Hann sagðist enn vera að melta fréttirnar og væri ekki búinn að taka ákvörðun um framhaldið. „Læknirinn sagði að það gæti vel farið svo að þessi meiðsli myndu binda enda á ferilinn en ef svo færi væri það ákvörðun sem ég þyrfti að taka sjálfur.

Hann bætti því svo við að þetta væri það furðulegasta hné sem hann hafi séð í knattspyrnumanni. Ég tók því ekki sem hrósi,“ sagði hann og hló. Hrafnkell segist þó ætla að skoða málið á næstu vikum og jafnvel láta reyna á hnéð síðar í sumar. Hvort hann færi þá í aðgerð eftir tímabilið kæmi einnig í ljós síðar meir.

„Þetta er ekki sá endir sem ég hafði hugsað mér á mínum knattspyrnuferli. Mig langar til að láta reyna á þetta. Ef það gengur ekki eftir neyðist maður til að endurskoða margt.“

## > Kristján skoraði



Landsliðsmaðurinn Kristján Örn Sigurðsson skoraði eitt mark í 3-1 sigri Brann á neðri deildarliðinu Stord í fyrsta æfingaleik liðsins eftir sumarfrí. Hann skoraði fyrsta mark leiksins strax á 6. mínútu. Ólafur Örn Bjarnason kom inn á sem varamaður í leiknum á 36. mínútu. Brann er enn taplaust í norsku úrvalsdeildinni og með fjögurra stiga forystu á Lilleström en liðin hafa stungið af á toppi deildarinnar. Kristján Örn og félagar mæta Ham-Kam í næsta leik þann 2. júlí.



**MEIDDUR** Owen verður frá í fimm mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

Meiðsli í enska landsliðinu:

## Owen hefur lokið keppni

**FÓTBOLTI** Michael Owen spilar ekki meira á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi eftir að hafa snúið sig á hné í leiknum gegn Svíþjóð á þriðjudag. Liðbönd gáfu sig þegar hann var að senda boltann til Ashley Cole á fyrstu mínútum leiksins. Meiðsli þessa 26 ára leikmanns eru enska landsliðinu gríðarleg vonbrigði en hann verður frá í fimm mánuði vegna þeirra.

Wayne Rooney er nýbúinn að jafna sig af meiðslum og var í fyrsta sinn í byrjunarliðinu gegn Svíþjóð. Fyrir utan hann eru Peter Crouch og unglingurinn Theo Walcott einu sóknarmennirnir í hópnum. Sven Göran Eriksson landsliðsþjálfari var gagnrýndur fyrir að velja ekki Jermain Defoe og Darren Bent í hópinn og svo virðist sem hann treysti ekki Walcott til að spila á mótinu.

Varnarmaðurinn Rio Ferdinand fór einnig meiddur af velli gegn Svíþjóð en meiðsli hans virðast ekki alvarleg og líklegt að hann spili með gegn Ekvador í sextán liða úrslitum. - egm







# ÍR og Valur fá 8,6 milljónir fyrir sölu Eiðs til Barcelona

**Barcelona þarf að greiða ÍR og Val hvoru um sig rúmar 8,6 milljónir króna í samstöðubætur vegna kaupa þeirra á Eiði Smára Guðjohnsen frá Chelsea. KR fær lítið fyrir sinn snúð en PSV, Bolton og Chelsea fá öll sinn skerf af kökunni.**

**FÓTBOLTI** Samstöðubæturnar eru flókið fyrirbæri en þær eru greiddar þegar leikmaður sem er með samning, er keyptur til annars félags. Bæturnar eru greiddar til þeirra félaga sem leikmaður er samningsbundinn frá 12-23 ára aldurs en í tilfelli Eiðs Smára Guðjohnsen eru það ÍR, Valur, PSV Eindhoven, KR, Bolton og Chelsea.

Félögin skipta sín á milli 5 prósentum af kaupverði Eiðs Smára, sem talið er vera 8,2 milljónir punda, um 1150 milljónir íslenskra króna. Félögin sex skipta því á milli sín 410.000 pundum en af þeim fá íslensku félögin 1,5 prósent. Það staðfesti Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, við Fréttablaðið. 1,5 prósent gera 123.000 pund, sem samsvarar 17,2 milljónum íslenskra króna.

Eiður var lengst af íslensku félögunum hjá ÍR en þar sem hann var orðinn eldri þegar hann var hjá Val fá félögin sömu upphæð. KR fær afskaplega litla upphæð sem vart er vert að greina frá. Jónas Þórhallssson, formaður meistaraflokksráðs KR, sagðist ekki vita um upphæðina en bjóst við að hún myndi smellpassa í að bæta matarföng í blaðamannastúkunni á KR-vellinum, sem þó er með þeim betri á Íslandi.

Valsmenn eru vitaskuld ánægðir með að fá peningana, en upphæðin er þó ekki staðfest. „Við erum afskaplega þakklátir Eiði Smára fyrir að hafa staðið sig frábærlega með okkur og í sinni atvinnumennsku, það er frábært að Valur skuli nú njóta góðs af uppbyggingarstarfi félagsins. Það væri svo ekkert verra að fá strákinn heim í lok ferilsins eins og pabbi hans gerði en í hvað peningurinn fer er ekki ákveðið, enda er hann ekki í hendi enn,“ sagði glaðbeittur Pétur Stefánsson, framkvæmdastjóri Vals, við Fréttablaðið í gær.




**EIÐUR SMÁRI** Er kominn til Barcelona og hans gömlu félög njóta góðs af því. ÍR og Valur fá nokkrar milljónir í vasann, það kemur báðum félögum vel og þá sérstaklega ÍR sem hafa átt við fjárhagsvandræði að stríða.FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum að byggja mikið upp, bæði í fasteignum og öðru. Uppbyggingin í íþróttastarfinu er mikil og stór hluti af innkomu okkar fer í það en þessi fjárhæðin er ekki sú að hún skipti miklum sköpum fyrir rekstur félagsins þrátt fyrir að þetta sé vissulega væn upphæð,“ sagði Pétur.

hjalti@frettabladid.is



**ATLI EÐVALDS** Verður búinn að finna stöðu fyrir Kekic á föstudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Atli Eðvaldsson um Kekic:

## Kemur til að miðla reynslu

**FÓTBOLTI** Atli Eðvaldsson, þjálfari Þróttar, hefur enn ekki tekið ákvörðun um hvar á vellinum hann hyggst nota Sinisa Kekic, nýjasta leikmann félagsins. Kekic er þekktur fyrir mikla fjölhæfni og getur spilað í vörn, miðju eða sókn eftir því sem best hentar.

„Ég á eftir að hitta hann sjálfan undir fjögur augu og við förum vel yfir þessi mál saman. Eftir það þá verður tekin ákvörðun, ég vil hlusta á hvað hann hefur að segja. Hann er fyrst og fremst að koma hingað til okkar í þeim tilgangi að miðla reynslu sinni þrátt fyrir að vera óneitanlega frábær leikmaður. Að miðla reynslu til hinna verður því eiginlega hans stærsta hlutverk hjá okkur,“ sagði Atli.

„Ég verð að minnsta kosti búinn að finna stöðu fyrir hann fyrir klukkan átta á föstudagskvöld þegar við mætum Fram. Hann getur spilað alls staðar og þetta kemur allt í ljós þegar við höfum rætt saman.“ - egm

Leikmannamarkaðurinn:

## Dabo til City

**FÓTBOLTI** Ousmane Dabo er kominn til Manchester City á frjálsri sölu frá ítalska liðinu Lazio og skrifaði hann undir þriggja ára samning við enska liðið. Þessi 29 ára miðjumaður er fyrrverandi landsliðsmaður Frakklands en hann neitaði nýju samningstilboði Lazio. Hann var 28 sinnum í byrjunarliði Lazio á síðasta tímabili.

„Ég er hæstánægður með komu Ousmane. Hann gefur okkur aukna möguleika og kemur með aukna reynslu inn í hópinn,“ sagði Stuart Pearce, stjóri City. - egm



VIGNIR GUÐJÓNSSON BLOGGAR FRÁ HM 2006 Í ÞÝSKALANDI

# *Hvernig skal fara í rútu 101*

Þremur tímum fyrir leik Englands og Svíþjóðar í fyrradag var ég staddur í miðbænum í Köln og ætlaði að fá stemninguna hjá Þjóðverjum eftir sigur þeirra á Ekvador beint í æð. Mér gafst þó heldur lítill tími til þess því það spurðist út að rúta enska liðsins væri staðsett fyrir utan Hilton-hótelið í miðbænum og væri við það að flytja leikmenn liðsins á völlinn. Ég stóðst ekki mátið og slóst í för með ensku stuðningsmönnunum sem náttúrulega flykktust á svæðið. Þegar ég mætti á svæðið var fjöldi fólks búinn að koma sér fyrir á sem bestum stað til að bera stjörnurnar augum. Öryggisgæslan var gríðarleg, hátt í hundrað lögreglumenn og fjöldi slefandi Shaeffer-hunda með slefandi kjaftinn múlbundinn. Hundarnir voru hrikalega ógnvekjandi og minntu mikið á Hannibal Lecter. Ekki furða að ensku bullurnar hafi tekið lífinu með stóískri ró. Það var hins vegar óborganlegt að horfa upp á saklausa hótelgesti sem var meinað að fara inn á hótelið á meðan beðið var eftir enska liðinu. Enginn, og þá meina ég enginn, fékk að fara inn á hótelið í rúman klukkutíma – ekki einu sinni sjálfir gestirnir. Undir lokin hafði myndast nokkuð myndarleg röð með gestum sem fengu ekki að fara inn á hótelið. Og þeir voru gjörsamlega brjálaðir, eins og gefur að skilja.

Eftir að ég hafði beðið í rúmlega klukkutíma fyrir utan hótelið létu leikmennirnir loksins sjá sig. En nei, það var ekkert verið að heilsa upp á mannfjöldann sem saman var kominn fyrir utan og þakka fyrir stuðninginn. Bara beint upp í rútu. Sá eini sem var svo almennilegur að svo lítið sem veifa til fólks var þjálfarinn Sven-Göran Eriksson. Allir aðrir voru bara steinrunnir, reyndu ekki svo mikið sem að brosa, hvað þá horfa til fólksins. Svo var með ólíkindum að sjá hversu fljótir ensku leikmennirnir voru að fara upp í rútuna. Það tók tíu sekúndur hámark að koma 23 leikmönnum inn í rútuna, enda voru þeir að troða sér 2-3 á sama tíma inn um hurðina. Hreint ótrúleg sjón. Augljóst að ensku hópur-



inn hefur setið námskeið í því hvernig á að fara upp í rútu á sem skemmstum tíma.

# **Hús & Híbýli** ber höfuð og herðar yfir samkeppnina!




VEGGFÓÐUR

HÚS OG HÍBÝLI




## Meira en 100% fleiri lesa Hús og híbýli en Veggfóður

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup lesa rúmlega helmingi fleiri 30-60 ára konur, búsettar á suð-vestur horninu, Hús og híbýli en Veggfóður. Kröfuharðir innkaupastjórar heimilanna vita hvað skiptir máli. **Hvaða blað ert þú að lesa?**

FRÓÐI
TÍMARITAÚTGÁFA



**ATLI VIÐAR Í STUÐI** Hér er Ármann Smári Björnsson að fagna Atla Viðari Björnssyni eftir að sá síðarnefndi skoraði gegn ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Landsbankadeild karla:

# FH mætir nýliðum

**FÓTBOLTI** Áttundu umferð Landsbankadeildar karla lýkur í kvöld þegar fjórir leikir fara fram. Íslandsmeistarar FH fara í heimsókn til nýliða Víkings og býst Atli Viðar Björnsson, leikmaður FH, við erfiðum leik. „Víkingar hafa verið að spila ágætis fótbolta að mínu mati og verið mótherjum sínum erfiðir. Við þurfum á öllu okkar að halda til að ná sigri. Þeir hafa öfluga vörn og hafa ekki verið að fá á sig mikið af mörkum,“ sagði Atli Viðar en hann hefur spilað vel í undanförnum leikjum.

FH hefur aðeins tapað stigum í einum leik í deildinni til þessa en sá leikur var gegn hinum nýliðum deildarinnar, Breiðabliki, en sá leikur endaði með jafntefli 1-1. Víkingar töpuðu síðasta leik sínum gegn KR með marki á lokamínútunni.

Bjarni Jóhannsson og lærisveinar hans í Breiðabliki hafa ekki unnið leik síðan í 2. umferð en hann tekur á móti fyrrum lærisveinum sínum í Fylki í kvöld. Grindavík tekur á móti KR. Skagamenn eru loks komnir í gang en þeir hafa unnið tvo leiki í röð og mæta ÍBV í Vestmannaeyjum í kvöld. - egm

Íslandsmeistarar FH voru sektaðir af aganefnd KSÍ vegna stuðningsmanna sinna:

# Þrjátíu þúsund króna sekt fyrir kynþáttahatrið í Kaplakrika

**FÓTBOLTI** Á leik FH og ÍBV fyrir réttri viku beitti lítill hópur stuðningsmanna FH, Andrew Mwesigwa, leikmanns ÍBV, kynþáttahatri. Mwesigwa er þeldökkur á hörund og er fæddur í Úganda. „Við urðum mjög mikið varir við þetta, sérstaklega aðstoðardómari tvö sem var á línunni fyrir framan stúkuna, við heyrðum þetta allir ítrekað,“ sagði Magnús Þórisson, sem dæmdi leikinn, við Fréttablaðið eftir leikinn.

Stjórn FH hefur tekið mjög hart á málinu, sem og stuðningsmenn liðsins sem meðal annars hittust á fundi á þriðjudagskvöldið til að ræða málið. Allir aðilar sem tengjast málinu hafa látið harm sinn í ljós vegna málsins, sem reitti stuðningsmenn FH til mikillar reiði. Bæði FH og stuðningsmenn liðsins sendu frá sér opinbera afsökunarbeiðni vegna málsins.

Magnús greindi frá atvikinu í skýrslu sinni um leikinn en hana tók aganefnd KSÍ fyrir. Í dómnum segir að um gróf köll hafi verið að ræða, að leikmanni ÍBV og ákvað aganefndin að beita FH hámarkssekt, 30.000 krónum, auk þess sem aganefnd gerir þá kröfu til FH að slíkt endurtaki sig ekki.

„Við erum sekir og því borgum við uppsetta upphæð. Menn vita hvernig þeir eiga að haga sér þó svo að þeir geri það ekki alltaf, til dæmis þegar menn keyra hraðar en aksturslögin segja til um. Ákveðnir menn höguðu sér ekki samkvæmt reglunum en við tókum samstundis mjög hart á málinu og ég er fullviss um að þetta kemur ekki fyrir aftur,“ sagði Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, við Fréttablaðið í gær en hann sagði auk þess að þeim einstaklingum, sem uppvísir voru að verknaðinum, yrði ekki refsað sérstaklega af FH. - hþh



**STUÐNINGSMENN FH** Lítill hluti þeirra gerði sig sekan um kynþáttahatur í garð Andrew Mwesigwa. Einstaklingarnir á myndinni tengjast ekki endilega málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GLAÐIR** Wade er hér með Shaquille O´Neal en sá síðarnefndi var langt frá sínu besta í leiknum, það hafði þó lítil áhrif. NORDICPHPOTOS/AFP

Dwyane Wade fór á kostum með Miami Heat:

# Miami meistari í fyrsta skipti

**KÖRFUBOLTI** Miami Heat tryggði sér NBA meistaratitilinn í fyrsta skipti í sögunni í fyrrinótt þegar liðið vann Dallas Mavericks á útivelli 95-92. Þetta var sjötta viðureign liðanna en Miami vann einvígið alls 4-2 eftir að Dallas hafði unnið fyrstu tvo leikina á heimavelli sínum. Þetta var fyrsti sigur Miami í Dallas síðan 2002 en ekki er annað hægt að segja en að hann hafi komið á hárréttum tíma.

Það kom fáum á óvart að Dwyane Wade var valinn verðmætasti leikmaður úrslitanna en hann hefur farið hreinlega á kostum í allan vetur. Hann varð stigahæstur í lokaleiknum með 36 stig og tók þar að auki tíu fráköst en hann skoraði yfir 35 stig í fjórum síðustu leikjunum. Þessi ótrúlegi leikmaður hefur nú unnið sinn fyrsta titil eftir þrjú ár í deildinni.

Dallas hafði yfir í byrjun leiks í fyrrinótt en náði aldrei afgerandi forystu og rétt fyrir leikhlé komst Miami yfir og var með forystuna 49-48 þegar leikmenn héldu til búningsherbergja. Spennan var allsráðandi í seinni tveimur leikhlutunum. Bæði liðin voru langt frá sínu besta og réðust úrslit leiksins ekki fyrr en í lokin.

Udonis Haslem var næststigahæstur leikmanna Miami, skoraði sautján stig í leiknum og tók tíu fráköst en Antoine Walker skoraði fjórtán stig og tók ellefu fráköst.

Dirk Nowitzki var stigahæstur í liði Dallas með 29 stig og þá tók hann fimmtán fráköst. Hann var þó nokkuð frá sínu besta og gerði slæm mistök á lokakaflanum. Jason Terry skoraði sextán stig en hann fékk gott færi til að jafna leikinn á síðustu sekúndunum og knýja fram framlengingu en hitti ekki úr þriggja stiga skoti.

„Við erum fimmtán í þessu liði og það er alveg ljóst að ég hefði ekki getað unnið þennan titil einn. Ég er náttúrlega hæstánægður með mína frammistöðu í þessu einvígi og mín persónulegu verðlaun. Ég var ákveðinn í að afsanna það sem fólk var að halda því fram að ég gæti ekki skotið utan af velli og ekki spilað. Ég tel að mér hafi tekist að gera það,“ sagði Dwyane Wade. - egm



**RÆNDUR** Jerzy Dudek á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. NORDICPHOTOS/AFP

Jerzy Dudek rændur:

# Tilfinningalegt tjón er mikið

**FÓTBOLTI** Brotist var inn á heimili Jerzys Dudek, markvarðar Liverpool, í Englandi í síðustu viku. Innbrotsþjófarnir létu greipar sópa og tóku á brott með sér verðlaunapeninga, úr og meira en hundrað markmannstreyjur. Lögreglan í Liverpool hefur auglýst eftir vitnum en Dudek var staddur í heimalandi sínu Póllandi þegar glæpurinn átti sér stað.

Dudek er miður sín vegna ránsins en tilfinningalegt tjón hans er mikið. Verðlaunapeningurinn sem hann fékk fyrir sigur Liverpool í meistaradeildinni var meðal þess sem rænt var en Dudek var hetja liðsins í úrslitaleiknum. Markmannstreyjurnar sem voru teknar voru minjagripir leikmannsins úr leikjum hans á ferlinum en hann var duglegur við að skipta á treyjum við aðra markverði eftir leiki. - egm

Geir Þorsteinsson:

# Lögunum kannski breytt

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að lögum um hámarkssektir sem KSÍ getur beitt íslenskum knattspyrnufélögum verði breytt á næsta ári. KSÍ sektaði FH vegna máls Andrew Mwesigma, um 30 þúsund krónur sem er hámarkssekt samkvæmt núverandi reglum og lögum sambandsins.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri KSÍ, sagði við Fréttablaðið í gær að lög sambandsins verði endurskoðuð á næsta ári og gæti þessum ákvæðum verið breytt í því ferli. Hann vildi þó ekki meina að hámarksupphæðin í núverandi lögum væri aðalatriðið. „Fyrst og fremst eru skilaboðin skýr. Þetta mál er litið alvarlegum augum og hámarkssekt er beitt. Ef upphæðin á að breytast þarf að gera það varlega og af skynsemi enda er engin atvinnumannadeild á Íslandi.“ - esá



**HENRY** Fær lítinn stuðning. NORDICPHOTOS/AFP

Arsene Wenger harðorður:

# Domenech er sökudólgurinn

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger hefur komið sóknarmanninum Thierry Henry til varnar og segir að það megi ekki kenna honum um slappt gengi franska landsliðsins. Margir reiknuðu með því að Henry myndi slá í gegn á heimsmeistaramótinu en ekkert hefur gengið né rekið hjá honum eða félögum hans í franska liðinu sem hefur gert jafntefli í tveimur fyrstu leikjum sínum, gegn Sviss og Suður-Kóreu.

„Ég vorkenni Thierry af því að hann fær lítinn stuðning í þessu kerfi sem Raymond Domenech er að spila. Hann er einn frammi, hann hefur spilað þar með góðum árangri en liðið spilar illa og hann fær ekki þá þjónustu sem hann þarf. Mér finnst sem leikmenn vanti sjálfstraust,“ sagði Wenger sem hefur þó trú á því að franska liðið vinni Tógó á morgun og komist áfram í sextán liða úrslit. - egm



# Verð aðeins 999kr



HFK line
**Háskólapeysa**
rauðbleik, dökkgræn
st. 92-122
95% bómull
5%lycra
999kr
Verð áður 2.499kr.

HFK line
**Buxur**
rauðbleikar, dökkgrænar
st. 92-122
95% bómull
5%lycra
999kr
Verð áður 1.699kr.



KIDS-UP
**Bolur**
tvöfaldar ermar
appelsínurauður
dökkgræn
st. 92-128
100% bómull
999kr
Verð áður 1.999kr.

KIDS-UP
**Gallabermuda**
m/keðju
bláar
st. 92-128
100% bómull
999kr
Verð áður 2.499kr.



**Kjóll**
margir litir
st. 9/10-13
100% bómull
999kr
Verð áður 2.999kr.

**Gallabuxur m/belti**
bláar
st. 7/8-13
100% bómull
999kr
Verð áður 3.999kr.



**Bolur**
margir litir
st. 92-128
999kr
Verð áður 1.699kr.



**Bolur**
margir litir
st. 7/8-13
999kr
Verð áður 1.499kr.



**Bolur** tvöfaldur
margir litir
st. 128-170
999kr
Verð áður 2.999kr.



**Bolur**
margir litir
st. 128/134-176
999kr
Verð áður 1.699kr.



**Bolur**
grænn, brúnn
st. 128-170
999kr
Verð áður 1.499kr.



**Hettupeysa**
blá
st. 36-41
999kr
Verð áður 1.699kr.



**Bolur** m/steinum
bleikur, hvítur
st. 104-122
999kr
Verð áður 1.499kr.



**Bolur** m/palíettum
margir litir
st. 92-122
999kr
Verð áður 1.499kr.

ODDI VOB2784

Gildir til 26. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



Maniche skorar hér fyrra mark Portúgal. NORDICPHOTOS/AFP

Lokaumferð D-riðils í gær:

## Mexíkó áfram þrátt fyrir tap

**FÓTBOLTI** Mexíkó náði öðru sæti í D-riðli heimsmeistarakeppninnar þrátt fyrir tap gegn Portúgal í gær. Maniche kom Portúgal yfir snemma leiks eftir vel útfærða sókn. Það var síðan Simao Sabrosa sem bætti við marki fyrir Portúgal úr vítaspyrnu en nokkrum mínútum síðar minnkaði Jose Fonseca muninn fyrir Mexíkó. Ekki voru fleiri mörk skoruð í leiknum þrátt fyrir nokkur góð færi en Mexíkó klúðraði meðal annars vítaspyrnu í leiknum.

Þær litlu vonir Angóla um að komast í sextán liða úrslitin urðu að engu þegar liðið gerði 1-1 jafntefli við Íran. Angóla var sterkara liðið á vellinum en illa gekk upp við mark andstæðinganna. Flavio náði þó loks að brjóta ísinn eftir klukkutíma leik með marki sem var sögulegt fyrir þær sakir að þetta var fyrsta mark þjóðarinnar í úrslitakeppni HM frá upphafi. Sohrab Baktiarizadeh gerði síðan út um vonir Angóla þegar hann skoraði með skalla og jafnaði.

Ítalía-Tékkland:

## Lippi ætlar að sækja

**FÓTBOLTI** Eftir vonbrigðin í síðasta leik þegar Ítalía náði aðeins jafntefli gegn Bandaríkjunum voru margir sem heimtuðu breytingar á ítölsku sóknarlínunni. Ítalía mætir Tékklandi í dag og margir vonuðust eftir að sjá Filippo Inzaghi, sóknarmann AC Milan, í fremstu víglínu. Þjálfarinn Marcello Lippi hyggst hinsvegar halda áfram að treysta á sóknartríóið sem hefur byrjað hina tvo leiki E-riðils.

Sú sóknarlína er skipuð Alberto Gilardino, Luca Toni og Francesco Totti en Inzaghi þarf hins vegar að sætta sig við að verma varamannabekkinn ásamt Vincenzo Iaquinta.

Ítalía þarf á sigri að halda til að þjóðin geti verið viss um efsta sæti riðilsins en með því að enda þar er ljóst að liðið sleppur við að mæta liðum eins og Brasilíu og Spáni strax. Ítalir eru í efsta sæti með fjögur stig en Tékkland með þrjú eins og Gana sem mætir Bandaríkjunum í dag. - egm

# Skelfing á Laugardalsvelli

**Leikur Vals og Keflavíkur á Laugardalsvelli í gærkvöldi var líklega leiðinlegasti leikur sumarsins. Baráttan var í hávegi höfð og steindautt, markalaust jafntefli varð niðurstaðan fyrir framan sárafáa áhorfendur í blíðskaparveðri.**

**FÓTBOLTI** Leikur Vals og Keflavíkur var ein stór barátta og enginn leikmaður sýndi glæsitilþrif við fullkomnar aðstæður á þjóðarleikvangnum í gær. Þrátt fyrir að aðeins 417 áhorfendur, sem er gríðarlega döpur mæting, hafi lagt leið sína í Laugardalinn létu þeir vel í sér heyra og reyndu að skemmta hver öðrum, enda fengu þeir ekkert slíkt frá leikmönnunum.

Bæði lið reyndu hvað þau gátu en sóknarleikur beggja liða í gær var hugmyndasnauður og aðeins tvö góð færi litu dagsins ljós. Það fyrra fékk Baldur Aðalsteinsson sem átti skot að marki Keflvíkinga sem Jónas Guðni Sævarsson varði á línu en svo slapp Stefán Örn Arnarson einn í gegn á lokamínútunni.

„Ég er sáttur við leik okkar í dag, liðið barðist vel og við gáfum fá færi á okkur. Við vorum meðvitaðir um gildi leiksins og eins og deildin er að þróast er hún mjög erfið. Það er lítið á milli liðanna og þú verður að berjast fyrir hverju einasta stigi. Því miður skapaðist lítið fram á við en það vantaði herslumuninn á það, sumir leikir verða svona og þá er mikilvægt að hafa þolinmæði út í gegnum leikinn,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, eftir leikinn í gær. „Auðvitað hefði ég viljað fá öll stigin en það þýðir ekki að gráta Björn bónda heldur bara hysja upp um sig og koma ákveðnir til leiks í næsta leik. Ef spilamennskan verður svona áfram, þá verðum við bara betri því það var ekkert að leik okkar í dag. Menn verða að horfa á gildi leikja á annan hátt en að láta mörkin telja.“



**KYNFERÐISLEG ÁREITNI?** Ekki ætlum við að útskýra hvað Baldur Aðalsteinsson er að reyna með þessum tilburðum við félaga sinn Kristinn Hafliðason en þetta voru ein bestu tilþrif leiksins eins sorglegt og það hljómar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ljóst er að ekki eru allir sammála þjálfaranum enda höfðu menn orð á því að leikurinn í gær hefði verið einn sá allra slakasti í langan tíma, og ljóst er að bæði lið geta miklu mun betur enda hafa þau sýnt góðan fótbolta oft á tíðum í sumar.

„Við áttum nokkur skot að marki en öll skotin voru mjög léleg. Það er því spurning um að við tökum skotæfingu fyrir næsta leik,“ sagði Jónas Guðni léttur í bragði en tilþrif leiksins sáust skömmu síðar þegar Guðmundur Mete dró niður um sig buxurnar á meðan Jónas var í sjónvarpsviðtali við mikla gleði viðstaddra en Jónas átti fullt í fangi með að halda aftur af sér hlátrinum.

„Þetta var ekta baráttuleikur en það er ótrúlegt að það hafi ekki komið betri fótbolti út úr leiknum miðað við þessar frábæru aðstæður,“ sagði Jónas Guðni Sævarsson. hjalti@frettabladid.is

Keppni lauk í D-riðli heimsmeistarakeppninnar í gærkvöldi:

## Markalaust hjá toppliðunum

**FÓTBOLTI** Það var fátt um fína drætti í leik Hollands og Argentínu í lokaumferð D-riðilsins sem fór fram í gærkvöldi. Bæði lið voru með fullt hús stiga fyrir leikinn og dugði Argentínumönnum jafnteflið til að halda toppsætinu þar sem markatala liðsins var betri en hjá Hollendingum.

Argentínumenn voru reyndar nær því að skora í leiknum og áttu nokkrar efnilegar sóknir undir lok fyrri hálfleiks.

Margir lykilmenn í báðum liðum voru hvíldir í leiknum sem bar einkenni þess að bæði lið virtust vera sátt við jafnteflið. Úrslitin þýða að Argentínumenn mæta liði Mexíkó í 16-liða úrslitum á meðan að Holland mætir Portúgal.



**BARÁTTA** Það var hart tekist á þegar Hollendingar og Argentínumenn mættust í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Framherjinn Carlos Tevez var útnefndur maður leiksins en var svekktur með að landa ekki sigrinum. „Þetta var erfitt,“ sagði Argentínumaðurinn. „Við spiluðum ekki eins og við viljum gera en andstæðingar okkar voru mjög sterkir.“ Jose Pekerman, þjálfari Argentínu, sagði að sínir menn ættu enn eitthvað inni. „Við þurfum að bæta okkur enn frekar. Bæði liðin léku vel í kvöld.“

Leikur Fílabeinsstrandarinnar og Serbíu og Svartfjallands var hins vegar mesta skemmtun. Fimm mörk, tvö rauð spjöld og tvö víti voru dæmd í leiknum en fyrrum félagarnir hjá Chelsea, Mateja Kezman og Didier Drogba voru báðir í leikbanni. Svo fór að Serbar komust snemma leiks tveimur mörkum yfir en afríska liðið skoraði þrívegis og tryggðu þar með fyrsta sigur liðsins á HM. - esá

Enska landsliðið á HM:

## Lykilmaðurinn er Joe Cole

**FÓTBOLTI** Andreas Isaksson, markvörður Svíþjóðar, segir að Joe Cole sé lykillinn að velgengni Englands á heimsmeistaramótinu. Cole skoraði og stóð sig frábærlega í 2-2 jafntefli við Svíþjóð. „Það fór ekki fram hjá neinum sem horfði á leikinn að Cole var besti leikmaður vallarins. Hann er mjög mikilvægur fyrir þetta enska lið og getur gert hluti sem aðrir geta ekki,“ sagði Isaksson.

„Englendingar virðast eiga í miklum erfiðleikum með að ná að leggja okkur að velli en ég kann engar skýringar á því. Kannski leggjum við okkur meira fram gegn Englandi þar sem allir í Svíþjóð alast upp við að horfa á enska boltann,“ sagði Isaksson - egm

**Valur 0-0 Keflavík**

Laugardalsv. Áhorf: 417 — Ólafur Ragnarsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–12 (3–2) |
| Varin skot | Kjartan 3 – Ómar 2 |
| Horn | 6–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–17 |
| Rangstöður | 1–2 |

| VALUR 4–3–3 | | KEFLA. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturlu. | 5 | *Ómar Jóhanns. | 7 |
| Steinþór Gísla. | 4 | Guðjón Árni | 5 |
| Atli Sveinn | 6 | Baldur Sig. | 5 |
| Barry Smith | 5 | Guðm. Mete | 6 |
| Birkir Már | 6 | Geoff Miles | 4 |
| Kristinn Hafliða. | 4 | Jónas Guðni | 6 |
| Pálmi Rafn | 5 | Hólmar Örn | 6 |
| Matthías Guðm. | 4 | Simun Samuelsen | 4 |
| Baldur Ingimar | 5 | Milicevic | 4 |
| Guðmundur Ben. | 4 | (78. Hallgr. Jónas. | -) |
| (84. Spangsberg | -) | Magnús Sverrir | 4 |
| Garðar Gun. | 5 | (71. Severino | -) |
| (68. Ari Freyr | 4) | Guðmundur Stein. | 4 |
| | | (59. Stefán Örn | 5) |

*Maður leiksins

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 7 | 6 | 1 | 0 | 15:5 | 19 |
| 2. FYLKIR | 7 | 4 | 0 | 3 | 9:8 | 12 |
| 3. KR | 7 | 4 | 0 | 3 | 7:11 | 12 |
| 4. VALUR | 8 | 3 | 2 | 3 | 11:10 | 11 |
| 5. VÍKINGUR | 7 | 3 | 1 | 3 | 9:7 | 10 |
| 6. GRINDAVÍK | 7 | 2 | 4 | 1 | 9:8 | 10 |
| 7. KEFLAVÍK | 8 | 2 | 2 | 4 | 9:9 | 8 |
| 8. BREIÐABLIK | 7 | 2 | 1 | 4 | 13:15 | 7 |
| 9. ÍBV | 7 | 2 | 1 | 4 | 6:12 | 7 |
| 10. ÍA | 7 | 2 | 0 | 5 | 8:11 | 6 |

**HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

*C-riðill:*

ARGENTÍNA-HOLLAND 0-0
FÍLABEINSSTRÖNDIN-SERBÍA 3-2
0-1 Nikola Zigic (10.), 0-2 Sasa Ilic (20.), 1-2 Aruna Dindane (35.), 2-2 Aruna Dindane (67.), 3-2 Bonaventure Kalou (86.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ARGENTÍNA | 3 | 2 | 1 | 0 | 8-1 | 7 |
| HOLLAND | 3 | 2 | 1 | 0 | 3-1 | 7 |
| FÍLABEINSSTR. | 3 | 1 | 0 | 2 | 5-6 | 3 |
| SERBÍA & SV. | 3 | 0 | 0 | 3 | 2-10 | 0 |

*D-riðill:*

PORTÚGAL-MEXÍKÓ 2-1
1-0 Maniche (6.), 2-0 Simao Sabrosa, víti (24.), 2-1 Francisco Fonseca (29.).
ÍRAN-ANGÓLA 1-1
0-1 Flavio (60.), 1-1 Bakhtiarzadeh (75.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| PORTÚGAL | 3 | 3 | 0 | 0 | 5-1 | 9 |
| MEXÍKÓ | 3 | 1 | 1 | 1 | 4-3 | 4 |
| ANGÓLA | 3 | 0 | 2 | 1 | 1-2 | 2 |
| ÍRAN | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-6 | 1 |

**LEIKIR MORGUNDAGSINS:**

*F-riðill:*

BRASILÍA-JAPAN 19.00
KRÓATÍA-ÁSTRALÍA 19.00

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BRASILÍA | 2 | 2 | 0 | 0 | 3-0 | 6 |
| ÁSTRALÍA | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| KRÓATÍA | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-1 | 1 |
| JAPAN | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-3 | 1 |

*E-riðill:*

ÍTALÍA-TÉKKLAND 14.00
GHANA-BANDARÍKIN 14.00

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍTALÍA | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-1 | 4 |
| TÉKKLAND | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-2 | 3 |
| GHANA | 2 | 1 | 0 | 1 | 2-2 | 3 |
| BANDARÍKIN | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-4 | 1 |

HM Tilboð í Íþrótt

Umbro HM bolti* (að verðmæti 1.990 kr.) fylgir með takkaskóm meðan HM varir og sé verslaður fatnaður fyrir yfir 10 þúsund kr. fylgir Umbro HM bolur* (að verðmæti 2.990 kr.) í kaupbæti að eigin vali.







*á meðan birgðir endast

Sænsku og ensku landsliðsbúningarnir fást hjá okkur



íþrótt

Ármúla 17 • S. 581 1212
Opið: Mán–fös 11–18 og lau 11–14

takkaskór | gervigrasskór | innanhússkór | gaddaskór | legghlífar | fótboltar | töskur | æfingarfatnaður | hlaupafatnaður

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 2 daga. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 64 bílar í 2 daga
## Komdu strax

**Opið frá kl. 9 - 18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

NATURALIS

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði




MMC Space Star skrd. 05/2002 ek: 79.000 km. OJ-327.
~~Verð 920.000 kr.~~ Tilboðsverð 750.000 kr. Útborgun 75.000 kr.
13.685 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.




Daihatus Gran Move skrd. 07/2000 ek: 41.000 km. LP-346.
~~Verð 720.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
14.141 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.




Opel Vectra-B-Carav. skrd. 04/1999 ek: 111.000 km. UV-675.
~~Verð 680.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
14.711 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Ford Mondeo skrd. 05/1998 ek: 171.000 km. RT-145.
~~Verð 450.000 kr.~~ Tilboðsverð 350.000 kr. Útborgun 35.000 kr.
14.950 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði




Renault Meg. Scenic skrd. 09/1998 ek: 111.000 km. AP-347.
~~Verð 590.000 kr.~~ Tilboðsverð 399.000 kr. Útborgun 39.900 kr.
17.044 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði.




Mazda 323F skrd. 05/1999 ek: 92.000 km. KP-422.
~~Verð 720.000 kr.~~ Tilboðsverð 590.000 kr. Útborgun 59.000 kr.
17.716 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Honda HR-V skrd. 05/1999 ek: 94.000 km. AF-663.
~~Verð 730.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
17.983 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði




Ford Focus Trend skrd. 11/2004 ek: 40.000 km. UR-633.
~~Verð 1.490.000 kr.~~ Tilboðsv. 1.390.000 kr. Útborgun 139.000 kr.
19.291 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði




Citroën Picasso Excl. skrd. 02/2004 ek: 36.000 km. RS-292.
~~Verð 1.720.000 kr.~~ Tilboðsv. 1.570.000 kr. Útborgun 157.000
kr. 21.788 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.




VW Passat 4Motion skrd. 03/1999 ek: 117.000 km. RD-898.
~~Verð 930.000 kr.~~ Tilboðsverð 750.000 kr. Útborgun 75.000 kr.
22.545 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Ford Mondeo Ghia skrd. 02/2003 ek: 56.000 km. AE-894.
~~Verð 1.620.000 kr.~~ Tilboðsv. 1.460.000 kr. Útborgun 146.000 kr.
22.884 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.




Toyota Avensis skrd. 08/1999 ek: 128.000 km. DP-909.
~~Verð 890.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Útborgun 79.000 kr.
23.717 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði




Volvo S 40 skrd. 06/2004 ek: 39.000 km. TJ-082.
~~Verð 2.200.000 kr.~~ Tilboðsv. 1.990.000 kr. Útborgun 199.000 kr.
27.618 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.




Suzuki Grand Vitara skrd. 01/2003 ek: 86.000 km. RY-584.
~~Verð 2.000.000 kr.~~ Tilboðsv. 1.850.000 kr. Útborgun 185.000 kr.
29.000 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.




VW Passat skrd. 12/2004 ek: 14.000 km. TI-267.
~~Verð 2.450.000 kr.~~ Tilboðsv. 2.190.000 kr. Útborgun 219.000 kr.
30.392 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.




Isuzu Trooper skrd. 12/1998 ek: 150.000 km. MX-050.
~~Verð 1.290.000 kr.~~ Tilboðsv. 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.
55.103 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði.

Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.
Fislétt kaup. Aðeins í 2 daga.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Find a truly original idea. It is the only way I will ever distinguish myself. It is the only way I will ever matter.“**

Svar: Nash úr kvikmyndinni A Beautiful Mind árið 2001.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINI SIGURÐSSYNI FINNST VANTA ALMENNILEGT FLOKKSSJÓNVARP

# *Við segjum pólitískar og hlutdrægar fréttir*

Áður fyrr voru allir stjórnmálaflokkar með almennilegt flokksblað á sínum snærum. Ekki veit ég til þess að nokkur flokkur hafi beinlínis reynt að koma sér upp flokkssjónvarpsstöð. Kíkjum á hvernig það gæti farið.

Frjálslyndir gætu tekið þáttinn Sönn íslensk sakamál upp á sína arma, þar sem Magnús Þór Hafsteins leikur sjálfan sig í meiðyrðamálinu gegn Árna Mathiesen, þáverandi sjávarútvegsráðherra. Sverrir Hermannson leikur Árna.

Vinstri grænir væru með öfluga fréttastöð; á hverju kvöldi myndi gamli fréttahaukurinn Ögmundur Jónasson leiða okkur í allan sannleikann um pólitísk hrossakaup og sleifarlag í nefndarstörfum. Steingrímur J. Sigfússon tæki vitaskuld að sér sitt gamla starf sem íþróttafréttamaður og þótt ofuráherslan á blak væri hvimleið til lengdar, væri það að minnsta kosti kærkomin tilbreyting að hlusta á íþróttafréttamann með sæmilega máltilfinningu.

Kratarnir gætu reyndar boðið upp á gæða útvarpsþátt: Samfylkingarsálin í stjórn Stefáns Jóns Hafstein, þar sem flokksbræður hans myndu hringja inn og kvarta undan meirihlutanum í borginni og á þingi. Framsóknarflokkurinn lumar á óvæntu trompi: Þurfi einhver á stjörnu að halda er það Framsókn og það er sjálfsagt lítið mál að fá Sigmar Vilhjálmsson til að stýra Idol-stjörnuleit Exbé. Í ljósi aðstæðna væri ef til vill rétt að breyta nafninu í Idol-vonarpening. Öllum að óvörum vinnur hins vegar Kalli Bjarni og verður formaður en Jón Sigurðsson lendir í öðru sæti.

Hins vegar er ljóst að sjálfstæðismenn hafa forskot á aðra flokka enda með eina skærustu sjónvarpsstjörnu Íslands fyrr og síðar innan sinna raða. En hver veit nema hægt sé að skáka Laugardagskvöldi með Gísla Marteini með Kvöldþættinum í umsjón Dags. B. Eggertssonar.



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**
Hefði óneitanlega forskot á keppinauta sína í flokkssjónvarpinu.



▶ **22.25** *Drama*

AÐÞRENGDAR EIGINKONUR



▶ **20.05** *Matreiðsla*

ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FEL



▶ **21.00** *Drama*

SMALLVILLE



▶ **21.00** *Gaman*

COURTING ALEX



▶ **09.00** *Dægurmál*

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

## SJÓNVARPIÐ

**16.25** Íþróttakvöld **16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (6:31)

**18.30** **Kletturinn** Leikin barnamynd frá Finnlandi.
**18.47** **Sögurnar okkar (3:13)** Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir ferðast um Ísland.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Hálandahöfðinginn (4:10)** (Monarch of the Glen VI) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í Skosku hálöndunum.
**21.15** **Sporlaust (17:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (44:47)** (Desperate Housewives II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Fótboltakvöld **23.25** Lífsháski (46:49) **0.10** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock From the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** My Wife and Kids

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Sketch Show **13.55** Two and a Half Men **14.20** Medium **15.10** Eldsnöggt með Jóa Fel **16.00** Barney **16.25** Titeuf **16.50** Noddy **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Strákarnir**
▶ **20.05** **Eldsnöggt með Jóa Fel (4:6)** Jói Fel býður stelpunum í „Stelpunum“ í grill.
**20.35** **Bones (9:22)** (Bein) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf Both og Brennan, sérfræðinga hjá bandarísku alríkislögreglunni.
**21.20** **Murder In Suburbia (5:6)**
**22.10** **How I Met Your Mother (21:22)** (Svona kynntist ég móður ykkar) Bandarískur gamanþáttur í anda Friends.
**22.35** **Terminal Velocity** (Banvænn fallhraði) Stranglega bönnuð börnum.

**0.15** Huff (B. börnum) **1.10** Adventures Of Priscilla, Queen Of the Desert (e) **2.50** The Laramie Project (Bönnuð börnum) **4.25** Bones (9:22) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.10** Byrjaðu aldrei að reykja

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Bernie Mac (11:22) (e)**
**20.00** **Friends (3:17)**
**20.30** **Twins (4:18)** (Twist Of Fate)
▶ **21.00** **Smallville (6:22)** (Exposed) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.
**21.50** **Killer Instinct (4:13)** (O Brother Where Art Thou?) Bönnuð börnum.
**22.40** **X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

**23.30** Clubhouse (8:11) (e) **0.15** Sirkus RVK (e) **0.45** Friends (3:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** Run of the House (e) **16.10** Beautiful People (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00** **Beverly Hills**

**19.45** **Melrose Place**
**20.30** **Völli Snær** Undrakokkurinn Völundur er áhorfendum Skjás eins ekki að öllu ókunnugur og sumar sýnir Skjár einn glænýja þáttaröð um eldamennsku Völundar.
▶ **21.00** **Courting Alex** Glæný gamanþáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma.
**21.30** **Everybody Hates Chris** Þáttur úr smiðju Chris Rock, sem byggir á hans eigin æsku.
**22.00** **Everybody loves Raymond**
**22.30** **C.S.I: Miami** Horatio Cane fer fyrir hópi réttarrannsóknafólks sem rannsakar snúin sakamál í Miami.

**23.20** Jay Leno **0.05** America's Next Top Model V (e) **1.00** Beverly Hills (e) **1.45** Melrose Place (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið
▶ **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/ Markaðurinn / Íþróttafréttir / Veðurfréttir/ Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir / veður / kvöldfréttir

**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10** **Brot úr fréttavakt**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Burbs **8.00** Hildegarde **10.00** Under the Tuscan Sun **12.00** Dante's Peak **14.00** The Burbs **16.00** Hildegarde **18.00** Under the Tuscan Sun **20.00** **Dante's Peak** Þessi ágæta spennumynd gerist í friðsælum smábæ sem stendur við rætur óvirks eldfjalls í norðurhluta bandarísku fossafjallanna. Fjallið hefur ekkert látið á sér kræla um langan aldur og enginn trúir því að það muni nokkru sinni gjósa.

**22.00** **Green Dragon** Dramatísk kvikmynd. Þegar Víetnamstríðinu lauk árið 1975 var komið upp flóttamannabúðum í Kaliforníu. Í myndinni segir frá lífinu í búðunum og því hvernig framtakssemi ungs drengs verður til þess að aðbúnaður allra þar batnar. Bönnuð börnum. **0.00** Ash Wednesday (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Pendulum **4.00** Green Dragon (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Extreme Close-Up **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS American Idol: Girls Rule **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Sexiest **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS American Idol: Girls Rule **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers **2.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Eldsnöggt með Jóa Fel **Stöð 2** kl. 20.05

## *Stelpur í mat*



Í þættinum í kvöld býður Jói Fel stelpunum í „Stelpunum" í grill. Á boðstólum verður sælkera ostabakki að hætti Marentzu Poulsen og Jóa Fel, sætar lambalundir með grillaðri polentu og sérvalin frómasterta. Bakarameistarinn Jói Fel er einn frægasti sjónvarpskokkur þjóðarinnar og hafa þættir hans Eldsnöggt með Jóa Fel verið sýndir undanfarin ár við miklar vinsældir. Nú er hann mættur á ný með þáttaröð þar sem sumarið, sólin, grillið og góðir gestir verða í aðalhlutverki. Meðal þess sem Jói skellir á grillið í sumar er maríneraður nautavöðvi, hörpudiskur, tandoori-kjúklingur, hvítlauksleginn humar, kengúrusteik, kalkúnabringa og heilsteikt lambalæri.

## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

*Heimir Karlsson*



■ **Sýn kl. 14 Tékkland – Ítalía 1-12**
Þarna mætast þau lið sem líklega hafa á að skipa bestu markvörðum heims í dag, Petr Cech og Gianluigi Buffon. Þar af leiðandi verður ekki mikið skorað en leikurinn jafn og skemmtilegur. Nedved skorar beint úr aukaspyrnu á 16. mín. fyrir Tékka og Inzaghi potar inn einu fyrir Ítali um miðjan síðari hálfleik.

■ **Sýn Extra kl. 14 Gana – Bandaríkin 2-1**
Gana vinnur Kana á hraða, krafti og leikgleði en Kanarnir eru mjög skipulagðir í varnarleik sínum svo að leikurinn gæti endað með jafntefli. En Gana skorar eitt undir lokin.

■ **Sýn kl. 19 Japan – Brasilía 0-3**
Langflestir búast við að Brasilía vinni þennan leik og HM að þessu sinni. Japanar munu aldrei sjá til sólar í þessum leik. Kaká, Ronaldo og Adriano skora en maðurinn á bak við mörkin ... Ronaldinho.

■ **Sýn Extra kl. 19 Króatía – Ástralía 3-1**
Króatía og Brasilía fara auðveldlega upp úr F-riðlinum. Dado Prso og Ivan Klasnic (2) skora mörkin og rúlla yfir Ástrala sem ná að skora eitt mark (Viduka).



JAPAN – BRASILÍA

▶ **18.50**

HM 2006

**SÝN** besta sætið

**6.55** US PGA í nærmynd **7.15** HM 2006 **9.00** HM 2006 **10.45** HM 2006

**12.30** 4 4 2 **13.30** HM stúdíó **13.50** HM 2006 **16.00** HM stúdíó **16.10** HM 2006 **18.00** HM stúdíó

**18.50 HM 2006** (Japan – Brasilía) Bein útsending frá leik Japan og Brasilíu í F-riðli á HM 2006. Japanir eru sýnd veiði en ekki gefin fyrir Brasilíumenn.

**21.00** **4 4 2** HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar.

**22.00** **HM 2006** (Króatía – Ástralía) Bein útsending frá leik Króatíu og Ástralíu í F-riðli á HM í Þýskalandi. Tekst Harry Kewell og Mark Viduka að koma Áströlum áfram í 16-liða úrslitin?

**23.45** Landsbankamörkin 2006 **0.15** HM 2006 **2.00** HM 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Mozart og fjölskylda **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Bíótónar **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.10** Hlaupanótan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / T pp tó tar töð
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjö yldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




slitsterkt microfiberáklæði
~~Verð kr. 8.900.-~~
Verð nú kr. 4.450.-



slitsterkt microfiberáklæði
~~Verð kr. 12.900.-~~
Verð nú kr. 6.450.-



leðurstóll
~~Verð kr. 9.900.-~~
Verð nú kr. 4.950.-

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16



50% afsláttur af völdum borðstofustólum

mira art HÚSGÖGN

Full búð af nýjum vörum!

bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is




KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*... fær Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri fyrir að hefja veiðitímabilið í Elliðaánum með því að landa fjögurra punda hrygnu.*

# *Góð helgi...*



**Tónleikarnir**
Hljómsveitin Í svörtum fötum spilar á Nasa á laugardag en tónleikarnir hefjast klukkan 23.00.

**Útskriftarveisla**
Brautskráning kandídata frá Háskóla Íslands fer fram í Laugardalshöll á laugardaginn kl. 14.00 og eflaust verða mörg útskriftarpartí um kvöldið. Verum nú góð við vini og kunningja sem hafa lokið þessum áfanga og sendum þeim smá kveðju.

**Just my luck**
Forvitnilegt verður að sjá hvernig Lindsay Lohan stendur sig í gamanmyndinni Just my luck.

**Fótboltinn**
16 liða úrslit í HM hefjast á laugardag. Spennan magnast, flestir í fríi og því tilvalið að verja deginum í smá HM dekur.



**Silfur**
Hádegismatseðillinn á Silfri er gómsætur og eflaust verður staðurinn vinsæll um helgina enda nýopnaður.



**Þjóðminjasafnið**
Gaman er að rölta um safnið og fá sér eitthvað gott á kaffihúsinu. Safnið er opið frá 10 til 17 um helgina.



**LÁRÉTT:**
**2** helminguð **6** utan **8** bæli **9** strit **11** hljóta **12** mest **14** lúkar **16** hvað **17** frostskemmd **18** einkar **20** klukkan **21** krafs.

**LÓÐRÉTT:**
**1** hljóðfæri **3** í röð **4** klapp **5** hamfletta **7** heimting **10** rá **13** segi upp **15** samtals **16** merki **19** kusk.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT: 2** hálf, **6** út, **8** ból, **9** bís, **11** fá, **12** allra, **14** káeta, **16** ha, **17** kal, **18** all, **20** kl, **21** klór. **LÓÐRÉTT: 1** túba, **3** áb, **4** lófatak, **5** flá, **7** tilkall, **10** slá, **13** rek, **15** alls, **16** hak, **19** ló.



**ÁSGEIR OG ELSTA SÍMASKRÁ LANDSINS** Samkvæmt hátíðarútgáfu Símaskrárinnar, sem kom einnig út í ár, er birt mynd af símaskrá Talsímahlutafélags Reykjavíkur með fyrirsögninni: Fyrsta símaskrá Íslands. Þetta reyndist hins vegar ekki rétt því fyrsta símaskráin á Íslandi kom út árið 1905.

FYRIRTÆKIÐ JÁ: SÍMASKRÁIN ELDRI EN TALIÐ VAR

# Röngu afmælisári fagnað

Hundrað ára afmæli íslensku símaskrárinnar var haldið einu ári of seint. Fyrirtækið Já, sem gefur út Símaskrána, fagnaði aldarafmæli hennar í ár og miðaði við að hún hefði komið út árið 1906. Fyrsta símaskráin á Íslandi kom hins vegar út árið 1905 hjá Talsímahlutafélagi Reykjavíkur.

„Vitneskja okkar náði bara ekki lengra aftur," segir Guðrún María Guðmundsdóttir, ritstjóri Símaskrárinnar. „Við héldum að við ættum allar símaskrár sem komið hafa út á Íslandi og sú elsta sem við eigum er frá árinu 1906. Það reyndist hins vegar ekki rétt ár."

Ásgeir Svanbergsson, eftirlaunamaður, hefur sankað að sér nokkrum af helstu símaskrám sem komið hafa út á Íslandi, þar á meðal þeirri fyrstu frá árinu 1905. „Félagi minn sem vann alla sína ævi hjá Landsímanum seldi mér nokkrar af gömlu símaskránum og þar á meðal þá elstu," segir Ásgeir, sem notaði símaskrárnar í ættfræðigrúsk. „Ég gat nýtt mér símaskrána til að sjá hvar fólk átti heima. Þessi aðferð dugði samt skammt því það var ekki fyrr en eftir 1950 sem almenningur fékk síma. Símaskráin fyrir þann tíma var frekar þunn og segir ekki margt," segir Ásgeir.

Ásgeir segir þó að símaskráin sé að mörgu leyti góð heimild: „Þar er til dæmis hægt að finna heimildir um fyrirtæki, verslanir og kaupmenn. Þá er nokkuð af auglýsingum í henni og þá sér maður hverjir voru að versla hvar og þess háttar."

Talsímahlutafélag Reykjavíkur gaf út tvær fyrstu símaskrár landsins, árið 1905 og 1906. Landsíminn gaf sína fyrstu símaskrá hins vegar út árið 1907 og nokkrum árum síðar keypti fyrirtækið Talsímahlutafélagið.

Guðrún María ritstjóri segir að ekki sé búið að taka ákvörðun um hvernig verði brugðist við þessum rangfærslum í Símaskránni.

kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lítið hefur farið fyrir skáksnillingnum **Bobby Fischer** síðustu mánuði. Bobby er þó hvergi nærri dauður úr öllum æðum og sást meðal annars til hans á taílenska veitingastaðnum Krúa Thæ í Tryggvagötu á föstudaginn var. Bobby hámaði þar í sig núðlur og annað góðgæti og með honum til borðs sat traustur vinur, sjálfur **Sæmi Rokk**. Félagarnir virtust njóta matarins til hins ýtrasta en Bobby var nú ekki á því að blanda geði við aðra gesti staðarins.



Eiður Smári Guðjohnsen, knattspyrnumaður Barcelona, er staddur í fríi hér á landi um þessar mundir. Eiður Smári og Ragnhildur eiginkona hans röltu um miðbæinn á laugardaginn var og komu meðal annars við á Vegamótum. Og það var ekki að sökum að spyrja, þessi dáðasti sonur Íslands var umsetinn æstum aðdáendum af báðum kynjum sem vildu spyrja Smárann spjörunum úr.



Fleiri íþróttamenn sem búsettir eru á Spáni voru eftirsóttir á föstudagskvöldið en **Ólafur Stefánsson**, handknattleiksmaður Ciudad Real, var vinsæll meðal gesta á Barnum á Laugavegi 22. Ólafi og félögum í íslenska landsliðinu tókst sem kunnugt er að leggja sjálfa Svíagrýluna að velli í tveimur leikjum í síðustu viku og tryggðu sér þar með sæti í heimsmeistarakeppninni. Gestir Barsins virtust æstir í að ræða við Ólaf um þennan frábæra árangur landsliðsins og ábyggilega þó nokkrir sem eru þegar byrjaðir að fagna sjálfum heimsmeistaratitlinum enda strákarnir okkar þeir bestu í heimi. **-kh**







AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur**

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Óska eftir kraftatækjum

Framleiðendur heimildarmyndarinnar „Þetta er ekkert mál" sem fjallar um ævi Jóns Páls Sigmarssonar aflraunamanns leita nú aðstoðar almennings við gerð myndarinnar.

Framleiðendurna vantar nauðsynlega kraftatæki sem voru vinsæl á mörgum heimilum á níunda áratugnum, þar á meðal tæki sem nefnist Bullworker. Einnig eru þeir sem eiga ljósmyndir eða myndbandsupptökur af Jóni Páli hvattir til að hafa samband.

„Við ætlum að klára myndina í þessum mánuði. Myndin gengur rosalega vel og við erum að klippa þetta saman núna," segir kraftakarlinn Hjalti „Úrsus" Árnason. „Við finnum fyrir gífurlegri eftirvæntingu fyrir myndinni í öllum aldurshópum," segir Hjalti en Jón Páll var einn dáðasti íþróttamaður Íslendinga áður en hann lést langt fyrir aldur fram.

Myndin verður frumsýnd í hérlendum kvikmyndahúsum þann 8. september og fyrir jól verður hún síðan gefin út á DVD-mynddiski.

Þeir sem vilja leggja Hjalta og félögum lið við gerð myndarinnar geta sent póst á hjaltiar@simnet.is.

**- fb**



**JÓN PÁLL** Kraftakarlinn Hjalti „Úrsus" Árnason er að undirbúa heimildarmynd um Jón Pál Sigmarsson og vantar aðstoð frá almenningi.


Síminn
SMS & MMS
5 KR*
ALLAR HELGAR Í SUMAR
HJÖRTUN SLÁ HRAÐAR
UM HELGAR!
SMS OG MMS Á 5 KR.
SONY ERICSSON W810i
35.980 kr.
Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfílinginn.
SONY ERICSSON Z530i
17.980 kr.
Þessi uppfyllir allar þarfir þínar í sumar – með spilara, tölvutengingu og myndavél.
SONY ERICSSON Z300i
10.980 kr.
Lítill og krúttlegur skjaldbökusími sem þjónar þér vel á sumarferðalögunum.
Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.
* Eingöngu innan kerfis Símans

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


JÓNS GNARR


## *Góða helgi!*

Alveg finnst mér það með eindæmum hvað fólk getur fundið sér margt til að amast yfir í daglegum samskiptum. Sérstaklega finnst mér leiðinlegt að sjá fólk og heyra amast yfir því þegar aðrir eru að reyna að vera almennilegir við það.

**ÉG** verð reglulega oft var við þetta önuglyndi í tengslum við orðin „hæ, bæ og ókey“. Ég var til dæmis á gangi niðri í bæ, í blíðskaparveðri, um daginn. Lítill drengur kom hlaupandi til eldri konu og sagði „Hæ, amma!“ Amman varð hvöss á svipinn og svaraði: „Ekki segja, hæ.“

**MÉR** fannst þetta fúlt. Hún hefði alveg getað tekið við kveðjunni án þess að þurfa að leiðrétta hana.

**ÉG** varð meira að segja vitni að því um daginn að tveir eldri menn voru að ræða sín á milli um hversu hvimleitt væri þegar afgreiðslufólk í búðum segði „góða helgi!“ við viðskiptavini. Ég náði því ekki alveg hvað var svona ferlegt við það en það hafði eitthvað með íslenskt mál að gera. Hvað er að fólki?

**SUMIR** hafa líka eitthvað á móti ákveðnum dögum. Það er yfirleitt vegna þess að dagarnir eru útlenskir. Mæðradagurinn er einn slíkur dagur. Hann á uppruna sinn í Ameríku og mörgum finnst að hann eigi alls ekki heima hér. Hvað er að því að hafa sérstakan dag til að gleðja mömmur? Valentínusardagurinn er annar slíkur dagur. Mörgum virðist mjög í nöp við hann. Eins og það sé ekki nóg af leiðindum í febrúar. Hvað með jólin? Eru þau ekki útlenskur siður?

**EINNIG** finnst mér oft sárt að sjá hvernig eldra fólk svarar afgreiðslufólki í stórmörkuðum og jafnvel leiðréttir það þegar það býður góðan daginn eftir klukkan sex. Eins og það skipti einhverju máli.

**ÉG** held að fólk sem lætur svona, án þess að fá sérstaklega greitt fyrir það eða er beinlínis beðið um það, sé bara biturt og sé að reyna að fá útrás fyrir gremju sína á minni máttar. Íslenskan breytist. Íslendingar hafa slett frá miðöldum, á latínu og dönsku og ótal öðrum tungumálum. Þórbergur og Laxness slettu báðir hressilega. Það er andinn sem lifir, en formið sem deyr. Það eru bara lúserar sem bögga sig á svona. Ég vil frekar að fólk sé vinsamlegt við mig á útlensku en dónalegt við mig á íslensku.





